

Ársrit
Bandalags íslenskra leikfélaga
2006–2007



Ársrit Bandalags íslenskra leikfélaga leikárið 2006–2007

Efnisyfirlit:

Leiðari; Þorgeir Tryggvason	3
Aðildarfélög	4
Stjórn, starfsmenn og nefndir	5
Leiklistarskólinn, júní, september, október og nóvember 2006	6
Kveðja frá Gunnhildi og Sirrý	11
Málþing um Leiklistarskóla BÍL	12
Fundargerðir stjórnarfundna 2006–2007	22
Haustfundur á Selfossi	36
Fundargerð aðalfundar 2007	41
Allt fyrir andann	53
Ársreikningur 2006	54
Lög Bandalags íslenskra leikfélaga	62
Menningarstefna	65
Athyglisverðasta áhugaleiksýningin	66
Draumurinn um Þjóðleikhúsið; Þráinn Sigvaldason	68
Verkefni og skýrslur stjórna aðildarfélaganna	69
NEATA-hátíð í Færeyjum; Sigurður Pálsson	93
Hátíð og fundir í Færeyjum; Vilborg og Guðrún Halla	95
Leiklistarhátíð í Litháen; Vilborg og Guðrún Halla	97
Leikferðasaga; Margrét Tryggvadóttir	100
Nýtt leikfélag í BÍL; Leikfélagið Peðið	102

Ritstjórn og ábyrgðarmenn:

Þorgeir Tryggvason
Lárus H. Vilhjálmsson
Pórvör Embla Guðmundsdóttir
Ingólfur Þórsson
Hrund Ólafsdóttir

Uppsetning efnis:

Vilborg Árný Valgarðsdóttir

Prófarkalestur:

Sævar Sigurgeirsson

Forsíðumyndin er úr sýningu Leikfélags Selfoss á Hnerranum.

Útgefandi:

Bandalag íslenskra leikfélaga

Kt. 440169-0239

Laugavegi 96, 2. hæð, 101 Reykjavík

Símar: 551 6974 og 562 2944

Fax: 562 2984

Netfang: info@leiklist.is

Veffang: www.leiklist.is



Laugavegur 96

Leiðari

Sköpunarkraftur + ímyndunarafli = „Information is light“ er eftirminnilegasta línan úr ágætu leikriti eftir Tom Stoppard, sem skýrir af hverju sá stórkostlegi höfundur er ekki meira þýddur og leikinn á Íslandi. Okkar gegnsæja tungumál fletur út hugsunina í svona setningu. Prófið bara sjálf.

En samt. Hér kemur vænn skammtur af upplýsingum. Og þær varpa vissulega ljósi á viðfangsefni sitt – þá merkilegu iðju sem áhugaleikhúsið er. Ársrit Bandalags íslenskra leikfélaga veitir glögga yfirsýn yfir starfsemi aðildarfélaganna, sem og viðleitni stjórnar og þjónustumiðstöðvar samtakanna við að auðvelda þessa sömu starfsemi.

Og eins og með öll yfirlit þá þarf að rýna í gegnum tölurnar og staðreyndirnar sem eru tíundaðar hér til að sjá kraftaverkið sem öllu skiptir.

Að baki hverri leiksýningu, sem mögulega er nefnd hér í einni línu, eru ótal dagsverk fjölda fólks. Verk unnin í frístundum, á kostnað allskonar áreynsluminni tímaþjófa. Því vinna við að koma leiksýningu á svið kostar svita, tár og (sem betur fer bara í undartekningartilfellum) blóð.

Engu að síður kýs fjöldi manns að verja frítíma sínum á þennan hátt. Hvers vegna það?

Kannski fyrir augnablikið þegar sköpunarkraftur leikhúsfólksins og ímyndunarafli áhorfenda mætast. Þá gerist eitthvað sem enginn kærir sig um að skýra og rúmast alls ekki í svona ársriti. En er þó ástæðan fyrir allri þeirri vinnu sem allt þetta fólk leggur á sig.

Endurgjaldslaust, myndu sumir segja. En það eru kjánar.

Kurt Vonnegut var ekki kjáni, blessuð sé minning hans. Í síðustu bók sinni skrifaði hann:

„List er ekki aðferð til að afla sér lífsviðurværis. List er mannleg viðleitni til að gera lífið bærilegra. Að leggja stund á list, vel eða illa, er leið til að rækta sál sína, fjandinn hafi það! Syngdu í sturtunni. Dansaðu við lögin í útvarpinu. Segðu sögur. Semdu ljóð til vinar þíns, jafnvel afleitt ljóð. Vandaðu þig eins og þú mögulega getur. Ávinningur þinn verður ómældur. Þú hefur skapað eitthvað“.

Höldum áfram að skapa tilefni til að skrifa þykk og efnismikil ársrit. Ekki þeirra vegna, heldur fyrir huga og hjörtu fólksins á fimmta bekk fyrir miðju.

Arður okkar verður ómældur.

Þorgeir Tryggvason
formaður Bandalags íslenskra leikfélaga



Þorgeir Tryggvason

Aðildarfélag BÍL leikárið 2006–2007

- | | |
|---|---|
| <i>Freyvangsleikhúsið, Eyjafirði</i> | <i>Leikfélagið Baldur, Bíldudal</i> |
| <i>Halaleikhópurinn, Reykjavík</i> | <i>Leikfélagið Grímnir, Stykkishólmi</i> |
| <i>Hugleikur, Reykjavík</i> | <i>Leikfélagið Hallvarður súgandi, Suðureyri</i> |
| <i>Leikdeild Umf. Vöku, Villingaholtshreppi</i> | <i>Leikfélagið M.a.s., Mosfellsbæ</i> |
| <i>Leikfélag Blönduóss</i> | <i>Leikfélagið Sýnir, á landsvísu</i> |
| <i>Leikfélag Dalvíkur</i> | <i>Leikfélagið Vaka, Borgarfirði eystra</i> |
| <i>Leikfélag Djúpvogs</i> | <i>Leikflokkurinn Hvammstanga</i> |
| <i>Leikfélag Fljótsdalshéraðs</i> | <i>Leikhópurinn Lopi, Hornafirði</i> |
| <i>Leikfélag Hafnarfjarðar</i> | <i>Leikhópurinn Vera, Fáskrúðsfirði</i> |
| <i>Leikfélag Hofsóss</i> | <i>Leikklúbburinn Krafla, Hrísey</i> |
| <i>Leikfélag Hornafjarðar</i> | <i>Leikklúbburinn Saga, Akureyri</i> |
| <i>Leikfélag Hólmavíkur</i> | <i>Leikklúbburinn Spuni, Lúxemborg</i> |
| <i>Leikfélag Húsavíkur</i> | <i>Leiklistardeild Umf. Tálknafjarðar</i> |
| <i>Leikfélag Hveragerðis</i> | <i>Leiklistarfélag Seltjarnarness</i> |
| <i>Leikfélag Hörgdæla</i> | <i>Leiknefnd Umf. Grettis, Miðfirði</i> |
| <i>Leikfélag Keflavíkur</i> | <i>Litli leikklúbburinn, Ísafirði</i> |
| <i>Leikfélag Kópavogs</i> | <i>Nafnlaus leikhópurinn, Kópavogi</i> |
| <i>Leikfélag Mosfellssveitar</i> | <i>Reykvíska listaleikhúsið, Reykjavík</i> |
| <i>Leikfélag Ólafsfjarðar</i> | <i>Skagaleikflokkurinn, Akranesi</i> |
| <i>Leikfélag Ólafsvíkur</i> | <i>Snúður og Snælda, Reykjavík</i> |
| <i>Leikfélag Patreksfjarðar</i> | <i>Sólheimaleikhúsið, Grímsnesi</i> |
| <i>Leikfélag Rangæinga</i> | <i>Studentaleikhúsið, Reykjavík</i> |
| <i>Leikfélag Raufarhafnar</i> | <i>Umf. Ármann, leikdeild, Kirkjubæjarklaustri</i> |
| <i>Leikfélag Reyðarfjarðar</i> | <i>Umf. Biskupstungna, leikdeild, Bláskógabyggð</i> |
| <i>Leikfélag Sauðárkróks</i> | <i>Umf. Dagrenning, leikdeild, Lundarreykjadal</i> |
| <i>Leikfélag Selfóss</i> | <i>Umf. Efling leikdeild, Reykjadal</i> |
| <i>Leikfélag Seyðisfjarðar</i> | <i>Umf. Íslendingur, leikdeild, Hvanneyri</i> |
| <i>Leikfélag Siglufjarðar</i> | <i>Umf. Reykdæla, Reykholti</i> |
| <i>Leikfélag Vestmannaeyja</i> | <i>Umf. Skallagrímur, leikdeild, Borgarnesi</i> |
| <i>Leikfélag Þórshafnar</i> | <i>Umf. Stafholtstungna, leikdeild, Norðurárdal</i> |
| <i>Leikfélag Ölfuss, Þorlákshöfn</i> | |

Stjórn, starfsmenn og nefndir



Meðstjórnandi, söguritunarnefnd
og nefnd um NEATA-háttíð
Þorgeir Tryggvason
Reykjavík



Varaformaður, vefnefnd og
nefnd um NEATA-háttíð
Lárus H. Vilhjálmsson
Hafnarfjörð



Formaður og
nefnd um NEATA-háttíð
Guðrún Halla Jónsdóttir
Akureyri



Ritari og
nefnd um búningasafn
P. Embla Guðmundsdóttir
Reykholli



Meðstjórnandi og
nefnd um NEATA-háttíð
Ingólfur Þórsson
Akureyri



Varastjórn og
nefnd um Margt smátt
Hrunn Ólafsdóttir
Kópavogi



Varastjórn og
nefnd um Margt smátt
Ólöf Þórdardóttir
Mosfellsbæ



Varastjórn
Guðfinna Gunnarsdóttir
Selfossi



Varastjórn og nefnd um
húsnæði leiklistarskólans
Margrét Tryggvadóttir
Hvolsvelli



Varastjórn, ritari skrifstofu,
vefnefnd, nefnd um leikritasafn og
nefnd um Margt smátt
Ármann Guðmundsson
Reykjavík



Ritari skrifstofu
Sigríður Lára Sigurjónsdóttir
Reykjavík



Framkvæmdastjóri
Vilborg Árný Valgarðsdóttir
Reykjavík



Lénserra
Hörður Sigurðarson
Reykjavík



Skólanefnd og nefnd um
húsnæði leiklistarskólans
Sigríður Karlsdóttir
Selfossi



Skólanefnd
Gunnhildur Sigurðardóttir
Mosfellsbæ



Skólastýra og
nefnd um leikritasafn
Hrefna Friðriksdóttir
Reykjavík



Skólastýra og
nefnd um búningasafn
Dýrleif Jónsdóttir
Reykjavík



Skólanefnd
Hentís Þorgeirsdóttir
Mosfellsbæ



Ritstjóri sögu BÍL
Bjarni Guðmarsson
Kópavogi



Sögurritunarnefnd
Einar Guðni Njálsson
Kópavogi



Sögurritunarnefnd
Sigrún Valbergsdóttir
Reykjavík

Leiklistarskóli Bandalags íslenskra leikfélaga

Skólinn starfaði að Húsabakka í Svarfaðardal dagana 10. til 18. júní 2006. Þar voru haldin 3 námskeið; framhaldsnámskeið fyrir leikstjóra, kennari Sigrún Valbergsdóttir, sérnámskeið fyrir leikara, kennari Steinunn Knútsdóttir og annað sérnámskeið fyrir leikara, kennari Ágústa Skúladóttir.

Tíunda árið í röð voru þær skólastýrur Gunnhildur Sigurðardóttir og Sigríður Karlsdóttir á Húsabakka, kennurum og nemendum til halds og trausts. En nú þótti þeim nóg komið og létu af störfum sem skólastýrur við skólaslitin. Sjá kveðjur frá þeim stöllum hér aftar.



Nýju skólastýrurnar, Hrefna og Dýrleif

Hér á eftir koma lýsingar á námskeiðunum og myndir úr skólastarfinu.

Leikstjórn II – framhaldsnámskeið fyrir leikstjóra Kennari Sigrún Valbergsdóttir

Ætlað þeim sem hafa sótt byrjendanámskeið í leikstjórn eða hafa reynslu af leikstjórn.
Lýsing á námskeiðinu:

Á þessu námskeiði verða leikrit skoðuð í heild. Hver nemandi einbeitir sér að einu verki til að vinna út frá. Verkefnið kynnir hann sér í a.m.k. mánuð áður en námskeiðið hefst.

Í sameiginlegum umræðum gerir hann grein fyrir ýmsum þáttum sem að uppsetningunni snúa. Rætt verður um höfund og þann tíma sem verkið gerist á. Einnig verður farið í gegnum þá þætti sem taka þarf ákvörðun um áður en æfingar hefjast. Fundin meginsögn verksins og persónur þess ræddar. Leikstjóri ákveður stíl og leggur fram hugmyndir að útfærslu í leikmynd og búningum. Leikstjóri vinnur síðan a.m.k. eina senu úr leikritinu með leikurum.

Farið verður í gegnum ýmsa gagnlega þætti í hugmyndaöflun og grunnvinnu áður en komið er að útfærslu. Hvar á að leita hugmynda og hvernig nýtast þær? Hvenær á að velja og hafna?

Jafnframt er æskilegt að þátttakendur kynni sér þau verk sem samnemendurnir á námskeiðinu eiga að vinna til að umræður verði markvissar.

Nemendur Sigrúnar:

Árni Friðriksson, Akureyri
Gunnsteinn Sigurðsson, Ólafsvík
Hrefna Friðriksdóttir, Reykjavík
Ólafur Haraldsson, Mosfellsbæ
Sigurlaug Gunnarsdóttir, Egilsstöðum
Þórunn Guðmundsdóttir, Reykjavík



Sigrún Valbergsdóttir

Sérnámskeið fyrir leikara Kennari Ágústa Skúladóttir

Námskeiðið er ætlað þeim sem hafa einhverja reynslu af leiklist án þess að hafa endilega sótt undirbúningsnámskeið. Þeir sem ekki hafa sótt sambærilegt námskeið hjá Ágústu í Leiklistarskóla BÍL ganga fyrir.

Lýsing á námskeiðinu:

Hvernig segirðu sögu?

Á námskeiðinu verður unnið markvisst að því að sviðsetja smásögu.



Ágústa Skúladóttir

Byggt er á aðferðinni „devised theatre“, þ.e. þegar hópurinn vinnur saman á æfingaferlinu að því að sviðsetja og finna leiklausnir fyrir verkið. Þegar unnið er á þennan hátt er hópurinn aðalatriðið, aðalpersónan, og oftast en ekki þurfa allir að vera meira eða minna virkir allan tímann. Samtenging leikara og hlustun þeirra á milli þarf að vera mjög öguð og farið verður í undirstöðuáðferðir til að efla slíka hlustun.

Nemendur Ágústu:

Anna Bergljót Thorarensen, Reykjavík
 Ásta Gísladóttir, Reykjavík
 Bylgja Ægisdóttir, Reykjavík
 Einar Þorgeirsson, Selfossi
 Friðjón Elli Hafliðason, Selfossi
 Gerður Halldóra Sigurðardóttir, Reykjavík
 Gumundur L. Þorvaldsson, Reykjavík
 Hrunn Ólafsdóttir, Kópavogi
 Jenný Lára Arnórsdóttir, Reykjavík
 Rósa Björg Ásgeirsdóttir, Akureyri
 Sigrún Síghvatsdóttir, Selfossi
 Sigsteinn Sigurbergsson, Reykjavík
 Stefán Ólafsson, Selfossi
 Tinna Þorvaldsdóttir, Reykjavík
 Una Dóra Þorbjörnsdóttir, Kópavogi
 Víðir Örn Jóakímsson, Stokkseyri



Sérnámskeið fyrir leikara Kennari Steinunn Knútsdóttir

Námskeiðið er ætla þeim sem:

1. Hafa sótt grunnnámskeið í Leiklistarskóla BÍL og hafa einhverja reynslu af leiklist.
2. Hafa umtalsverða reynslu af leiklist.

Lýsing á námskeiðinu:

Markmið námskeiðsins er að gefa nemendum grundvallarskilning á vinnu leikarans með leikverkið. Leitast verður við að skerpa á skilningi nemenda á samvinnu og samspili leikara og unnið að greiningu, byggingu og samsetningu sena. Unnið verður með undirbúning fyrir senuvinnu og nemendum gefinn kostur á að kljást við opnar senur samhliða æfingum sem lúta að hlustun og samvinnu.

Unnið verður með tvö ólík leikverk, eitt klassískt og annað nýtt verk. Í gegnum vinnu með verk frá ólíkum tíma og samanburð á þeim, skerpum við skilning á þeirri grundvallartækni sem þarf til að greina og vinna með senur og karakter en um leið þeirri sérstöku tækni/leikstíl sem ólík verk kalla á. Ætlast er til að nemendur lesi verkin tvö og tileinki sér tvær senur sem undirbúning fyrir námskeiðið.



Steinunn Knútsdóttir

Nemendur Steinunnar:

Arnar Ingvarsson, Kópavogur
Ármann Guðmundsson, Reykjavík
Björn Elvar Sigmarsson, Kópavogi
Dýrleif Jónsdóttir, Reykjavík
Gísli Björn Heimisson, Reykjavík
Guðfinna Gunnarsdóttir, Selfossi
Guðrún Halla Jónsdóttir, Akureyri
Hörður Skúli Daníelsson, Reykjavík
Íris Árný Magnúsdóttir, Selfossi
Pétur Ármannsson, Egilsstöðum
Ragnheiður H. Jónsdóttir, Hveragerði



Allur hópurinn á Húsabakka

Byrjendanámskeið í leikhúsförðun og framhaldsnámskeið í leikhúsförðun Kennari Gréta Boða

Haldin í Reykjavík 13.–15. október og 27–29. október 2006

Gréta Boða er hárkollu- og förðunarmeistari. Hún lærði fagið í Þjóðleikhúsinu og London. Hún hefur 35 ára reynslu af vinnu í leikhúsi og sjónvarpi, við bíómyndir og auglýsinga- og ljósmyndaförðun.

Gréta hefur áður kennt förðun og hárkollugerð við skólann.

Um byrjendanámskeiðið:

Grunnförðun í leikhúsi, val á litum og efnisnotkun, hreinsun og umgengni er efni þessa námskeiðs. Kennslan er fræðileg og verkleg, nemendur yfirvinna feimnina við liti og efni með því að farða hverjir aðra undir leiðsögn kennarans. Notaðar verða förðunarvörur frá Grimas og Kryolan.

Nemendur á byrjendanámskeiðinu:

*Arndís Jóna Vigfúsdóttir, Kópavogi
Ármann Guðmundsson, Reykjavík
Dýrleif Jónsdóttir, Reykjavík
Elín Íris Jónasdóttir, Hvammstanga
Erla Björg Aðalsteinsdóttir, Selfossi
Hanna Margrét Kristleifsdóttir, Reykjavík
Helena Helgadóttir, Þorlákshöfn
Helga Jónsdóttir, Reykjavík
Inga Dagný Eydal, Selfossi
Kolbrún Júlíusdóttir, Selfossi
Kristrún Jónsdóttir, Selfossi
Margrét Sól Thorlacius, Hvammstanga
Margrét Valdimarsdóttir, Selfossi
María Jónsdóttir, Reykjavík
Rakel Mjöll Guðmundsdóttir, Kópavogi
Sigríður Hulda Arnardóttir, Akureyri*



Förðun I

Um framhaldsnámskeiðið:

Námskeiðið er sjálfstætt framhald af fyrra förðunarnámskeiðinu, ætlað þeim sem einhverja reynslu hafa af förðun fyrir leikhús og/eða hafa sótt byrjendanámskeið.

Kennd verður „karakterförðun“, unnið með latex, skalla, krepþár og fleiri efni sem notuð eru til að breyta og bæta ásýnd leikaranna á sviðinu. Kennt verður að búa til skallahettur, setja þær á og farða. Einnig að búa til skegg, augabrúnir og barta úr kréþári og líma það á. Latex, Tuplast og fleira notað til að gera fólk eldra, ásamt förðuninni sjálfri.

Nemendur á framhaldsnámskeiðinu:

*Arndís Jóna Vigfúsdóttir, Kópavogi
Ármann Guðmundsson, Reykjavík
Dýrleif Jónsdóttir, Reykjavík
Eva Björg Harðardóttir, Mosfellsbæ
Helena Helgadóttir, Þorlákshöfn
Helga Jónsdóttir, Reykjavík
Kristín Nanna Vilhemsdóttir, Reykjavík
Kristrún Jónsdóttir, Selfossi
Margrét Sól Thorlacius, Hvammstanga
Sigríður Hulda Arnardóttir, Akureyri
Sigurgeir Hilmar Friðbjólfsson, Stokkseyri
Stefán H. Jóhannesson, Hafnarfirði*



Förðun II

Námskeið í stjórnun leikfélaga I

Haldið á Hótel Selfossi 29. september 2006.
Umsjón með námskeiðinu hafði Ólöf Þórðardóttir frá Leikfélagi Mosfellssveitar en hún situr í varastjórn Bandalagsins. Fjallað var um hlutverk stjórnarmanna og verkaskiptingu, nefndarstörf (hver sér um hvað o.s.frv.), samskipti við BÍL (hvað getur BÍL gert fyrir þig og þitt félag), hvernig viljum við hafa samskiptin og hvernig viljið þið hafa þau! Námskeiðið stóð yfir í 3 klst. og var ákveðið að halda annað og ítarlegra námskeið um sama efni stuttu síðar.



Ólöf Þórðardóttir

Námskeiðið sóttu um 30 félagar í 15 leikfélögum.

Námskeið í stjórnun leikfélaga II

Haldið laugardaginn 18. nóvember 2006 frá kl. 10.00 til 17.00 í gamla Lækjarskóla í Hafnarfirði.

Fyrirlesarar og efnisatriði:

Ármann Guðmundsson – Leiklistarvefurinn

Embla Guðmundsdóttir – Samstarfssamningar milli leikfélaga og sveitarfélaga

Guðrún Halla Jónsdóttir – Verkaskipting stjórnarmanna, gerð skipurita og starfssvið framkvæmdastjóra leiksýninga

Hrefna Friðriksdóttir – Námskeið innan félaga og Leiklistarskóli BÍL

Lárus Vilhjálmsson – Samningar við leikstjóra

Sigríður Lára Sigurjónsdóttir – Upplýsingahaldbók áhugaleikarans

Vilborg Árný Valgarðsdóttir – Bókhald og styrkumsóknir, Ársrit Bandalagsins og varðveisla upplýsinga

Porgeir Tryggvason – Verkefnaval, nýsköpun, markaðssetning og þátttaka í erlendu samstarfi

Þátttakendur:

Ása Hildur Guðjónsdóttir, Halaleikhópnum

Kristín R. Magnúsdóttir, Halaleikhópnum

María Jónsdóttir, Halaleikhópnum

Örn Sigurðsson, Halaleikhópnum

Ásdís Úlfarsdóttir, Halaleikhópnum

Ingvar Bjarnason, Leikfélagi Hafnarfjarðar

Ásta Margrét Grétarsdóttir, Leikfélagi Ölfuss

Jóhanna S. Emilsdóttir, Leikfélagi Ölfuss

Árni Kristjánsson, utan félaga

Kristín Guðjónsdóttir, Leikfélagi Blönduóss

Friðrik Stefánsson, Litla leikklúbbnum

Júlíus Ólafsson, Litla leikklúbbnum

Ólöf Hildur Gísladóttir, Litla leikklúbbnum

Sunneva Sigurðardóttir, Litla leikklúbbnum

Júlía Hannam, Hugleik

Kristin Nanna Vilhemsdóttir, Hugleik

Friðjón Elli Hafliðason, Leikfélagi Selfoss

Einar Porgeirsson, Leikfélagi Selfoss

Gísli Björn Heimisson, Leikfélagi Kópavogs

Kveðja frá fráfarandi skólastýrum



Sirrý

Gunnhildur



Fráfarandi skólastýrur á lokahófi ásamt Vilborgu, Siggú Láru og Dönu Jónu frá Leikfélagi Dalvíkur

Það voru tvær gríðarlega spenntar en dálítið kvíðnar konur sem óku norður í Svarfaðardal þann 30. maí 1997. Nú skyldi á það reyna hvort það væri nokkuð vit í því að fara að stofna Leiklistarskóla BÍL. Vikan leið, og það voru glaðar og stoltar konur sem yfirgáfu Húsabakka 9 dögum síðar, sannfærðar um að skólinn væri kominn til að vera.

Árin hafa flogið og eftir stendur minning um allar góðu stundirnar sem við höfum átt í leiklistarskólanum; yndislega nemendur sem drukku í sig allt sem í boði var; kennarana sem auk þess að vinna metnaðarfullt starf á námskeiðum tóku fullan þátt í félagsstörfum; kokkinn sem auk þess að metta svanga maga sá um að reka fólk í morgunleikfimi; fólk í Dalvíkurbyggð sem var okkur innan handar; staðarhaldarana sem af miklu jafnaðargeði umbáru starfsemi skólans sem oft var ansi fyrirferðamikil; skólanefndarfundi með frábæru fólki; stjórn og starfsmenn BÍL sem gáfu okkur lausan tauminn og treystu okkur endalaust og síðast en ekki síst aðalfundi bandalagsins þar sem við ávallt fengum hvatningu til að halda áfram. Við þökkum ykkur öllum kærlega fyrir gott samstarf, vináttu og kærleik.

Við erum mjög þakklátar fyrir að hafa fengið að taka þátt í undirbúningi og mótunarárum leiklistarskólans. Við óskum nýjum skólastýrum til hamingju með starfið og efumst ekki um að undir þeirra stjórn eigi hann eftir að eflast og vaxa.

Sjáumst, Gunnhildur og Sirrý.



Þau hafa verið mörg og margvísleg störfín sem þær stöllur hafa tekið að sér á þessum 10 árum, allt frá því að sitja yfir „lömbunum“ úti í haga, leika dverga og önnur hlutverk sem til féllu og baka þönnukökur handa nemendum og kennurum á þjóðhátíðardaginn

Málþing um Leiklistarskóla Bandalags íslenskra leikfélaga

Haldið á Hótel Selfossi 30. september 2006 í tilefni 10 ára afmælis skólans.

Gunnhildur Sigurðardóttir, fráfarandi skólastýra, kynnti dagskrá málþingsins:

Aðdragandi og starfsemi – Gunnhildur Sigurðardóttir

Húsnæðismál skólans – Margrét Tryggvadóttir

Niðurstöður úr könnun – Hrefna Friðriksdóttir

Skólinn frá sjónarhóli leikfélags – Sigríður Lára Sigurjónsdóttir og Sigurður Pálsson

Skólinn frá sjónarhóli nemenda – Guðmundur L. Þorvaldsson

Skólinn frá sjónarhóli kennara – Ágústa Skúladóttir

Umræður

Framsöguerindi 1 – Gunnhildur Sigurðardóttir

Aðdragandi og starfsemi Leiklistarskóla Bandalagsins

Aðdragandi 1990–1997

Starfsemi 1997–2006

1990–1991

Umræður um að námskeið BÍL séu of einhæf og byggji ekki á fyrri námskeiðum.

Kári Halldór Þórsson fenginn til að gera tillögur að leiklistarskóla.

1991–1997

Skólanefnd starfar að undirbúningi og leggur fram tillögur til stjórnar:

Skólinn starfi í 2 vikur á ári (júní og ágúst)

Í Reykjavík og vítt og breitt um landið.

Nemendur fá ákveðin stig fyrir námskeiðin.

Byrjendanámskeið og 3 framhaldsnámskeið.

Vinna á námskeiðsstað og heimavinna m.a. í leikfélaginu.

1997

Leiklistarskólinn settur

Fyrsta árið voru auglýst 5 námskeið; 2 níu daga námskeið (leiklist, leikstjórn) og 3 styttri námskeið.

3 námskeið voru haldin.

Yfirlit yfir námskeið sem hafa verið haldin og auglýst af skólanum frá upphafi. Ártöl innan sviga þýða að viðkomandi námskeið hefur fallið niður:

Grunnnámskeið fyrir leikara (4x2):

Leiklist I	Leiklist II
1997	1998
1998	1999
2001	2002
2004	2005

Sérnámskeið fyrir leikara (11):

1999 – Sviðstækni leikarans

1999 – Commedia dell'Arte

2000 – Tækni gamanleikarans

2000 – Söngur og raddþjálfun

2000 – Sviðstækni leikarans

2001 – Sérnámskeið fyrir leikara

Grunnnámskeið í leikstjórn (9)

(2002) – Leikarinn sem skapandi listamaður

2003 – Hvernig segirðu sögu?

2004 – Trúðstækni

2005 – Sérnámskeið – Rúnar Guðbrandsson

2006 – Hvernig segirðu sögu?

2006 – Sérnámskeið – Steinunn Knútsdóttir

Leikstjórn I, Leikstjórn II, Leikstjórn III (framh)
 1997 1998 1999
 (1998)
 2001 2002 2003
 2005 2006
 2004 – masterclass í leikstjórn

Leikritun (4)

1997
 (1998)
 2002
 2003
 2004

Förðun (9)

1995 1995
 1997 1997
 1998 1998
 1999 hárkollugerð
 2002 (2002)
 2003
 2006 2006

Tækninámskeið (3)

Lýsing Sviðsmynd Búningar
 1999 1999 2003
 (2002) (gervi og búningar)
 (2003)

Annað

2000 Leiksmiðjur á leiklistarhátíð
 2005 Bardagatækni
 2005 Fyrirlestrahelgi – Hinar þúsund þjalir leik-
 stjórans
 2005 Leiksmiðjur á leiklistarhátíð

Kennarar í Leiklistarskóla BÍL (25)

Sigrún Valbergsdóttir
 Harpa Arnardóttir
 Þorgeir Tryggvason
 Ásta Arnardóttir
 Kjartan Ragnarsson
 Sigríður Margrét Guðmundsdóttir
 Viðar Eggertsson
 Árni J. Baldvinsson
 Ásta Hafþórsdóttir
 Sigurþór Albert Heimisson
 Kaj Pumalainen
 Vala Þórsdóttir
 Rósa Kristín Baldursdóttir
 Valdís Jónsdóttir
 Rúnar Guðbrandsson

Karl Ágúst Úlfsson
 Ágústa Skúladóttir
 Alda Sigurðardóttir
 Árni Pétur Guðjónsson
 Steinunn Knútsdóttir
 Ine Camilla Björnstein
 Gréta Boða
 Snorri Freyr Hilmarsson
 Þórunn Elísabet Sveinsdóttir
 Egill Ingibergsson

Fjöldi á 10 árum:

**205 nemendur frá 29 leikfélögum,
 alls 417 sinnum.**

**Framsöguerindi 2 – Margrét Tryggvadóttir
 Húsnæðismál skólans**

Í húsnæðisnefnd Leiklistarskóla Bandalags
 íslenskra leikfélaga eru auk Margrétar, Sigríður
 Karlsdóttir, skólanefndarkona á Selfossi og Júlíus
 Júlíusson á Dalvík.

Húsabakki:

Júlíus fór á fund bæjarstjórnar Dalvíkurbyggðar.
 Ekki er lengur skólastarf á Húsabakka þannig að
 ekki er vitað hvað verður um skólann. Ekki hefur
 verið hægt að staðfesta að aðgengi að skólanum
 verði bætt.

Eiðar:

Rætt hefur verið við staðarhaldara á Eiðum á
 Fljótaldalshéraði. Þar er öll aðstaða fyrir hendi og
 hægt að fá hana leigða fyrir lítið. Þar yrði þó aðeins
 boðið upp á dýnugistingu í skólastofum. Þó væri
 hægt að semja við Hótel Eddu um leigu á ein-
 hverjum herbergjum á heimavistinni, en það yrði
 þá eitthvað dýrara fyrir þá sem kysu að búa þar.

Víðar:

Rætt hefur verið um að halda áfram leitinni að
 ákjósanlegu húsnæði fyrir skólann. Bæði hefur
 verið stungið upp á að athuga með varnarstöðina
 á Miðnesheiði, Núp í Dýrafirði og fleiri staði.
 Allir viðstaddir beðnir að hafa augun hjá sér í sínu
 nágrenni.

Skólinn þarf að hafa:

– Gistirými fyrir 40 til 50 manns
 – 4 góða kennslusali
 – Aðgengi fyrir fatlaða
 – Helst íþróttasal

Framsöguerindi 3 – Hrefna Friðriksdóttir
Könnun Leiklistarskóla BÍL 2006

Áhrif skólans á starfsemi leikfélaga

Pátttaka:

64 félög í BÍL

Nemendur hafa alls verið frá 29 félögum

11 félög svöruðu könnun

Hafa meðlimir félags sótt námskeið?

Enginn = 1

1–10 = 7

10+ = 3

Af fyrirframgefnum valkostum sagði félagið sem engan hafði sent ástæður vera skólagjöld og tíma-
setningu skólans.

Þeir sem sækja námskeið bjóða fram og fá tækifæri til að nýta þekkinguna hjá leikfélaginu sínu!

- Leikararnir leika
- Leikstjórnarnir leikstýra
- Sett er upp eftir leikskáldin
- Hönnuðir og tæknimenn hanna og framkvæma

Áhrif skólans á starfsemi leikfélags

- 1 – fjölgað félögum
- 2 – fjölgað sýningum
- 6 – skilað betri sýningum
- 7 – aukið fjölbreytni starfsins
- 5 – dregið úr kostnaði við uppsetningu sýninga
- 6 – dregið úr ráðningu utanaðkomandi aðila við uppsetningu
- 0 – aukið fjárframlög/styrki til leikfélagsins
- 0 – aukið umfjöllun fjölmiðla um leikfélagið

Önnur áhrif?


- Meira listrænt sjálfstraust – meiri samgangur við önnur leikfélög
- Betri/meiri samheldni, góðar sameiginlegar minningar og skemmtilegri andi – eflir jákvæða ímynd BÍL
- Leikfélagar koma áhugasamari og fullir af krafti til starfa og nýta, kenna og miðla sinni þekkingu
- Leikfélagar eru óhræddari við að taka að sér verkefni
- Skilar sterkari einstaklingum inn í starfið
- Nýjar hugmyndir, góður andi og meiri kunnátta

Ábendingar um framtíð skólans


- „If it works don't fix it“
- Ógjarnan skerða – mjög mikilvægur þáttur í starfi BÍL – vettvangur samvinnu og samstarfs
- Ekki alltaf á sama tíma – betra aðgengi f. fatlaða – fjölskylduvænni, eitthvað fyrir börnin
- Bæta aðgengi til muna
- Flytja skólann austur á land
- 2ja daga helgarnámskeið á höfuðborgarsvæði og um landið
- Flottur skóli!

Framsöguerindi 4 – Sigríður Lára Sigurjónsdóttir Áhrif skólans á starfsemi leikfélags – Hugleikur

Fjöldi nemenda frá Hugleik á skólanum 1997–2005:



Starfsemi Hugleiks miðað við ríkisstyrk 1997–2005:



Ljóst er af þessum tölum að starfsemi félagsins hefur aukist gífurlega síðan Hugleikarar fóru að nýta sér skólann.

Kynning á skólanum innan félagsins

- Bæklingur látinn liggja frammi; á sminkborðinu ef verið er að sýna, annars og einnig í húsnæði félagsins
- Tölvupóstur sendur á félagalista
- Skólinn kynntur sérstaklega fyrir nýjum félögum
- Styrkur, yfirleitt kr. 10.000 á hvern nemanda
- Nemendur fyrri ára mæla með skólanum

Félagsmenn hafa öðlast meiri þekkingu á öllum hliðum leikhússins.

Hönnun:

- Búninga-, sviðsmyndar-, förðunar- og ljósavinna
 - Skapandi, spennandi og skemmtileg vinna ef menn vinna hana af áhuga og metnaði
 - Fleiri hafa sýnt þessari vinnu áhuga
- Leikritun og leikstjórn:
- Fleiri treysta sér
 - Allir sem vilja geta farið á námskeið
- Fólk „smitast“ af þeim sem hafa farið á skólann
- Félagið vettvangur til að æfa sig

Bein áhrif á félagið:

Sjálfbærara:

- Tæknimenn, höfundar og leikstjórar innan félags
 - Félagið stefnir að því að verða algjörlega sjálfbært
- Aukning í starfsemi:
- Einkum í styttri og fámennari verkum samhliða stærri uppsetningum
- Aukið samstarf og samráð við önnur leikfélög.
- Meiri metnaður á öllum sviðum.

Framsöguerindi 5 –

Guðmundur Lúðvík Þorvaldsson Skólinn frá sjónarhóli nemand

Guðmundur fór á fyrsta skólann 1997 og sagði það heldur en ekki hafa víkkað sjóndeildarhring sinn. Í framhaldi af því fór hann að leikstýra og kynna sér fleiri verkefni leikhússins heldur en að leika. Hann taldi hafa verið mjög nytsamlegt að kynna hugmyndum annarra á skólanum. Síðar fór hann einnig á leikstjórnarnámskeið. Hann telur sig hafa öðlast aukið sjálfstraust við skólasetuna og er orðinn ófeimnari við að prófa nýja hluti. Einnig hefur hann kynnst fleiri leikfélögum sem hann hefur síðan jafnvel starfað með. Guðmundur segir aðalhvörfin í lífi sínu hafa verið að fara á skólann.

Framsöguerindi 6 – Ágústa Skúladóttir Skólinn frá sjónarhóli kennara

Áhrif og áhrifamáttur.

Ágústa byrjaði á að segja stuttlega frá bakgrunni sínum. Hún var stofnfélagi í leikhópnum Fantasíu.

Upp úr því starfi ákvað hún að gera leiklist að ævistarfi sínu. Hún lærði að byggja sitt nám sjálf með því að sækja ýmis námskeið í stað þess að öðlast próf úr einum ákveðnum skóla. Hún fór á þriggja mánaða námskeið í París og nam síðan í London. Fór að leikstýra árið 2000.

Ágústa byrjaði að vinna fyrir aðildarfélög Bandalagsins þegar hún kom að utan. Hún sagðist hafa fengið mikla mótun í Leiklistarskóla Bandalagsins sem leiklistarkennari og sagðist verða betri kennari eftir hvert námskeið. Ágústa telur að skólinn breyti fólki og landslagi í listum. Hún benti á Leikfélagið Sýnir því til stuðnings, það hefði sérstöðu sem útileikhús. Hún stofnaði leikhópinn Félag Flóna ásamt Snorra Engilbertssyni og Gunnari Birni Guðmundssyni eftir skólann 2004. Vinna þess hóps byggði á vinnu með dramatískan trúð úr skólanum. Hún ræddi einnig um að verk höfunda sem verið hafa á skólanum væru farin að sjást bæði í áhuga- og atvinnugeiranum auk þess sem leikstjórar úr skólanum væru farnir að ráðast til leikfélaganna.

Ágústa sagði skólann kenna fagleg vinnubrögð og metnað og vitnaði um að þar væri unnið af mikilli elju og ekkert verið að dingla sér. Einnig sagði hún frá því að hópurinn sem hún hefði kennt í sumar hefði einu sinni hist eftir skólann til að halda áfram að vinna.

Hún lauk framsögunni á orðunum:
Megn er máttur skólans, amen.

Ályktun frá Halaleikhópnum:

Félagfundur í Halaleikhópnum 23. september 2006, beinir þeim tilmælum til Leiklistarskóla Bandalags íslenskra leikfélaga að námskeið á vegum skólans verði ávallt haldin á stöðum, sem eru aðgengilegir öllum.

Ásdís Úlfarsdóttir, formaður Halaleikhópsins, ræddi aðgengismál. Henni þótti slæmt hvað fyrirhuguð förðunarnámskeið voru flutt seint í húsnæði með góðu aðgengi þar sem hugsanlega hefðu fleiri sem bundnir eru við hjólastól haft áhuga á að sækja þau, ef þau hefðu verið auglýst á stað þar sem aðgengi væri fyrir hjólastóla. Einnig þótti henni slæmt að ekki væri aðgengi á salerni í Tryggvaskála þar sem hátíðarkvöldverður haustfundar yrði haldinn. Hún taldi þörf á að hnykkja á aðgengismálum, enn einu sinni, og vildi vísa athugasemdum til stjórnar Bandalagsins.

Umræður:

Guðrún Halla þakkaði fyrir fróðlegar framsögur og svaraði athugasemdum um aðgengismál. Hún sagði Tryggvaskála hafa verið ódýrasta kostinn og sagði að alltaf þyrfti að reyna að stilla kostnaði leikfélaganna í hóf. Hún sagði stjórn Bandalagsins orðna mjög meðvitaða um aðgengismál. En af sömu ástæðum væri skólinn haldinn að Húsa- bakka, það væri lang-ódýrasti kosturinn. En ætlunin er að laga þetta og samfélagsábyrgð að laga aðgengismál allsstaðar.

Hrund Ólafsdóttir sagði nánar frá tilurð Leik- félagsins Sýnir. Félagið var stofnað af nemendum á Húsabakka eftir fyrstu námskeiðin árið 1997. Það var stofnað á haustfundi Bandalagsins á Selfossi 1997. Hrund er þriðji formaður félagsins. Sýnir glímur nú við mannfæðarvandamál. Aðal- fundi þurfti að fresta þar sem aðeins fjórir mættu á hann. Framhaldsaðalfundur verður auglýstur síðar. Félagið er hugsað sem vettvangur fyrir þá sem vilja einnig starfa á sumrin, ásamt því að starfa með öðrum leikfélögum á veturna.

Eymundur, formaður Leikfélags Rangæinga, sagði sitt félag nýlega hafa hafið starfsemi að nýju. Hann auglýsti eftir ráðum til endurlífgunar leikfélags. Hann sagði félagið í lélegum tengslum við sam- félagið og að erfitt væri að fá menn til að leika. Hann spurði hver væri besta leiðin til að fá fólk í leikfélagið sitt.

Lárus sagði frá því að Leikfélag Hafnarfjarðar hefði átt við tilvistarvandamál að etja. Þar var ákveðið að byrja að senda alla sem mögulega vildu fara í skólann, á kostnað félagsins. Reyndist það algjör vítamínsprauta fyrir félagið. Hann taldi þetta bestu fjárfestingu sem félag gæti gert og mælti með því við þau félög sem ættu í þessum vanda. Lárus taldi víst að skólinn yrði fluttur, og þá vonandi á stað með góðu aðgengi. Hann vildi að upphaflegar hugmyndir Kára Halldórs yrðu teknar og skoðaðar með tilliti til framtíðar og að möguleikar á að tengja skólann inn í menntakerfið yrðu skoðaðir.

Guðrún Halla sagði það geta bjargað hvaða leik- félagi sem væri að skófla fólk í skólann.

Gísli Björn kvaðst hafa farið 3 ár í röð á skólann. Segist hann hafa orðið betri leikari við það auk

þess sem það vakti áhuga hans á leikstjórn og leikritun. Hann var í leikfélagi sem nú er dautt. Ein stúlka úr því félagi fór í skólann. Það félag var 28 manna hópur, upphaflega, og höfðu þau 25 ára aldurstakmark. Endurnýjun varð engin í félaginu og í dag eru 3 af upprunalega hópnun starfandi í leik- list. Gísli telur unglingastarf mikilvægt ef halda á lífi í félögum. Hann sagðist einnig hafa starfað með Leikfélagi Hornafjarðar um tíma, en þar hafi borið á þreytu eftir margar stórar sýningar í röð. Hann sagði borga sig að neyða fólk til að fara í skólann.

Porgeir taldi að bestu ráðin í stöðu Eymundar væri að fá frá öflugum leikfélögum sem starfa í svipuðu umhverfi. Ekki taldi hann þó neinar allsherjarlausnir á þessu vandamáli.

Porgeir sagðist hafa sótt skólann og kennt við hann. Sagði hann margt frábært hafa komið frá skólanum og að þar yrðu til safnhaugur af sköpun sem starfaði allan sólarhringinn. Lokadagurinn þar sem námskeiðunum er hrært saman og gerðar eru leiksýningar hefur sýnt að allt er hægt. Einstakling- ar eru að nota skólann til að byggja upp leiklistar- menntun og gera leiklist að ævistarfi, ekki ólíkt því sem Ágústa gerði. Ákveðin vandamál blasa við. Gott að prófa að vera annars staðar en á Húsa- bakka. Hugsanlega er aðsókn á leikstjórnarnám- skeið að minnka. Ef til vill kominn tími á að skoða hugmyndir Kára Halldórs með tilliti til framtíðar.

Hrund sagði að sér hefði verið troðið inn í Banda- lagið 1996 og á skólann 1997. Í upphafi ríkti svartsýni um þátttöku í skólanum. En einstaklingar vilja eyða tíma í námskeiðin. Það skiptir máli fyrir leikfélögin að mennta fólk sé sitt. Hrund sagðist hafa byggt upp menntun í skólanum sem væri að nýtast sér mjög vel í starfi. Hún þakkaði Gunnhildi og Sirrý frábæra skólastjórn í 10 ár.

Guðfinna Gunnarsdóttir, formaður Leikfélags Selfoss, sagði frá því að leikárið núna væri mjög öflugt hjá Leikfélagi Selfoss. Hún rakti það beint til þess að átta manns frá þeim hafi farið í skólann um sumarið. Hún mælti með því að Eiðamálinu yrði fylgt eftir og það skoðað ofan í kjölinn áður en farið væri að kanna aðra möguleika.

Kári Halldór: Var síðast á þingi 1991. Mætti stórum vegg þegar hann lagði til að Bandalagið stofnaði leiklistarskóla. Meðal annarra var fólk í skóla-

nefndinni sem var á móti skólanum. Honum þótti ánægjulegt að heyra hvernig hefði gengið síðan. Hann taldi menntaumhverfið hafa breyst frá 1991. Þekking sköpunarferla er að koma inn í starfs-umhverfi. Þekkingarsköpun á sér stað. Hann taldi skólann góðan, þar sem þar kæmu menn sér beint að kjarna málsins vegna þess hve knappur tími er ætlaður hverju námskeiði. Það sem gerir það að verkum að fólk mætir í leikhús og veit að það skilur það sem fer fram. Tjáning er mikilvægasta verkfærið. Kennarar kenna eins og þeim er kennt. Óöryggi gerir það að verkum að menn fara að herma eftir fyrirmyndum.

Kári sagðist vera menntaður í leiklistarskóla Þjóðleikhússins. Þá voru hæfileikar taldir dularfullir og að ekki væri á allra færi að mennta sig í leiklist. Hann telur hins vegar áhuga og hugsjón vera lykilatriði fyrir þá sem vilja stunda leiklist, í hvaða formi sem hún er. Leiklist gerir ekki greinarmun á áhuga- og atvinnustarfsemi.

Málþingsgestum skipt í umræðuhópa.

Umræðurefni:

Framtíðarsýn – Skólinn næstu 10 árin.

Menn voru hvattir til að hugsa stórt. Engin takmörk sett í hugmyndavinnu.

Hádegishlé og hópavinna.

Fundurinn kom saman að nýju kl. 14.30. Guðrún Halla Jónsdóttir kynnti nýja röðun embætta í skólanefnd. Hrefna Friðriksdóttir og Dýrleif Jónsdóttir hafa tekið við sem skólastýrur af Gunnhildi Sigurðardóttur og Sigríði Karlsdóttur. Hrefna hefur einnig tekið við formennsku í nefndinni af Gunnhildi.

Umræðuhópar kynntu niðurstöður:

Hópur 1

Gísli Björn Heimisson flutti niðurstöður hópsins:

Ekki spurning um atvinnu- eða áhugaleikhús, spurningin er um gott eða vont leikhús.

Kári: Fá menntun í BÍL-skólanum metna inn í skólakerfið.

Halla: Hvar stöndum við? Hvernig getum við haldið áfram?

Kári: Það sem hefur breyst á 15 árum frá gerð skemans er að hægt væri að stytta það og þjappa námsefninu.

Írisi fannst skólinn eins og hann er í dag vera

frábærlega uppbyggður, ekki hægt að koma öllum að ef allir vilja koma í hann.

Halla: Ef farið yrði að Eiðum, breyttist það.

Íris: Bæta þarf kynningu útávið.

Halla: Fólk fór að spyrja út í skólann og segist ætla að fara í skólann á næsta ári.

Silja Björk Huldudóttir skrifaði grein um skólann í Morgunblaðið.

Kári: Þetta er spurningin um hvernig BÍL staðsetur sig. Hann spurði hvers vegna BÍL staðsetti sig ekki með skátum og íþróttarfélagum.

Halla: Við þurfum að gera okkur áberandi á öllum sviðum.

Brynhildur: Leikfélagið hennar vildi gjarnan vera sett undir sama hatt og ungmennafélagið.

Kári: Íþróttafélög eru ekki fyrirbyggjandi Íris spurði hvort námskeið fyrir unglínga hefðu verið haldin á skólanum. Dýrleif svaraði og sagði að það hefði verið reynt og hefði verið fellt niður vegna þátttökuleysis.

Kári: Ekki horfa í hvað hlutir kosta, ef það er gert þá er verið að búa til hindrun. Ef ekki er horft í það, þá er það leyst ef hugmyndin fær að blómstra.

Íris: Ef hægt væri að skikka unga fólk (1–2 úr hverju félagi) til að fara í skólann þá myndu þau ekki sjá eftir því.

Gísli og Brynhildur: Hugmynd að samtvinna alla hluta leikhúsvinnunnar í mismunandi námskeiðum á einu starfsári (8 dögum) leiklistarskólans.

Kári: Innra starf skólans og síðan samfélagsafl eru tveir pólur á þessu. Er eftirsóknarvert fyrir markaðsöflin í þjóðfélaginu, grasrótahreyfingin er eftirsóknarverð.

Halla: Er hægt að kynna okkur út á við sem sköpunarferlisskóla?

Íris: Hvar verður sagt stopp, þegar nemendur eru komnir upp í 80?

Kári: Af hverju væri ekki hægt að vera með 80 manna námskeið allt sumarið (allt árið). Þetta verður aldrei eins og 800 manna fyrirlestur í HÍ, þetta er maður á mann, þetta er handverksmenntun. Allt of mikið vera að sleikja sér upp við Akademiuna. Það hefur sett lok á listrænt ferli.

– Rabbað um Philippe Gaulliere-skólann hennar Ágústu.

Íris: Ætti að skoða uppbyggingu þess skóla og miða við það?

Kári: Gaulliere-skólinn er allur miðaður við leikara, ekki leikstjóra eða leikritun.

Gísli: Væri hægt að setja upp námskeið sem tækju 2–3 ár og gerð yrði sú krafa á nemendurna að þeir myndu vera í náminu þessi 2–3 ár? Skrá sig sem-sagt samtímis á Leikstjórn I, II og III?

Halla, Íris, Brynhildur og Kári töluðu um styrki til náms í skólanum.

Kári: Fyrirtæki eiga að styrkja fólk á hvaða námskeið sem er, gerð hefur verið könnun sem styður þetta.

Almennar umræður um sýningarstjórn.
Skólinn ætti að verða hreyfinga- og breytingaafli.

Hópur 2
Lárus Vilhjálmsson kynnti niðurstöður:
Skólinn – Sjálfstætt menntasetur

Stækkun:
Við sjáum skólann verða stærri þar sem verði pláss á sumrin fyrir tæknivinnu.

Húsakostur:
Skóla sem býður upp á viðameiri starfsemi – staðsetningar ræddar:
Eiðar – Hrafnagil – Laugar í Sælingsdal.

Hrós:
Áfram fyrirlestrarhelgar! Væri hægt að vera með helgar „búst“ námskeið á veturna þar sem skólinn væri kynntur og kveikt í fólki. Forsmekkur?

Tengja:
Skoða tengsl við skólakerfið, hyggilegast að tala við hvern skóla fyrir sig.
Námskeið fyrir leiðbeinendur, tenging við kennara-háskólann.

Samvinna:
Bjóða upp á unglínganámskeið á öðrum tíma, hugsanlega að hausti.
Nemendaskipti, gestakennarar, samstarf við erlenda skóla.

Nýr stíll:
Þverfagleg vinna, t.d. námskeið með leikstjórum og höfundum, workshop með stærri einingum, sambræðsla í stórum stíl, en hafa einnig minni námskeið í boði.

Græða:
Ýta undir einstaklingsstyrkjakerfi, kynna innan stéttarféлага.

Kjörorð:
Framþróun – símenntun – endurmenntun.

Hópur 3
Embla Guðmundsdóttir kynnti niðurstöður:
Leiklistarskóli BÍL – Framtíðarsýn til næstu 10 ára

Eftir 10 ár:
Verðum búin að byggja eigið húsnæði!
Aðgengi komið í lag – mikið rætt.

Viðurkenning á náminu? Á hvaða stigi?
Kynna fyrir stéttarfélögum, stuðningur við endurmenntun og símenntun, „kreatív“ vinna „inn“.
Almenn viðurkenning á náminu, til hvers?
Viljum við unga út atvinnufólki?
Leikfélag geti menntað fólk á öllum sviðum leikhússins – byggja upp tækninámskeið.

Hversu mikil áhersla á að fá fólk inn í leikfélögin?
Er skólinn bara fyrir félögin, eða viljum við fá fleiri?
Breyta tímanum?

Unglingastarf: Samstarf við skóla/opinbera kerfið, sumarbúðir, vinnuskólar.

Hvað viljum við gera með skólann?
Hversu marga þolir skólinn? (Ekki bara spurning um húspláss).
Fyrst og fremst fyrir fólkið úr leikfélögunum.

Grunnnám og framhaldsnám – alltaf hægt að bæta við sig.

Vernda og passa það „energí“ og þann sköpunarkraft sem einkennir skólann!

Sér vefsíða.

Veikleikar: Húsnæðið, erfitt að skipuleggja námskeið þegar þátttaka er óviss.

Ath!
Hver er tilgangur skólans? Hlutverk og markmið.
Áhuga- og atvinnumennska.

Hópur 4
Porgeir Tryggvason kynnti niðurstöður:
Skólinn eftir 10 ár

Pungamiðja áhugaleikhússins, hið skapandi hjarta hreyfingarinnar.

Hvernig verður íslenskt áhugaleikhús eftir 10 ár?
Skólinn verður enn mikilvægari og sýnilegri og

þekktari og flottari.

Mikilvægt að gera hann að sameign allra leikfélaganna.

Nauðsynlegt að efla tengsl allra leikfélaganna við hann. Má gera betur.

Erindrekar. Stjórnarmenn, sem eru með leikfélög í fóstri. Þeir sem koma úr skólanum þurfa að koma heim og vitna fyrir nágrannaleikfélög. Lagt fyrir á lokadegi. Trúboð? Fjölbreyttara form á skólanum. Ljóst að með því að hafa hann alltaf svona er alltaf verið að útiloka sama fólkið. Einskorða ekki allar áherslurnar á eitt form, til að fleiri geti nýtt sér. Lotunám, farnám. Efla samvinnu leikfélaga, nemenda og skólans. Félag skuldbindur sig til að fela nemendum verkefni í stíl við nám. Kennarar í sambandi við nemendur sína á milli námskeiða. Sampætta með því samband skóla og leikfélaga.

Af hverju senda félög ekki fólk í skólann? Félögum sem gengur mjög illa í, eins mjög vel, hafa ekki hvata til að fara í skólann.

Jafnvægi á milli hefða og nýjunga. Nýta það sem vel hefur gengið, líka svigrúm til að koma með nýjungar. Það þarf að bjóða upp á grunnám. Líka að sinna þeim sem eru að mennta sig meira og meira. Hafa puttana á púlsinum í því hvað er að gerast í leikhúslífinu. Hafa í huga að þeir sem tala hæst um hvað ætti að vera í skólanum hafa verið þar oft, þarf að sinna þörfum fleiri. Stundum þarf það sama aftur.

Nemendur nota skólann eins og þeim sýnist. Engin stjórn á því hvað nemendur koma til með að sækja.

Óskalisti:

Námskeið í dansleikhúsi

Námskeið fyrir fólk sem vill vinna með börnum og unglíngum

Nauðsyn fjölbreytni

Skóli fyrir alla

Erindrekar

Útlendir kennarar í heimsókn

Menn sem koma með nýja hluti og nýja sýn og hrista upp í hlutunum

Hópur 5

Fannar Víðir Haraldsson kynnti niðurstöður með aðstoð hópsins:

Framtíð Leiklistarskóla Bandalags íslenskra leikfélaga

Hvað viljum við sjá í framtíðinni hjá leiklistar-skólanum?

– Aðgengi fyrir þá sem eiga erfitt með að koma sér milli staða án aðstoðar.

– Pláss fyrir nemendur.

– Hvernig er hægt að trekkja fólk að skólanum?

– Tækninámskeiðin eru á undanhaldi.

– Skólinn þarf ekki alltaf að vera á sama stað! Til dæmis gæti leiklist eitt verið í Keflavík eitt árið og svo framvegis.

– Að hann sé líka alþjóðlegur, fá útlenska kennara til að koma og kenna við skólann.

– Kannski gæti skólinn verið „farskóli“, færst á milli landshluta á milli ára. Samt aldrei í þéttbýli.

– Athuga hvernig yrði tekið í þá hugmynd að fá húsnæði á Miðnesheiði (varnaliðsstöðinni).

– Fjölskylduvænn skóli? Maka og fölskyldudag-skrá?

– Kannski of langur tími í senn? Hópaskipting örari?

– Leiklistarvika fjölskyldunnar?

– Hýsing væri ekki vandamál þar sem landsvæðið við skólann er nægilegt fyrir tjöld og tjaldvagna

– Leiklist eitt á hverju ári? Götuleikhús, þar sem félög eru gjarnan að sjá um 17. júní og aðrar bæjarhátíðir í sínu bæjarfélagi?

– Að námið verði metið inn í framhaldsskóla.

– Betri upplýsingar í skólanum, hvernig eyðum við út formannsflöskuhálsunum?

– Ætti að vera linkur af heimasíðu leikfélaga að upplýsingum um skólann.

– Upplýsingar sem sendar eru formanni ættu að vera aðgengilegar á netinu óskertar.

– Ætti ljósanámskeið að vera farandnámskeið?

– Myndi skólinn aðstoða leikfélög við að halda tækninámskeið í sínu nafni í heimabyggð?

– Skólinn yrði örgrandi, metnaðarfullur og færri kæmust að en vildu.

– Er skólinn ekki lengur auglýstur í dagblaði?

– Gera allt sem við getum til að auglýsa skólann hvar sem við erum!

– Skólinn er ekki bara fyrir leikfélög!

– Ef það virkar skal ekki breyta.

– Skólinn er við, og við erum frábær!

– Enginn er samur sem þaðan kemur!

– Framtíðarsýn okkar er að skólinn haldi áfram að vera ögrandi og metnaðarfullur eins og hann hefur verið síðustu 10 ár og gefi okkur áfram tækifæri á að eflast og dafna í starfi.

Umræður:

Þorgeir: Gleymdi að segja að hópur 4 beinir því til húsnæðisnefndar að einbeita sér að Eiðum til að

byrja með til að kraftar dreifist ekki.

Gísli: Kynning á skólanum. Er möguleiki að fara í „kosningaferðalag“ um landið og boða til funda með félögum sem ekki hafa sent fólk? Senda kynningardisk um skólann til félaganna? Hálf tíma efni, fá Út og suður-þáttinn?

Hjalti: Ósammála Þorgeiri. Þótti rétt að finna besta staðinn, ekki einblína á einn möguleika.

Halldór: Vildi skoða alla kosti, óljóst um framtíð Eiða, ólíklegt að allir væru til í dýnugistingu. Hann upplýsti fundinn um skólann að Hrafnagili í Eyjafjarðarsveit. Byggður 1974, búið að endurnýja allt aðgengi að heimavist, mötuneyti og öðru húsnæði. Hefur verið mikil stækkun í kennsluhúsnæði. Sundlaug og félagsheimili er með aðgengi í lagi, Freyvangsleikhúsið er að fara í endurbyggingu og aðlögun að leikhúsrekstri. Ráðamenn í Eyjafjarðarsveit hafa verið mjög jákvæðir í garð þessarar starfsemi. Mælir með að við þá verði talað.

Björn Margeir: Vangavelta um hvað skólinn getur gert; Hugleikur orðinn sjálfbær, enginn leikstjóri var ráðinn síðasta ár en samt var metár í starfsemi. Og Hugleikur á metið í að senda fólk á skólann. Tilviljun?

Lárus: Varðandi raddir um að við séum að mennta „atvinnufólk“, þá þótti honum það gott mál ef fólk getur sótt skólann og gert í framhaldinu leiklist að ævistarfi. Hann taldi að áhugahreyfingin ætti ekki að letja fólk til þess. Leiklistarstarf í landinu tengist allt og nauðsynlegt að efla hana og styrkja á öllum þóttum.

Hvernig væri að vera með skólann á ferðinni, hafa hann í húsbílum og vera þar sem sólin er og í kringum skóla eða félagsheimili? Bandalagið reki húsbíllaleigu þess á milli.

Kári Halldór ræddi um snertifleti við atvinnulífið og samfélagið. Láta sveitarfélög bjóða í að fá að hafa skólann. Síþjálfun. Hvaða síþjálfun á sér stað? Sjálfspjálfun, möguleikar í sjálfspjálfun. Þekkingin er í nemendum. Námsefnið eru þátttakendurnir. Prógrammið fer eftir nemendum. Ekki mötun. Þróun í skólanum. Fá hóp úr háskóla til að finna út úr sem verkefni. Kostar ekki krónu, en myndar tengsl, HA, HR, Bifröst. Á eftir að verða pýðingar-meira. Arðsemi listsköpunar. Áhugaleiklist er hluti af þessu öllu saman.



Hrund Ólafsdóttir hefur sótt skólann a.m.k. árlega frá stofnun hans

Gerður: Frábært að menn fari út í atvinnumennsku en á það að vera stefna skólans, samt? Alltaf einhverjir sem fara út í leiklist sem aðalstarf.

Sirry Karls: Heldur að skólinn hafi hjálpað mönnum af stað út í leiklistarnám og síðan atvinnumennsku.

Hrund: Umræðan atvinnu/áhuga óþörf. Hver nýtir skólann eins og honum hentar. Frábært að við, sjálfboðahreyfing, skulum standa fyrir þessu. Þarf að hugsa um hversu margir ættu að vera í skólanum. Verkstæði er á Eiðum. Hægt að hafa allskonar smíði. Uppsetning á heilli leiksýningu sem væri sýnd í lokin. Minnti á sýninguna á Sumargestum frá skólanum 1999.

Agnes Drífa: Virkja innflytjendur í leiklistarstarfið. Ekki allir sem tala góða íslensku, hafa valkost um að námskeið sé hugsanlega á ensku til að mæta fjölmenningsamfélaginu sem við búum í. Ítrekaði námskeið í að kenna ungmennum. Leiklist sem vopn gegn einelti. Félög fari inn í skólana með leiklistarkennslu.

Hrefna þakkaði fyrir þessa frjóu umræðu. Allir tóku virkan þátt í umræðunni. Skoða þarf hvert markmið skólans er, hvort sem það er að styrkja félögin í sínu starfi, auglýsa leiklistina, mennta fólk. Við höfum takmarkaða krafta, gott að velja meginmarkmið, athuga þarf og hvað skilar okkur í átt að meginmarkmiðiðnu.

Fundargerðir stjórnarfundu Bandalags íslenskra leikfélaga leikárið 2006–2007



Efri hluti stjórnar leikárið 2006-2007; Embla, Hrund, Ármann, Guðrún Halla, Þorgeir, Guðfinna, Lárus, Ólöf, Ingólfur og Margrét.

Fundur stjórnar Bandalags íslenskra leikfélaga. Haldinn í félagsheimili Seltjarnarness 7. maí 2006.

Mættir: Guðrún Halla, Ármann, Embla, Toggi, Ingólfur, Lárus, Guðfinna, Hrund, Ólöf og Vilborg.

Guðrún Halla bauð nýja stjórnarmenn velkomna til starfa – hlakkar til að vinna með þeim. Stjórnarmenn skipta með sér verkum. Lárus er varaformaður og Embla ritari.

Guðrún Halla boðar mikla tölvupóstfundi á næstu dögum til að vinna sem best úr hugmyndum aðalfundar.

Þjóðleikhús og búningar

Toggi veltir fyrir sér hvernig best sé að brýna nýtt fólk til góðra verka fyrir BÍL. Spyr einnig um Þjóðleikhússamstarf. Lárus sagði frá fundi sem hann og Hörður áttu með Tinnu og Hlín um samstarfið. Vilborg segir að þær stöllur leggi til að upptökur fylgi umsóknum um þjóðleikhússýninguna. Á fundinum var einnig nokkuð rætt um búningaleigu.

Ákveðið að skipa þriggja manna nefnd til að undirbúa og „rannsaka“ búningamálið.

Embla og Dýrleif verða í nefndinni og finna sér einn í viðbót til að starfa með. Toggi tekur að sér að útbúa skipunarbréf.

Leikritasafn

Rætt um áhuga á að stofna formlegt leikritasafn. Ármann leggur til að skipuð verði nefnd um málið sem Hrefna Friðriksdóttir leiði. Hrefna mun finna sér einn enn til að starfa með sér.

Ármann sagði einnig frá hugmyndum leikskáldafélagsins um málið.

Kynning á BÍL

Guðrún Halla veltir upp kynningarmálum. Brýnt að við

verðum sýnilegri. Segir staðlaða grein í leikskrá til hjá Freyvangsleikhúsi sem auðvelt er að koma til aðildarfélaganna. Embla tekur að sér að athuga hvort ekki sé hægt að fá að kynna BÍL á vettvangi Sambands ísl. sveitarfélaga. Mikilvægt að bæjar og sveitarstjórnarmenn viti um tilvist BÍL og starf leikfélaganna.

Næsti fundur, úthlutunarfundur, ákveðinn 30. júní og 1. júlí. Þurfum a.m.k. tveggja daga fund því mikið liggur fyrir auk úthlutana; haustfundur, NEATA-hátíð og fleira. Nokkuð rætt um skoðun myndbanda.

Í lok fundar var lesið bréf frá Einari Rafni Haraldssyni þar sem hann, af persónulegum ástæðum, afþakkar afmælisgjöf BÍL, í tilefni af sextugsafmæli hans.

*Fleira ekki gert og fundi slitið
Þórvör Embla Guðmundsdóttir*

Fundur stjórnar Bandalags íslenskra leikfélaga. Haldinn í þjónustumiðstöðinni 30. júní og 1. júlí 2006.

Mættir: Guðrún Halla, Lárus, Ingólfur, Þorgeir, Ólöf, Ármann, Guðfinna og Margrét auk Vilborgar.

1. Tillaga að úthlutum styrkja frá Menntamálaráðuneyti Stjórn fór yfir umsóknir og gerði tillögu að úthlutun (sjá nánar í yfirliti). Nokkur álitamál um flokkun verkefna og tímalengd stóðu eftir og tóku Ármann og Halla að sér að fara yfir myndbönd að fundi loknum svo úrskurða mætti á laugardagsmorgni.

Umræður um sérstök ágreiningsefni:

a. Frumkvæði
Farið yfir umsóknir um sérstakt frumkvæði:

Umsókn Freyvangsleikhússins um frumkvæðisstyrk fyrir Kardemommubæinn hafnað, vinnan með tónlistina ekki metin það sérstök að það verðskuldi frumkvæðisstyrk.

Umsókn Hugleiks um frumkvæðisstyrk fyrir Jólalævintýri Hugleiks samþykkt, vegna frumsaminnar tónlistar.

Umsókn Leikfélags Hafnarfjarðar um frumkvæðisstyrk fyrir Hodja frá Þjort samþykkt, vegna frumsaminnar tónlistar.

Umsókn Leikfélags Hólmavíkur um frumkvæðisstyrk vegna umfangsmikilla og tíðra leikferða samþykkt.

Umsókn Leikfélags Mosfellssveitar um frumkvæðisstyrk vegna Í beinni hafnað, frumsamin tónlist ekki metin nægilega mikil.

Umsókn Leikfélags Reyðarfjarðar um frumkvæðisstyrk vegna þátttöku í að stofna leikfélag í Verkmenntaskóla Austurlands hafnað.

Umsókn Leikfélags Sauðárkróks um frumkvæðisstyrk vegna Jens og risaferskjunnar samþykkt vegna frumsaminnar tónlistar.

Umsókn Leikfélags Selfoss um frumkvæðisstyrk vegna Puríðar og kambsránsins samþykkt vegna glæsilegrar umgjörðar.

Umsókn Leikfélags Ölfuss um frumkvæðisstyrk vegna endurreisnar leikfélagsins samþykkt.

Jafnframt ákveðið að veita Leikfélaginu Kröflu í Hrísey sambærilegan frumkvæðisstyrk vegna endurreisnar félagsins og ákveðið að gera það að vinnureglu að veita ávallt frumkvæðisstyrk til fyrsta verkefnis nýstofnaðra eða endurreistra félaga.

b. Samvinnuverkefni

Nokkur félög sóttu um styrki vegna verkefna sem unnin eru í samvinnu við önnur félög eða stofnanir á borð við grunn- og framhaldsskóla. Stjórn var sammála um að verkefni af þessu tagi eru mikilvæg og víða er slík samvinna nauðsynleg til að leiklist þrífist á viðkomandi stað. Jafnframt er mikilvægt að styrkjakerfið sé ekki misnotað, eða félög „láni nafnið sitt“ til að óskyldir aðilar fái aðgang að styrkjunum.

Farið var yfir hverja umsókn um samvinnuverkefni fyrir sig og ákveðið að veita þeim öllum styrki til jafns við önnur sambærileg verkefni leikfélaganna að þessu sinni.

Jafnframt ákveðið að útbúa spurningalista eða eyðublað fyrir samvinnuverkefni. Þorgeir tekur að sér að gera tillögu að slíku blaði.

Fundi frestað til morguns.

Laugardagur 1. júlí.

Mætt: Halla, Lárus, Þorgeir, Margrét, Ármann og Guðfinna.

Byrjað á að fara yfir vafaatriði gærdagsins og úrskurðað í þeim eftir tillögum Ármanns og Höllu.

2. Rekstur þjónustumiðstöðvar

Fjárhagstaða ekki nógu góð en fer væntanlega skánandi á árinu þegar halli frá leiklistarhátíð hefur verið greiddur og með hækkuðu árgjaldi.

3. Rekstur fasteigna

Viðhald á húsnæði enn á bið vegna framkvæmda við hliðina. Rætt um að fá viftu í brotna Laugavegsgluggann þegar skipt verður um hann.

4. Ársrit

Efnisöflun stendur yfir og vinnsla hefst um leið og sumarleyfum líkur. Hugleikur ætlar að leggja til ferðasögur frá Mónakó og Rússlandi. Rætt um að skoða gömul Leiklistarblöð og finna greinar sem gætu nýst leikfélögum, fyrir ársritið eða þá vefinn. Lárus tekur að sér að skrifa leiðara.

5. Leiklistarskólinn

Skólanefnd ætlar að funda í ágúst og koma sér saman um hver tekur við formennsku í skólanefnd. Drög að næsta skólaári verða mótuð með haustinu.

6. Vefurinn

Stuttverkasamkeppni fyrirhuguð á næstunni. Rætt um dauða spjallsins og hvað er til ráða. Allir sammála um að stór þáttur í vandamálinu sé viðmót spjallsins. Einn möguleiki er að tengja spjall við greinar/fréttir á forsíðu. Ræddar þær hugmyndir sem komu fram á aðalfundi.

7. Leitað eftir hækkuðum framlögum

Ítreka þarf fund með menntamálaráðherra. Ákveðið að herja á þingmenn í fjárlaganefnd. Gera þyrfti upplýsinga-blað sem stjórnarmenn geti nýtt sér í baráttunni við stjórnámálamenn. Halla tekur það að sér. Hvetja á leikfélög til að bjóða stjórnámálamönnum í leikhús. Benda stjórnámálamönnum á grasrótastarfið sem fer fram og hve miklu skiptir fyrir sveitarfélög að þar sé öflugt menningarlíf.

8. Athygliverðasta áhugaleikisýningin

Vilborg hefur fundað með Tinnu og þær hafa komið sér saman um hugmyndir að fyrirkomulagi. Með umsókn verði undantekningalaust send upptaka af sýningu og ef Þjóðleikhúsnefnd telur að sýningin komi til greina fer öll nefndin að sjá hana. Vinnuþagg sem þær útbjuggu samþykkt. Umræða um hvort Bandalagið á að eiga fulltrúa í valnefndinni. Meirihluti andvígur því.

9. Samstarf við Borgarleikhús

Ræddar ýmsar mögulegar birtingarmyndir; t.d. að hafa stuttverkahátíðina annað hvert ár, opna hana fyrir fjöl-

breyttari atriðum (tónlist, uppistand o.fl). Ákveðið að hafa Margt smátt árið 2007 og skipa undirbúningsnefnd á næsta stjórnarfundum.

10. Saga Bandalagsins

Ekki virðist mikið hafa gerst varðandi bókina frá síðasta fundi. Vilborgu og Bjarna hefur ekki tekist að semja um greiðslur fyrir lokafrágang á verkinu. Rætt um fjármögnun, hvort eigi að vera Tabula gratulatorum (allir á því) og safna áskriftum. Einnig rætt hvort Banda-lagið ætli að gefa bókina út eða reyna að fá einhverja bókaútgáfu til þess. Toggi tekur að sér að komast að því hvar málið er statt.

11. Haustfundur

Guðfinna lýsir yfir vilja Leikfélags Selfoss til að halda haustfund. Ákveðið að þiggja boðið og halda fundinn 29. sept.–1. okt. Ákveðið að halda námskeið í stjórnun leikfélaga meðfram málþingi um skólann. Ólöf tekur að sér að halda utan um stjórnunarnámskeið. Nauðsynlegt að fara í gegnum þætti sem eru sértækir fyrir leikfélög. Næsti stjórnarfundur kl. 16.00 föstudaginn 29. sept.

12. Handritasafn

Ármann og Hrefna Friðriksdóttir eru búin að funda og töldu einsýnt að láta ætti reyna á hvort við getum talist lögformlegt safn. Ef svo er ekki, finna út hvaða leið er best að fara til að fjármagna tækjakaup og rekstur á meðan safnið er fært í tölvutækt form. T.d. má sækja um í sjálfstæða menningasjóði fyrirtækja og einstaklinga. Lárus tekur að sér að vera 3. maður í nefndinni.

13. Búningasafn

Fyrir næsta stjórnarfund þarf Embla að vera búin að fullskipa nefndina og funda með henni.

14. Kaup á húsnæði undir skólann

Þorgeir telur nauðsynlegt að ná umræðunni um húsnæðismál skólans út úr þeim farvegi sem hún hefur verið í og byrja að gera eitthvað í málinu. Margrét tekur að sér að vera í nefnd. Markmið nefndarinnar er að leysa húsnæðisvanda skólans á varanlega hátt. Þorgeir skrifar skipunarbréf. Áhersla á að leysa aðgengismál. Ákveðið að biðja aðra hvora fráfaramandi skólastýru að sitja í nefndinni og Júlíus Júlíusson. Lárus sagði frá heimsókn sinni á Eiða þar sem hann sagði að aðstaða væri öll hin besta. Hins vegar væri þar inni í myndinni að leigja Hóтели Eddu húsnæðið.

15. Tölvupóstur

Farið fram á stjórnarmeðlimir svari stjórnartölvupósti, hvort sem þeir hafi eitthvað um viðkomandi mál að segja eða ekki. Láta alla vega vita að menn hafi lesið póstinn.

16. Gagnrýni Morgunblaðsins

Staða málsins óljós. Þorgeir telur einsýnt að þetta

verður ekki í óbreyttri mynd. Helst uppá borðinu að leysa þetta með gagnrýnanda í heimahéraði. Ákveðið að Vilborg og Ólöf ræði betur við Friðu Björk, menningarráttgjafa Moggans.

17. Gagnrýni Leiklistarvefsins

Drífa í því að hafa samband við héraðsfréttablöð og leita eftir leyfi til að fá að birta umfjallanir um sýningar. Einnig fara að tala við okkar fólk víðsvegar um landið og biðja það um að skrifa.

18. Kynningarmál

Hugmynd Júlíusar Júlíussonar frá aðalfundi um kynningarblað og bækling sem dreift yrði sem víðast. Lárus telur að allt slíkt þurfi að íhuga vandlega, hver væri tilgangur þess og hvort þetta næði honum. Þorgeir hafði ekki athugað hvort sjóðurinn AUGA styrkti svona átök en lofaði að gera það á næstunni. Umræða um nafn Bandalagsins, hvort það sé ástæða sé til að breyta því. Að sumra mati hefur gamla nafnið ekki verið okkur til mikils framdráttar sem slíkt.

19. NAR-styrkir

Ármann spyr hvor það sé vilji stjórnar Bandalagsins að reyna að fá breytt þeim vinnureglum sem Norræna ráðherranefndin vannur eftir varðandi styrki. Halla segist hafa rætt þetta óformlega á NAR-fundum en sé tilbúin að gera það formlega. Þorgeir spyr hvers vegna við séum á móti þessu. Lárus segir að þeir sem njóti forgangs samkvæmt núverandi kerfi, fái jafnframt peninga eftir öðrum leiðum. Ármann bendir á það að helmingur allra styrkja sem veittur er til leiklistar á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar sé eyrnamerkt hvers kyns minnihlutahópum og það sé bara alltof hjátt hlutfall. Þorgeir segir að aldurskipting sé í íslensku áhugaleikhúsi, hún sé bara að mestu bundin við framhaldsskólana.

20. Dagur áhugaleikhússins

Rætt um hvort ástæða sé til að reyna að halda hann hátíðlegan. Rætt um að tengja hann mögulega Mörgu smáu eða aðalfundi. Litill áhugi á meðal stjórnarmanna að gera eitthvað í málinu að svo stöddu, leiklistardagatalið sé einfaldlega of þéttskipað og tíma og orku sé betur varið í annað.

21. Næsti aðalfundur

Ákveðið að þyggja gott boð Leikfélags Fljótisdals-héraðs um að halda aðalfund 2007.

22. NEATA-hátíð 2010

Rætt um mögulegar staðsetningar, þeir staðir sem koma til greina upp á leiksvið að gera eru Reykjavík, Akureyri, Egilsstaðir, Vestmannaeyjar, Keflavík og Ísafjörður. Ákveðið að Halla athugi hversu tíma-setningin á hátíðinni er heilög. Þorgeir bendir á að þegar Huggleikur fór til Harstad 1998 hafi hann þurft að greiða fyrir innanlandsflug þannig að sennilega ber

okkur ekki skylda til að borga transport fyrir hópana innanlands. Ákveðið að Halla fari á fund bæjarstjóra Akureyrar og athugi hvort enn sé jafnmikill áhugi á að halda hátíðina þar á bæ. Ef svo er verður Akureyri væntanlega fyrir valinu.

Fundi slitið.

*Fundargerð 30. júní ritaði Þorgeir Tryggvason.
Fundargerð 1. júlí ritaði Ármann Guðmundsson.*

Fundur stjórnar Bandalags íslenskra leikfélaga. Haldinn að Hótel Selfossi 29.09. 2006.

Mættir: Ármann Guðmundsson, Embla Guðmundsdóttir, Guðfinna Gunnarsdóttir, Guðrún Halla Jónsdóttir, Hrund Ólafsdóttir, Ingólfur Þórsson, Lárus Vilhjálmsson, Ólöf Þórðardóttir, Sigríður Lára Sigurjónsdóttir, Vilborg Valgarðsdóttir og Þorgeir Tryggvason.

Fundur settur.

Haustfundur undirbúinn

Ólöf kynnti námskeið í stjórnun leikfélaga sem var á dagskrá fundarins um kvöldið. Lárus tók að sér að tala um Bandalagið, m.a. útskýra skammstafanir í alþjóðastarfi og fleira.

Námskeið þótti gott, almennt fyrir félög, en ákveðið var að halda fljótlega fyrirlestrahelgi eða námskeið um verkefni sem sértæk eru fyrir leikfélög. Ákveðið var að Lárus tæki það fram í sínum hluta námskeiðisins.

Dagskrá málþings um Leiklistarskóla Bandalagsins rædd

Ákveðið var að aðalstjórnarmenn yrðu hópstjórar í umræðuhópum. Margrét tók að sér að koma í stað Ingólfs sem yrði farinn af svæðinu. Almenn ánægja með dagskrá málþings

NEATA-hátíð á Akureyri 2010

Fram kom að skipa þyrfti undirbúningsnefnd um helgina. Halla hitti bæjarstjóra Akureyrarbæjar og kannaði hug hans til þess að Leiklistarhátíð NEATA yrði haldin í bænum árið 2010. Bæjarstjóri var jákvæður gagnvart þessum áætlunum en benti þó á að 2010 yrði kjörtímabilinu lokið og ólíklegt að hann yrði enn bæjarstjóri. Menningarfulltrúar á Akureyri eru almennt jákvæðir gagnvart hátíðinni, þótt þeir viti ekki hvernig landslagið verður í menningarmálum Akureyrar. En ljóst er að búið verður að byggja menningarhús, og teknir hafa verið í notkun nýir salir víða þannig að ekki ætti að vera vandamál að hýsa sýningar þessarar hátíðar á Akureyri.

Samningar við leikstjóra

Rætt var um að félög vissu ekki hvert þau ættu að snúa sér í samningagerð við leikstjóra. Samningar sem fást

hjá Leikstjóra- og leikarafélagi standast að öllum líkindum ekki lög þar sem þeir eru verktakasamningar sem gera samt ráð fyrir að félagið skili gjöldum viðkomandi. Eru þannig blanda af verktaka- og launþegasamningi sem er ólöglegt. Best væri að fá skriflega staðfestingu á því frá ríkisskattstjóra að svona samningagerð sé ólögleg. Lárus tekur að sér að útvega slíkt. Einnig er vitað um að leikstjórar séu að hafa með sér verðsamráð. Það er líka ólöglegt. Vilborg reiknaði út meðallaun leikstjóra hjá félögum Bandalagsins frá síðasta ári. Þau eru um 550.000. Guðrún Halla hefur gert módel af leikstjórasmningi sem hægt er að breyta eftir því sem hverju félagi hentar.

Fundargerðir

Fundargerðir síðustu tveggja stjórnarfunda samþykktar með smávægilegum breytingum.

Starfsáætlun

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar í samræmi við lög BÍL

Rekstur gengur sæmilega. Hækkuð árgjöld skila sér.

2. Rekstur fasteigna skv. viðhaldsáætlun

Allt við það sama. Spurning um að fara að sækja um bætur vegna framkvæmda í næsta húsi sem hafa valdið leka í hluta af húsnæði skrifstofu.

3. Útgáfa Ársrits fyrir leikárið 2005–2006

Ársrit kemur út í næstu viku. Skil á ársskýrslum alltaf við það sama. Yfirleitt sömu félögin sem skila inn skýrslum og þau eru alls ekki nógu mörg.

4. Starfsemi Leiklistarskóla Bandalags íslenskra leikfélaga skv. námskeiðsáætlun

Ekkert er komið frá nefnd, funda þarf sérstaklega með henni einhverntíma um helgina. Förunarnámskeið í október alveg þakkuppseld.

5. Rekstur vefsins leiklist.is skv. tillögum vefnefndar

Stuttverkasamkeppni er farin af stað. Hvetja þarf leikfélög til að kaupa auglýsingaborða á vefinn undir liðnum Önnur mál á sunnudag. Einnig þarf að hvetja félög til að vera duglegri að senda inn fréttir. Spjallkerfið var rætt. Athuga þarf með að setja inn kerfi þar sem hægt er að tjá sig við hverja frétt, líkt og gerist á blogg síðum.

6. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum til starfsemi áhugaleikfélaganna, þjónustumiðstöðvar Bandalagsins og Leiklistarskóla þess

Fara þarf á fund fjárlaganefndar. Ekkert hefur gengið að fá fund með menntamálaráðherra. Vilborg tekur að sér að panta tíma hjá fjárlaganefnd. Ákveðið að senda lista með nöfnum allra í fjárlaganefnd til formanna allra leikfélaga og athuga hvort menn hafa tök á að ræða við þá sem þeir þekkja til, eða t.d. þingmenn síns kjördæmis.

7. Halda áfram samstarfi við Þjóðleikhúsið með

Athygliverðustu áhugaleikssýningu ársins. Reglunum hefur verið breytt aðeins. Nú þurfa öll félög að skila upptökum.

8. Ákveðið hefur verið að halda hátíðina Margt smátt

í *Borgarleikhúsinu* árið 2007. Rætt var um að halda hátíðina í kringum páska. Ákveðið að viðra málið undir öðrum málum á sunnudag. Ármann, Hrund og Ólöf tóku að sér að vera í undirbúningsnefnd. Þorgeir tók að sér að skrifa skipunarbréf.

Sérverkefni

1. Saga Bandalagsins

Bjarni Guðmarsson er eiginlega búinn að vinna hana, vantar samt enn örfáar myndir. Kanna þarf útgáfu-kostnað, prentun og þessháttar. Kalla þarf nefndina saman til að ræða þessi mál. Spurt var um eintakafjölda. Rætt af sögu félagasamtaka. Verið getur að borgi sig að láta prenta í útlöndum.

2. *Halda haustþing um málefni Leiklistarskólans* í tilefni 10 ára afmælis hans. Haustþing sett með námskeiði í stjórnun leikfélaga í kvöld, málþing á morgun. Önnur mál á sunnudag.

3. *Athuga möguleika Bandalagsins á því að gera leikritasafnið að formlegu safni skv. safnalögum*

Næsta mál á dagskrá í því máli er að fá framkvæmdastjóra safnaráðs í heimsókn til að meta hvernig safnið stendur. Reynt verður að gera það fyrir 1. nóv.

4. *Að kannaður verði rekstrargrundvöllur búningasafns á grunni hugmynda Þjóðleikhússins*

Embla Guðmundsdóttir hefur verið í þessu máli. Talið er að þetta henti sem verkefni fyrir viðskiptanema á Bifröst. Reyndar verið að skrifa mastersverkefni um skylt verkefni. Embla heldur áfram að kanna málin. Hafa í huga allt húsnæðið sem er að dælast inn í þjóðarbúið í fyrrverandi herstöð. Kanna þarf bráðabirgðasamstarf við Þjóðleikhúsið um að fá að leigja úr safninu.

5. *Húsnæðisnefnd skólans*. Ekki er hægt að lofa neinu um aðgengi á Húsabakka að svo stöddu. Margrét reyndi að ná sambandi við Sigurjón Sighvatsson. Klara Stephensen, húsráðandi á Eiðum, vildi fá upplýsingar um Bandalagið. Vantar upplýsingabækling um Bandalagið. Eiðar standa til boða fyrir lítinn sem engan pening, en aðeins með dýnugistingu. Hugsanlegt væri að þeir sem vildu gætu leigt gistingu af Hótelu Eddu. Kostnaður að öðru leyti yrði lítill. Spurning um að bjóða upp á mismunandi gistimöguleika. Möguleikar á fleiri plássum á skólann. Skólanefnd þarf að fara á staðinn og skoða aðstæður. Erindi verður um þetta á málþinginu. Rætt um að skoða líka aðra möguleika, Reykjanes, Lauga í Sælingsdal, herstöðina á Miðnesheiði. Verið var að selja Skógaskóla og er talið að hann sé út úr myndinni.

Erlent samstarf

Guðrún Halla og Vilborg sóttu stjórnarfund NEATA í Færeyjum.

60–70% styrkfjár í úthlutun NAR fer til jaðarhópa. Staðsetningarmál NUTU-skólans hafa verið leyst. Norræna ráðherranefndin ætlar að hætta að styrkja NAR eftir 2008. Eftir það þarf að finna annað form á að

sækja um styrki. Það verður að heita nýtt verkefni hvert ár. Embættismenn ráðherranefndarinnar vilja væntanlega fá að vita meira um hvernig styrknum er varið. Framkvæmdanefnd NAR ætlar að hittast í október og reyna að ná sambandi við menn í nefndina til að fá meiri upplýsingar. Lárus taldi þetta vera að gerast víða. Allsstaðar verið að stofna sjóði sem stjórnað verður af embættismönnum þar sem styrkir verða verkefnatengdir.

Innskot frá Lárusi sem situr í stjórn Menningarsjóðs félagsheimila. Til stendur að leggja sjóðinn niður í núverandi mynd. Peningum sem áður komu í hann verður trúlega skipt upp á milli þeirra sem nota hann mest. Nú eru það tónlistarmenn sem nota hann mest. Þurfum að hvetja leikfélög til að muna að sækja um styrki til sjóðsins vegna leikferða, t.d. þá sem komu með sýningar á Margt smátt.

Næstu NAR- og NEATA-fundir verður í Riga og skoðuð verður aðstaða fyrir leiklistaráhátíð 2008.

Á NEATA-fundi var sagt frá fimm landa samstarfsverkefni sem átti að ljúka með hátíð í Rússlandi. Þar tókst ekki betur til en svo að hóparnir frá Finnlandi og Noregi afboðuðu með allt of skömmum fyrirvara, af ókunnum ástæðum.

NAR ákvað að styrkja Vilborgu og Guðrúnu Höllu til farar á leiklistaráhátíð sem þeim hefur verið boðið á í Litháen um sem nemur flugfari frá Keflavík til Vilnius. Taka þarf saman annan kostnað vegna ferðarinnar og síðan þarf stjórn að taka ákvörðum um hvort eða hvernig Bandalagið myndi styrkja þær til fararinnar. Annar kostnaður yrði gistikostnaður og far Höllu frá Akureyri til Reykjavíkur. Málið verður afgreitt í tölvupósti.

Sagt var frá því að Hvítrússar fengu ekki vegabréfsáritun til að koma á NEATA-hátíðina í Færeyjum.

Færeyingar stóðu sig mjög vel í allri skipulagningu NEATA-hátíðar. Aðstaðan, þar sem gist var og haldinn hátíðaklúbbur og fleira, frábær í Kennaraháskólanum.

Þorgeir og Ármann sögðu frá heimsókn sinni á rússnesku bandalagsskrifstofuna. Þar snýst starfsemin víst aðallega um að ráðleggja mönnum varðandi leiklistaráhátíðir. Þar er einn og hálfur starfsmaður, eins og hjá okkur, en heili starfsmaðurinn brúkar ekki tölvu.

Fyrir liggur að Danute, sem verið hefur formaður NEATA er að hætta. Bandalagið styður framboð Line Hauger til embættisins.

Önnur mál

a) Haustfundur hefur verið undirbúinn.
b) Bréf frá Halaleikhópnum. Byrjendanámskeið í förðun hefur verið flutt í húsnæði Halaleikhópsins þar sem aðili í hjólastól hefur áhuga á að sækja það.

c) Erindi frá NUTU þar sem óskað er eftir að skóli NUTU verði haldinn á Íslandi: málið hefur verið leyst í Noregi.

d) Erindi frá NEATA: Óskað eftir framlagi í ferðasjóð forseta NEATA. Vilborg hefur sagt þeim að við styrkjum ekki meira á þessu ári. Spurning um að koma Danute á Leiklistarhátíð IATA í Kóreu. Ákveðið að styrkja ferðastjóð forseta NEATA um 2000 DKK í janúar.

Nokkrar umræður spunnust um þá ákvörðun NEATA að halda stjórnarfund NEATA á IATA-hátíð í Kóreu. Ljóst er að þetta þvingar öll landssamtök í NEATA til að senda formenn sína til Kóreu. Þorgeir lagði til að Ísland berðist fyrir því að þessari ákvörðun yrði breytt. Einn fundur er áður, í Ríga. Málið verði tekið upp þar.

e) Skólanefnd endurskoðuð. Skólanefnd langtímanefnd. Bréf frá Gunnhildi. Rætt um þörf á varamanni í skólanefnd. Ákveðið að ræða við skólanefnd um að fella niður varamann í skólanefnd. Þær sem sótt hafa um að verða skólastýrur eru með hugmyndir um hvernig þær ætla að starfa. Málinu frestað til framhaldsfundar þegar skólanefndin getur mætt, um helgina.

Fundi slitið.

Fundargerð ritaði Sigríður Lára Sigurjónsdóttir.

Fundur stjórnar og skólanefndar BÍL, haldinn að Hótel Selfossi 30. september 2006 kl. 12.30.

Mættir: Herdís Þorgeirsdóttir, Hrefna Friðriksdóttir, Dýrleif Jónsdóttir, Gunnhildur Sigurðardóttir, Sigríður Karlsdóttir, Guðfinna Gunnarsdóttir, Guðrún Halla Jónsdóttir, Ármann Guðmundsson, Lárus Vilhjálmsson, Hrund Ólafsdóttir, Margrét Tryggvadóttir og Embla Guðmundsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Guðrún Halla bauð fólkið velkomið og bað skólanefnd og nýjar skólastýrur að skýra frá framtíðarhugmyndum sínum og verkaskiptingu.

Skólastjórn

Hrefna og Dýrleif kynntu hugmyndir sínar og skólanefndar. Áherslur nokkuð óbreyttar á starfið framundan. Vilja halda áfram því góða starfi sem unnið hefur verið í skólanum. Skólinn er lifandi og lagar sig að aðstæðum og eftirspurn hverju sinni. Fram kom að þær ætla ekki að skipta sér í yfir- og undirskólastýrur, þær eru báðar skólastjórar og vinna saman sem ein. Fundarmenn lýstu ánægju sinni með þær stóllur sem og nýja skólanefnd. Gott til þess að vita að áfram njótum við krafta og reynslu Gunnhildar og Sirrýjar í skólamálu. Þeim þakkað frábært starf við skólann frá upphafi.

Ekki þykir ástæða til að tilnefna sérstakan varamann í skólanefnd.

Húsnæðismál leiklistarskólans

Nokkuð rætt um húsnæðismál skólans. Margrét sagði frá störfum húsnæðisnefndar sem m.a. hefur verið í sambandi við forsvarsmenn Eiða. Nokkrir aðrir staðir nefndir sem fýsilegt þykir að athuga, þ.m.t. Hrafnagil. Húsnæðisnefnd heldur áfram sinni vinnu og skólastýrur lýsa sig reiðubúna til að vinna með nefndinni og skoða þá staði sem til greina koma. Fundarmenn allir mjög meðvitaðir um nauðsyn þess að í framtíðarskólahúsnæði verði aðgengismál að vera í lagi.

Fundi slitið 13.00.

Embla Guðmundsdóttir ritaði fundargerð.

Fundur stjórnar Bandalags íslenskra leikfélaga. Haldinn að Hótel Selfossi, 1.10. 2006.

Mættir: Guðrún Halla Jónsdóttir, Lárus Vilhjálmsson, Þorgeir Tryggvason, Embla Guðmundsdóttir, Ármann Guðmundsson, Hrund Ólafsdóttir, Margrét Tryggvadóttir, Ólöf Þórðardóttir, Guðfinna Gunnarsdóttir, Sigríður Lára Sigurjónsdóttir og Vilborg Valgarðsdóttir.

Haustfundur

Almenn ánægja með fundinn. Menn töldi ýmislegt gagnlegt hafa komið fram í umræðum.

Leiklistarhátíð NEATA á Akureyri 2010

Rætt var hversu margir ættu að vera í undirbúningsnefnd hátíðarinnar.

Ákveðið var að Þorgeir og Lárus sætu í nefndinni í Reykjavík en Guðrún Halla og Ingólfur fyrir norðan. Þessi fjögur myndu svo kalla til liðsauka ef þyrfti. Nefndin þarf að skoða fjármögnun og útbúa kynningarpakka. E.t.v. væri hægt að fá efni og góð ráð um undirbúning frá hinum NEATA-löndunum.

Ákveðið var að nefndin fyrir sunnan færi í að útbúa kynningarefni en að nefndarmenn fyrir norðan athugi með fjármögnun á svæðinu.

Rætt var um möguleika á að afla styrkja fyrir einstakar sýningar eða viðburði hjá fyrirtækjum sem ættu hagsmuna að gæta í viðkomandi löndum.

Gera þarf fjárhagsáætlun fyrir verkefnið.

Ákveðið var að stjórn og undirbúningsnefnd yrðu í tölvu- póstsamskiptum um nánari útfærslu á því hvað þyrfti að fara að gerast á þessu stigi málsins.

Margt smátt

Rætt var um að aðkoma Borgarleikhússins að hátíðinni væri lítil, utan þess að lána hús og tæknimenn. Rætt var um möguleika á að undirbúningsnefnd færi í einhvers

konar stefnumótunarvinnu um hátíðina. Skoða þarf hvað kom fram í umræðum um hátíðina á aðalfundi.

Næsti stjórnarfundur

Ákveðið var að stefna að því að halda stjórnarfund helgina 17.–19. nóvember og hafa fyrstu helgina í janúar til vara. Rætt um að stjórn færi saman í leikhús í tengslum við stjórnarfund.

Bandalagshandbókin

Ármann og Sigga Lára tóku að sér að vinna uppkast að henni út frá þeim gögnum sem til eru á skrifstofu.

Heimasíða Leiklistarskóla Bandalagsins

Ákveðið að athuga hvort Sigurður Pálsson væri til í að gera tillögur að efni þessarar síðu og Einar Samúels-son um að hanna útlit hennar sem væri e.t.v. eitthvað frábrugðið Leiklistarvefnum að öðru leyti. Rætt var um möguleikann að hafa vef leiklistarskólans jafnvel á öðru léni. Ákveðið var að athuga hvort lénið leiklistarskóli.is væri laust.

Fundi slitið.

Fundargerð ritaði Sigríður Lára Sigurjónsdóttir.

Fundur stjórnar Bandalags íslenskra leikfélaga. Haldinn að Laugavegi 96 17.11. 2006.

Fundur settur kl. 18.00.

Mættir: Ingólfur Þórsson, Ármann Guðmundsson, Hrund Ólafsdóttir, Lárus Vilhjálmsson, Vilborg Valgarðsdóttir, Sigríður Lára Sigurjónsdóttir og Þorgeir Tryggvason.

Fundargerðir síðustu funda:

- Stjórnarfundur 29. september 2006
- Málþing 30. september 2006
- Fundur stjórnar og skólanefndar 30. september
Ritari skrifstofu tók að sér að setja betur upp fyrir internetið.
- Haustfundur 1. október 2006
Niðurstöður hópa ítarlegri en verið hefur, þar sem tækninni hefur fleygt fram þannig að nú er hægt að fá hugmyndirnar, í flestum tilfellum, úr tölvum manna á staðnum. Þykir það kostur þar sem aðalatriði er að halda utan um allar hugmyndir sem fram koma, en einhverjar gætu týnst í úrvinnslu hópstjóra eftir á.
- Stjórnarfundur 1. október

Fundargerðir samþykktar með fyrirvara um betri prófarkalestur áður en þær verði settar á vefinn.

Starfsáætlun 2006–2007:

2.a.2. Upplýsingar frá VÍS v/skemmda á húsnæði

VÍS vísar skemmdamálinu frá sér. Fyrirtækið Ístak (sem skemmdunum olli) er tryggt hjá Sjóvá. Maðurinn hjá VÍS mælti með því að fengnir yrðu skoðunarmenn til að meta skemmdir. VÍS ætlar hins vegar að gera við brotna gluggann á framhlið. Athuga þarf hvað skoðunarmaður kostar. Eða tala við Ístak og athuga hvort þeir vilja gera við þetta sjálfir.

Spurning hvort tvíverknaður væri að gera við þakið þar sem það lekur ekki þessa dagana og upp hafa komið hugmyndir um að gera nýja viðbyggingu. Fólkið sem á íbúð á hæðinni fyrir ofan væri til í að byggja ofan á nýja viðbyggingu, og myndi það lækka kostnað talsvert við slíka framkvæmd.

Ákveðið var að fá skoðunarmenn Reykjavíkurborgar til að meta tjónið og taka ákvörðun um næsta skref í framhaldi af því.

Embla Guðmundsdóttir mætir til fundar.

2.a.4. Tillaga frá skólanefnd um skoðun Eiða

Hægt er að flytja starfsemi skólans með stuttum fyrirvara, ef það er hagstætt, en það þarf ekki að ákveða fyrr en fyrir útkomu skólabæklingis í vor. Rætt var um hvort þörf væri á að hraða málinu.

Gott tækifæri þykir til að öll stjórn fari ásamt skólanefnd að skoða aðstæður á Eiðum í tengslum við aðalfund sem halda á þar á svæðinu í vor. Rætt var um hvort þörf væri á að senda nefnd á svæðið til að taka út húsnæðið fyrr. Nokkrar umræður spunnust um kostnað við slíka sendinefnd og hverja ætti að senda. Ljóst þótti að Guðrún Halla gæti metið aðgengismál.

Ákveðið var að skólanefnd fundaði með staðarhaldara Eiða, Klöru Stephensen, í Reykjavík og yfirheyrði hana um aðstæður og hvaða fjárhæðir væri verið að tala um. Í framhaldi af því þætti hugsanlega ástæða til að taka út staðinn.

Þorgeir gerði athugasemd við framkvæmd á tillögunni sem upphaflega lá að baki skipunar húsnæðisnefndar, en hún hljóðaði upp á að athuga með kaup eða einhvers konar rekstraraðkomu á Húsabakka eða sambærilegu húsnæði.

Lárus sagðist einnig ósáttur við hvernig niðurstöður nefndarinnar væru að koma fram. Nefndin þurfi að skila af sér formlega og með nákvæmari niðurstöðum á næsta aðalfundi. Spurning hvort aðalfundur gerir sér grein fyrir valdi sínu.

Menn veltu fyrir sér hvort verið væri að kenna aðalfundarmönnum ábyrgðarleysi á samþykktum sínum. Þorgeir spurði hvort hefði verið hringt í bæjarstjóra Dalvíkur og spurt hvað Húsabakki kostaði? Eða hvort hringt hefði verið í UMFÍ út af Laugum í Sælingdal? Þó svo að tillagan hefði verið höfð opin að ásettu ráði þótti honum nefndin ekki hafa farið eftir því sem samþykktin sagði til um.

Skipunarbréf skólanefndar

Búið að gera skipunarbréf sem eftir er að undirrita af formanni.

2.a.5. www.leiklistarskoli.is – erindi frá lénsherra

Tillaga frá haustfundi um að efla og endurvinnna vefhluta leiklist.is sem snýr að Leiklistarskóla Bandalagsins, hugsanlega á öðru léni, leiklistarskoli.is. Drög sem bárust frá Herði Sigurðarsyni gerðu ráð fyrir því að skólavefurinn yrði áfram undir leiklist.is en að á honum yrði einnig að finna upplýsingar um leiklistarnám, hér á landi sem erlendis.

Mönnum þótti réttara að uppbygging þessa vefhluta væri þannig að fyrst kæmu upplýsingar um Leiklistarskóla BÍL en svo mætti gjarnan hafa hlekkjasafn um leiklistarnám undir honum. Menn spurðu sig þó hver hagur Bandalagsins væri í að fá fólk sem er að lesa sér til um leiklistarnám á vefnum. Vefnefnd mun velta fyrir sér frekari útfærslu. Ljóst er að það þarf að styrkja þennan hluta vefsins. Vefnefnd fundi sem fyrst.

Einnig var ítrekaður vilji til að setja inn umræðukerfi við hverja frétt.

Porgeir vakti einnig máls á þörf á sérstökum hlekkjum af forsiðu á fréttir um námskeið og leiklistarhátíðir, þar sem inni yrðu fréttir um slíka viðburði á meðan umsóknarfrestir til þeirra stæðu yfir. Fram kom að þessi mál hefðu eitthvað verið rædd í vefnefnd og breytingar þessa efnis verða vonandi framkvæmdar fljótlega.

6. Leitað eftir hækkun opinberra styrkja

Vilborg, Embla og Guðrún Halla fóru á fund fjárlaganefndar til að fara fram á hækkun fjárframlags til starfsemi leikfélaganna og reksturs skrifstofu. Þótti þeim erindinu vel tekið. Rætt var um hvort þyrfti nýja nálgun á málið og ákveðið að halda áfram að reyna að ná fundi menntamálaráðherra. Einnig var ítrekað að nota ætti kosningaveturinn og ræða mál leikfélaganna til að reyna að koma málefnum aðildarfélaganna Bandalagsins inn á stefnuskrár flokkanna. Talað var um að stjórnarmenn skrifuðu bréf til þingmanna og frambjóðenda innan síns kjördæmis og bentu á öflugt starf áhugaleikhúsa á svæðinu. Einnig var rætt um að halda því á lofti sem merkilegt hefði gerst í hreyfingunni, svo sem viðurkenningu sem leikfélagið Hugleikur fékk á degi íslenskrar tungu. Vekja athygli á stórum sýningum sem ganga vel.

Embla sagði frá því að hún hefði sagt menningarmálanefnd í Borgarfirði frá skólanum. Einnig hefur hún farið fram á að fara með erindi á fund hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, en erindið taldist ekki eiga heima á slíkum fundi. Spurning um að fara frekar í svæðisbundin sveitarfélagasamtök.

Upplýsingapakki sem Guðrún Halla ætlar að útbúa verður m.a. ætlaður til kynningar fyrir slíkt. Landshlutaþing talin betri fyrir kynningar heldur en landsþing. Rætt var um hvort reyna ætti að skipa erindreka þannig

að sama fólkíð sæi um kynningarnar til að þær væru markvissari?

Spurning um að þetta sé staðlað kraftbendilsefni. Einnig var rætt um að láta alla fundarmenn taka eina léttu upphitunaræfingu, í upphafi kynninga, til dæmis „zip-zap-boing“.

Fram kom að opinberir aðilar væru mikið farnir að ætlast til að frjáls félagasamtök leiti annað eftir fjárframlögum. Kannski helst sóknarfæri að fá sérstök fjárframlög til skólans.

Hrund minnti á athugasemd frá Kára Halldóri um að hugsa fyrst hvað menn langar að gera, í stað þess hvað það myndi kosta.

8. Stuttverkahátíðin Margt smátt

Undirbúningsnefnd Margs smás. Nefndinni hefur ekki enn tekist að funda en mun hittast í næstu viku. Fundað verður með Steinunni Knútsdóttur, listrænum ráðunauti Borgarleikhússins, í framhaldi af því. Skýrsla frá þessari nefnd verður á næsta stjórnarfund. Ingólfur spyr út í þátttöku landsbyggðarfélaganna á hátíðinni. Þótti lítil hátíðarbragur á hátíðinni í ár. Vantar tilfinningu fyrir því að þetta sé viðburður, en ekki bara venjuleg sýning. Rætt var um hvort hátíðin þyrfti að vera lengri og hvort þessi hátíðarbragur fengist e.t.v. með því að dagskrá hátíðarinnar væri meira með nærveru í anddyri og væri þannig sýnilegri öðrum leikhúsgestum. Uppástunga um að reyna að hafa eitt samstarfsverkefni milli Bandalagsins og Leikfélags Reykjavíkur á sýningunni. Hugmynd kom fram um að nota verkin sem unnu til verðlauna í nýafstaðinni stuttverkakeppni Leiklistarvefjarins. Rætt var um að leggja meira í fordrykk og setningu hátíðarinnar.

Nú hefur verið reynt að hafa hátíðir með og án forvalsnefnda sem velja sýningar á hátíðir eftir gæðum. Nú þarf að setjast niður og meta hvernig til hefur tekist í hverju tilfelli og ákveða hvernig best er að halda áfram. Rætt var um að kalla eftir hugmyndum frá félögum sem hefðu tekið þátt í þessum þremur hátíðum sem haldnar hefðu verið. Þarf ekki að vera mikið mál. Bara senda einn tölvupóst og athuga hverjir svara.

Ármann taldi hátíðina hafa aukið áhuga á uppsetningum stuttverka meðal félaganna.

*Sérverkefni**1. Stefna að útgáfu Sögu Bandalagsins 1950–2000 á árinu*

Sögunefnd hittist í næstu viku. Söguritari, Bjarni Guðmarsson, hefur beðið stjórn um að áveða útgáfudagsetningu. Ákveðið var að stefna að því að bókin kæmi út fyrsta maí 2007.

2. Halda haustfund og málþing um Leiklistarskóla Bandalagsins

Búið.

3. Athuga möguleika Bandalagsins á að gera leikritasafnið að formlegu safni

Ekkert gerst síðan á síðasta stjórnarfund.

4. Kannaður rekstrargrundvöllur búningasafns á grunni hugmynda Þjóðleikhússin
Nefndin hefur fundað og málið er í farvegi.

5. Að skipuð verði nefnd sem kanni möguleika á því að Bandalagið kaupði eða taki að sér rekstur Húsabakka eða sambærilegrar eignar
Stjórn telur að störfum nefndarinnar sé alls ekki lokið og óskað eftir því að hún skili skýrslu í samræmi við skipunarbréf á næsta aðalfundi.

Önnur mál

Undirbúningur vegna námskeiðs í stjórnun leikfélaga
18.11. 2006
Dagskrá liggur fyrir.

Aðalfundur á Egilsstöðum 4.–6. maí 2007
Tímasetning samþykkt, 4.–6. maí. Rætt var um að hafa aftur námskeið í stjórnun leikfélaga. Ingólfi þótti tíminn á síðasta aðalfundi of knappur. Menn telja annars að einn og hálfur dagur sé yfirleitt nóg til hefðbundinna aðalfundarstarfa en það ber þó að hafa í huga að nokkrar nefndir eru starfandi í nokkuð stórum málum sem gæti kostað töluverðar umræður.

Úr fundargerð stjórnar frá 1. júlí 2006:

„Tölvupóstur

Farið fram á að stjórnarmeðlimir svari stjórnartölvupósti, hvort sem þeir hafi eitthvað um viðkomandi mál að segja eða ekki. Láti allavega vita að menn hafi lesið póstinn. Aðeins var rætt um umræður og afgreiðslu mála í tölvupósti. Ítrekað var við stjórnarmenn að láta vita að þeir hefðu séð tölvupóstinn og einnig ef þeir kæra sig ekki um að ræða málin skriflega, að óska þá eftir því að málið bíði afgreiðslu fram að næsta stjórnarfundi.“

Umsókn nýs leikfélags.

Umsókn Leikfélagsins Peðsins samþykkt með fyrirvara um að félagið fái kennitölu og samþykki aðalfundar.

Næsta stjórnarfund þarf að halda í það minnsta mánuði fyrir aðalfund. Ákveðið var að taka frá helgina 23.–25. mars fyrir stjórnarfund. Hvar hann verður haldinn og hve langur hann verður, verður ákveðið síðar.

Fundi slitið.

Fundargerð ritaði Sigríður Lára Sigurjónsdóttir.

**Fundur stjórnar Bandalags íslenskra leikfélaga.
Haldinn að Laugavegi 96 kl. 14.03. kl. 17.30.**

Mættir: Guðrún Halla Jónsdóttir, Lárus Vilhjálmsson, Þorgeir Tryggvason, Ingólfur Þórsson, Ármann Guðmundsson, Guðfinna Gunnarsdóttir, Vilborg Valgarðsdóttir og Sigríður Lára Sigurjónsdóttir.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar

Síðasta fundargerð samþykkt.

Vilborg sagði frá því að Leikfélagið Peðið hefur fengið kennitölu og annað sem vantaði í umsókn þeirra á síðasta stjórnarfundi.

2. Starfsáætlun 2006–2007 yfirfarin

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar

Allt við það sama. Fjárhagur kemur betur fram í ársreikningi sem verður skoðaður í dagskrárlið um undirbúning aðalfundar.

2. Viðhald fasteignar

Framkvæmdastjóri sagðist ekki farinn að útvega skoðunarmann, sem hann tók að sér á síðasta stjórnarfundi. VÍS er ekki búin að laga gluggann, eins og þeir voru þó búnir að lofa að gera. Eigendur á neðstu hæð vilja fara að funda um framkvæmdir sem þarf að fara að gera á húsinu að utan, þar sem byggingaframkvæmdir við hliðina eru búnar að mestu. (En viðhaldi á okkar húsi var frestað vegna þeirra á sínum tíma.)

Leki hefur gert vart við sig á efri hæð undanfarið, en erfiðlega hefur gengið að fá iðnaðarmenn til starfa. Lárus spurði hversu miklar fjárhæðir þetta gætu orðið fyrir Bandalagið.

Svar: Verktaki þyrfti að taka verkið út og gera tilboð. Meira verður vitað eftir fund með öðrum eigendum. Þorgeir taldi að um þrjár aðskildar framkvæmdir væri að ræða:

- Skoðunarmenn á tjón sem framkvæmdir í næsta húsi hefðu valdið.
- Endurbygging á handritasafnsálmu.
- Framkvæmdir utan á húsinu, á framhlið og bakhlið, sem var frestað á sínum tíma.

Rætt var um að setja eignina á sölu til að komast að því hvaða verð myndi hugsanlega fást fyrir hana. Síðan yrði fjárfest í öðru húsnæði sem:

- a) Væri minna miðsvæðis og þar með ódýrara.
- b) Væri á jarðhæð eða í lyftuhúsi og þar með væri aðgengismálum kippt í lag.
- c) Væri ekki fyrirsjáanlegt að leggja þyrfti í viðlíka viðhaldskostnað á næstunni.
- d) Hefði hugsanlega þá kosti að hægt væri að loka búðinni þó verið væri að funda eða vinna á skrifstofunni, og hefði hugsanlega einhvers konar kennslustofu þar sem mætti hugsa sér að halda fundi, fyrirlestra og námskeið.

Talið er að fermetrabörf þjónustumiðstöðvar myndi einnig minnka með rafrænu handritasafni.

Ákveðið var að þreifa á málinu á aðalfundi.

3. Ársritið kom út í september

4. Leiklistarskóli Bandalagsins

Almenn ánægja ríkti með námskeiðaframboð ársins. Halaleikhópnum var sendur tölvupóstur vegna staðsetningar förðunarnámskeiða þar sem tekið var fram að hægur vandi væri að halda námskeiðið í húsnæði Halaleikhópsins ef einhver ætlaði á það sem kallaði á aðgengi fyrir fatlaða.

5. Leiklistarvefurinn

Lið um vefmál frestað þar sem lénsherra mætir síðar á fundinn.

6. Hækkuð framlög úr opinberum sjóðum

Vilborg, Halla og Lárus voru á fundi í menntamálaráðuneyti fyrr um daginn. Ráðuneytisfólk boðaði fundinn. Þær voru aðallega að spyrjast fyrir um starfsemina en þótti þeim ólíklegt að meiri hækkana á framlagi til Bandalagsins væri að vænta. En óljóst var um tilgang fundarins af hálfu ráðuneytisins. Hugsanlega er verið að vinna einhverjar skýrslur. Spurningar sneru mikið að landsbyggðinni.

Rætt um upplýsingapakka og hvort er ráðlegt að gera aðgerðaáætlun um að stjórnarmenn ræði við þingmenn og frambjóðendur í aðdraganda kosninga. Stjórn á fulltrúa í öllum kjördæmum. Tala þarf við efstu menn á öllum listum allsstaðar.

Halla lagði til að allir fengju einhverja með sér í öllum kjördæmum til að ræða við frambjóðendur um málefni Bandalagsins og leikfélaganna. Einnig þarf að leggja að leikfélögum að bjóða frambjóðendum á sýningar.

Porgeir lagði til að sendur yrði tölvupóstur á leikfélög og stjórnir hvattar til að bjóða frambjóðendum stjórnarmálaflokka á sýningar í vor. Einnig væri hægt að útbúa dreifimiða um starfsemi Bandalagsins til að afhenda frambjóðendum sem mæta á sýningar.

Lárus og Porgeir tóku að sér að gera þetta og töldu að þetta þyrfti að vinnast hratt, ef einhver árangur ætti að nást af kosningavorinu.

Porgeir taldi að skrifa þyrfti greinar í blöð og ýta jafnvel við gömlum formönnum og öðrum Bandalagssinnum til að gera slíkt.

Halla sagðist skulu tala við Kristján Hjartarson og einhvern annan fyrir norðan.

Vilborg talar við Einar Njálsson og Sigrúnu Valbergs.

Áskorun um greinaskrif almennt fylgi með áskorun um

að bjóða mönnum á sýningar.

Guðfinna talar við Guðna Ágústsson og Margréti Frímannsdóttur.

7. Samstarf við Þjóðleikhúsið

Skrifstofan mun setja sig í samband við Þjóðleikhúsfólk fyrir aðalfund og komast að því hvort einhver úr nefndinni mæti á aðalfund.

8. Margt smátt

Í nefnd um málið sitja Ármann Guðmundsson, Hrund Ólafsdóttir og Ólöf Þórðardóttir. Nefnd fór seint af stað. Ármann náði loks í Steinunni Knútsdóttur fyrir skömmu og bað um dagsetninguna 19. maí. Taldi hún öll tormerki á því.

Hugmyndir nefndarinnar voru að hafa hátíðina á laugardegi og taka daginn í hana, en að aðstandendur hittust annars staðar um kvöldið. Þetta þyrfti þess vegna ekki ekki að rekast á við aðrar sýningar. Ákveðið var að Ármann reyndi að ná betra sambandi við Steinunni og útskýra þessar hugmyndir. Þetta þyrfti að gerast sem fyrst varðandi kynningar út í félögin.

Ingólfur tók fram að hann vildi heldur láta halda einþáttungahátíðir í tengslum við aðalfundi vegna ferðakostnaðar.

Halla spurði hvort menn hefðu tilfinningu fyrir þátttöku. Porgeir: 20% af virkum félögum tóku þátt síðast. Sum félög þurfa að ferðast styttra en önnur. En þau félög sem styst þurfa að fara eru líka aðilar að Bandalaginu. Ef einhverjir senda aldrei fulltrúa bæði á aðalfund eða hátíð, er ekki hægt að nota sömu rök um skólann? Lárus minnti á niðurstöðu síðasta aðalfundar, að halda Margt smátt annað hvert ár í Borgarleikhúsinu og þess á milli í tengslum við aðalfund. Hann taldi víst að félögum sem sæktu þessar hátíðir færi ekki fjölgandi. Ármann benti á að hátíðir úti á landi hafi líka verið best sóttar af leikfélögum frá höfuðborgarsvæðinu.

Porgeir taldi ljóst að víkka þyrfti þátttökuskilyrði á Margt smátt og opna möguleika á að koma með hálf-tíma leikrit. Núverandi lengdarmörk miði við vinnulag þriggja félaga, allra á höfuðborgarsvæðinu. Guðfinna taldi stuttverkaformið vera að breiðast út. Porgeir vildi hvetja félög sem væru að vinna með formið til að koma með verkin á hátíðirnar. Síðast var vitað af félögum sem höfðu verið með einþáttungasýningar um veturinn, en mættu samt ekki á hátíð. Guðfinna minnti á fósturfélög. Sagði þurfa að kynna hátíðina betur fyrir þeim og hringja í formenn, enn einu sinni.

Ármann festir dagsetningu í haust ef ekki næst samkomulag um 19. maí.

Embla Guðmundsdóttir mætir til fundarins.

Sérverkefni

1. Saga Bandalagsins

Sigrún Valbergisdóttir er að gera lista yfir fólk til að bjóða að vera með í Tabúla gratorum. Hönnuður hjá Hvíta húsinu ætlar að hanna kápu.

Halla spurði hvenær hægt yrði að handfjatla gripinn?

Porgeir sá ekkert því til fyrirstöðu að það yrði í maí.

Bjarna Guðmarssyni, ritstjóra, þótti dagsetningin 1. maí alls ekki ómöguleg sem útgáfudagsetning. Nú á eftir að finna nokkrar myndir og lesa endanlega próförk.

Vilborg sagði ekkert hafa heyrst frá Bjarna síðan á síðasta fundi. Þegar kápan er tilbúin þá verður farið að selja í forsölu.

Porgeiri þótti líklegt að sala bókarinnar færi langt með að borga kostnað við útgáfu, allt nema ritlaun.

Guðrún Halla lagði til að 3 fengju bókina gefins: Forseti Íslands, forseti alþingis og menntamálaráðherra.

Hörður Sigurðarson og Hrund Ólafsdóttir mæta til fundarins.

Fjórdá lið á fundardagskrá skotið inn, þar sem mikilvægt er að Hörður segi frá nýjustu þróun í því máli.

4. Gagnrýni Morgunblaðsins

Hörður skýrði frá fundi sem hann, Ármann og Vilborg sátu fyrr um daginn með Ingvari vefstjóra Morgunblaðsins og Fríðu Björk, ritstjóra menningarmála.

Þau lögðu til að Bandalagið stofnaði Moggablogg og ætti þar með möguleika á að fréttir yrðu teknar af því inn í blaðið og fengju að hafa hlekk inni á forsíðu mbl.is í einhvern tíma. Hörður spurði sig til hvers það væri. Þarna væri vissulega mikil umferð og gæti hugsanlega skilað einhverju inn á Leiklistarvefinn. Herði þótti vinnunnar virði að prófa það.

Rætt var um hvaða kosti svona blogg hefði umfram okkar eigin vef og hvort það myndi auka eða minnka vinnuna við hann.

Lénsherra taldi að vinnan yrði nokkurn veginn sú sama, við myndum nota fréttir af Leiklistarvefnum á bloggíð. Vitað var um dæmi þess að þessi blogg og bloggvinakerfi mbl.is hafi verið notað til að auglýsa sýningar. Porgeir spurði hvað Mogginn væri í rauninni að bjóða. Vilborg sagði það vera kynningu á forsíðu mbl.is í ákveðinn tíma.

Hörður sagðist einmitt hafa spurt að þessu sama, en fengið loðin svör. Það sem stæði eftir væri umferðin sem hugsanlega gæti skilað umferð inn á Leiklistarvefinn. Einfaldasta formið á blogginu væri að taka hausa úr fréttunum á Leiklistarvefnum og setja á bloggíð.

Porgeir taldi þetta eingöngu vettvang fyrir fréttir, ekki greinar.

Halla velti upp möguleika á að fá greinar úr Morgunblaðinu til að birta á okkar vef sem hluta af einhverju samstarfi.

Porgeir taldi að ekkert gerði til að prófa þetta. Gerði þó athugasemd við að Morgunblaðsmenn settu þetta fram sem tilboð, sem það væri ekki.

Hörður: Hugsanlega væri eitthvað sett inn á forsíðuna á mbl.is. Sársaukalaust að prófa.

Heyrst hefur að Morgunblaðsmenn ætli að birta umfjallanir um uppsetningar á nýjum íslenskum leikverkum í blaðinu.

Annað sem myndi bætast við væri kosturinn að hafa umræður við fréttir. Hörður sagði reyndar að til stæði að gera svoleiðis á leikist.is. Auk fleiri fréttaflokka.

Hrund: Hefur aldrei séð Þjóðleikhústengilinn þrátt fyrir að fara oft á mbl-vefinn. Mun fólk sjá þetta blogg? Henni þótti menn á Morgunblaðinu vera að firra sig skömminni að hafa klúðrað gagnrýnimálum.

Hörður sagðist halda að áherslan hjá Moggamönnum væri að gera vefinn eins sterkan og mögulegt væri.

Porgeir sagðist sjá þetta sem gagntilboð við gagnrýnimálunum, sem væri þó alveg óskýlt.

Lárus sagði þetta ekki snúast um gagnrýnimálin.

Hörður sagði að þarna gildi sama hugsun og á bakvið fjöldasendingar. Í krafti magnsins sem fer um mbl.is er verið að ímynda sér að einhver umferð „leki“ inn á Leiklistarvefinn.

Lárus taldi Morgunblaðsmenn vera að kynna þennan möguleika. Auk þess sem hann væri að fá sér ókeypis menningartengt efni. Tenging við gagnrýnina er engin. Við vorum beðin að finna gagnrýnendur í héraði. Nú er búið að slá það af. Á að hringja í Styrmi?

Hvers vegna var fjallað um Nemendamót Verzlunar-skólans en ekki aðrar frumuppfærslur áhugaleikhúsa á leikárinu?

Porgeir taldi klókt að prófa þetta. Setja inn fréttir af leikist.is, en ekki tilkynningar frá atvinnuleikhúsum. Lítur ekki svo á að gagnrýnimálum sé lokið. Vill að Morgunblaðsmenn standi við stóru orðin varðandi ný íslensk verk.

Halla: Hvernig væri að tala við önnur blöð? Morgunblaðið er ekki lengur það stórveldi á dagblaðamarkaðnum sem það var.

Hörður taldi ólíklegt að aðrir hafi fjárhagslegt bolmagn til að standa undir þessari umfjöllun.

Porgeiri þótti mikilvægt að haldið yrði áfram að halda uppi þrýstingi um málið?

Ármann sagði frá því að Fríða Björk, ritstjóri menningar-efnis segðist vera að leita að einhverjum til að skrifa um sýningu Halaleikhópsins.

Hrund þótti rétt að benda Morgunblaðsmönnum á að hugsanlega myndu nokkuð margir segja blaðinu upp ef ekkert yrði gert í þessu. Henni þótti einnig umhugsunar-efni að vinnuálag á skrifstofu myndi aukast við að búa til blogg.

Porgeir sagði þetta spurningu um að setja hausana á fréttunum inn á bloggíð, en síðan hlekk inn á Leiklistarvefinn.

Hrund velti upp spurningu um að nýta leikstjóra sem þrýstihóp. Spurning um að senda tölvupósta á leikara-og leikstjórafélagið.

Porgeir taldi þurfa að senda félögum fréttir af því hvernig mál standa. Senda í formannapósti upplýsingar um að Mogginn muni gagnrýna frumflutt verk. Spurning um nýjar þýðingar eða leikgerðir. Um að gera að ganga eftir því líka. Kannski á þetta ekki einu sinni að bíða eftir formannapósti. Líka senda á leikara- og leikstjórafélög. Leggja áherslu á að þeir beiti áhrifum sínum.

Haft var eftir innanbúðarmönnum hjá Morgunblaðinu að hugsanlega mætti ná árangri með því að hóta því að segja upp blaðinu. Hugsanlega myndu nokkur harðorð bréf skila einhverjum árangri.

Hörður og Vilborg kynntu tillögu um að Leiklistarvefurinn finndi leið til að greiða fyrir faglega umfjöllun um sýningar á leiklistarvefnum. Spurning um að setja milljón á ári í það verkefni. Hugsanlegt að hvert félag gæfi eftir 20.000 kall á ári af styrknum og í staðinn yrði greitt fyrir umfjallanir á vefnum.

Aftur að starfsáætlun.

5. Rekstur leiklist.is

(Liður úr aðalverkefnum starfsáætlunar sem frestað var áður og beðið eftir Herði lénsherra.)

Hörður sagðist hafa ýmsar hugmyndir. Spjallkerfið er lítið sem ekkert notað. Spurning um að setja hlekkinn á það beint við ákveðnar greinar. Eins væri gaman að hafa fleiri undirflokkar í fréttunum. Umferð um vefinn er alltaf að aukast. Engin mikil stökk en eykst hægt og sigandi. Allt í þokkalegu standi með vefinn. Hann var alltaf að detta út fyrir ári, en allt í lagi núna. Græja komin sem tékkar á honum á klukkutíma fresti. Hörður sagðist ánægður með þá sem þjónusta okkur núna. Porgeir spurði um örverkasamkeppnina, áform um uppsetningar og um að hala inn peninga fyrir verðlaunum.

Hörður sagði ekkert hafa gerst og spurði hvort einhver væri til í að leggjast í auglýsingasöfnun.

Porgeir lagði til að gerður yrði listi yfir auglýsendur sem sæju hag sinn í að auglýsa á vefnum. Vefnefnd þyrfti að ganga í málið.

Halla spurði hvað borði eins og Exton var með kostaði.

Hörður: 100.000 kall á ári. En minni og ódýrari borðar væru einnig vel þegnir.

Hörður tók að sér að taka saman tölulegar upplýsingar.

Porgeir sagðist ekki viss um að það þyrfti að klípa af styrknum til að menn skrifuðu umfjallanir fyrir Leiklistarvefinn. Margir hefðu skrifað fyrir 5000 kall, eða bara frítt. Samt væri snyrtilegra að borga eitthvað. Vilborg sagði að áætlaður kostnaður væri miðaður við mesta mögulega kostnað.

Porgeiri þótti betra að tala frekar við þá sem færu á sýningar hvort sem er. Líklegra að menn vildu gera þetta fyrir 5000 kall á dóm. Þetta eru um 50 sýningar á ári, 5000 krónur á umfjöllun, 250.000 krónur í heildarkostnað.

Guðfinna velti upp hugmynd um landshlutapotta. Félög

yrðu rukkuð fyrir gagnrýni.

Vilborgu þótti líklegra að samþykkt yrði að styrkur lækkaði aðeins. Gagnrýnipottur upp á 500,000 sé tekinn af stóra pottinum til að fá umfjallanir um öll verk á leiklist.is.

Höllu þótti kostur að allir fengju gagnrýni.

Lárus lagði til að tillaga um að greiða mönnum fyrir umfjallanir á leiklist.is yrði lögð fyrir aðalfund undir starfsáætlunarlið um vefinn. Hægt að leggja fram tillögu og setja umræðuna inn í hópastarf.

2. *Málþing í tilefni að 10 ára afmæli skólans*
Haustþingi með málfundi um skólann er lokið.

3. Handritasafn

Ekkert hefur gerst í safnalagamálum.

4. Búningasafnið

Ekkert hefur gerst.

Rætt var hvort ekki þyrfti að fara að gefa Þjóðleikhús- mönnum einhver svör. Rekstrargrundvöllur safnsins var ræddur. Komið hefur fram að Bifrastarmenn hafa ekki áhuga á dæminu sem verkefni fyrir nemendur. En síðan hefur reyndar verið komið á menningartengdu námi þar, svo ef til vill hefur staðan breyst. Einnig var rætt um samstarfsmöguleika við aðra skóla. Einnig var spurt hvort ekki væri hægt að gera eitthvað annað í málinu og hvort Bandalagsfólk þyrfti ekki meiri upplýsingar um reksturinn eins og hann var.

Hörður og Lárus sátu fund um málið á sínum tíma og töluðu við Tinnu Gunnlaugsdóttur og Hlín Agnarsdóttur. Málið er að safnið nýtist Þjóðleikhúsinu ekki nógu vel. En það vill hafa aðgang að safninu áfram. Það sem rætt var, var að þau væru tilbúin til að skoða samstarf og rekstrargrundvöll þar sem þau hefðu ekki ráð á starfsfólki til að afgreiða úr safninu. Spurning um að við tækjum yfir rekstur þeirrar eignar sem þetta búningasafn er.

Porgeir: Spurning um hversu mikið okkar félög, eða aðrir, væru að nota þetta safn.

Hann lagði til að gert yrði gagntilboð. Þjóðleikhúsið megi eiga safnið, en Bandalagið útvegi starfsmann í útkallsvinnu hvers laun eru greidd með leigutekjum af búningum.

Rætt var um fjárhagslegan grundvöll, hvort okkar félög myndu nýta sér þetta, nú þegar fleiri og fleiri eru farnir að hanna nýja búninga, hver áhættan yrði af því að ráða starfsmann í safnið. Áhættan ætti ekki að vera nein, miðað við tillögu Togga.

Hægt að sækja um styrk til fjárlaganefndar vegna stofnkostnaðar á safni.

5. Húsnæðisnefnd skólans

Gréta er formaður þessarar nefndar. Reiknað er með að

nefndin skili skýrslu á aðalfundi.

3. Aðalfundur 2007 undirbúinn

Aðalfundur verður haldinn á Hallormsstað. Fundarstjóri og ritari verði fundnir á staðnum.

Verðtilboð hefur borist að austan og þótti mjög gott.

Fólk þyrfti reyndar sjálfst að borga í rútu.

Talað hefur verið um að hefja fund á föstudagskvöldi ef vill. Rætt var um hvort hefja ætti hefðbundin aðalfundarstörf strax á föstudagskvöldi eða gera eitthvað annað við þann tíma. Nokkuð hefur verið í umræðunni að aðalfundir séu fastir í forminu og lítill tími gefist til að ræða önnur mál sem hvíla á félögunum.

Einnig var rætt um ágæti hópastarfs og hvort tími væri kominn til að endurskipuleggja það eitthvað. Einnig var rætt um ánægju manna á haustfundi með opnar umræður um allt mörgulegt sem félögin voru að glíma við.

Porgeir sagði sjaldan tíma til að ræða stór og mikil mál sem hvergi væri pláss fyrir undir liðnum önnur mál. Þessi liður væri iðulega á milli 10 og 12 á sunnudagsmorgni og aldrei væri nógur tími.

Ákveðið var að halda opinn umræðufund á föstudagskvöldi. Spennandi útgangspunktur verði settir í fundarboð. Möguleiki á að út úr þeim fundi komi tillögur fyrir aðalfund.

Guðfinna mælti með því að stjórn yrði öll mætt og sýnileg á fundinum.

Ársreikningur 2006

Lárus spurði hvort væri lengur þörf á að senda félögum greiðsluseðla, nú þegar flest félaganna eru komin með heimabanka.

Vilborg sagði árið 2006 vera meðalár í sölu. Sala á farða jókst, en salan var óvenjulítill árið 2005.

Búið er að segja vatnsvélinni upp, en af henni þótti of mikill kostnaður.

Liður sem heitir handritakostnaður er kostnaður við ljósritunarvél.

Skammtímaskuldir eru óviðunandi háar. Yfirdrátturinn er mismunandi eftir því hvenær árs er. Staðan er í raun alltaf slæm um áramót.

Spurt var hvort einhver leið væri út úr yrirdrættinum, til dæmis með því að taka veðlán út á húsnæðið, en ákveðið var að bíða með að skoða það, sérstaklega ef ætti að fara að selja.

Porgeir spurði um möguleika á niðurfellingu fasteigna-

gjalda. Hugleikur sótti einhverntíma um, fékk reyndar synjun, en hann taldi þennan möguleika samt athugandi. Í umsókn væri hægt að höfða til Borgarinnar varðandi þjónustu við grunnskóla og fleira. Reikningar samþykktir og undirritaðir af stjórn.

Tillaga að starfsáætlun 2007–2008

Aðalverkefni verði þau sömu og síðasta leikár, fyrir utan áttunda lið, liðinn um Margt smátt. Hann fellur út. Sérverkefni verði einþáttungahátíð í tengslum við aðalfund 2008 og undirbúningur NEATA-hátíðar 2010. Önnur sérverkefni gætu komið á aðalfundi.

Porgeir spurði hvort menn í stjórnarkjöri ætluðu að bjóða sig fram til endurkjörs.

Varamenn sem voru á staðnum sögðu svo vera. Aðalmenn í kjöri kváðust ekki hafa tekið ákvörðun enn.

Viborg sagðist munu ræða við Þráinn Sigvaldason á Egilsstöðum um að finna fundarstjóra í héraði. Hún talar einnig við kjörstjórn.

(4. liður í áður auglýstri dagskrá, gagnrýnimál Morgunblaðsins, hafði þegar verið afgreiddur.)

5. Önnur mál

Breytt styrkjakerfi frá Norrænu ráðherranefndinni
Lárus vakti máls á ástandinu í málum Nordisk Amateur Teaterråd, NAR. Nú er verið að breyta reglum um úthlutun styrkja frá Norrænu ráðherranefndinni.

Halla var á leið til Lettlands á fund með stjórnnum NAR og NEATA. Bæði NAR og NEATA þurfa að skoða þetta nýja kerfi þar sem fastir styrkir til stjórnunarhluta samtakanna falla út. Allir þurfa í framtíðinni að sækja um styrk í verkefnasjóð, árlega. Stjórnunarhlutinn er innifalinn í hverju verkefni fyrir sig. Rekstrargrundvöllur NAR og NEATA er þar með ekki lengur til.

Porgeir spurði hvort þetta þýddi að við þyrftum að haga undirbúningi Leiklistarhátíðar NEATA 2010 með einhverjum öðrum hætti en áður hefur verið gert.

Halla sagði erfitt hafa verið að fá skýr svör um málið. Lárus sagði þetta þegar hafa gerst í öðrum norrænum samstarfsstofnunum. Núna væru peningarnir í potti og enginn vissi hvernig ætti að nálgast þá. Málin væru öll í þróun og ekki virtist búið að semja reglurnar. Þannig að NEATA-hátíðin okkar gæti verið í hættu.

Halla kom með hugmynd um að ráða fólk í u.þ.b. tveggja mánaða vinnu við að vinna umsókn til Evrópusambandsins. Það tekur tíma að útbúa svoleiðis og mikla nákvæmni þarf í vinnubrögðum.

Vilborg sagði vera til skrifstofur sem tækju að sér að fara yfir slíkar umsóknir.

Halla stakk upp á að einhver yrði sendur á námskeið í því.

Lárus sagði einhvern hjá NAR þurfa að kunna þetta.

Skrifstofa NAR getur haldið áfram starfsemi leggi hún meiri áherslu á að kunna að sækja um styrki.

Halla taldi að sniðugt væri að eitthvert norræna bandalagið tæki þetta að sér. Halla hefur farið á svona námskeið. Hún sagði þetta kosta mikla vinnu og nákvæmni. En nái umsóknin í gegn fái umsækjandi hins vegar fullt af peningum. Eftir á þarf síðan að vinna skýrslu um málið.

Aðgengi á Eiðum

Skólanefnd og Guðrún Halla koma til með að skoða húsakynni á Eiðum, fyrst og fremst með aðgengi í huga, annað hvort síðdegis á föstudegi eða sunnudegi um aðalfundarhelgi. Hafa þarf samband við staðarhaldara og skólanefnd og fastsetja tímenn.

Fulltrúi á aðalfund IATA

Spurning er hvort Bandalagið ætlar að senda fulltrúa á aðalfund IATA í Suður-Kóreu síðast í júlí. Það kostar um 130.000 kr. að fara þangað. Fyrir 15. apríl þarf að vera búð að tilkynna hvort fulltrúi frá Bandalaginu verði á fundinum. Árgjald þarf að borga fyrir marslok ef við ætlum að hafa atkvæðisrétt.

Porgeir stakk upp á að fulltrúi yrði ekki sendur, eða alla vega ekki styrktur til fulls. Menn væru öðrum þræði að fara á leiklistarhátíð. Lárusi þótti brýnna að einhver, eða einhverjir, færu á hátíð í Lettlandi á næsta ári, þar sem fjárhagsstaðan væri slæm. Han benti einnig á að

fulltrúar frá Íslandi yrðu á svæðinu, þótt þeir yrðu ekki á fundinum. Halla sagði Íslendinga þá verða einu Norðurlandþjóðina sem ekki ætti fulltrúa á fundinum. Spurt var hvernig atkvæðamálum væri háttað. Vilborg: Við eigum 6 atkvæði. Gert er ráð fyrir að stjórn og framkvæmdastjóri hafi atkvæði. Hún sendir stjórn upplýsingar um dagskrá um leið og hún berst. Ákvörðun verður tekin í tölvupósti.

Fósturfélög

Guðfinna mæltist til þess að stjórnarmenn hringdu í sín fósturfélög fyrir aðalfund til að tala um aðalfundinn og e.t.v. skólann. Og heyra ofan í menn um hvað væri að gerast hjá félaginu. Það kæmi alltaf eitthvað út úr því.

Undirbúningur NEATA-hátíðar 2010

Porgeir sagði frá fundi sem þeir Lárus héldu um undirbúning NEATA-hátíðar. Fyrsta mál á dagskrá þótti þeim að hanna spurningalista til að senda þeim sem hafa haldið síðustu tvær NEATA-hátíð þar sem ástæðulaust væri að finna hjólið upp oft. Lárus taldi einnig brýnt að hefja strax leitina að kostunaraðila. Koma upp góðu PR-plaggi um hvað hátíðin þýðir fyrir Bandalagið og fyrir hugsanlega kostunaraðila. Hann hefur reynt þetta og það hefur skilað árangri. Þetta gefur til kynna ákveðna fagmennsku.

Sýna þarf fram á að Bandalagið ráði við svona stórt verkefni.

Akureyri er ekki geirnegld sem staður, en hentar vel.

Fundi slitið.

Fundargerð ritaði Sigríður Lára Sigurjónsdóttir.



Neðri hluti stjórnar Bandalagsins leikárið 2006–2007 (í sömu röð og efri hlutinn á bls. 22)

Haustfundur Bandalags íslenskra leikfélaga, haldinn að Hótel Selfossi 1. október 2006

Fundur settur kl. 09.00

Fundarstjóri Guðrún Halla Jónsdóttir.
Fundarritari Sigríður Lára Sigurjónsdóttir.

*1. Sigríður Lára Sigurjónsdóttir flutti lítinn „skyndi-
hjálparpistil“ til bjargar deyjandi leikfélögum.*

SKYNDIHJÁLP

Fyrir leikfélög í andnað

Algeng sjúkdómseinkenni

- Félagaleysi
- Peningaleysi
- Húsnæðisleysi
- Aðsóknarleysi
- Almenn vonleysi

Félagaleysi

- Gæði félagsins mælist ekki í fjölda á félagaskrá
- Einu sinni var einn í leikfélagi Hólmavíkur
- Betra að hafa fáa en áhugasama en fleiri nauðuga
- Það eru til mjög skemmtileg leikrit fyrir fáa leikara t.d.
- Bar Par
- Sníða sér stakk eftir vexti
- Hlusta á hversu mikla starfsemi félagar vilja
- Ekki hætta að auglýsa fundi þó fáir mæti
- Hver einstaklingur getur reynst hvalreki

Er kassinn tómur?

- Hugsa smátt í byrjun
- Verkefni kosti sem minnst
- Reikna með því að ríkisstyrkur dekki kostnað, innkoma verði bónus, ef einhver verður
- Fá vilyrði fyrir styrk frá bæjarfélaginu
- Reyna að fá góða krafta ódýrt. Er t.d. atvinnumaður í faginu úr byggðarlaginu?
- Reyna að fá fyrirtæki á svæðinu til að styrkja félagið, t.d. um efni í umgjörð sýningar. (Borga fyrir ALLT með auglýsingum í leikskrá.)

Að keppa við sjónvarpsdagskrána

- Sjá til þess að menn viti af sýningunni
- Auglýsa vel á svæðinu, líka í nærliggjandi plássum
- Bjóða aðstandendum og „silkihúfum“ á frumsýningu
- Reikna aldrei með einum einasta áhorfanda
- Hver einasti áhorfandi telur
- Hver sýning markar nýtt upphaf. Forðist samanburð við síðasta kassastykki.
- Taka tillit til íbúafjölda á svæðinu
- Eðli verkefnisins
- Gaman selur betur en drama

Þekkt selur betur en óþekkt
Barnaleikrit ganga yfirleitt vel
Tónlist spillir aldrei fyrir

Öll veröldin er leiksvið.

Í leikhúsnæði þarf ekki:

- upphækkað svið
- flókin ljósabúnað
- ekki einu sinni stóla

Gömul atvinnuhúsnæði

Stofan hjá formanninum

Kaffihús

Á sumrin er hægt að leika úti

Leikfélagsþunglyndi

Af hverju erum við að þessu?

- Hver annar myndi svo sem?
- Samfélagið ætlast til þess
- Aðrir félagar ætlast til þess
- Svárið þarf alltaf að vera:
- Vegna þess að mig langar til þess!

Félagið þarf aðeins að vera til á meðan einhver VILL starfa í því.

Margrét taldi rétt að setja þennan pistil á Leiklistarvefinn.

Porgeir: Gott framtak að gera sjálfshjálparbók handa hræddu leikfélagi. Hann taldi þó göfugt í sjálfu sér að halda lífi í félaginu, verðmæti væru fólgin í því að félagið deyi ekki, gögn varðveitast, auðveldara að hefja starfsemi í félagi sem er til heldur en í félagi sem lagt hefur verið niður.

Einnig þótti honum rétt að hafa hugmyndir í verkefnavali.

Lárus: Stundum heldur maður lífi í félagi af skyldurækní. Vill ekki vera sá sem er ábyrgur fyrir að leggja niður 75 ára félag. Þarf ekki marga til. Erfitt að fá fólk til starfa sem kann til verka. Lagði til að stofnuð yrði björgunarveit bandalagsins sem kæmi félögum í tilvistarkreppu til aðstoðar.

Margrét sagðist hafa fengið góð ráð hjá Lárusi um hvernig endurlífga skyldi leikélag. Hún mælti með stofnun björgunarveitar og einnig með reynslubanka með góðum ráðum, hugsanlega á Leiklistarvefnum.

Porgeir velti upp gamalli hugmynd sem snerist um að athuga hvort Bandalagið gæti fjarstýrt stofnun leik-

félags.

Guðrún Halla kynnti uppkast að samningi við leikstjóra fyrir leikfélög.

Hún sagði mikilvægt að semja um allt fyrirfram. T.d. ekki sérgreiðslu fyrir útlitshönnun sýningar nema samið sé um það sérstaklega. En það er ekki einhliða ákvörðun leikstjóra. Ekki er skylda að leikfélag borgi upphald eða ferðir en vitaskuld má semja um það sérstaklega. Félög geta áskilið sér rétt til að greiða ekki bakreikninga. Þetta samningsform á að duga til þess að halda utan um alla þætti vinnunnar. Félagið ber ábyrgð á að manna ákvæðnar stöður. Halla ítrekaði að ekki væri til launataxti fyrir leikstjóra og að félög ættu ekki að nota samninginn frá leikstjóra- eða leikarafélaginu. Hægt að fá samningsdrögin hjá Bandalaginu, verklagsreglur eru til, gott að hafa skipurit með.

Spurt var hvort hægt væri að gefa út yfirlýsingu þess efnis að ekki ætti að nota samninga frá Leikara- og Leikstjórafélagi.

Árman sagði frá því að félög hringdu mikið á skrifstofuna að spyrja um launataxta leikstjóra. Eins og menn hefðu ekki á hreinu hvað var borgað árið áður. Gömlu launataxtarnir eru til uppfærðir inni á vef Leikstjórafélagsins. En þá þarf alls ekki að nota.

Vilborg sagði frá því að hún hefði reiknað út meðaltal þess sem leikfélög voru að greiða utanaðkomandi leikstjórum í laun síðasta vetur. Út úr því kom að laun voru um 550.000 fyrir sýningu í fullri lengd. Þarna var aðeins um að ræða „strípuð“ laun fyrir leikstjórn, utan allra hlunninda.

Ingvar, formaður Leikfélags Hafnarfjarðar, sagði frá því að sitt félag treysti mikið á leikstjóra innan félags. Umræða hefði komið upp í því félagi um að greiða innanfélagsleikstjórum laun. Hann auglýsti eftir reynslusögum um slíkt.

Guðrún Kristín, formaður Leikfélags Húsavíkur, sagði það sjálfsgagt.

Guðfinna, formaður leikfélags Selfoss, sagði að þau hefðu alltaf greitt innanfélagsleikstjórum eitthvað, minna en utanaðkomandi, samt.

Herdís, Leikfélagi Mosfellssveitar: Allt í lagi að borga eitt-hvað, en myndi ekki taka full laun fyrir að leikstýra í sínu félagi.

Hrund: Hjá Leikfélagi Kópavogs er það haft þannig að leikstjórar fá sem nemur ríkisstyrknum.

Sigurður, formaður Hugleiks sagði frá því að hans félag hefði talsvert verið með innanfélagsleikstjóra, en ekki borgað þeim. Erfitt að draga mörkin hvar leikstjórnarvinna er gjaldskyld. Af hverju ættu leikstjórar að fá greitt

en ekki aðrir?

Porgeir sagði aldrei hafa staðið til að borga innanfélagsleikstjórum í Hugleik. Hins vegar hefur fagmaður á öðru sviði rukkað fyrir að gera það sem er hans atvinna. Leikfélagið á aldrei að borga fyrir það sem það getur fengið ókeypis. Samningsatriði. Hann sagðist vera áhugaleikstjóri þar sem honum þætti það skemmtilegasta vinnan í leikfélaginu. Sækist því eftir að fá að vinna þá vinnu á sömu forsendum og aðrir.

Herdís taldi að ekki ætti að vera sjálfgefið að fá leikstjóra laun fyrir sýningu.

Guðfinna sagði félagið hafa greitt félagsmönnum laun fyrir vinnuna þar sem það hefði leitað til leikstjóranna.

Guðrún Halla sagði frá því að hennar félag, Freyvangsleikhúsið, hefði styrkt hana að fullu á leikstjórnarnámskeið í skólanum og ætlast er til að menn skili einhverju heim. Hún sagðist hafa leikstýrt styttri verkum hjá þeim en tók fram að það væri vinnutap fyrir sig ef hún ætti að setja upp sýningu í fullri lengd, sem sér þætti eðlilegt að félagið bætti.

Lárus sagði þessa umræðu hafa mikið verið í gangi í Leikfélagi Hafnarfjarðar. Aðrir hafa fengið greitt, til dæmis fyrir tæknivinnu. Á sínum tíma var ákveðið að ekki yrði greitt fyrir leikstjórn. Munur sem liggur í því að menn séu að vinna við sitt fag. Það hefur bjargað leikfélögum úr alvarlegum fjárhagsvanda að nota leikstjóra innan félagsins sem vinna frítt. Þó er því ekki að neita að leikstjóravinnan tekur meiri tíma en önnur störf í leikhúsinu, spurning um hvað menn treysta sér til að gera. Það verður að vera einstaklingsbundin ákvörðun. Menn eiga að vera í áhugaleikfélagi af áhuga. Leikfélag Hafnarfjarðar hefur greitt atvinnuhönnuðum og tónlistarmönnum.

Porgeir sagði að þótt engar reglur væru til þyrfti að vera sátt um málið innan hvers félags. Bara bannað að vera með vesen.

Halldór sagði að fjölmiðlar og/eða fagfólk dáist að því hversu margir starfa að sýningunum launalaust. Hann taldi rétt að félögin reyndu að halda sig við það. Um leið og menn fara að fá borgað er áhugamennskan í hættu. Hann taldi þetta geta orðið viðkvæmt innan hópsins. Ef einhver ætlar að fá borgaðan t.d. kostnað vegna leikfélagsins. Til dæmis símakostnað. Því að borga þeim frekar en leikurum? Honum þótti rétt að hafa þetta eins og í íþróttum. Svo geta menn bara farið út í atvinnu-mennsku ef þeir vilja það.

Lárus sagði ekkert klippt og skorið í þessu efni. Lengi framan af fengu menn greitt. Allir fengu greidda dagpeninga í leikferðum. Á 3. og 4. áratugnum fór helmingur innkomu í laun. Mörg félög þróuðust yfir í að verða atvinnuleikhús. Málið að allir séu sáttir. Sjálfsgagt þótti að

borga fólki þegar peningar voru til, fyrir 30 árum.

Margrét sagðist hafa tekið þátt í að gera bæði. Ekki eru allir félagar jafnfjáðir. Sagðist sjálf ekki hafa haft efni á að leikstýra frítt þegar hún var blönk. Hvað á t.d. að gera við leikara sem hefur ekki efni á að keyra á milli? Hún taldi minni peninga vera til á smærri stöðum.

Guðrún Halla: Var einu sinni útveguð pössun af leikfélaginu að kröfu leikstjórans. Pabbi hennar var áhugaleikari, og sagði að þetta væri ekkert nema útgjöld og peningaaustur, þau borguðu sjálf fyrir sig í leikferðir.

Ingvar: Þakkaði fyrir umræðuna. Niðurstaðan í hans félagi var að menn fái borgað óski þeir þess.

Hlé

Guðrún Halla sagði frá því að ætlunin væri að halda leiklistarhátíð Norður-Evrópska áhugaleikhúsráðsins (NEATA) á Íslandi árið 2010. Hún velti einnig upp spurningunni af hverju fólk mætti svona illa á fundi og þing Bandalagsins.

Árman minnti á stuttverkasamkeppni Leiklistarvefjarins. Hann hvatti leikfélög til að nota sér auglýsingaborða á vefnum, en hver svoleiðis kostar 10.000 krónur. Sala á þeim færi í að greiða niður kostnað Bandalagsins vegna stuttverkeppni sem verður 50.000 krónur.

Þorgeir auglýsti sýningu á Systrum hjá Hugleik í Möguleikhúsinu um kvöldið.

Hann sagði innbyggt vandamál í vefinn að fréttir væru fljótar að hverfa. T.d. hvatning til að fara á alþjóðlegt leiklistarnámskeið sem auglýst var í haust, í Rússlandi. Hann sagðist hafa trú á þessum námskeiðum. Spurði hvort hægt væri að endurnýja fréttina.

Þorgeir sagði frá því að Morgunblaðið væri hætt að láta skrifa gagnrýni um áhugaleikssýningar. Fulltrúar úr stjórn fóru á fund Moggafólks og stjórn og skrifstofa tóku að sér að vísa á fólk í landsfjórðungum sem gæti skrifað. Gagnrýnendur verða ekki sendir að sunnan. Hann mælti samt með því að menn héldu áfram að bjóða gagnrýnendum Morgunblaðsins á sýningar, ef ske kynni að einhver þróun yrði með að finna gagnrýnendur heima fyrir.

Árman sagði frá því að í gang væri komin nefnd sem væri að vinna í því að fá handritasafn Bandalagsins viðurkennt sem formlegt safn. Hann sagði ennfremur frá því að safninu hefðu nýverið borist nokkuð af handritagjöfum, og þar hafi verið að finna talsvert af handritum sem ekki hafi verið til í safninu. Bæði frá sjálfstæðum leikhópum og frá því

áður en félög fóru að þurfa að skila handritum til skrifstofu. Árman hvatti leikfélög til að koma handrita-kössum sem hugsanlega væru að flækjast fyrir þeim til skrifstofu Bandalagsins, þar sem markmið safnsins væri að safna öllu sem til væri á íslensku.

Lárus sagði litla handritasögu.

Ákveðið var að grafa upp gamalt handrit af vinsælasta verki sem Leikfélag Hafnarfjarðar hefur sett upp, Ráðskonu Bakkabræðra. Fann bara stílabók með einu hlutverki, niðurskrifuðu, hjá leikfélaginu. Það var ekki til í handritasafni Bandalagsins. En svo fannst verkið fyrir tilviljun, í nýlegri handritagjöf til Bandalagsins frá ekkju fyrrverandi formanns Leikfélags Hafnarfjarðar.

Halldór, formaður Freyvangsleikhússins, sagði frá því að Ráðskona Bakkabræðra hefði einnig verið eftirlýst í Freyvangi þar sem þar stendur fyrir dyrum stórafmæli, en Ráðskonan var einmitt fyrsta verkið sem Freyvangsleikhúsið setti upp.

Guðrún Halla sagði nánar frá ákvörðuninni um að halda NEATA-hátíð.

Á slíkum hátíðum eru jafnan sýningar frá öllum Norðurlöndunum og Eystrasaltslöndunum auk boðssýninga frá löndum utan NEATA. Í ágúst var haldin glæsileg NEATA-hátíð í Færeyjum. Því ætti alveg að vera hægt að halda slíka á Íslandi, sérstaklega þar sem fjögur ár eru enn til undirbúnings. Búið er að ræða við bæjarstjóra Akureyrar um að hátíðin yrði haldin þar. Ljóst er að búið verður að byggja menningarhús þar auk þess sem leikrými eru þegar orðin fleiri og betri en áður. Aðstæður á Akureyri eru mjög góðar til að halda slíka hátíð.

Halla spurði hvað þyrfti að gera til að fá fólk til að vera með? Hún sagði ljóst að sjálfboðaliðar frá leikfélögum þyrftu að taka þátt í vinnunni.

Fyrirspurn: Í hverju felst vinnan?

Lárus: Vinnan felst í vinnu margra sjálfboðaliða. Gaman er að fá að taka þátt, sjá 13–14 leiksýningar. Hver gestaleikhópur þarf leiðsögumann. Það þarf starfsfólk í upplýsingamiðstöð, fólk í mötuneyti, tækni-menn og ýmislegt annað á staðnum. Einnig væri gott að sem flestir mættu og tækju þátt í opunarhátíð. En gestgjafarnir þurfa að sjá um allt. Aðeins verða ein eða tvær íslenskar sýningar á hátíðinni, aðrar verða erlendar. Sennilega þarf um 40–50 sjálfboðaliða á hátíðinni.

Svo þarf fólk í undirbúningsnefndir, svo sem fjárflyunarnefnd, kynningarnefnd og ritnefnd leikskrár. Nákvæm tímasetning er ekki alveg á hreinu. Þessar hátíðir hafa jafnan verið í byrjun ágúst, en ljóst er að hátíð á Íslandi verður ekki haldin um verslunarmannahelgi.

Vel gekk vel að manna leiklistarhátíðina L2000, en ekki leiklistarhátíðina Leikum núna árið 2005.

Porgeir talaði um leiklistarhátíðir. Hafði farið á margar svona og svipaðar hátíðir og sagði það vera stórkostlega upplifun. Taldi verða ánægjulegt að fá að vera gestgjafi. Hann sagði mikla stemmingu vera víða fyrir íslensku áhugaleikhúsi, það hefði á sér mjög gott orð erlendis. Frábært væri að fá sem flesta sjálfboðaliða og mikilvægt að þeir sem starfa í íslensku áhugaleikhúsi fjölmenni.

Margrét Tryggva sagðist hafa tekið þátt í alþjóðlegri leiklistarhátíð á Íslandi árið 1986. Hún sagði gaman að vinna á svona hátíð. Sagði sögu af sýningu frá Álands-eyjum þar sem konan sem átti leikfélagið hafði keypt sér aðalhlutverkið.

Hjalti sagði leiklistarhátíðir vera það skemmtilegasta í heimi. Hann staðfesti einnig að margir erlendis hefðu mikið álit á íslensku áhugaleikhúsi.

Lárus sagði söfnun sjálfboðaliða þurfa alveg eins að beinast til einstaklinga eins og félaga.

Ingvar, formaður Leikfélags Hafnarfjarðar, sagðist ætla að skapa stemningu fyrir hátíðinni í sínu félagi.

Íris sagðist hafa áhuga á að taka þátt að svo miklu leyti sem hægt væri að ákveða slíkt 4 ár fram í tímann.

Guðrún Halla vakti máls á því hversu fáir mæta á Banda-lagsþing og haustfund.

Hún ítrekaði að Bandalagið væri hagsmunasamtök leikfélaganna. Hún taldi brýnt að finna leið til að fá fólk til að skilja að öll félögin þurfa að taka þátt í vinnunni sem fram fer á fundunum. Á aðalfund í Stykkishólmi kom fulltrúi menntamálaráðuneytisins, en aðeins 20 manns frá félögunum voru mættir á þann fund. Fleiri þurfa að koma að stjórnun samtakanna. Hvað þarf stjórn Bandalagsins og viðstaddir að gera til þess að vekja þá til meðvitundar sem ekki eru á svæðinu?

Agnes Drífa Pálsdóttir, formaður Leiklistarfélags Seltjarnarness sagði hafa verið mjög gagnlegt fyrir sig sem stjórnarmann í leikfélagi að mæta á allsherjafund.

Halldór, Freyvangi, kom í fyrsta skipti á þing síðasta vor en taldi þessa helgi hafa gagnast sér betur en síðasta þing.

Gerður spurði hvort þetta yrði kannski að vera eins og með Múhammed og fjallið? Spurði hvort mögulegt væri að senda erindreka heim til félaganna og fjalla um mikilvægi þess að hittast. Hún taldi þau skilaboð greinilega ekki vera að komast til skila.

Lárus sagðist hafa starfað með leikfélagi síðan 1983. Kom fyrst á þing 1996. Fram að því hélt hann að þetta væri bara eitthvað fyllerí og hórangur. Hann taldi mikilvægt að þeir sem fundina sæktu gæfu góða mynd af því sem gert væri á fundinum þegar heim kæmi. Hann fór

fyrst á þing með nýjum formanni sem þorði ekki einn og komst þá að því að þetta væri alvöru vinna.

Porgeir taldi ýmislegt vera hægt að gera í þessu en þó ekki neina töfralausn vera til. Hann lagði til að stjórn settist niður einhvers staðar með gögnin og skoðaði hvernig þátttaka hefði verið að þróast. Vitum við af hverju sum félög mæta aldrei? Skoða svo hverju er hægt að breyta. Hægt að vinna nokkur praktísk atriði.

Vilborg: Eitt af því sem gert var, var að fela stjórnarmönnum fósturhlutverk þannig að hver þeirra tæki að sér að vera í sem bestu sambandi við sín félög.

Ingvar taldi að á þessum vanda yrðu helst unnið með peningum.

Gerður stakk upp á að félög sem mættu ekki yrðu sektuð.

Ólöfu þótti alveg umhugsunarvert að setja aukagjald á þá sem ekki mættu.

Lárus varaði við aukaálögum það væri yfirleitt peninga- og tímasóun.

Guðfinna taldi vænlegt til árangurs að hringja oft í formenn. Sýna þeim áhuga til að vekja áhuga þeirra á Bandalaginu.

Embla taldi sektir ekkert hafa að segja og taldi ekki gott að fá menn á þing sem ekki vildu vera þar.

Hrund taldi alltaf þörf á að halda haustfundi. Alltaf hægt að finna eitthvað þarft til að ræða eða kenna.

Margrét lýsti yfir ánægju með umræðuna á fundinum. Hún sagði haustfundi e.t.v. frjálslægri en aðalfundi. Hún vildi heldur verðlauna þá sem mættu frekar en að refsa hinum.

Einar Porgeirsson taldi þörf á að kynna dagskrár funda betur út í félögin.

Vilborg: Spurning um að reyna að einfalda dagskrá aðalfundar þannig að hægt væri að eyða meiri tíma í frjálssari umræður. Eins og er eru þeir afgreiðslufundir. Spurning um að skoða lög og vinnureglur.

Halla Rún bauð fram sína krafta á leiklistarhátíð 2010. Spurning um að menn tækju upp hjá sjálfum sér að hringja í fólk hjá öðrum félögum, þar sem þeir þekktu til og skapa stemmingu fyrir NEATA-hátíð 2010.

Guðrún Kristín velti fyrir sér hvernig hægt væri að kynna samtökin inn í sitt félag. Fundargerðir stjórnar eru á vefnum. Hvar má nálgast upplýsingar? Hún sagðist gjarnan vilja taka þátt í hátíð og kvaðst munu segja frá henni í sínu leikfélagi. Hún sagði mikilvægt að allir ættu

fulltrúa á fundum og að þeir væru mikilvægir til að ráða fram úr þeim vandamálum sem félögin stæðu frammi fyrir. Ætlar að segja frá gagnsemi fundarins í sínu félagi.

Halldór spurði hvort hægt væri að setja saman ferðapakka fyrir þá sem vildu fara á hátíðina í Lettlandi 2008.

Friðjón Elli, Leikfélagi Selfoss, sagði frá því að fyrirhugað væri að halda ljósanámskeið hjá Leikfélagi Selfoss sem væri öllum opið.

Tveir dagar, fyrri dagur er fyrir alla, ekki bara ljósamenn. Hann fann að því að fréttir væru fljótur að hverfa af forsiðu á Leiklistarvefnum og stakk upp á að sér síða væri með upplýsingum um námskeið og hátíðir.

Hann benti einnig á að kominn væri tími á að endurskoða netföng á Leiklistarvefnum.

Hrund vakti máls á stuttverkahátíðinni Margt smátt.

Hún hefur nú verið haldin þrisvar undir mismunandi formerkjum og er í stöðugri endurskoðun. Einkum hefur staðið styr um þátttöku Borgarleikhússins og hvort velja eigi inn á hátíðina. Síðasta vor haldin hátíð fyrir alla sem vildu taka þátt. Spurning hvað menn vilja. Ekkert form er endilega komið til að vera. Búið er að ákveða að halda hátíðina á þessu leikári einhvers staðar nálægt páskum. Ármann, Ólöf og Hrund eru í undirbúningsnefnd.

Hún sagði sína persónulegu skoðun vera þá að hátíðin ætti að sýna bestu stuttverkin sem félögin væru að sýna. Henni þótti ekki við hæfi að fá Borgarleikhúsið lánað til að halda í því „almenna“ hátíð.

Herdísi þótti síðasta hátíð ekki hátíðleg. Var einnig þeirrar skoðunar að aðeins ætti að sýna ný íslensk stuttverk.

Fundi slitið.

Fundargerð ritaði Sigríður Lára Sigurjónsdóttir.

Myndir frá Haustfundarhelginni



Skemmislegir – Gísli Björn, Stefán og Elli



Íbygginn – Guðrún Kristín Jóhannsdóttir



Alvarlegur – Halldór Sigurgeirsson



Vilborg og Embla svara níkótínþörfinni



Fallegar – skólanefndarkonur



Gítarinn er aldrei langt frá Ármanni



Hluti fundarmanna í reykþásu



María Jónsdóttir og Ásdís Úlfarsdóttir



Selfysskir skemmtikraftar

Aðalfundur Bandalags íslenskra leikfélaga, haldinn að Hallormsstað 5. og 6. maí 2007

1. Fundarsetning. Kosning tveggja fundarstjóra og fundarritara sem taka þegar til starfa. Lögmati fundarins kannað

Fundarstjórar: Þórhallur Pálsson og Regína Sigurðardóttir.

Fundarritarar: Sigríður Lára Sigurjónsdóttir og Ármann Guðmundsson.

Til fundarins var löglega boðað.

2. Kjörnefnd afgreiðir kjörbréf og afhendir atkvæðaspjöld, skýrir stöðu mála varðandi stjórnarkjör og auglýsir eftir tillögum

Regína Sigurðardóttir, formaður kjörnefndar, kynnti starfandi kjörnefnd. Auk hennar í nefndinni Örn Alexandersson. Ingólfur Þórsson starfar sem þriðji maður kjörnefndar á þessum fundi, þar sem hvorki þriðji kjörnefndarmaður né varamaður mætir til fundarins. Guðrún Halla Jónsdóttir, formaður, og Þórvör Embla Guðmundsdóttir, ritari stjórnar, eru í kjöri til stjórnar á þessum fundi. Embla gefur kost á sér áfram, en ekki Guðrún Halla. Úr varastjórn eiga að ganga: Guðfinna Gunnarsdóttir, Hrund Ólafsdóttir og Ólöf Þórðardóttir og gefa þær allar kost á sér áfram. Eitt framboð hefur borist til formanns. Formannsefni óskaði nafnleyndar að sinni.

3. Menningarstefna Bandalagsins lesin og rædd

Porgeir Tryggvason las. Engar umræður urðu.

4. Inntaka nýrra félaga og félög tekin af félagaskrá

Leikfélagið Peðið í Reykjavík hefur sótt um inngöngu. Samþykkt.

Leikfélagið Búkolla sagði sig úr samtökunum. Umf. Gnúpverja og Leikklúbbur Laxdæla tekin út vegna árgjaldaskulda.

5. Fundargerð síðasta aðalfundar afgreidd

Samþykkt samhljóða.

6. Skýrsla stjórnar

Formaður, Guðrún Halla Jónsdóttir, flutti.

Ársskýrsla stjórnar Bandalags íslenskra leikfélaga fyrir starfsárið 2006–2007.

Lög fram á aðalfundi á Hallormsstað 5. maí 2007

Stjórn Bandalagsins er þannig skipuð:

Guðrún Halla Jónsdóttir, Akureyri, formaður
Lárus Húnfjörð Vilhjálmsson, Hafnarfirði, varaformaður
Þórvör Embla Guðmundsdóttir, Reykholti, ritari
Ingólfur Þórsson, Akureyri, meðstjórnandi

Porgeir Tryggvason, Reykjavík, meðstjórnandi

Í varastjórn eru:

Margrét Tryggvadóttir, Hvolsvelli
Ármann Guðmundsson, Reykjavík
Ólöf Þórðardóttir, Mosfellsbæ
Hrund Ólafsdóttir, Kópavogi
Guðfinna Gunnarsdóttir, Selfossi

Framkvæmdastjóri Bandalagsins er Vilborg Árný Valgarðsdóttir og ritari skrifstofu er Sigríður Lára Sigurjónsdóttir.

Stjórnarfundir:

Stjórnin hefur komið saman til 6 reglulegra stjórnarfunda frá síðasta aðalfundi. Þeir hafa verið haldnir á Seltjarnarnesi, Selfossi og í þjónustumiðstöðinni í Reykjavík. Þar hefur m.a. verið fjallað um úthlutun styrkja, mál-efni Leiklistarskóla Bandalagsins, fjármál Bandalagsins, rekstur Leiklistarvefjarins, NAR-, NEATA- og IATA-samstarfið og ritun sögu Bandalagsins. Fundargerðir stjórnarfunda má finna í ársriti Bandalagsins og á leiklist.is undir Bandalagið/Fundir. Fundirnir eru yfirleitt líflegir, enda þar rætt um allt sem viðkemur starfsemi.

Leikfélögin:

Aðildarfélögin voru eftir síðasta aðalfund 64 talsins. Starfandi leikfélög á leikárinu hafa verið 41 eftir okkar bestu vitund og hafa þau sett upp samtals 85 verkefni, þar af eru 23 íslensk og 15 erlend leikrit í fullri lengd, 8 barnaleikrit auk 39 styttri verka og einpáttunga. Líklega er þessi tala þó ekki endanleg og verður ekki fyrr en unnið hefur verið úr styrkumsóknum leikfélaganna, sem berast eiga þjónustumiðstöðinni fyrir 10. júní nk. Umsóknareyðublöð eru komin á vefinn og verða send formönnum og gjaldkerum í pósti á mánudaginn. Styrkur fyrir verk í fullri lengd á síðasta leikári var kr. 308.341 og álag frá 20% til 30% af þeirri upphæð. Vegna fækkunar verkefna hækkaði styrkurinn úr kr. 297.402 frá árinu áður, en heildarupphæð til úthlutunar hækkaði ekki milli ára.

Aðalfundur 2006 samþykkti eftirfarandi starfsáætlun fyrir leikárið 2006–2007:

Almenn starfsemi:

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar í samræmi við lög BÍL. Í þjónustumiðstöðinni starfar framkvæmdastjóri í fullu starfi ásamt ritara í hálfu starfi, eins og verið hefur

síðustu 14 árin. Verkefnin hafa verið þau sömu og fyrr, þ.e. þjónusta við aðildarfélögin, félagasamtök, atvinnuleikhúsin og einstaklinga, ásamt samskiptum við opinbera aðila á innlendum og erlendum vettvangi. Sala á leikhúsfarða og tengdum vörum er aðal tekjulindin eins og fram kemur í ársreikningi sem lagður verður fram hér á eftir.

2. Rekstur fasteigna skv. viðhaldsáætlun. Viðhaldi utanhúss hefur verið frestað í nokkur ár og sömuleiðis endurnýjun þaks á handritasal, en þar höfum við átt í linnulitlum lekavandamálum.

3. Útgáfa Ársrits fyrir leikárið 2005–2006. Ársrit fyrir leikárið 2005–2006 kom út skv. áætlun í september á liðnu ári. Það var með svipuðu sniði og fyrri ársrit og því var dreift í einu eintaki til hvers aðildarfélags, svo og til þeirra opinberu aðila sem málið varðar. Ársritið er á vef Bandalagsins, leiklist.is, og auðvelt fyrir hvern sem vill að prenta það út þaðan. Ritstjórn var á höndum aðalstjórnar Bandalagsins en efnisöflun og uppsetning var gerð af starfsmönnum. Fengin var utanaðkomandi aðstoð við prófarkalestur og var ritið ljósritað og bundið á ljósritunarstofu úti í bæ.

4. Starfsemi Leiklistarskóla BÍL skv. fyrirliggjandi námskeiðaáætlun. Skólameistarar munu gera grein fyrir starfsemi skólans hér á eftir undir liðnum skýrslur nefnda.

5. Viðhald vefsíðunnar leiklist.is skv. tillögum vefnefndar. Lénsherra vefsíðunnar mun gera grein fyrir þessum lið undir skýrslur nefnda.

6. Leitað eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum til starfsemi áhugaleikfélaganna, þjónustu-miðstöðvar Bandalagsins og Leiklistarskóla þess. Formaður, ritari og framkvæmdastjóri fóru á fund fjárlaganefndar og útskýrðu fyrir nefndarmönnum hver staða Bandalagsins og aðildarfélaga þess væri og óskuðu eftir hækkuðum. Framlög til félaganna voru hækkuð um ,6 milljónir en styrkurinn til skrifstofunnar lækkaði um 100.000 kr.

7. Halda áfram samstarfi við Þjóðleikhúsið með Athyglisverðustu áhugaleiksýningu ársins. Það samstarf er í fullum gangi og verður valið á áhugasýningu ársins kynnt á þessu þingi eins og vani er.

8. Halda áfram samstarfi við Borgarleikhúsið með stuttverkahátíðina Margt smátt. Hátíðin var ekki haldin á leikárinu. Nefnd um hátíðina mun skila skýrslu um ástæður þess og störf sín hér á eftir.

Sérverkefni starfsársins:

1. Stefna að útgáfu Sögu Bandalagsins 1950–2000 á leikárinu.

Áformað var að bókin kæmi út í vor. Þorgeir Tryggvason ritnefndarmaður flytur skýrslu um gang verksins hér á eftir.

2. Halda haustþing um málefni Leiklistarskólans í tilefni 10 ára afmælis hans.

Þingið var haldið á Selfossi 30. september sl. Þingið gekk mjög vel og var vel tekið á móti okkur af heimamönnum eins og alltaf þegar við fundum.

3. Athuga möguleika Bandalagsins á því að gera leikritasafnið að formlegu safni skv. safnalögum. Stjórnin skipaði nefnd til framgangs þessu máli og mun hún skila skýrslu um störf sín hér á eftir.

4. Að kannaður verði rekstrargrundvöllur búningasafns á grunni hugmynda Þjóðleikhússins.

Stjórnin skipaði sömuleiðis nefnd til framgangs þessu máli og mun hún skila skýrslu um störf sín hér á eftir.

5. Að skipuð verði nefnd sem kanni möguleika á að Bandalagið kaupi eða taki að sér rekstur Húsabakka eða sambærilegs staðar.

Nefnd var einnig skipuð um þetta mál og mun hún skila skýrslu um störf sín hér á eftir.

Erlent samstarf:

Hugleikur og Leikfélag Kópavogs fóru sem fulltrúar okkar á Norður-evrópsku leiklistarhátíðina í Færeyjum í ágúst síðastliðnum, með sýninguna Memento mori eftir Hrefnu Friðriksdóttur í leikstjórn Ágústu Skúladóttur. Sýningunni var afar vel tekið og var gaman að vera íslendingur í salnum þegar hurráhrópin gullu við í lokin! Sýningin mun einnig verða fulltrúi Íslands á aðþjóðlegri leiklistarhátíð IATA í S-Kóreu í ágúst nk. Formaður og framkvæmdastjóri Bandalagsins sátu NEATA- og NAR-fundi fyrir okkar hönd í Færeyjum á meðan á hátíðinni stóð.

Sumarskóli NUTU var í Esbo í Finnlandi síðasta sumar. Þangað fóru 7 nemendur auk Árna Grétars, sem er fulltrúi Íslands í stjórn NUTU. Einn íslenskur kennari kenndi við skólann, Sigrún Sól Ólafsdóttir.

Formaður og framkvæmdastjóri þáðu boð Litháíska bandalagsins um að vera gestir leiklistarhátíðar sem haldin var í Shiauliai fyrst í desember 2006. Formaður BÍL situr í stjórnnum NAR, Nordisk Amatörteaterråd og NEATA, North European Amateur Theater Alliance. Helsta verkefni stjórnar NAR er að úthluta styrkjum til áhugaleikhópa sem sækja vilja leiklistarhátíðir eða heimsækja áhugaleikfélög á öðrum Norðurlöndum. Auk þess stendur NAR fyrir og styrkir ýmis verkefni, svo sem leiklistarhátíðir og námskeið. Á starfsárinu sótti formaður fundi í Helsinki og Riga, sá fyrri var NAR-fundur en í Riga voru hvor tveggja NAR- og NEATA-fundir auk þess sem skoðaðar voru aðstæður fyrir NEATA-hátíðina sem haldin verður í

Ríga sumarið 2008.

Lokaorð:

Ef horft er til þess hve margt hefur verið gert á þessu starfsári, má kannski segja að við getum bara verið nokkuð sátt með hvernig starfið gengur en ég er ekki þeirrar skoðunar. Bandalag íslenskra leikfélaga er stofn- að fyrir tæpum 60 árum sem málsvari leikfélaganna, vettvangur hagsmunabaráttu en eins og oft er sagt, keðjan er ekki sterkari en veikasti hlekkurinn og okkar akkilesarhæll er áhugaleysi forsvarsmanna leikfélaganna á starfi BÍL og þeirri hagsmunabaráttu sem þar fer fram.

Að tæplega 1/4 leikfélaga skuli senda fulltrúa til aðal- funda ár eftir ár er hneisa og varla við því að búast að þeir sem landinu stjórna finni þrýsting frá okkur, meðan okkur sjálfum virðist standa slétt á sama um hvað hér fer fram.

Það er afar brýnt að félögin sendi fulltrúa sína á aðal- fundi, haustfundi og séu í góðu sambandi við stjórn og þjónustumiðstöð, þannig og aðeins þannig sýnum við þann slagkraft sem þarf til að gera leikfélögin sýnileg, sterk og fagleg.

Ég hef starfað innan hreyfingarinnar markvisst í sautján ár, vitað af henni í 22 ár og verið í stjórn síðan 1992. Ég byrjaði í varastjórn og var þar í eitt ár, var kosin í aðalstjórn í Vestmannaeyjum 1993 og hef síðan verið meðstjórnandi, ritari, varaformaður og loks formaður síðustu tvö ár og hef nú ákveðið að gefa ekki kost á mér til áframhaldandi starfa, enda búin að prófa alla stóla í stjórn og held að slík þaulseta sé einsdæmi!

Ég á margar góðar minningar frá þessum tíma, mjög margt hefur áunnist sem ég er afar stolt af að hafa átt þátt í að gera að veruleika. Má þar meðal annars nefna kaupin á húsnæðinu okkar að Laugavegi 96, skólann okkar, Leiklistarvefinn, aukið samstarf við hin Norðurlön- din og stofnun NEATA, athygliverðustu áhugaleikssýningu ársins í Þjóðleikhúsinu, en það samstarf komst á með boði fyrrverandi Þjóðleikhússtjóra á þinginu í Eyjum 1993, stuttverkahátíðir í samstarfi við Borgarleikhúsið og dásamleg kynni mín af ótrúlegum fjölda hæfileikabúnta sem fyrirfinnast í miklu magni í okkar röðum. Auðvitað hefur þessi tími ekkert bara verið dans á rósum en allt sem miður hefur farið bliknar í samanburði við góðu stundirnar og sigrana sem unnist hafa.

Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka öllum þeim sem hafa setið með mér í stjórnnum síðustu 15 ár kærlega fyrir gifturíkt og oftast ánægjulegt samstarf, riturum Bandalagsins, nefndarmönnum öllum og ykkur sem ég hef kynnst og unnið með á aðalfundum, haustfundum, hátíðum og annars staðar þakka ég líka skemmtilega samveru og samvinnu og mun án vafa flytja þessa þakkargjörð oftár á þessum síðustu metrum. En síðast en ekki síst vil ég þakka Vilborgu vinkonu minni og framkvæmdastjóra Bandalagsins síðustu 14 ár, frábært

samstarf sem aldrei hefur borið skugga á.

*Akureyri 5. maí 2007,
Guðrún Halla Jónsdóttir, formaður.*

Fyrirspurn um ástæður úrsagnar leikfélaga. Öll hefðu fallið út af félagaskrá vegna árgjaldaskulda nema Búkolla, sem tók ákvörðun um að segja sig úr Bandalaginu þar til starfsemi hæfist að nýju.

Þorgeir Tryggvason bætti því við að Hugleikur fór einnig á tvær leiklistarhátíðir í Rússlandi, eftir síðasta aðalfund. Það var að líkindum síðasta ferð félagsins með sýninguna Undir hamrinum eftir Hildi Þórðardóttur í leikstjórn Ágústu Skúladóttur sem hafði gert það gott á erlendum hátíðum árin á undan. Var þetta mikil ferð og eftirminnileg og lík- lega í fyrsta sinn sem Íslendingar leika austan Volgu.

Nokkrar umræður spunnust um slaka mætingu fulltrúa frá leikfélögum á aðalfundi. Fram kom að Hulda Hákonar- dóttir hefði tekið að sér að hringja í formenn allra félaga fyrir þremur árum og spurt um ástæður þess að félög sendi ekki fulltrúa á aðalfund. Út úr þeim samtölum kom engin ein skýring á því að fundarmönnum á aðalfundum hefur farið svo fækkandi.

Þorgeir taldi einu ástæðuna sem hægt væri að gera eitthvað með vera þá að menn væru sáttir við að aðrir stjórnðu Bandalaginu. Það þyrfti að koma stjórnnum félaganna í skilning um að starfsemi Bandalagsins sé á ábyrgð þeirra allra.

Ýmsar tillögur komu til úrbóta. Vísað var á fósturfélaga- samband stjórnarmanna við ákveðin félög, stungið upp á að stofnuð yrði nefnd um málið og sýnileiki starfseminnar eflur. Sem og að skemmtilegheitum Bandalagsþinga yrði haldið betur á lofti innan félaganna.

7. Framkvæmdastjóri leggur fram endurskoðaða reikninga síðasta árs og skýrir þá

Nokkuð var rætt um vaxtagjöld. Fram kom að um þrjár milljónir vantaði í reksturinn til þess að hann væri alltaf í plús og ekki þyrfti að taka nein yfirdráttarlán á árinu. Árgjöld hækkuð í fyrra um 10.000 kr. Leikfélögin hafa ekki gert athugasemdir við það.

8. Umræður um skýrslu stjórnar og afgreiðsla reikninga
Umræður um skýrslu formanns höfðu þegar farið fram.
Reikningar samþykktir samhljóða.

Regína Sigurðardóttir, formaður kjörnefndar skýrði frá stöðu mála í formanns- og stjórnarkjöri. Framboð hafði borist til formanns Bandalagsins. Frambjóðandi var Þorgeir Tryggvason. Þórvör Embla Guðmundsdóttir hafði boðið sig fram til áframhaldandi setu í stjórn. Guðfinna Gunnarsdóttir, Hrund Ólafsdóttir og Ólöf Þórðardóttir buðu sig allar fram í stjórn, en í varastjórn, næðu þær ekki kjöri.
Hjalti Stefán Kristjánsson hafði boðið sig fram í varastjórn.

Enn var opið fyrir framboð.

9. Skýrslur nefnda og umræður um þær

Undirbúningsnefnd leiklistarhátíðar NEATA á Íslandi 2010

Nefndin skiptist í suðurdeild og norðurdeild. Þorgeir Tryggvason sagði frá starfi suðurdeilda.

Í henni eru Þorgeir Tryggvason og Lárus Vilhjálmsson. Suðurdeild hefur fundað einu sinni og rætt umsóknir um styrki og kynningarmál. Nefndin telur að leita þurfi allra leiða til að fá sem stærstan styrktaraðila að hátíðinni. Eins þótti þeim rétt að athuga hvernig bandalög landanna sem áður hafa haldið slíkar hátíðir hafa snúið sér í fjármögnun. En undirbúningsvinna þarf að hefjast núna.

Guðrún Halla sagði frá starfi norðurdeilda.

Í henni sitja Guðrún Halla Jónsdóttir og Ingólfur Þórsson. Halla fór til fundar við bæjarstjóra og menningarfulltrúa á Akureyri og þar tóku menn vel undir að halda hátíðina í bænum. Halla ræddi einnig um að leita ætti eftir styrk til menningarsjóðs Evópusambandsins fyrir hátíðina í Riga 2008. Rætt var í stjórn NAR að reynt yrði að sækja um 5 ára styrk til verkefnisins, sem færi þá líka í kostnað vegna undirbúnings hátíðarinnar 2010. Sá styrkur getur numið allt að 10 milljónum króna. Gera þarf grein fyrir að einhver hluti kostnaðar verði lagður fram héðan, á móti. Umsóknir þarf að fylla mjög vel og nákvæmlega út og svara öllum spurningum. Og útvega þarf alls kyns gögn. En styrkurinn er ríflegur og borgar sig að sækja um hann. Bandalögin á Norðurlöndunum þurfa að taka þátt í þessari umsókn. Spurt var hvort menningarhús á Akureyri yrði risið árið 2010.

Halla: Það á að verða tilbúið til notkunar 2010. Einnig búið að festa hátíðinni pláss í Húsinu.

Skýrsla skólanefndar

Hrefna Friðriksdóttir flutti skýrsluna.

Skýrsla skólanefndar á aðalfundi BÍL 4.–6. maí 2007

Leiklistarskólinn var settur í 10. sinn í júní 2006 að Húsabakka í Svarfaðardal. Þessa skólaárs verður örugglega helst minnst fyrir að vera það síðasta þar sem hinar einu sönnu skólastýrur frá upphafi skólastarfsins, Gunnhildur Sigurðardóttir og Sigríður Karlsdóttir, héldu sínum mildu, styrku höndum um stjórnartaumana. Þær hafa unnið frábært og einfaldlega ómetanlegt starf í þágu skólans og eiga allar heimsins þakkar skildar.

Húrra fyrir Gunnhildi og Sirrý!

Þetta sumar í Svarfaðardalnum varð einnig ódauðlegt þar sem Gísli Einarsson og hans vinnumenn í sjónvarpsþættinum „Út og suður“ heimsóttu skólann. Afraksturinn sást í sjónvarpi allra landsmanna síðar um

sumarið og er vonandi til á hverju góðu menningarheimili.

Á síðasta starfsári skólans voru haldin alls fimm hefðbundin námskeið.

Þrjú námskeið voru í boði í Svarfaðardalunum. Leikstjórn II, kennari var Sigrún Valbergisdóttir, Hvernig segirðu sögu?, kennari Ágústa Skúladóttir og sérnámskeið fyrir leikara, kennari Steinunn Knútsdóttir. Alls voru 33 nemendur á þessum námskeiðum.

Þá var Gréta Boða fengin til að halda tvö helgarnámskeið í förðun í október, hið fyrra byrjenda- og hið síðara framhaldsnámskeið. Samtals sótti 31 nemandi þau námskeið. Annað förðunarnámskeiðanna var haldið í húsnæði Halaleikhópsins og þökkum við það góða samstarf.

Haldið var námskeið í stjórnun leikfélaga í tengslum við haustfund Bandalagsins á Selfossi í lok september 2006 fyrir þá sem sóttu fundinn, alls um 50 manns. Svo var haldið framhaldsnámskeið í stjórnun leikfélaga í nóvember í húsnæði Leikfélags Hafnarfjarðar. Þökkum við kærlega fyrir þau afnot en námskeiðið eða fyrirlestrana sóttu 25 manns.

Liðinn áratugur markar auðvitað ákveðin tímamót í sögu skólans og var ákveðið að gera ýmislegt til að fagna. Haldin var vegleg lokaveisla eftir námskeiðin í Svarfaðardalnum og öllum fyrrverandi nemendum og kennurum boðið að njóta örleikritahátíðar og lokahófs.

Stjórn Bandalagsins ákvað að leggja fyrir spurningakönnun um áhrif skólans á starfsemi leikfélaga og ákveðið var að halda málþing um skólann í tengslum við haustfund á Selfossi þann 30. september 2006. Þar fjallaði Gunnhildur Sigurðardóttir um aðdraganda stofnunar og starfsemi skólans, Margrét Tryggvadóttir um húsnæðismálin og undirrituð gerði grein fyrir niðurstöðum könnunarinnar á áhrifum skólans. Svo kom Sigríður Lára Sigurjónsdóttir og lýsti skólanum frá sjónarhóli síns leikfélags, Hugleiks, Guðmundur Lúðvík Þorvaldsson lagði til sjónarhorn nemanda og Ágústa Skúladóttir sjónarhól kennara við skólann.

Á málþinginu kom m.a. fram að alls hafa 25 kennarar kennt við skólann frá upphafi – skólann hafa sótt 205 nemendur frá 29 leikfélögum alls 417 sinnum.

Spurningakönnunin um áhrif skólans olli nokkrum vonbrigðum en einungis bárust svör frá 11 leikfélögum. Niðurstöður voru þó nokkuð samhljóma um að skólinn hefði skilað betri sýningum, aukið fjölbreytni starfsins og dregið úr ráðningum utanaðkomandi aðila og þar með kostnaði.

Málþingið í heild sinni var mjög lærdómsríkt og ég hvet alla til að kynna sér frjóar umræður sem þar fóru fram með því að lesa fundargerðina á leiklist.is.

Í tengslum við málþingið var formlega skipt um skólastýrur Leiklistarskólans og ég tók við starfinu ásamt Dýrleifi Jónsdóttur. Þá urðu ákveðnar breytingar á skólanefnd, ég tók formlega sæti sem aðalnefndarmaður í stað Huldar Óskarsdóttur, ákveðið var að hafa engan varamann í nefndinni og þökkum við Huld fyrir hennar góða starf. Aðrar breytingar voru ekki gerðar.

Þá er komið að starfi skólans á komandi skólaári en hann verður með nokkuð hefðbundnu sniði. Þann 9. júní hefjast að Húsabakka í Svarfaðardal eftirfarandi námskeið:

Leiklist I – byrjendanámskeið fyrir leikara, kennari Ágústa Skúladóttir. 18 nemendur eru skráðir og 8 eru á biðlista.

Sérnámskeið fyrir leikara, kennari Stephen Harper frá Bretlandi. 18 nemendur skráðir og 3 á biðlista. Ein af hugmyndum sem fram komu á málþinginu um skólann var að fá erlenda kennara og fáum við ferðastyrk frá NAR vegna þessa, DKK 1.500.

Sérnámskeið fyrir leikstjóra, kennari er Egill Heiðar Anton Pálsson. 6 nemendur skráðir og möguleiki að bæta við. Hvetjum við alla til að skoða vandlega hvort ekki eru einhverjir leikfélagar sem ættu að nýta sér þetta flotta námskeið. Egill Heiðar kennir í leiklistardeild Listaháskóla Íslands og hann hefur vakið athygli fyrir sterka sýn og frumlegar sýningar hér á landi og erlendis.

Þá verða haldin bæði byrjenda- og framhaldsnámskeið í förðun í október. Frekari upplýsingar um námskeiðin má finna á leiklist.is.

Á síðasta aðalfundi voru ræddar nokkrar áhyggjur af dræmum áhuga á námskeiðum skólans og velt upp spurningum eins og þeim hvort markaðurinn væri mettur í bili og hvort rangar áherslur væru í námskeiðsframboði. Aðsóknin í ár virðist alls ekki benda til þess, sérstaklega virðist bæði þörf og áhugi á námskeiðum fyrir leikara, þar er búið að bæta við nemendum frá því sem áætlað var í upphafi og samt eru biðlistar.

Húsnæðismál skólans eru enn sem fyrr ofarlega á baugi og á þessum fundi verður flutt sérstök skýrsla húsnæðisnefndar leiklistarskólans. Þess má geta að skólanefnd hitti umsjónarkonu Eiða í vetur til að ræða möguleika á skólastarfi þar. Mat skólanefndar var að starfsemi hótelsins myndi væntanlega setja skólastarfi allverulegar skorður auk þess sem óvíst virtist um gott aðgengi fyrir fatlaða að öllu því húsnæði sem við þyrftum á að halda. Ákveðið hefur verið að stjórnarmenn og skólastýrur skoði húsnæðið að Eiðum betur í tengslum við þennan aðalfund.

Í skólanefnd eru:
Hrefna Friðriksdóttir
Dýrleif Jónsdóttir
Herdís Þorgeirsdóttir
Gunnhildur Sigurðardóttir
Sigríður Karlsdóttir.

Skýrsla vefnefndar

Lögð fram á aðalfundi á Hallormsstað 5. maí 2007
Hörður Sigurðarson flutti.

Um vefnefnd

Vefnefnd Leiklistarvefjarins skipa auk undirritaðs og starfsmanna Þjónustumiðstöðvar, þeir Lárus Vilhjálmsson og Ármann Guðmundsson.

Almennt

Starfsemi Leiklistarvefjarins hefur gengið sinn vana-gang undanfarið ár. Vinna við vefinn er nokkuð í föstum skorðum þar sem starfsmenn Þjónustumiðstöðvar sinna að mestu daglegum rekstri. Vinnan felst aðallega í að setja inn fréttir og viðburði auk þess að sjá um uppfærslu leikritasafns en undirritaður er síðan til aðstoðar við ýmis tilfallandi verk. Þá hafa vefnefndarmenn auk annarra séð vefnum fyrir efni og þá aðallega með því að skrifa gagnrýni og umfjöllun um leiksýningar. Hafi þeir þökk fyrir.

Vandamál Leiklistarvefjarins eru í aðalatriðum þau sömu og verið hafa frá upphafi þó sitthvað hafi lagast. Enn þarf að sækja fréttir til sumra félaga og einnig er erfiðleikum bundið að fá þokkalegt myndefni með fréttum. Hér er því ítrekuð sú árlega áskorun til allra félaga að vera duglegri að senda inn fréttir og myndir af starfinu.

Stuttverkasamkeppni

Í október og nóvember var í annað sinn haldin stuttverkasamkeppni á vefnum. Fjöldi verka barst í keppnina og eftir forval nefndar kusu lesendur á milli 15 verka. Úrslit voru tilkynnt við hátíðlega athöfn í Þjónustumiðstöð Bandalagsins. Sigurvegari var Helga Hreinsdóttir fyrir stuttverkið „Undinn upp á þráð – bráð“ en einnig voru veitt verðlaun fyrir annað og þriðja sæti. Stefnt var að því að fá fyrirtæki til að greiða verðlaunafé en það gekk því miður ekki eftir. Uppákomur á borð við Stuttverkasamkeppnina eru nauðsynlegar til að halda vefnum lifandi og ferskum. Þó er ljóst að vanda þarf betur til undirbúnings og áætla meiri tíma til hans. Til stendur að endurtaka keðjuleikritið sem góða sem birtist á vefnum fyrir nokkrum árum. Það verður þó ekki gert nema að undangengnum góðum undirbúningi.

Umsjónarkerfið

Allnokkrar sviptingar voru á þarsíðasta ári þegar við sömdum við nýjan þjónustuaðila og tókum upp nýtt vefkerfi sem nefndist Mambo. Því fylgdu ýmsir örðugleikar, sem við þó komumst framhá með samstilltu átaki. Enn voru samt gerðar breytingar á vefkerfinu síðastliðið haust þegar við færðum okkur yfir í nýtt kerfi sem kallast Joomla. Það voru þó ekki stórvægilegar breytingar þar sem Joomla er nánast alveg eins og Mambokerfið en hinsvegar má búast við að þau þróist í mismunandi átt á næstu árum og vænlegra að færa okkur strax yfir. Lesendur hafa tæplega tekið eftir breytingunum og er það einmitt eins og það á að vera. Í dag malar vefurinn eins og vel smurð maskína og afar

sjaldan orðið sem tæknileg vandamál koma upp. Af öðrum nýjungum má nefna að í haust tókum við upp svokallað CAPTCHA-kerfi sem krefst þess að notendur á spjallborði slái inn tiltekna upplýsingar til að taka þátt í umræðum. Er þetta gert til þess að loka fyrir ruslinnlegg og hefur gefist vel þar sem klám- og Viagraauglýsingar hafa alveg horfið af spjallinu eftir það. Ekki síður áhrifamikil viðbót kom síðan nú í vetur þegar boðið var upp á að hefja eða taka þátt í spjalli beint úr tilteknum fréttum eða greinum. Hefur spjallborðið sem var nánast dautt tekið nokkuð við sér síðan. Betur má þó ef duga skal og leiklistaráhugamenn eru hvattir til að spjalla nú og slúðra sem aldrei fyrr. Ástæða er til að ítreka að spjallið er nú öllum opið að nýju og ef menn vilja geta þeir tjáð sig nafnlaust. Þó að ekki sé lengur krafist skráningar á vefinn bætast þó alltaf við nýir notendur og eru þeir nú í kringum 180 talsins.

Eins og venjulega fylgir skýrslu þessari ýmiskonar tölfræði sem sýnir aðsókn að vefnum í ýmsum myndum. Þar sést t.d. að aðsókn hefur tekið aftur við sér eftir að hafa dottið aðeins niður leikárið 2005–2006.


Fjármögnun

Þó að Leiklistarvefurinn velti ekki háum upphæðum er alltaf nokkur fastakostnaður við hann. Frá upphafi

hefur Exton verið með fastan auglýsingaborða sem hefur staðið straum af nokkrum hluta þessa fastakostnaðar. Þeir hafa hinsvegar tekið þá ákvörðun að hætta að auglýsa og munar um þá peninga sem þar hverfa. Mörg sóknarfæri eru í sölu auglýsinga á vefinn en eins og stundum er ekki mannskapur né tími til að sinna því. Einstaka leikfélög og tengdir aðilar hafa keypt auglýsingu á undanförunum vikum og þó þar séu ekki háar upphæðir sem skipta um eigendur munar vefinn þó um þær.

Blogg

Fyrir nokkrum vikum var haldinn fundur með Menningarráttgjafa Morgunblaðsins til að ræða umfjöllun blaðsins um áhugaleiklist og þá möguleika sem til eru til að auka hana. Hugmynd Morgunblaðsmanna snýst fyrst og fremst um að Bandalagið komi sér upp Mogga-bloggi sem margir þekkja og noti það til að koma sér á framfæri. Viðbrögð okkar sem á fundinn fórum voru afar hófstillt við þessari beiðni og sömu sögu er að segja af stjórn. Vandséð er hvaða akkur það er fyrir okkur að halda úti bloggi sem inniheldur að mestu sama efni og Leiklistarvefurinn. Færa má rök fyrir því að við værum í raun komin í harða samkeppni við okkur sjálf. Einnig þarf einhver að sjá um að setja efni á bloggið og myndi það væntanlega dæmast á starfsmenn skrifstofu sem



nóg eru þó þindir fyrir. Lítið var um svör á þessum fundi þegar spurt var um fyrirætlanir blaðsins í umfjöllun um áhugaleiklistina. Mun það eflaust tekið fyrir á viðeigandi vettvangi.

Til stendur að ræða ýmis mál á þessum aðalfundi sem varða ímynd og sýnileika áhugaleiklistarinnar. Ljóst er að Leiklistarvefurinn getur orðið eitt beittasta vopnið í þeirri baráttu en það mun þó ekki gerast nema með aukinni vinnu og fjármagni.

*Fyrir hönd vefnefndar
Hörður Sigurðarson.*

Spurt var hvort eitthvað hefði orðið úr þeirri hugmynd að hýsa vefi fyrir aðildarfélög.
Svar: Það stóð til boða, en enginn sóttist eftir því.

Spurt var hvað Exton-auglýsingin hefði kostað.
Svar: 100.000 krónur á ári. Kostnaður við vefinn hefur verið um 200.000 kall. Þegar auglýsingar eru seldar á vefinn er ráðrúm fyrir sveigjanleika með stærð, staðsetningu, birtingarlengd og útlit. Verðið ræðst af þessum þáttum. En það munar um allt.

Spurt var hvort vefnefnd myndi hafa frumkvæði að uppsetningu á sigurvekinu úr stuttverkakeppninni í haust.
Svar: Leiklestrar á verkum í þremur efstu sætunum voru á afhendingu. Það væri gaman að gera eitthvað meira með þetta, en það hafði ekkert verið rætt.

Undirbúningsnefnd stuttverkahátíðarinnar Margt smátt

Ármann Guðmundsson flutti skýrsluna.

Nefndina skipuðu Ármann Guðmundsson, Hrund Ólafsdóttir og Ólöf Þórðardóttir. Lagt var af stað með að gera hátíðina að meiri „hátíð“ en hefur verið undanfarin ár. Fyrir lá frá síðasta aðalfundi ákvörðun um að halda skyldi hátíðina í kringum páska en þegar til kom reyndist sá tími ekki hentugur og því var reynt að finna annan tíma og þá seinni partinn í maí. Vegna öflugs starfs og margra sýninga í Borgarleikhúsinu reyndist ekki mögulegt fyrir forsvarsfólk leikhússins að finna heppilegan tíma í vor. Því hefur nefndin lagt til að hátíðinni verði frestað til hausts. Nánar tiltekið til mánaðarmóta september/október.

Söguritarnefnd

Þorgeir Tryggvason flutti skýrsluna.

Vinnu við ritun og samsetningu sögunnar nánast lokið. Það sem nú liggur fyrir er að safna aðilum á Tabúla gratulatoria. Möguleiki er að leikfélög geti tekið að sér að safna slíkum fyrir prósentur. Selja þarf um 200 eintök af bókinni til að hún standi undir prentkostnaði. Spurning hvenær hentar best að ráðast í lokasprettinn að vinnunni fyrir útgáfu, með tilliti til útgáfutíma.

Nefnd um handritasafn

Ármann Guðmundsson flutti skýrslu.

Nefndina skipuðu Ármann Guðmundsson og Hrefna Friðriksdóttir. Markmið nefndarinnar var að leita leiða til að gera handritasafn Bandalagsins að lögformlegu safni sem sótt geti styrki til rekstrarins til opinberra aðila. Fyrir liggur að þetta safn er algerlega einstakt safn og í því fólgin gríðarleg menningarverðmæti. Því verður að gera ráðstafanir til að tryggja varðveislu þess, en eins og staðan er það einungis til í ljósritum á skrifstofu Bandalagsins.

Leitað var eftir álitum frá Safnaráði hvort möguleiki væri að handritasafn Bandalagsins heyrði undir það og gæti þar með sótt um styrki til þess, skv. ákvæðum safnalaga. Svo reyndist ekki vera þar sem það flokkast sem skjalasafn en ekki munasafn. Hins vegar væri möguleiki að sækja þangað styrki ef það yrði gert í samvinnu við Leikminjasafnið sem við erum aðili að en Leikminjasafnið uppfyllir skilyrði safnalaga og hefur fengið styrki. Einnig er möguleiki að sækja um verkefnastyrk beint til Menntamálaráðuneytisins og þarf að skoða betur hvaða möguleikar henta okkar best.

Eitt af því sem þarf að skoða er hvort við eigum að fá til samstarfs við okkur í þetta verkefni, aðila eins og stóru leikhúsin, Leikskáldafélagið, Landsbókasafnið, Listaháskólann og Leikminjasafnið, þar sem þessir aðilar eiga talsverðra hagsmuna að gæta um að framtíð handritasafnsins sé tryggð. Nefndin fer fram á að fá að starfa áfram að þessu máli.

Umræður:

Rætt var um framhaldið. Ýmsir möguleikar á að bæta varðveislu safnsins voru ræddir. Bæði að taka afrit af því á pappír og geyma annars staðar og að koma því á rafrænt form. Kanna þarf hver kostnaður yrði af slíku og hvort einhvers staðar væri hægt að leita eftir styrkjum til þess verkefnis. Stungið var upp á að sækja um til Evrópusambandsins. Stungið var upp á og samþykkt að nefndin starfaði áfram að þeim verkefnum.

Nefnd um rekstur á Búningasafni Þjóðleikhússins

Embla Guðmundsdóttir skýrði frá störfum nefndarinnar.

Enn hefur ekki verið haldinn fundur með Þjóðleikhúsinu um málið. Talað var við háskólann á Bifröst um möguleika á að einhver nemandi gerði þetta að verkefni sínu. Kanna þarf hvort rekstrargrundvöllur er fyrir hendi og funda með Þjóðleikhúsinu.

Nefnd um kaup eða rekstur á húsnæði fyrir Leiklistarskóla Bandalagsins

Margrét Tryggvadóttir sagði frá störfum nefndarinnar.

Barnaskólinn að Húsabakka er ekki til sölu eða rekstrarleigu, enda aðgengismál í ólestri þar. Haft var samband við Eiðamenn, stjórn og skólanefnd skoðar húsakost þar að fundi loknum á sunnudegi. Einnig var

athugað með Hrafnagilsskóla, en allt er í óvissu með framtíð þess skóla. Annars hafa heimavistar skólar almennt mjög slæmt aðgengi. Búið er að segja upp hótelinu hér á Hallormsstað svo jafnvel kæmi til álita að hafa skólann í húsnæði aðalfundar. Æskilegt er að skólinn sé utan þéttbýliskjarna en þó í nágrenni slíks.

Þó að starfsemi skólans að Húsabakka sé orðin tilfinningamál fyrir margt skólafólk er aðalatriðið að námskeið sé hægt að halda með aðgengi fyrir alla.

Spurning hvort þeir sem ekki hafa verið í skólanum hafi skoðun á því hvar hann ætti að vera.

Umræður:

Fundarmenn virtust ásáttir um að þó vel hefði farið um starfsemi skólans á Húsabakka þá yrði hann að sjálf-sögðu fluttur ef aðgengilegt húsnæði fengist á góðu verði.

Rætt var um húsnæðismál skólans og rætt um ýmsa mögulega staði, svo sem Hrafnagilsskóla og Hafra-lækjarskóla. Fram kom að Hrafnagilsskóli væri að mörgu leyti afar heppilegur kostur, en að ekki væri vitað hvað yrði um það húsnæði í framtíðinni. Hótelið sem væri að fara ætti alla innanstokksmuni svo ekki væri víst að í framtíðinni yrði þar gistirými. Fram kom að líklega væri best að senda skriflega fyrirspurn til að vita hvar þau mál stæðu.

Ása Hildur gerðir athugasemd við að á Hallormsstað hefði ekki verið aðgengi fyrir fatlaða, eins og sagt hefði verið, og spurði hve vissir menn væru um aðgengi á öðrum stöðum sem rætt hefði verið um. Hún tók þó fram að tiltölulega lítið þyrfti að gera til þess að gera Hallormsstaðarskóla aðgengilegan. Guðrún Halla getur metið aðgengi, en skoðaði ekki Hallormsstaðaskóla sjálf.

Spurt var hvert starfssvið nefndarinnar hefði verið. Þorgeir svaraði og sagði að e.t.v. hefði farvegurinn að skipa nefnd ekki verið mjög gáfulegur á þessu stigi málsins. Nefndin hefði endað í húsnæðisleit með skólanefnd og verið væri að skoða nokkra spennandi kosti.

Embla Guðmundsdóttir stakk upp á að sveitarfélögum yrðu send formleg erindi þar sem grennslast væri fyrir um hvort þar væri að finna húsnæði sem hentaði skólanum. Þá viti menn hvað er í boði á hverjum stað, og þeim ber skylda til að taka formleg erindi fyrir og svara þeim. Þetta myndi spara Bandalaginu mikla vinnu við húsnæðisleit.

María Guðmundsdóttir frá Leikfélagi Mosfellssveitar lýsti ánægju sinni með að verið væri farið að huga að aðgengismálum. Hún skoraði á stjórn að vinna hratt og sjá til þess að allir gætu sótt skólann næsta ár, óháð fötlun.

10. Drög að starfsáætlun næsta árs kynnt og skipað í starfshópa.

Tillaga stjórnar að starfsáætlun lesin:

Tillaga að starfsáætlun stjórnar og aðildarfélaga Bandalags íslenskra leikfélaga leikárið 2007–2008:

Almenn starfsemi:

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar í samræmi við lög BÍL
2. Rekstur fasteigna skv. viðhaldsáætlun
3. Útgáfa Ársrits fyrir leikárið 2006–2007
4. Starfsemi Leiklistarskóla BÍL skv. námskeiðaáætlun
5. Rekstur vefsíðunnar leiklist.is skv. tillögum vefnefndar
6. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum til starfsemi áhugaleikfélaganna, þjónustumiðstöðvar Bandalagsins og Leiklistarskóla þess.
7. Halda áfram samstarfi við Þjóðleikhúsið með Athyglisverðustu áhugasýningu ársins

Sérverkefni starfsársins:

1. Halda einpáttungahátíð í tengslum við aðalfund 2008
2. Hefja undirbúning NEATA-hátíðar 2010

Fundarmönnum skipt í hópa.

Hádegishlé.

11. Kjörnefnd tilkynnir niðurstöður sínar og mælir með a.m.k. 1 aðila í hvert sæti sem kjósa skal í.

Kjörnefnd á aðalfundi Bandalags íslenskra leikfélaga 5.–6. maí 2007, mælir með eftirtöldum aðilum til framboðs í stjórn BÍL:

Til formanns til tveggja ára:
Þorgeir Tryggvason.

Í aðalstjórn:
Þórvör Embla Guðmundsdóttir.

Í aðal- eða varastjórn:
Guðfinna Gunnarsdóttir,
Ólöf Þórðardóttir,
Hrund Ólafsdóttir.

Í varastjórn:
Hjalti Stefán Kristjánsson.

Kjósa skal einn fulltrúa í aðalstjórn til tveggja ára og einn til eins árs.

Kjósa skal þrjá fulltrúa í varastjórn til tveggja ára.

Undir þetta skrifa:
Regína Sigurðardóttir,
Örn Alexandersson,
Ingólfur Þórsson.
Hallormsstað 5. maí, 2007.

Frambjóðendur kynntu sig stuttlega og störf sín innan hreyfingarinnar.

*Umræðuhópar um starfsáætlun tóku til starfa.
Dagskrá framhaldið kl. 15.00*

12. Lagabreytingar

Engar lagabreytingatillögur lágu fyrir fundinum.

13. Tillögur lagðar fyrir fundinn

Vilborg Valgarðstóttir, framkvæmdastjóri Bandalagsins lagði fram eftirfarandi tillögur:

1. Stjórn Bandalagsins verði valið að setja af stað nefnd sem endurskoða skal lög Bandalagsins fyrir næsta aðalfund.

2. Aðalfundur Bandalags íslenskra leikfélaga samþykkir að 1.500.000 kr. af verkefnastyrk ríkisins verði veitt í rekstur þjónustumiðstöðvarinnar.

Guðrún Halla Jónsdóttir lagði fram eftirfarandi tillögu: Að stjórn og framkvæmdastjóra Bandalagsins verði falið að selja húsnæði Bandalagsins að Laugavegi 96 og kaupa annað hentugra sem fyrst.

Umræður:

Vilborg sagði frá því að þær Guðrún Halla hefðu að undanförunni verið að skoða lög Bandalagsins og þróa tillögur að ýmsum breytingum. Hún mælti með að þeirri vinnu yrði haldið áfram og lagabreytingar yrðu lagðar fyrir næsta aðalfund.

Eina og hálf milljónin hefur alltaf verið tekin af verkefnastyrkjum, en aðeins í fyrra var leitað eftir samþykki aðalfundar.

Spurt hvort það dygði til að skrifstofan yrði ekki í mínus um áramót. Svo var ekki.

Menn veltu fyrir sér hvort snjallt væri að taka meira af verkefnastyrkjum til skrifstofunnar til að rétta fjárlagahallann. Ljóst var, af fundi með ráðuneytisfólki, að ekki stóð til að hækka framlögin til skrifstofunnar frekar en tillögur stjórnar að úthlutun verkefnastyrks væru jafnan afgreiddar eins og þær væru lagðar fram.

Guðrún Halla taldi brýnt að fara í húsnæðismál vegna handritasafns, aðgengis, viðhalds, og rétt að reyna að gera þetta á meðan verð á 101-svæðinu héldist svona hátt. Ef peningar fengjust á milli gætu þeir nýst til að leiðrétta fjárlagahallann á þjónustumiðstöðinni, að einhverju leyti.

Hörður Sigurðarson lagði til að allar tillögur yrðu samþykktar. Hann beindi tilmælum til stjórnar og þeirra sem færu lagabreytingavinnu að missa ekki sjónar á ástæðum endurskoðunar laganna. Hann sagðist treysta Vilborgu til að meta fjárför skrifstofunnar og sagðist ekki sjá ástæðu til að ræða þá tillögu frekar. Tímabært væri að skipta um húsnæði.

Tillögur bornar undir atkvæði og allar samþykktar samhljóða.

14. Starfsáætlun afgreidd Niðurstöður umræðuhópa:

Hópur 1

Hópstjóri: Hjalti Stefán Kristjánsson

Almenn starfsemi:

1. Við lýsum yfir almennri ánægju með starfsemi þjónustumiðstöðvarinnar.

2. Ekki vitað hvort skemmdir hafa orðið á húsnæðinu vegna framkvæmda í nágrenninu, athuga það og bótaskyldu í framhaldinu. Nauðsynlegt er að gott aðgengi sé að nýju húsnæði. Gefum stjórn grænt ljós á „fasteignabrask“ og flutninga úr 101.

3. Fögnum því að það sé komið á góðan rekspól.

4. Vantar að fá búninga- og gervanámskeið aftur.

Kominn tími á Leikritun I. Þeir gangi fyrir sem ekki hafa sótt það námskeið áður.

5. Vefurinn er tengsl almennra félaga við Bandalagið, gott að geta farið á vefinn, þarf að efla gagnrýnina inni á honum. Reyna að efla tengingu félaganna og notkun á vefnum, t.d. með formannalistanum. Senda ætti link á nýja alþingismenn til að kynna vefinn en gæta þess að hafa það í sambandi við upplýsingar.

6. Nýta sér kosningaskrifstofur allra flokkanna og koma með fyrirspurnir á frambjóðendum fram að kosningum. Mjög skrýtið að framlag til skrifstofu hafi lækkað en gleðilegt að framlagið hafi verið hækkað að öðru leyti. Athuga hvort einhvers staðar leynast opinberir sjóðir sem hægt er að leita í eftir fjármagni, sjálfsagt finnst það einhvers staðar.

7. Þjóðleikhúsið var ekki tilbúið þegar byrjað var að senda inn umsóknir, það þarf að vera Þjóðleikhúsinu ljóst að leikárið byrjar einnig hjá áhugaleikfélögum að hausti. Búið er að taka fyrir það að komið sé á sýningar, nú sitja allir við sama borð og eingöngu er dæmt er eftir upptökum. Erum hlynnt þessari breytingu en negla þarf niður að að þetta sé örugglega eins fyrir alla. Kynna þarf fyrir öllum hvernig reglurnar/forsendurnar eru þannig að ekki séu sumir að bjóða nefndarmönnum á sýningar.

Sérverkefni starfsársins:

1. Kominn tími á það! Halda einþáttungahátíð og Margt smátt aðskildu. Einþáttungahátíð er frekar fyrir okkur sjálf. Hafa hana annað hvort ár.

2. Undirbúningur búinn að standa í eitt ár. Staðsetning hátíðarinnar ætti ekki að skipta máli varðandi áhorfendafjölda. Þetta hefur sameiningargildi fyrir þátttakendur. Þrjú ár eru fljót að líða svo það þarf að vinna vel.

3. Ætti frekar að vera á haustin til að byrja leikárið. Gæti verið gott að hafa það á hverju ári til að vekja athygli. Tekur tíma að fá félög til að koma á þetta, er bara þriggja skipta saga.

4. Hringja út í félög til að yta á þátttöku. Ekki nóg að treysta á að stjórnin geri vel eða „nenna“ ekki að koma. Styrkir koma í gegnum Bandalagið og þarf því að sinna því starfi. Nota einþáttungahátíð sem gulrót, þá tvöfaldast fjöldinn ca. Allir verði geysilega skemmtilegir á næsta fundi svo allir vilji koma næsta ár!! Hækka aðildargjöldin sem nemur aðalfundargjaldi fyrir einn (40.000–50.000).

Hópur 2

Hópstjóri: Sigurlaug Gunnarsdóttir

1. Erum ánægð með þjónustu. Mikilvægt að skoða hlutverk og framtíð handritasafns. Hvert er markmið safnsins? Varðveisla, sala eða útleiga? Höfundarréttur þarf að vera á hreinu. Mælum með því að gerð upplýsingahandbókar fyrir stjórnir leikfélaga verði lokið á næsta starfsári. Við leggjum einnig til að hún verði gefin út rafrænt svo hver geti prentað út fyrir sig, eða óskað eftir útprentuðu eintaki.
2. Erum mjög hlynnt því að þjónustumiðstöð verði flutt á betri, stærri, ódýrari stað. Aðgengi, fundir/námskeið handritasafn, jafnvel búningasafn? Hugsanlega grunnumsýsla í þjónustumiðstöð en varðveisla annars staðar.
3. Ókei.
4. Fínt. Góð blanda skóli/stutt námskeið. Góð hugmynd hjá Emblu að leita upplýsinga um hugsanlegar staðsetningar hjá sveitarfélögum. Skólanefnd fær hrós fyrir góð og vel unnin störf.
5. Samþykkingu tillögur vefnefndar. Okkar hlutverk er að vekja athygli innan félaganna. Gæti verið sniðugt að hafa upplýsingar um allt sem að vefnum snýr í handbók.
6. Möst.
7. Í hvaða mynd er samstarfið? Hvernig vinnur nefnd Þjóðleikhússins og hvert er samstarfið að þróast? Eru allir ánægðir, er ástæða til að breyta?

Sérverkefni

Halda Margt smátt og einpáttungahátíð í tengslum við aðalfund 2008.

NEATA – Já, gera stórt.

Halda áfram að reyna að finna flöt á framkvæmd búninga- og leikmunasafns/leigu.

Hópur 3

Hópstjóri: Örn Alexandersson

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar – ok
2. Rekstur fasteigna skv. viðhaldsáætlun – skoða nýtt húsnæði á höfðuborgarsvæðinu með aðgengi í huga og veita stjórn umboð til að kanna þessi mál.
3. Útgáfa ársrits 2006–2007 – ok.
4. Starfsemi Leiklistaskóla BÍL skv. námskeiðsáætlun, leggjum til við skólanefnd að kanna þörf á að hafa leikmynda-, búninga- og ljósanámskeið í samstarfi við félögin víða um land. Húsnæðismál – að sent verði bréf til sveitastjórna víða um land þar sem þarfir okkar eru tíundaðar m.a. aðgengi og leitað eftir samstarfi og aðstöðu fyrir skólann.
5. Rekstur vefsins leiklist.is skv. tillögum vefnefndar. – ok.
6. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum til starfsemi áhugaleikfélaganna, þjónustumiðstöðvar Bandalagsins og leiklistarskóla þess. – Kanna einnig möguleika á styrkjum frá einkaaðilum.
7. Halda áfram samstarfi við Þjóðleikhúsið með Athyglisverðustu áhugasýningu ársins. Umræður um kostnað nefndarinnar ræddar og skiptar skoðanir varðandi það efni.

Sérverkefni starfsársins:

1. Halda einpáttungahátíð í tengslum við aðalfund 2008 – ok
2. Hefja undirbúning NEATA-hátíðar 2010 – byrja fyrr en seinna að undirbúa. Hugmynd að skoða pakkaferð til Riga á hátíðina 2008 fyrir BÍL-félaga til að sjá sýningar og fá reynslu af slíkum hátíðum.
3. Handritasafn – að formleg langtímanefnd vinni að tillögum til að bæta starfsemi handritasafns, fjármögnun, að koma henni á rafrænt form, viðhaldi safnsins o.fl.
4. Margt smátt – gera það vel og meiri hátíð.
5. Búningasafn – þarf að vera skýrara hvað þessi nefnd á að gera.

Umræður:

Þorgeir kallaði eftir nákvæmu orðalagi á tillögur þeirra hópa sem vildu gera formlega tillögur að fleiri sérverkefnum við starfsáætlun.

Vilborg sagði frá því að ársritið yrði seint á ferð þetta árið, þar sem hún yrði í fríi í september. Hún reiknaði þó ekki með mikilli seinkun á vinnunni,

Örn Alexandersson bætti við tillögurnar frá sínum hópi: Að sett verði saman pakkaferð á NEATA-hátíðina í Riga 2008, til undirbúnings fyrir sambærilega hátíð á Íslandi 2010.

Embla sagði frá því að hún vissi til þess að Slysavarnarfélagið á svæðinu hjá henni væri nýbúið að sækja um styrk til stórra fyrirtækja, en hefði ekki átt erindi sem erfiði.

Örn svaraði því að styrkur okkar samtaka væri að fyrirtæki væru mörg komin með menningarsjóði og auglýstu eftir umsóknum um styrki. Þrír stórir sjóðir hafi bæst við síðan verið var að leita að styrkjum fyrir Leikum núna árið 2005.

Örn: Tillögur sem hópstjórar unnu í kaffihléi. Fjórar breytingatillögur við starfsáætlun. Og nokkrar ábendingar til stjórnar. Tillagan var svohljóðandi:

Viðbót við lið 4. í almennri starfsemi:

Að stjórn sendi bréf til sveitastjórna víða um land þar sem þarfir okkar eru tíundaðar, m.a. aðgengi, og leitað eftir samstarfi og aðstöðu fyrir Leiklistarskóla BÍL.

Viðbót við lið 6 í almennri starfsemi:

Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og til einkaaðila til starfsemi áhugaleikfélaganna, þjónustumiðstöðvar Bandalagsins og Leiklistarskóla þess.

Sérverkefni:

Stjórn skipi formlega langtímanefnd sem haldi utan um starfsemi handritasafns í samvinnu við starfsmenn Þjónustumiðstöðvar s.s. viðhald, flokkun, tilgang, markmið, fjármögnun og geymslutilhögun.

Margt smátt verði haldin í haust í svipuðu formi og verið hefur.

Ábendingar til stjórnar og nefnda:

Að stjórn kanni grundvöll fyrir því að standa að pakkaferð til Riga 2008.

Námskeiðsáætlun – leggjum til við skólanefnd að kanna þörf á að hafa leikmynda-, búninga- og ljósanámskeið í samstarfi við félögin víða um land.

Að ljúka upplýsingahandbók fyrir stjórnir leikfélaga á næsta starfsári.

Að starf búninganefndar haldi áfram og að stjórn móti hlutverk nefndarinnar.

Að sótt verði um styrki hjá einkaaðilum vegna sögu Bandalagsins, handritasafns, leiklistarhátíða og stuttverkahátíða.

Þorgeir lagði til að viðbót við lið fjögur í almennri starfsemi yrði sleppt. Þótti að nóg væri að tillagan kæmi fram í fundargerð.

Samþykkt var að fella hana út úr tillögunni.

Hörður: Umfjallanir um leiksýningar. Stór skellur að Mogginn birti þær ekki lengur en þær vöktu athygli á starfsemi félaganna. Fólk tók eftir þessu og þar með jókst sýnileiki starfseminnar. Mikilvægt fyrir listrænt starf að fá faglega umfjöllun um starfsemina.

Hörður bar upp formlega tillögu að sérverkefni sem hljóðaði svo:

Að stjórn leiti leiða til að tryggja faglega umfjöllun um leiksýningar áhugaleikfélaganna á Leiklistarvefnum. Liðurinn var samþykktur inn í tillögu að starfsáætlun.

Nokkrar umræður spunnust um kostnað við Margt smátt, eins og rætt hefur verið um að hún verði haldin. Töldu menn þó að vinnan við hana yrði að mestu unnin í sjálfböðavinnu.

Starfsáætlun borin undir atvæði.

(Breytingatillögur við upphaflega tillögu skáletraðar.)

Almenn starfsemi.

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar í samræmi við lög BÍL
 2. Rekstur fasteigna skv. viðhaldsáætlun
 3. Útgáfa Ársrits fyrir leikárið 2006–2007
 4. Starfsemi Leiklistarskóla BÍL skv. námskeiðaáætlun
 5. Rekstur vefsíðunnar leiklist.is skv. tillögum vefnefndar
 6. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og til einkaaðila til starfsemi áhugaleikfélaganna, þjónustumiðstöðvar Bandalagsins og Leiklistarskóla þess.
 7. Halda áfram samstarfi við Þjóðleikhúsið með Athyglisverðustu áhugasýningu ársins.
- Samþykkt.

Tillaga að sérverkefnum starfsársins:

1. Halda einþáttungahátíð í tengslum við aðalfund 2008
2. Hefja undirbúning NEATA-hátíðar 2010
3. Að stjórn skipi formlega langtímanefnd sem haldi utan um starfsemi handritasafns í samvinnu við starfsmenn þjónustumiðstöðvar.
4. Að Margt smátt verði haldin í haust í svipuðu formi og

verið hefur.

5. Að stjórn leiti leiða til að tryggja faglega umfjöllun um leiksýningar áhugaleikfélaganna á Leiklistarvefnum.

Samþykkt.

Ábendingar – bókun:

– Að stjórn kanni grundvöll þess að standa að pakkaferð á NEATA-hátíðina í Riga 2008.

– Að skólanefnd kanni þörf á að hafa leikmynda-, búninga- og ljósanámskeið í samstarfi við félögin víða um land.

– Að ljúka upplýsingahandbók fyrir stjórnir leikfélaga á næsta starfsári.

– Að starf búninganefndar haldi áfram og að stjórn móti hlutverk nefndarinnar.

– Að sótt verði um styrki hjá einkaaðilum vegna sögu Bandalagsins, handritasafns, leiklistarhátíða og stuttverkahátíða.

Bókun samþykkt.

15. Stjórnarkjör

Þorgeir Tryggvason var einn í framboði til formanns, og var því sjálfkjörinn.

Embla Guðmundsdóttir var kosin í stjórn til tveggja ára. Hrund Ólafsdóttir var kosin í stjórn til eins árs.

Guðfinna Gunnarsdóttir, Ólöf Þórðardóttir og Hjalti Kristjánsson voru sjálfkjörin í varastjórn þar sem ekki voru fleiri í framboði.

16. a) Kosning 3ja manna kjörnefndar og eins varamanns til eins árs

Sama kjörnefnd situr áfram. Hana skipa Regína Sigurðardóttir, Hjördís Pálmadóttir, Örn Alexandersson og Gunnsteinn Sigurðsson til vara.

b) Kosning tveggja félagslegra endurskoðenda og eins til vara til eins árs

Sömu skoðunarmenn sitja áfram. Þeir eru Hrefna Friðriksdóttir og Anna Jörunn Stefánsdóttir, Júlía Hannam til vara.

17. Ákveðið árgjald til Bandalagsins

Stjórn Bandalagsins lagði fram eftirfarandi tillögu: Stjórn Bandalagsins leggur til að árgjöld verði óbreytt frá fyrra ári, eða kr. 40.000 kr.

Félag sem setur upp tvær styrkhæfar leiksýningar greiði eitt og hálf árgjald, félag sem setur upp þrjár sýningar eða fleiri greiði tvöfalt árgjald og félag sem ekki setur upp neina sýningu greiði hálf árgjald.

Nokkrar umræður urðu um hvort hækka ætti árgjald sem næmi þáttökugjaldi fyrir einn fulltrúa á aðalfund, utan margfeldisáhrifa, þannig að félög greiddu fyrirfram fyrir einn fulltrúa á aðalfundi. Þetta var hugsað til að hvetja félög til að senda fulltrúa. Skiptar skoðanir voru um hvort aðferðin væri heppileg og hvort ástæða væri til að grípa til aðgerða vegna aðsóknarleysis á aðalfundi.

Niðurstaðan varð að mönnum þótti meiri tíma þurfa til

nánari útfærslu á þeirri hugmynd, áður en hún yrði sett inn í formlega tillögu, ef af yrði.

Tillaga um að árgjald að Bandalaginu yrði óbreytt árið 2007–2008 borin upp.
Samþykkt samhljóða.

Fundarhlé

Fundi haldið áfram kl. 10.00, 6.5. 2007

18. Önnur mál

Ólöf Þórðardóttir þakkaði Guðrúnu Höllu fyrir samstarfið.

Hrund þakkaði Höllu fyrir samstarfið og sagðist telja æskilegt að Halla yrði Bandalaginu áfram innan handar við umsóknir um framlag úr menningarsjóði Evrópu-sambandsins.

Halldór óskaði eftir því að fundarstjóri yrði fenginn til að halda námskeið í fundarstjórn. Hann óskaði Þorgeiri til hamingju með embættið. Hann ítrekaði einnig vilja sinn til að að sett yrði saman hópferð á leiklistarhátíðina í Lettlandi. Sagðist koma með 10 manns frá Freyvangs-leikhúsinu.

Vilborg sagði frá því að NUTU-skólinn yrði haldinn að Hönefoss í Noregi dagana 7. til 21. júlí. Skólinn er ætlaður fólki á aldrinum 16–25 ára. Umsóknareyðublöð og allar nánari upplýsingar berast fljótlega. Námskeiðsgjald er 20.000 krónur fyrir utan ferðakostnað.

Þorgeir hvatti menn til að íhuga hvort ungmenni væru innan félaganna sem áhuga hefðu á að fara á skólann. Við ættum að nýta okkur tækifærin sem gefast í alþjóðasamstarfinu. Hugleikur hefur farið á alþjóðlegar leiklistarhátíðir og hann ber því vel söguna. Þorgeiri þótti frábært ef margir færu á hátíðina í Lettlandi. Hann hvatti menn einnig til að íhuga hvort þeir ættu sýningu sem væri við hæfi að senda. Sýningar þurfa að vera klukkutími að lengd og góðar og gott væri að þær væru sjónrænar, þótt það væri alls ekki skilyrði.

Práinn Sigvaldason, formaður Leikfélags Fljótisdals-héraðs, þakkaði fundarmönnum fyrir komuna. Þótti fundurinn góður, þótt fámennur væri.

Örn ræddi einþáttingaformið. Hann sagðist ekki vera viss um að fólk áttaði sig á því hvað væri svona sniðugt við formið. Hann taldi að ef til vill þyrfti að kynna kosti einþáttinga fyrir félögunum.

Guðrún Halla tók fram að mögulegt væri að hafa annað en einþáttinga á Mörgu smáu. Til dæmis götuleikhús. Einnig þótti henni ekkert verra að farið væri með sömu þætti á margar hátíðir. Og stundum væri jafnvel hægt að láta setja sama þáttinn oft á svið, og jafnvel sýna margar útgáfur á sömu hátíð. Hún vonaðist til að fleiri færu á leiklistarhátíðir erlendis. Ekki síst til undirbúnings fyrir hátíðina hér, en hún þyrfti einnig að vera á ábyrgð félaganna.

Gísli taldi einþáttingaformið gott til að þjálfra leikara, höfunda og leikstjóra.

Guðfinna óskaði Þorgeiri til hamingju með embættið og þakkaði Höllu fyrir gott samstarf. Hún lagði til að settur yrði saman einhver listi yfir stuttverk, sem væri aðgengilegur á netinu. Hún sagði einnig frá stuttverkadag-skránni Hugarflugi, sem Leikfélag Selfoss hélt í fyrsta sinn síðasta vetur og er komin til að vera.

Þorgeir sagði að vildu menn sækja í reynslubanka Hugleiks í einþáttingamálum, væri hann alveg til í að vera mönnum innan handar í einhvers konar ráðgjafarþjónustu. Hægt væri að hafa samstarf við annað leikfélag. Hugmynd að því að þáttur væri settur upp á hátíðinni: vinnan hæfist á leiklestri í upphafi hátíðar og endaði á fullbúinni sýningu í lokin. Svipuð vinnubrögð og á lokadegi Leiklistarskóla Bandalagsins.

Hrund sagði frá vinasambandi sem var á milli Freyvangsleikhússins og leikdeildar Umf. Reykdæla. Hún sagði að lítið mál væri að heimsækja önnur félög. Það eina sem þyrfti væri rúta. Hún þakkaði Sigurlaugu fyrir sína reynslusögu af Mörgu smáu. Sagði hana sýna að fólk gæti vel notið þess að koma á hátíð án þess að vera með sýningu. Hún sagði það hins vegar geðveika tilfinningu að leika á Nýja sviðinu í Borgarleikhúsinu og einnig gaman að fá þá aðstoð og þjónustu sem Borgarleikhúsið byði upp á. Það væri allt öðruvísi en að sýna í heimabyggð.

Guðrún Halla lagði til að aðalfundurinn sendi frá sér eftirfarandi ályktun:

Aðalfundur Bandalags íslenskra leikfélaga, haldinn á Hallormsstað 5. til 6. maí 2007 skorar á frambjóðendum til Alþingis að hlúa að blómlegu starfi áhugaleikfélaganna í landinu með því að kynna sér starf þeirra og auka þann fjárstyrk sem áhugaleikhúshreyfingin nýtur frá ríkisvaldinu. Áhugaleikhúsið er vaggja leiklistar í landinu og hornsteinn menningar í hverju byggðarlagi. Hjálpið okkur að halda landinu í byggð!

Samþykkt samhljóða.

19. Næsti aðalfundur, hugmyndir reifaðar um stað og stund

Guðrún Halla minnti á að haldin yrði einþáttingahátíð í tengslum við aðalfund 2008 og til þess þyrfti að vera aðstaða.

Halldór Sigurgeirsson sagði frá því að Freyvangs-leikhúsið væri að skoða málið, en ekki er vitað hvernig gistimálum verði háttað á svæðinu að ári.

Embla Guðmundsdóttir sagði frá því að leikdeild Umf. Reykdæla yrði 100 ára á næsta ári og vildi að því tilefni bjóða til þings í Reykholti.

Fráfarandi formaður og nýr formaður skiptu með sér fundarslitum:

Porgeir Tryggvason, nýkjörinn formaður Bandalagsins, þakkaði Guðrúnu Höllu allt hennar góða starf í stjórn Bandalagsins.

Guðrún Halla Jónsdóttir, fráfarandi formaður, þakkaði samstjórnarmönnum og samstarfsfólki á skrifstofu og annars staðar fyrir samstarfið. Hún tók þó fram að hún hefði hugsað sér að taka áfram þátt í því mikla starfi sem framundan væri. Hún kvaddi einnig skólastýrnar, Gunnhildi Sigurðardóttur og Sigríði Karlsdóttur sem starfað hafa fyrir Leiklistarskóla Bandalagsins frá upphafi, og bauð nýjar skólastýrur, Hrefnu Friðriksdóttur og Dýrleifi Jónsdóttur, velkomnar til starfa.

Fundi slitið

Myndir frá hátíðarkvöldverði



Þráinn Sigvaldason og Sigríður Lára Sigurjónsdóttir



Tinna Gunnlaugsdóttir og Guðrún Halla Jónsdóttir



Sigurlaug Gunnarsdóttir og Jón Gunnar Axelsson

ALLT FYRIR ANDANN

Sameiningarsöngur

Bandalags íslenskra leikfélaga

*Það mælti mín móðir
að mér skyldi kaupa
fleyg af fegursta víni.
En lát'eins og leikstjórinn
– lítið mig staupa'
en ég stressast svo þegar ég sýni.*

*Og botnlanginn brostinn
og bévítans sárin
í maganum, hvað ég er kvalinn.
Og gómana gleypti'
en ég gat gegnum tárin
brosað samt út í salinn.*

*Því ég er einskis dóttir, ég er einskis son
ég er ykkar systkin, það er engin von
í heimum fyrir handan
Bandalagið.
Sem elding leiftri inni mér
mitt annað heimili er hér
er allt fyrir andann
Bandalagið.*

*Og víst er að vörðinn
við vandlega stöndum
um menningararfinn okkar.
Af hugsjónahita
á hrollköldum ströndum
Íslands – því leikhúsið lokkar.*

*Sá grátur, sú gleði
sá galdur að skapa
fegurð oft furðu vekur.
En ef ég er álitinn
ærunni tapa
af að leika er ljóst ég er sekur.*

Því ég er einskis dóttir, ég er einskis son...

*Lag: Oddur Bjarni Þorkelsson og
Sigurður Illugason*

Texti: Oddur Bjarni Þorkelsson

Bandalag íslenskra leikfélaga

Ársreikningur 2006

Efnisyfirlit	Bls.
Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	2
Áritun endurskoðenda	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5–6
Skýringar og sundurliðanir	7–8

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórn og framkvæmdastjóri Bandalags íslenskra leikfélaga staðfesta hér með ársreikning Bandalagsins fyrir árið 2006 með áritun sinni.

Reykjavík 14. mars 2007

Stjórn:
 Guðrún Halla Jónsdóttir
 Jóna Vía
 Þórvör Eiríka Guðmundsdóttir
 Þórunn Þorgeirsdóttir
 Þórunn Þorgeirsdóttir

Framkvæmdastjóri:

Vilborg A. Valgarðsdóttir

Við undirritaðar, félagslegir skoðunarmenn Bandalags íslenskra leikfélaga, höfum yfirfarið ársreikning þennan fyrir árið 2006 og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík 6. mars 2007

Anna Jörunn Stefánsdóttir
 Anna Jörunn Stefánsdóttir

Hrefna Friðriksdóttir
 Hrefna Friðriksdóttir

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar Bandalags íslenskra leikfélaga

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings fyrir Bandalag íslenskra leikfélaga fyrir árið 2006. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, og skýringar nr. 1 - 7.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við viðurkenndar aðferðir við gerð óendurskoðaðra ársreikninga með það að markmiði að aðstoða Bandalag íslenskra leikfélaga við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi Bandalagsins og öðrum upplýsingum. Við höfum tekið ákveðna liði ársreikningsins til sérstakrar skoðunar og yfirfarið framsetningu hans í heild.

Við höfum ekki endurskoðað ársreikninginn og þar af leiðandi ekki sannreynt grundvöll hans.

Framsetning ársreikningsins er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju, og allar upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli koma þar fram.

Reykjavík 14. mars 2007

PricewaterhouseCoopers hf



Dýri Guðmundsson

Rekstrarreikningur ársins 2006

	Skýringar	2006	2005
Rekstrartekjur			
Árgjöld aðildarféлага		2.320.000	1.815.000
Ríkissjóðsstyrkur		6.701.234	6.498.668
Leiklistarskóli BÍL	1	2.006.200	1.689.000
Leiklistarhátíðin Leikum núna		0	2.028.050
www.leiklist.is	2	105.000	114.750
Aðrar tekjur	3	217.045	231.642
		<u>11.349.479</u>	<u>12.377.110</u>
Sala og útleiga:			
Sala á farða		2.475.362	1.675.545
Sala á handritum		350.513	322.587
		<u>2.825.874</u>	<u>1.998.131</u>
Rekstrartekjur samtals		14.175.353	14.375.241
Rekstrargjöld			
Kostnaðarverð seldra vara og fleira:			
Farði		1.570.406	997.695
Handrit		332.370	175.015
Afskrifaðar ónýtar vörur		42.091	41.571
		<u>1.944.867</u>	<u>1.214.281</u>
Leiklistarskóli BÍL	1	1.918.637	1.779.157
www.leiklist.is	2	167.398	277.584
Leiklistarhátíðin Leikum núna		0	3.197.563
Laun og launatengd gjöld	4	6.645.979	5.961.789
Ýmis rekstrarkostnaður	5	3.197.538	2.134.225
Afskriftir fastafjármuna	6	255.619	210.970
Vaxtagjöld		141.805	165.371
		<u>12.326.976</u>	<u>13.726.659</u>
		14.271.843	14.940.940
Hagnaður (tap) ársins		<u><u>(96.490)</u></u>	<u><u>(565.699)</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2006

Eignir	Skýringar	2006	2005
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	6		
Fasteign		17.410.000	14.690.000
Innréttingar og húsbúnaður		215.510	248.473
Áhöld og tæki		409.423	408.839
		<u>18.034.933</u>	<u>15.347.312</u>
Veltufjármunir			
Birgðir	7	1.593.298	1.636.821
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		214.538	133.139
Handbært fé		12.438	10.464
		<u>1.820.274</u>	<u>1.780.424</u>
Eignir samtals		<u><u>19.855.207</u></u>	<u><u>17.127.736</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2006

Eigið fé og skuldir	Skýringar	2006	2005
Eigið fé			
Höfuðstóll 1.1.		15.329.381	13.868.727
Endurmat fasteignar		2.720.000	2.026.353
Rekstrarhagnaður (tap)		(96.490)	(565.699)
		<u>17.952.891</u>	<u>15.329.381</u>
Skuldir			
Langtímaskuldir:			
Skuldabréfalán		0	28.942
Næsta árs afborgun		0	(23.153)
		<u>0</u>	<u>5.789</u>
Skammtímaskuldir:			
Bankareikningslán		1.382.343	1.522.960
Ýmsir skuldheimtumenn		76.082	97.915
Ógreidd laun og launatengd gjöld		443.891	147.440
Áfallnir vextir		0	1.098
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum		0	23.153
		<u>1.902.316</u>	<u>1.792.566</u>
Skuldir samtals		1.902.316	1.798.355
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>19.855.207</u></u>	<u><u>17.127.736</u></u>

Skýringar

1. Leiklistarskóli BÍL

	2006	2005
Tekjur		
Þáttökugjöld nemenda:		
Förðun I og II	378.000	96.000
Húsabakki - Þáttökugjöld nemenda	1.628.200	1.430.000
Fyrirlestrar - Þáttökugjöld nemenda	0	163.000
	<u>2.006.200</u>	<u>1.689.000</u>

Gjöld

Förðun I og II	289.767	112.000
Húsabakki	1.628.870	1.499.791
Fyrirlestrar	0	167.366
	<u>1.918.637</u>	<u>1.779.157</u>

2. www.leiklist.is

Tekjur

Auglýsingatekjur	100.000	109.250
Skráningagjöld	5.000	5.500
	<u>105.000</u>	<u>114.750</u>

Gjöld

Stuttverkasamkeppni	50.000	0
Hýsing vefs og áskrift þjónustu	77.558	117.584
Viðhald og endurbætur	39.840	160.000
	<u>167.398</u>	<u>277.584</u>

3. Aðrar tekjur

Vaxtatekjur	1.344	393
Tekjur vegna innheimtu höfundalauna	203.701	231.249
Gjafir	12.000	0
	<u>217.045</u>	<u>231.642</u>

4. Laun og launatengd gjöld

Laun starfsfólks	4.647.024	4.197.788
Lífeyrissjóðsgjöld	391.652	348.309
Sjúkra- og orlofssjóður	75.727	83.600
Tryggingagjald	285.701	246.092
Dagpeningar	1.245.875	1.086.000
	<u>6.645.979</u>	<u>5.961.789</u>

5. Annar rekstrarkostnaður

	2006	2005
Rafmagn, hiti og ræsting	389.260	232.972
Fasteignagjöld	304.607	265.265
Viðhald húsnæðis	0	20.000
Vátryggingar	105.319	95.528
Akstur og burðargjöld	167.227	145.626

Skýringar

Símakostnaður	68.855	65.623
Rífföng	23.321	49.081
Greiðsluseðlar og þjónustugjöld	54.215	25.001
Rekstur tölvukerfis	72.058	12.771
Kaffi og hreinlætisvörur	75.036	22.342
Kynningarstarf og auglýsingar	78.900	76.800
Stjórnarfundir	244.221	116.871
Aðalfundur BÍL	533.470	610.090
Aðalfundur IATA	0	183.558
Innheimtur kostnaður vegna aðalfundar BÍL	(310.000)	(438.700)
Haustfundur	684.650	0
Innheimtur kostnaður vegna haustfundar	(429.400)	0
Kostnaður vegna nefnda	55.162	43.138
Kostnaður v/funda NAR, NEATA og IATA	168.897	24.592
Félagsgjald IATA	53.637	43.841
Félagsgjald NAR	80.711	70.331
Félagsgjald Norræna félagsins	3.800	3.800
Félagsgjald Leiklistarsambands Íslands	16.000	16.000
Félagsgjald húseigendafélagsins	4.750	4.530
Ársuppgjör og kostnaður v/endurskoðunar	133.840	125.776
Pappír og prentun	129.942	0
Áskrift og bókakaup	91.358	72.116
Gjafir	82.215	25.266
Útgáfa ársrits	163.833	156.665
Smááhöld á skrifstofu	4.986	48.601
Stuttverkahátíðin Margt smátt	104.249	0
Annar kostnaður	34.685	16.663
Afskrifaðir reikningar	7.600	0
Fjármagnstekjuskattur	134	78
	<u>3.197.538</u>	<u>2.134.225</u>

6. Varanlegir rekstrarfjármunir

Fasteign er færð á fasteignamati í árslok.

	Fasteign	Innréttingar og húsbúnaður	Áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð 1/1	14.690.000	565.446	2.028.398	17.283.844
Fasteign færð á fasteignamat	2.720.000	0	0	2.720.000
Fjárfest á árinu	0	0	223.242	223.242
Heildarverð 31/12	<u>17.410.000</u>	<u>565.446</u>	<u>2.251.640</u>	<u>20.227.086</u>
Afskrifað 1/1	0	316.973	1.619.559	1.936.532
Afskrifað á árinu	0	32.963	222.656	255.619
Afskrifað 31/12	<u>0</u>	<u>349.936</u>	<u>1.842.215</u>	<u>2.192.151</u>
Bókfært verð 31/12	<u>17.410.000</u>	<u>215.510</u>	<u>409.425</u>	<u>18.034.935</u>

7. Birgðir

2006

2005

Birgðir greinast þannig:

Handrit	53.000	53.000
Farði	<u>1.540.298</u>	<u>1.583.821</u>
	<u>1.593.298</u>	<u>1.636.821</u>

LÖG BANDALAGS ÍSLENSKRA LEIKFÉLAGA

1. grein

Samtökin nefnast Bandalag íslenskra leikfélaga. Heimili Bandalagsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. grein

Bandalagið er landssamtök áhugaleikfélaga á Íslandi og kemur fram fyrir hönd leikfélaganna gagnvart íslenskum og erlendum yfirvöldum. Það gætir hagsmuna áhugaleiklistarinnar innan samtaka leikhúsfólks, t.d. í Leiklistarsambandi Íslands og fer með aðild Íslands að Norræna áhugaleikhúsráðinu, NAR, Norður-evrópska áhugaleikhúsráðinu, NEATA, og Þjóðlega áhugaleikhúsráðinu, IATA.

3. grein

Markmið Bandalagsins er að vinna að þróun og eflingu leiklistar á Íslandi.

Markmiði þessu hyggst það ná með því:

1. Að stuðla að uppbyggingu leiklistarstarfs í öllum byggðarlögum landsins.
2. Að gera áhugafólki kleift að afla sér menntunar í listinni og skapa því aðstöðu til að þroskast í menningarlegu og faglegu tilliti.
3. Að annast innkaup og sölu á varningi sem leiklistarstarfsemin þarfnast.
4. Að útvega leikverk og sjá um fjölrítun þeirra eða útgáfu.
5. Að útvega leikstjóra/leiðbeinendur sé þess óskað.
6. Að miðla upplýsingum og fræðslu á skilvirkan hátt.
7. Að kynna starfsemi íslenskra áhugaleikfélaga innan lands sem utan.
8. Að örva leikfélög til að leita nýrra leiða í leiklistarstarfi.

Til að auðvelda sér að ná markmiðum sínum rekur Bandalagið þjónustumiðstöð.

4. grein

Öll félög áhugamanna, sem hafa leiklist á stefnuskrá sinni og verja öllum sínum tekjum til viðhalds og uppbyggingar leiklistinni sjálfri og ekki eru tengd neinni stofnun, geta gerst aðilar að Bandalaginu. Heimilt er þó að veita leikfélögum aldraðra og öryrkja aðild, þó þau séu tengd stofnun, enda uppfylli þau önnur skilyrði um inngöngu. Upptökubeiðni þarf að vera skrifleg og skal fylgja afrit af lögum félagsins og upplýsingar um hverjir skipa stjórn þess. Hún skal borin undir atkvæði á stjórnarfundum og síðan borin upp til staðfestingar á næsta aðalfundi Bandalagsins. Gæta þarf þess að félagslög brjóti ekki í bága við lög Bandalagsins. Aðildarfélag greiða árgjöld til Bandalagsins samkvæmt ákvörðun aðalfundar þess. Gjaldddagi árgjalda er 1. september.

5. grein

Bandalagið aflar sér tekna með:

1. Opinberum styrkjum.
2. Árgjöldum félaganna.
3. Öðrum þeim leiðum sem stjórn og framkvæmdastjóri sameiginlega telja færar.

6. grein

a) Aðalfundur er æðsta vald Bandalagsins og skal hann haldinn eigi síðar en í september ár hvert. Stjórn Bandalagsins ákveður þingstað hverju sinni. Aðalfundur skal boðaður með minnst mánaðar fyrirvara. Í fundarboði skal tilgreina þingstað, fundartíma og dagskrá fundarins. Fundarboði skal fylgja fundargerð síðasta aðalfundar og reikningar Bandalagsins, svo og framkomnar lagabreytingartillögur. Tillögur til lagabreytinga skulu sendar þjónustumiðstöð Bandalagsins eigi síðar en 6 vikum fyrir aðalfund. Hvert aðildarfélag hefur eitt atkvæði á aðalfundi og skal einn fulltrúi fara með atkvæðið. Heimilt er að tilnefna annan fulltrúa til vara. Allir fundarmenn hafa málfrelsi og tillögurétt. Kjörbréf til handa fulltrúanum og varamanni hans skulu staðfest af formanni eða ritara viðkomandi félags og afhent starfsfólki þjónustumiðstöðvar fyrir fundinn.

- b) Verkefni aðalfundar skulu vera:
1. Fundarsetning. Kosning 2ja fundarstjóra og 2ja fundarritara, sem taka þegar til starfa. Lögmæti fundarins kannað.
 2. Kjörnefnd afgreiðir kjörbréf og afhendir atkvæðaspjöld, skýrir stöðu mála varðandi stjórnarkjör og auglýsir eftir tillögum.
 3. Menningarstefna Bandalagsins lesin og rædd.
 4. Inntaka nýrra félaga, félög tekin af félagaskrá.
 5. Fundargerð síðasta aðalfundar afgreidd.
 6. Skýrsla stjórnar.
 7. Framkvæmdastjóri leggur fram endurskoðaða reikninga síðasta árs og skýrir þá.
 8. Umræður um skýrslu stjórnar og afgreiðsla reikninga.
 9. Skýrslur nefnda og umræður um þær.
 10. Drög að starfsáætlun næsta árs kynnt og skipað í starfshópa.
 11. Kjörnefnd tilkynnir niðurstöður sínar og mælir með a.m.k. 1 aðila í hvert sæti sem kjósa skal í.
 12. Lagabreytingar.
 13. Tillögur lagðar fyrir fundinn.
 14. Starfsáætlun afgreidd.
 15. Stjórnarkjör.
 16. a. Kosning 3ja manna kjörnefndar og eins varamanns til eins árs.
b. Kosning 2ja félagslegra endurskoðenda og eins til vara til eins árs.
 17. Ákveðið árgjald til Bandalagsins.
 18. Önnur mál
 19. Næsti aðalfundur, hugmyndir reifaðar um stað og stund.
- c) Tillögur sem kjörnefnd getur ekki gert að sínum og tillögur sem berast eftir að kjörnefnd lýkur störfum skulu studdar af a.m.k. 3 atkvæðisbærum fulltrúum. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður útslitum mála á aðalfundi, þar sem annað er ekki tekið fram. Enginn getur farið með fleiri en eitt atkvæði á aðalfundi. Til lagabreytinga og brottvikningar úr Bandalaginu þarf 2/3 greiddra atkvæða á aðalfundi.
- d) Kveða skal til aukafundar ef tíu eða fleiri félög óska þess. Framkvæmdastjóri skal þá boða strax til aukafundar og skal hann haldinn innan eins mánaðar frá boðun. Aðalfundir og aukafundir eru löglegir og ályktunarhæfir ef löglega er til þeirra boðað.

7. grein

Stjórn Bandalagsins fer með æðsta vald Bandalagsins milli aðalfunda, hana skipi 5 menn, formaður, varaformaður, ritari og tveir meðstjórnendur. Þeir skulu kosnir á aðalfundi til tveggja ára í senn, þannig að annað árið er kosinn formaður og einn stjórnarmanna, en næsta ár þrjú stjórnarmenn. Formaður er kosinn sérstaklega, en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Á sama hátt skal kjósa ýmist tvo eða þrjú í fimm manna varastjórn, sem kveða skal til funda í forföllum aðalmanna. Kosningar skulu bundnar við uppástungur. Formaður boðar til stjórnarfunda. Halda skal minnst fjóra stjórnarfundi á ári og skulu fundargerðir sendar út til félaganna. Fundur er lögmætur ef minnst þrjú aðalmenn mæta.

8. grein

Stjórn ræður framkvæmdastjóra fyrir Bandalagið, svo og annað starfsfólk. Framkvæmdastjóri fer með framkvæmdavald í umboði stjórnar. Hann skal annast daglegan rekstur Bandalagsins og vinna að öðru leyti í samræmi við þessi lög. Um önnur nauðsynleg atriði skal fjalla í ráðningarsamningi. Framkvæmdastjóri er ábyrgur gagnvart stjórn Bandalagsins og aðalfundi þess. Hann, sem og annað fastráðið starfsfólk Bandalagsins, skal hafa málfrelsi og tillögurétt á aðalfundi. Starfsfólk Bandalagsins skal ekki fara með atkvæði einstakra félaga á aðalfundi.

9. grein

Starfsfólki Bandalagsins er heimilt að greiða fyrir einstaklingum, skólum og félögum utan Bandalagsins, enda sé því kunnugt að það brjóti ekki í bága við hagsmunum Bandalagsfélaganna. Fyrir slíka aðstoð áskilur Bandalagið sér þóknun.

10. grein

Kjörnefnd starfar milli aðalfunda. Skal hún kanna hug aðildarfélaganna til stjórnarkjörs og taka við tillögum.

11. grein

Reikningsár Bandalagsins er almanaksárið. Reikningar þess skulu settir upp af löggiltum endurskoðanda og skulu þeir vera tilbúnir fyrir endurskoðendur Bandalagsins eigi síðar en fjórum vikum fyrir aðalfund.

12. grein

Sérhvert aðildarfélag skal senda Bandalaginu ítarlega skýrslu um starfsemi sína, fyrir 10. júní ár hvert, á þar til gerðum eyðublöðum frá þjónustumiðstöðinni. Þar skal getið verkefna á leikárinu, fjölda leiksýninga, sýningarstaða og annars þess sem máli kann að skipta. Stjórn Bandalagsins er heimilt að setja nánari reglur um hvaða gögn þurfa að fylgja skýrslu.

13. grein

Aðildarfélögum er heimilt að stofna með sér sérsambönd og skulu þau vinna að sameiginlegum hagsmunamálum eftir því sem aðstæður leyfa. Lög og reglur skulu vera í samræmi við lög Bandalagsins.

14. grein

Sé árgjald aðildarfélags eigi greitt fyrir aðalfund missir félagið atkvæðisrétt sinn á fundinum. Vanskil á greiðslu árgjalds í tvö ár veitir stjórn Bandalagsins heimild til að víkja viðkomandi félagi úr Bandalaginu með samþykki aðalfundar. Aðalfundur getur vikið félagi úr Bandalaginu hafi það gerst brotlegt við lög eða samþykktir þess.

15. grein

Heimilt er að stofnsetja sjóði innan Bandalagsins, enda séu þeir ætlaðir til framgangs málefnum þess. Stjórnin setur reglur varðandi lán eða leigu Bandalagsins á eignum þess eða sameiginlegri eign Bandalagsfélaganna í vörslu Bandalagsins.

16. grein

Bandalagsfélög sem ferðast með leikrit til sýninga, skulu hafa samráð við leikfélög á fyrirhuguðum sýningarstöðum, svo sýningar þeirra skaði ekki viðkomandi félög. Óheimilt er að koma með sama verk til sýningar og verið er að æfa eða sýna á staðnum. Í sýningarferðum skulu Bandalagsfélögin aðstoða hvert annað eftir bestu getu.

17. grein

Hvert aðildarfélag hefur rétt til að skjóta öllum ágreiningsmálum sem rísa kunna í félaginu eða milli einstakra aðildarfélaga, til stjórnar Bandalagsins.

18. grein

Bandalagi íslenskra leikfélaga verður ekki slitið nema 4/5 atkvæðisbærra fulltrúa á aðalfundi séu því samþykkir. Stjórn Bandalagsins skal þó sitja áfram og boða til annars fundar 4–6 mánuðum síðar. Sé þá aftur samþykkt með 4/5 hluta atkvæða að slíta Bandalaginu skulu það heita lögleg félagsslit. Sé Bandalaginu þannig löglega slitið skulu allar eignir þess afhentar Menntamálaráðuneytinu til varðveislu og ávöxtunar.

19. grein

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi fallin eldri lög Bandalags íslenskra leikfélaga.

Samþykkt á aðalfundi Bandalags íslenskra leikfélaga, sem haldinn var að Efstalandi í Ölfusshreppi 2. júní 1990 að meðtöldum breytingum frá aðalfundum 1995, 1997, 2003 og 2006.

MENNINGARSTEFNA BANDALAGS ÍSLENSKRA LEIKFÉLAGA

Blómleg starfsemi og fjöldi leikfélaga hér á landi vitnar um að leiklistin er almennings-eign. Stór hópur fólks, óháð aldri, kyni og þjóðfélagsstöðu, nýtir frítíma sinn í skapandi starf og vinnur saman að leiklist. Bandalag íslenskra leikfélaga vill vinna að þróun og eflingu leiklistar með því:

- að stuðla að uppbyggingu leiklistarstarfs í öllum byggðarlögum.
- að gera áhugafólki kleift að afla sér menntunar í listinni og skapa því aðstöðu til að þróa leiklist í menningarlegu og faglegu tilliti.
- að stuðla að því að börn og unglingar kynnist leiklist, jafnt sem þátttakendur og áhorfendur.
- að starfa með atvinnufólki að því markmiði að leiklistinni verði ætíð tryggð þrívaxandi skilyrði.
- að stuðla að samskiptum og samvinnu leiklistaráhugafólks á norrænum og alþjóðlegum vettvangi.
- að hvetja til að listrænn metnaður og virðing fyrir leiklistinni sé leiðarljós allra áhugaleikara.
- að halda á lofti gildi þeirrar reynslu sem fæst með samstarfi og í samneyti við annað fólk.

Samþykkt á aðalfundi í Reykholti 5. maí 2001

Athyglisverðasta áhugaleiksýningin leikárið 2006–2007

Dómnefnd Þjóðleikhússins valdi athyglisverðustu áhugaleiksýningu leikársins 2006–2007 og varð sýning Leikfélags Fljótsdalshéraðs, *Listin að lífa eftir Sigríði Láru Sigurjónsdóttur*, fyrir valinu. *Listin að lífa* var sýnt í Kúlunni 7. og 8. júní sl. Tinna Gunnlaugsdóttir Þjóðleikhússtjóri flutti umsögn dómnefndar á hátíðarkvöldverði aðalfundar Bandalagsins 5. maí 2007.

Val Þjóðleikhússins á athyglisverðustu áhugaleiksýningu leikársins hefur nú farið fram fjórtánda leikárið í röð. Tíu leikfélög sóttust eftir að koma til greina við valið með alls 10 sýningar. Þar af kom eitt leikfélagið að tveimur uppsetningum. Dómnefnd Þjóðleikhússins í ár var skipuð Tinnu Gunnlaugsdóttur þjóðleikhússtjóra og Hlín Agnarsdóttur listrænum ráðgjafa Þjóðleikhússins.

Eftirtalin leikfélög sóttu um með þessar sýningar:

1. Halaleikhópurinn – *Batnandi maður eftir og í leikstjórn Ármanns Guðmundssonar.*
2. Hugleikur – *Epli og eikur eftir Þórunni Guðmundsdóttur í leikstjórn Odds Bjarna Þorkelssonar.*
3. Hugleikur og Leikfélags Kópavogs – *Bingó eftir Hrefnu Friðriksdóttur í leikstjórn Ágústu Skúladóttur.*
4. Leikfélag Fljótsdalshéraðs – *Listin að lífa eftir Sigríði Láru Sigurjónsdóttur í leikstjórn Odds Bjarna Þorkelssonar.*
5. Leikfélag Hornafjarðar – *Fiðlarinn á þakinu eftir Joseph Stein og Jerry Bock í leikstjórn Ingunnar Jensdóttur.*
6. Leikfélag Siglufjarðar – *Láttu ekki deigan síga, Guðmundur eftir Eddu Björgvinsdóttur og Hlín Agnarsdóttur í leikstjórn Guðjóns Sigvaldasonar.*
7. Leikdeild Umf. Íslendinga – *Maður í mislitum sokkum eftir Arnmund Backman í leikstjórn Ásu Hlínar Svavarsdóttur.*
8. Leikdeild Umf. Vöku í samstarfi við Umf. Baldur og Umf. Samhygð – *Draumur á Jónsmessunótt eftir William Shakespeare í leikstjórn Gunnars Sigurðssonar.*
9. Skagaleikflokkurinn – *Salka Valka eftir Halldór Laxness í leikstjórn Ingu Bjarnason.*
10. Stúdentaleikhúsið – *Examásjón í leikgerð og leikstjórn Guðjóns Þorsteins Pálmarssonar.*

Tvö leikfélög sóttu um eftir að umsóknarfrestur rann út, en það voru annars vegar Leikfélag Hveragerðis með *Jesus Christ Superstar* og hins vegar Leikfélag Vestmanneyja með *Himnaríki* eftir Árna Ibsen. Þau komu því ekki til álita við valið.

Við val á athyglisverðustu leiksýningu leikársins 2006–2007 hafði dómnefndin því miður ekki tók á að sjá allar ofangreindar sýningar í þeirra heimabyggð. Samkvæmt nýjum umsóknarreglum verða leikfélögin nú að senda inn mynddiska með upptökum af sýningum og í ár hefur það komið að verulegu gagni við valið.

Sýningar leikfélaganna voru þetta árið eins og öll hin fjölbreyttar, bæði hvað varðar innihald og útlit, en það sem vekur athygli er að helmingur sýninganna byggir á frumsömdu efni. Fjögur leikskáld úr röðum áhugamanna stíga á stökk og skrifa sérstaklega fyrir leikhópana en þau eru Ármann Guðmundsson, Hrefna Friðriksdóttir, Sigríður Láru Sigurjónsdóttir og Þórunn Guðmundsdóttir en þau hafa öll nokkra reynslu af starfi með áhugaleikhúshreyfingunni. Að auki skrifaði Guðjón Þorsteinn Pálmarsson með leikhópi Stúdentaleikhússins.

Það er afar ánægjulegt að kynnast þessari grósku í leikritaskrifum sem að okkar mati er verulega athyglisverð. Það er einnig athyglisvert að sjá hvað sum leikfélög leggja mikið á sig til að gera sýningar sínar sem bestar úr garði, ekki aðeins leiklega, heldur einnig þegar kemur að leikstjórn og sviðsetningu. Áhugaleikfélögin sýna dirfsku á mörgum sviðum m.a. í beitingu nýjustu tækni í ljósum, hljóði og myndvinnslu. Áður en kemur að því að tilkynna hvaða leiksýning hlýtur þann heiður að vera valin Athyglisverðasta leiksýning ársins vil ég nefna þær sýningar sem



Leikararnir, höfundur og þjóðleikhússtjóri

dómnefndinni þóttu koma til álita við valið:

Hugleikur og Leikfélag Kópavogs með Bingó eftir Hrefnu Friðriksdóttur fyrir samstilltan leik, snjallar sviðslausnir og hárfínar tímasetningar, enda ekki við öðru að búast þegar *Ágústa Skúladóttir* heldur um tauminn.

Hugleikur með Epli og Eikur eftir Þórunni Guðmundsdóttur í metnaðarfullri leikstjórn Odds Bjarna Þorkelssonar þar sem góður leikur og tónlistarflutningur voru í fyrirúmi.

Halaleikhópurinn með Batnandi maður eftir og í leikstjórn Ármanns Guðmundssonar, fyrir hressilega ádeilu á samskipti fatlaðra og ófatlaðra, tryggingakerfið og sértrúarsöfnuðina.

Leikfélag Fljótsdaldshéraðs með Listina að lífa eftir Sigríði Láru Sigurjónsdóttur fyrir vel skrifað leikrit í frumlegri upp færslu Odds Bjarna Þorkelssonar.

Stúdentaleikhúsið fyrir frumleg efnistöð í hópverkinu *Examinasjón undir stjórn Guðjóns Þorsteins Pálmarssonar* og ekki síst fyrir sýningarstaðinn í gömlu Kartöflugeymslunni í Ártúnsbrekku.

Auk þessara sýninga sýndu áhugaleikfélögin sígild verk eftir skáldjöfra eins og William Shakespeare og Halldór Laxness sem hlýtur að hafa mikið uppeldisgildi fyrir alla þátttakendur, sérstaklega þegar kemur að leiktúlkun og textameðferð.

Og þá er komið að því að veita viðurkenningu fyrir Athyglisverðustu áhugaleiksýningu ársins 2007. Eins og fyrri daginn reyndist þetta ekki létt verk, það var einfaldlega úr mörgu að velja. Dómnefnd hefur komist að þeirri niðurstöðu að velja að þessu sinni sem athyglisverðustu áhugaleiksýningu leikársins 2006–2007 sýningu *Leikfélags Fljótsdaldshéraðs á Listin að lífa eftir Sigríði Láru Sigurjónsdóttur í leikstjórn Odds Bjarna Þorkelssonar*.

Umsögn dómnefndar:

Í Listinni að lífa fer saman góð tilfinning höfundar fyrir því sem gerir texta áhugaverðan til flutnings á leiksviði sem og skapandi og frumleg úrvinnsla leikstjórans á efnivið höfundar. Leikritið lýsir lífi þriggja einstaklinga nánast frá vöggju til grafar og er margslungið í einfaldleika sínum. Höfundur fjallar m.a. um ást og vináttu, framhjáald og svik og gefur okkur leikræna mynd af þeim línudansi sem lífið stundum er. Leikendurnir þrír skila þessum línudansi af sannfæringu og skapa þannig eftirminnilegra sýningu. Í upp færslunni hefur leikstjórinn unnið meðvitað með leikmynd, liti, ljós og hljóð, allt til að ná fram áhrifum leiktextans og sérkennum persónanna í verkinu. Í heildina er Listin að lífa verulega athyglisverð leiksýning þar sem leiktexti mætir leiksviði í frjóu og fallegu samspili.



Úr sýningu Leikfélags Fljótsdaldshéraðs á Listin að lífa

Draumurinn um Þjóðleikhúsið

Práinn Sigvaldason, formaður Leikfélags Fljótshéraðs, segir frá.

Á aðalfundi BÍL á Hallormsstað í maí sl. var tilkynnt hvaða leikfélag yrði fyrir valinu með athyglisverðustu áhugaleiksýningu ársins. Ég var þá formaður Leikfélags Fljótshéraðs og þar með gestgjafi fundarins. Í krafti valdsins valdi ég sjálfan mig sem veislustjóra á hátíðarkvöldverðinum en það var einmitt þá sem valið var tilkynnt. Það var Tinna Gunnlaugsdóttir Þjóðleikhússtýra sem mætt var með innsiglað umslag en eiginmaður hennar var líka með.

Til að gera langa sögu stutta þá tilkynnti Tinna það að leikfélagið „mitt“ hefði verið valið og að leiksýningin Listin að lifa eftir Sigríði Láru Sigurjónsdóttur væri að fara í Þjóðleikhúsið á vordögum. Ég stóð eins og kertastjaki með tárin í augunum eftir valið og trúði varla mínum eigin eyrum. En jú ... þetta var víst satt og það þýddi að við þurftum að láta hendur standa fram úr ermum.

Strax eftir helgina, þegar víman var að mestu horfin, var farið að skipuleggja og undirbúa frægðarför í borgina. Það var í mörg horn að líta en eitt af því fyrsta var að fá Odd Bjarna leikstjóra aftur til okkar. Það gekk og fengum við æfingarhúsnæði á Eiðum. Þar setti Unnur Sveinsdóttir leikmyndina upp þannig að hægt væri að æfa. Leikfélagið sendi síðan sendinefnd suður til fundar við starfsmenn Þjóðleikhússins. Það voru þau Oddur Bjarni leikstjóri, Unnur leikmyndarhönnuður og Guðrún ljósahönnuður sem skipuðu sendinefndina. Þau sneru aftur glöð í bragði eftir velheppnaða för og greinilegt að samvinnan yrði góð.

Æfingar gengu vel en aðeins voru 3 leikarar í verkinu. Það voru þau Oddný Ólafía Sævarsdóttir, Eygló Daníelsdóttir og Práinn Sigvaldason (ég) sem fóru með hlutverkin í verkinu. Fljótlega kom þó babb í bátinn. Sviðsmaðurinn okkar var fluttur heim til Póllands, ljósamaðurinn var fluttur til Reykjavíkur og hljóðmaðurinn okkar var í sauðburði. Var þá farið í að finna fólk í staðinn. Ljósamaðurinn okkar gaf samt strax færi á sér og gat verið með okkur en við urðum að manna hinar tvær stöðurnar. Það gekk samt ljómandi vel og fljótlega urðum við aftur fullmönnuð.

Ákveðið var í samstarfi við Þjóðleikhúsið að við fengjum að sýna tvær sýningar. Sú fyrri yrði fimmtudaginn 7. júní og sú seinni föstudaginn 8. júní. Tíminn frá því að valið var tilkynnt þar til sýningar hófust var svakalega fljótur að líða en hann var þó nýttur vel. Á miðvikudeginum var nánast allt komið suður en við fengum að fara inn í húsið klukkan 16.00 á miðvikudeginum. Þá var allt sett á fullt við að setja upp leikmynd og ljós. Við vorum að vísu ekki mörg en það var greinilega valinn maður í hverju rúmi. Starfsmenn Þjóðleikhússins tóku vel á móti



Práinn Sigvaldason

okkur og veittu okkur góðan liðsstyrk.

Um miðnætti var allt komið upp og var þá farið upp á gistiheimili að halla sér. Að vísu varð Unnur eftir en hún var að mála til tvö. Morguninn eftir var svo mætt klukkan níu og var þá byrjað að ljósa „kjúa“. Það tók laaaaaaaangan tíma en svona um fjögurleitið var því að mestu lokið og var þá hægt að æfa smá.

Klukkan 20.00 hófst svo sýningin. Það var löngu orðið uppselt og konan í miðasöluinni sagði að símarnir væru búnir að vera rauðglóandi. Sýningin tókst frábærlega vel og áhorfendur virtust skemmta sér vel. Eftir sýningu var samt kærkomið að leggjast þreyttur upp í rúm og sofna.

Á föstudeginum gátum við leyft okkur að slaka á og versla ... ég hef reyndar aldrei upplifað þetta tvennt saman! Það varð fljótlega ljóst að það yrði líka uppselt á seinni sýninguna en símalínurnar loguðu aftur seinni daginn. Sýningin um kvöldið tókst líka mjög vel en eftir sýninguna var hafist handa við að rífa niður leikmyndina og ganga frá. Það var gert á klukkutíma! Eftir það átti að vera smá glens og glaumur en það var þá sem aldurinn sagði til sín og þreytan yfirbugaði lúinn líkamann.

Fyrir okkur sem tóku þátt í þessari ferð var þetta algjört ævintýri og ég hefði aldrei viljað missa af þessu. Ég vil þakka öllum þeim sem tóku þátt í ævintýrinu með okkur á einn eða annan hátt kærlega fyrir ... ég elska ykkur öll.

Práinn Sigvaldason.

Verkefni og skýrslur stjórna aðildarfélaganna leikárið 2006–2007



Prímadonnur

Freyvangsleikhúsið, Eyjafirði

Prímadonnurnar

eftir Ken Ludwig, þýðing og leikstjórn Saga Jónsdóttir.

Þátttakendur: 7 Sýningar: 18 Áhorfendur: 1.068

Rístruflanir

eftir Helga Þórsson, Pálma Þorsteinsson, Sverri Friðriksson og Elísabetu Friðriksdóttur, leikstjóri Ingólfur Þórsson.

Þátttakendur: 25 Sýningar: 2 Áhorfendur: 262

Halaleikhópurinn, Reykjavík

Batnandi maður

höfundur og leikstjóri Ármann Guðmundsson.

Þátttakendur: 35 Sýningar: 11 Áhorfendur: 3.325



Batnandi maður

Skýrsla stjórnar:

Á árinu voru haldnir 23 stjórnarfundir og 1 félagsfundur. Auglýst var eftir fólki í afmælisnefnd vegna 15 ára afmælis Halaleikhópsins 27.9. 2007.

Stjórn leikársins 2005–6 hafði þegar ráðið Ármann Guðmundsson til að skrifa og leikstýra verki í tilefni 15. afmælisársins.

Á félagsfundinum 23.9. 2006 kynnti Ármann leikritið *Batnandi maður*, sem hann var að skrifa fyrir leikhópin. Einnig kynnti hann leiklistarnámskeið sem haldið var í október.

Sigrún Sól Ólafsdóttir frá Einleikhúsinu, kynnti Þjóðarsálinu og óskaði eftir samstarfi við Halaleikhópin, okkur að kostnaðarlausu. Fjórtán félagar tóku þátt í þessu verkefni og létu vel af. PSN-samskipti safnaði styrktarlínum í leikskrá og veggspjald.

Mjög vel gekk að fá styrki úr ýmsum sjóðum, fyrir leiklist og tölvuljósaborði. Gjafabréf Halaleikhópsins eru til sölu hjá félaginu. Hala-félagar voru duglegir að sækja hin ýmsu námskeið, er varða leiklist og aðra starfsemi leikfélags. Halaleikhópurinn sendi frá sér eftirfarandi ályktun varðandi staðsetningu förðunarnámskeiðs, sem halda átti á skrifstofu BÍL á Laugavegi 96: Stjórn Halaleikhópsins samþykkti á stjórnarfundum 9. sept. sl. að mótmæla því harðlega að námskeið í leikhúsförðun á vegum Leiklistarskóla BÍL sé haldið í óaðgengilegu húsnæði. Við förum fram á að námskeiðið verði fært í aðgengilegt húsnæði. Við bjóðum fram húsnæði Halaleikhópsins, ef það hentar ykkur. Þrjú félagar Halaleikhópsins hafa áhuga á að sækja þessi námskeið. Stjórn Halaleikhópsins.

Viðbrögð urðu þau að Gunnhildur Sigurðardóttir skólameistari Leiklistarskólans hafði samband við Ásdís formann og sagði að það væri fullur vilji til að flytja öll námskeið á vegum skólans í Halann, þegar félagar í hjólastólum sæktu þau.

Halaleikhópurinn sendi 5 félagar á haustfund BÍL á Selfossi dagana 29. sept. til 1. okt. 2006 og tóku líka þátt í námskeiði í tengslum við hann. Ástæða þess að Halaleikhópurinn sendi svo marga félagar á fundinn að þessu sinni, var sú að á haustfundinum átti að halda málþing um Húsabakkaskóla, Leiklistarskóla Bandalagsins, í tilefni af tíu ára starfsafmæli hans. Einnig var haldið námskeið í stjórnun leikfélaga og þar sem svo margir voru nýir í stjórn, fannst okkur upplagt að fara á það og líklegt að við gætum nýtt okkur það að einhverju leyti. Á félagsfundinum þann 23. september 2006 var samþykkt ályktun til BÍL, sem afhent var þessa helgi. Ályktunin hljóðaði á þessa leið: Félagarfundur í Halaleikhópnum 23. september 2006 beinir þeim tilmælum til Leiklistarskóla Bandalags Íslenskra leikfélaga að námskeið á vegum skólans verði ávallt haldin á stöðum, sem eru aðgengilegir öllum. Fyrir hönd Halaleikhópsins: Allir félagsfundarmenn skrifuðu undir ályktunina.

Gefið var út eitt fréttabréf í vetur og stefnt að tveimur á ári. Fjölmargir Hala-félagar tóku þátt í „List án landamæra“.

Æfingar á leikritinu *Batnandi maður* eftir Ármann Guðmundsson, hófust 4. janúar 2007 og frumsýnt var þann 24. feb. 2007. Sýningar urðu alls 11. Fórum eftir skipulagsskrá Leikfélags Selfoss við uppsetningu á *Batnandi maður* og gekk það nokkuð vel.

Stjórnin ákvað í tilefni af 15 ára afmæli Halaleikhópsins að láta gamlan draum rætast, sem er að gefa sér nýtt tölvustýrt ljósaborð, converter og slatta af ljósabúnaði í afmælisgjöf. Þannig að nú verður tæknihlíð leikhússins okkar líka aðgengileg fótluðum. Tókum þátt í keppninni um Athyglisverðustu áhugaleiksyningu ársins, sem haldin er á vegum Þjóðleikhússins.

Batnandi maður var ein af fimm útnefndum, en höfðum við ekki erindi sem erfiði.

Stjórn þakkar öllum, fyrir samstarfið í vetur.

Ásdís Úlfarsdóttir formaður.

Hugleikur, Reykjavík**Epli og eikur**

eftir Þórunni Guðmundsdóttur, leikstjóri Oddur Bjarni Þorkelsson.
Þátttakendur: 17 Sýningar: 12 Áhorfendur: 685

Bingó – í samvinnu við Leikfélag Kópavogs

eftir Hrefnu Friðriksdóttur, leikstjóri Ágústa Skúladóttir.
Þátttakendur: 6 Sýningar: 9 Áhorfendur: 273

Einu sinni var ...

höfundar voru allir 12 þátttakendurnir, leikstjórar Benedikt Erlingsson og Charlotte Bøving.
Þátttakendur: 12 Sýningar: 3 Áhorfendur: 100

Munir og minjar

höfundur Þórunn Guðmundsdóttir, leikstjóri Rúnar Lund.
Þátttakendur: 2 Sýningar: 2 Áhorfendur: 100

Ástarævintýr

höfundur Sigríður Lára Sigurjónsdóttir, leikstjóri Hrefna Friðriksdóttir.
Þátttakendur: 5 Sýningar: 2 Áhorfendur: 100

Pappírspési

höfundur og leikstjóri Unnur Guttormsdóttir.
Þátttakendur: 3 Sýningar: 2 Áhorfendur: 100

Hver er þessi Benedikt?

höfundur Júlía Hannam, leikstjóri Kristín Nanna Vilhemsdóttir.
Þátttakendur: 2 Sýningar: 2 Áhorfendur: 100

Næturstaður

höfundur Sigurður H. Pálsson, leikstjóri Árni Friðriksson.
Þátttakendur: 3 Sýningar: 2 Áhorfendur: 100

Verðum í bandi

höfundur Árni Friðriksson, leikstjóri Sigurður H. Pálsson.
Þátttakendur: 3 Sýningar: 2 Áhorfendur: 100

Bónusförin

höfundur Þórunn Guðmundsdóttir, leikstjóri Sigurður H. Pálsson.
Þátttakendur: 5 Sýningar: 2 Áhorfendur: 100

Skurður

höfundur Sigurður H. Pálsson, leikstjóri Guðmundur Erlingsson.
Þátttakendur: 6 Sýningar: 2 Áhorfendur: 100

Jólasveinar eru líka kynverur

höfundur Nína Björk Jónsdóttir, leikstjóri Sigríður Lára Sigurjónsdóttir.
Þátttakendur: 4 Sýningar: 2 Áhorfendur: 120

Mikið fyrir börn

höfundur Hrefna Friðriksdóttir, leikstjóri Þórunn Guðmundsdóttir.
Þátttakendur: 5 Sýningar: 2 Áhorfendur: 100

Eigin raun

höfundur Sigurður H. Pálsson, leikstjóri Þórunn Guðmundsdóttir.
Þátttakendur: 2 Sýningar: 2 Áhorfendur: 100

Fyrir

höfundur Hrefna Friðriksdóttir, leikstjóri Kristín Nanna Vilhemsdóttir.
Þátttakendur: 2 Sýningar: 2 Áhorfendur: 100



Bingó



Epli og eikur



Jólabónus



Verðum í bandi



Skálað í tilefni verðlauna á Degi íslenskrar tungu

Hugleikur, Reykjavík, framhald

Priðjudagskvöld

höfundur Þórunn Guðmundsdóttir, leikstjóri Rúnar Lund.

Þátttakendur: 3

Sýningar: 2

Áhorfendur: 100

Priðji dagurinn

höfundur Sigurður H. Pálsson, leikstjórar Einar Þ. Einarsson, Eggert Hilmarsson, Hilmar V. Gunnarsson og Hjalti St. Kristjánsson.

Þátttakendur: 4

Sýningar: 2

Áhorfendur: 100

Skýrsla stjórnar:

Stjórn Hugleiks var þannig skipuð á árinu:

Sigurður H. Pálsson, formaður

Sigríður Lára Sigurjónsdóttir, varaformaður

Björn Margeir Sigurjónsson, ritari

Júlía Hannam, gjaldkeri

Hjalti Stefán Kristjánsson, meðstjórnandi

Varamenn voru Kristín Nanna Vilhelmsdóttir, Guðmundur Erlingsson og Silja Björk Huldudóttir.

Björn Margeir baðst undan stjórnarstörfum snemma vetrar. Síðan hefur Silja gegnt störfum ritara með aðstoð varaformanns, en fyrsti varamaður, Nanna, hefur farið með atkvæði Björns á stjórnarfundum.

Stjórnin hefur fundað tuttugu sinnum á starfsárinu. Það hefur mikið mætt á þessari stjórn og vil ég hér með þakka henni vel unnin störf.

Leikferðir

Fáeinum dögum eftir síðasta aðalfund var haldið af stað í fyrri leikferð sumarsins. „Undir hamrinum“ fór þar í sína þriðju, og trúlega síðustu, utanlandsferð, að þessu sinni til Rússlands. Flogið var til Moskvu, en síðan ferðast ýmist með lestum eða rútum um óravegu yfir þetta víðfeðma land. Sýningin var eina erlenda framlagið á býsna skrautlegri leiklistarhátíð sem haldin var í stórborgunum Élets og Lípetsk. Þá var sýnt á annarri hátíð, sem haldin var í sveitasælunni í Sjelykovo, austan Volgu, í bakgarði leikskáldsins Ostrovskís. Skemmst er frá því að segja að Hamarinn sló í gegn á báðum hátíðunum – kalt mat. Yfir þátttakendur rigndi beiðnum um blaðaviðtöl, sjónvarpsviðtöl og eiginhandaráritanir. Í Sjelykovo var svo leikmynd Hamarsins gefin þakklátum heimamönnum, enda varla gert ráð fyrir meira flakki þessarar sýningar, sem nú hefur farið á fjórar hátíðir í þremur löndum. Þessi ferð var mikið ævintýri, geysiskemmtileg en jafnframt reyndi oft á þolrifin, enda aðstæður allar oft harla ólíkar því sem íslenskir áhugaleikarar eiga að venjast.

Í byrjun ágúst var farin önnur leikferð. Í þetta sinn var það „Memento mori“, samstarfsverkefni Hugleiks og Leikfélags Kópavogs frá árinu 2004, sem farið var með alla leið til Færeyja. Þar var haldin leiklistarhátíð NEATA, Norður-evrópska áhugaleikhússambandsins, sem við höfum sótt áður. Sýnt var á Þjóðarpallinum svokallaða, sem kvað vera gömul mjólkurstöð. Sýningin gekk geysivel og fékk rífandi viðtökur. Reyndar þótti hátíðin öll takast vel og vera heimamönnum til sóma. Fljótlega eftir Færeyjafarðina var svo farið að leggja drög að því að sækja um þátttöku í hátíð IATA, alþjóðlega sambandsins, sem haldin verður í Masan í Suður-Kóreu nú í sumar. Skemmst er frá því að segja að Memento hefur fengið inni á þeirri hátíð, og er misríður hópur á leið til Kóreu í júlilok hvað sem tautar og raular, þótt fjáröflun fyrir ferðina gangi brösuglega.

Systur

Vetrarstarfið hófst með því að teknað voru aftur upp sýningar á Systrum eftir Þórunni Guðmundsdóttur í leikstjórn Þorgeirs Tryggvasonar. Full ástæða var til þess. Ekki var nóg með að færri hefðu komist að en vildu á síðustu sýningum vorsins, heldur hafði sýningin sópað að sér hinum eftirsóttu tréhausum Hrundar Ólafsdóttur. Sýning ársins, leikskáld ársins og aðalleikkonur ársins. Sýnt var fimm sinnum og var aðsókn prýðileg.

Epli og eikur

Fyrir áramót var auglýst eftir leikritum sem í boði væru sem vorverkefni félagsins. Sex leikrit voru lögð fram og samlesin. Stjórn hélt svo fund þar sem verkin voru vegin og metin, og reynt að komast að niðurstöðu um hvert þeirra hentaði best sem vorverkefni að þessu sinni. Öll þóttu verkin hafa sitthvað til síns ágætis, og flest eignuðust þau sína málsvara í slagnum, en niðurstaðan varð að valið var verkið „Epli og eikur“ eftir Þórunni Guðmundsdóttur.

Í framhaldinu var farið á stúfana að leita að leikstjóra. Oddur Bjarni Þorkelsson reyndist fús til verksins, og skrifað var undir samning við hann í eldhúsinu á Café Rosenberg, sem þá var óbrunnið. Þar held ég að hafi hæft kjafti skel. Oddur Bjarni gekk til þessa verk af eljusemi, hugmyndaauðgi, innsæi og með eindæmum faglegum og skipulegum vinnubrögðum. Flestum virðist bera saman um að útkoman hafi verið öllum hlutaðeigandi til sóma.

Ráðist var í að gefa út geisladisk með tónlistinni í verkinu, sem þykir mjög vel heppnaður. Upptökurnar fóru fram hér á Eyjarlóðinni, með nýkeyptum upptökugræjum félagsins. Framleiðslu disksins seinkaði því miður nokkuð, og á það eflaust nokkurn þátt í því að salan var ekki sem skyldi. Við sýtum það lítt, kostnaður var mjög hóflegur og það má alltaf pranga þessu inn á fólk smátt og smátt.

Bingó

Á haustdögum kom Hrefna Friðriksdóttir að máli við stjórn. Hin ástsæla Ágústa Skúladóttir reyndist hafa nokkurn tíma aflögu

frá störfum sínum við Þjóðleikhúsið og vildi óð og uppvæg verja honum til að setja á svið leikrit Hrefnu, Bingó. Það var inni í myndinni að gera þetta með Hugleik eða Leikfélagi Kópavogs, eða báðum félögum saman. Stjórnin tók þá afstöðu að það væri of stór biti fyrir okkur að gera þetta ein, en að samstarf við LK á svipuðum nótum og það sem gat af sér Memento mori ætti að rúmast innan vetraráætlunarinnar. LK leit eins á málin og ráðist var í verkefnið. Frá Hugleik kom hálf kastíð, nánar tiltekið kvenhluti þess. Þá útveguðum við höfund, aðstoðarleikstjóra, búninga- og leikmyndarhönnuð og hljóðmyndarhönnuð. Þetta síðarnefnda rúmaðist reyndar allt í sömu manneskjúnni, Hrefnu.

Bingó var frumsýnt þann 14. apríl og fékk góðar undirtektir. Þetta var með afbrigðum skrautleg sýning: flottur leikur og geysimikið að gerast.

Fljótlega birtust þó blikur á lofti. Til stóð að Leikfélag Kópavogs missti aðstöðu sína í Hjáleigunni. Þetta kom til nokkru fyrr en vonast var til, og neyddumst við til að stytta sýningatímabilið. Á síðustu stundu tókst að bæta inn aukasýningum, en engu að síður urðu sýningar færri en lagt var upp með, eða níu talsins. Það er ekki loku fyrir það skotið að sýningin verði tekin upp að hausti, en það ræðst líklega af húsnæðismálum Kópavogsmanna. Þá hefur komið til tals að fara fram á að Kópavogsbær bæti þær sýningar sem fella varð niður.

Kjallarinn

Á síðasta leikári gengum við til samstarfs við Þjóðleikhúsið um að vera reglulega með leikdagskrár í Þjóðleikhúskjallarinum. Eins og flestir vita gekk það framúrskarandi vel. Kjallaradagskrárnar urðu vítamínsprauta fyrir einþáttungaskrif höfundahópsins, tækifæri fyrir leikara, einnig þá sem ekki höfðu möguleika á að gefa kost á sér í stærri sýningar, og síðast en ekki síst spark í rassinn fyrir alla þá sem vettlingi gátu valdið til að ryðjast fram á leikstjórnarvöllinn. Ekki skemmdi fyrir að leikhúsið greiddi okkur rausnarlega fyrir.

Það var nokkurn veginn sjálfgeft fyrir nýja stjórn að leita eftir áframhaldandi samstarfi við Þjóðleikhúsið. Það reyndist auðsótt mál að halda dagskránum áfram, eins oft og okkur sýndist, en leikhúsið hafði séð að sér að því er varðar fjárhagshliðina. Í stað fastra greiðslna eins og áður sömdum við nú um að við sæjum um kassann og hirtum aðgangseyrinn. Það er skemmst frá því að segja að þó að uppgripin séu ekki eins og í fyrra, þá hafa kjallaradagskrárnar skilað góðum tekjum, eins og gjaldkeri greinir frá á eftir. Ekki sakar að með því að miðasala var á okkar höndum gátum við tekið aftur upp þá venju okkar að veita félögum aðgang að sýningum án endurgjalds.

Okkur þótti að við hefðum smurt okkur eilítið þunnt í fyrra, og sömdum því um fimm dagskrár í stað sjö áður. Sú sjötta bættist þó fljótlega við planið, tónlistardagskráin sem flutt var nú í fyrrakvöld og verður endurtekin annað kvöld.

Starfið í kjallarinum gekk prýðilega, ekki síst framan af.

Í október frumsýndum við sex einþáttunga og gekk það snurðulítið fyrir sig.

Nóvemberdagskráin var nokkuð sér á parti. Upphaflega var lagt upp með að hún yrði helguð einleikjum, og yrði afrakstur einleikjanámskeiðs og einleikjaskrifamarþons höfundahópsins. Kennarinn sem við réðum til að halda námskeiðið, Benedikt Erlingsson, gerði hins vegar breytingatillögu við þessa áætlun. Hann fékk með sér konu sína, Charlotte Böving, og kenndi á námskeiðinu það sem hann hefur getið sér gott orð fyrir, sagnamennsku. Þátttakendur fengu það verkefni að grafa upp sögu af einhverjum forfeðra sinna og -mæðra, og segja hana á skipulegan og leikrænan hátt. Úr þessu var svo gerð samhangandi dagskrá, límd saman með sönglögum. Þessi nýstárlega sýning mæltist afar vel fyrir.

Í desember tókst okkur loks að koma aftur saman jóladagskrá, eftir nokkurt hlé. Sýndir voru fjórir nýir jólaleikþættir og flutt jólaleg tónlist. Þessi dagskrá tókst vel og var með eindæmum vel sótt.

Þegar leið að febrúardagskránni varð ljóst að erfitt yrði að manna hana sem skyldi. Þar sem staðið hafði til að taka upp sagnadagskrána „Einu sinni var ...“ vegna fjölda áskorana var afraðið að nýta til þess þau kvöld sem okkur hafði verið úthlutað í febrúar.

Í apríl var planið að sýna aftur heilt kvöld af nýjum einþáttungum. Langt fram undir frumsýningu var mjög á reiki hve margir þeir yrðu: þegar ekki nema vika var eftir vorum við enn í óvissu um hvort við gætum troðið upp með tvo þætti eða sjö. Á endanum urðu þeir fjórir, en gripið var til þess ráðs að leiklesa valin atriði úr gömlum Hugleiksleikritum, sem uppfyllingarefni. Þetta mæltist býsna vel fyrir, og er ekki ólíklegt að meira verði gert af þessu.

Svo klykkjum við út með þessari flottu tónlistardagskrá núna.

Kjallaravinnan okkar er að sumu leyti farin að rúlla. Við erum kunnugri aðstæðum en við vorum í fyrra, og orðin nokkuð leikin í að setja saman dagskrár af þessu tagi. Engu að síður er rétt að staldra við það að það gekk ekki alveg vandræðalaust að fylla upp í allar dagskrárnar, jafnvel þótt þær væru einni færri en í fyrra, og að við ættum að vera betur undir vinnuna búin. Helsti flöskuhálsinn virðist vera leikstjórar. Það má lítið út af bregða til að svo saxist á leikstjórahópinn að erfitt verði að koma saman dagskrá, eins og sannaðist í apríl. Í ljósi þessa er stjórn með hugmyndir um að efna til einhvers konar leikstjóranámskeiðs á næsta starfsári.

Samstarfið við leikhúsið hefur gengið upp og ofan. Ekki er við neinn þar að sakast, en oft og tíðum er erfitt að koma við undirbúningi í húsinu, og stundum erfitt að fá skýr svör um mögulega sýningardaga. Það hefur líka komið fyrir að lítið hafi verið um drykkjarföng í húsinu. Þetta er þó allt víðráðanlegt. Mér finnst einboðið að við sækjumst eftir því að halda þessu starfi áfram. Þótt það hafi kannski ekki verið sú vítamínsprauta, eða eigum við að segja spark í rassinn, sem það var í fyrra, þá heldur það okkur enn við efnið, skilar frómt frá sagt ansi miklu af góðri leiklist, og er aukinheldur fitandi fyrir buddu félagsins. Nýjustu fréttir herma reyndar að það sé allsendis óvíst að nokkur starfsemi verði í Þjóðleikhúskjallarinum næsta vetur. Við vonum samt enn það besta.

Námskeið

Ný stjórn ákvað fljótt að standa fyrir veglegu námskeiðahaldi á starfsárinu. Þessu var fylgt eftir, og urðu námskeiðin alls þrjú. Í september kenndi Agnar Jón Egilsson námskeið fyrir leikara, ætlað bæði byrjendum og lengra komnum. Þátttakendur voru eitthvað um tuginn, og voru fæstir Hugleikarar áður en námskeiðið hófst. Eitthvað fjölgaði þeim þó meðan á námskeiðinu stóð, og var vel látið af námskeiðinu.

Í október komu hjónin Benedikt Erlingsson og Charlotte Böving og kenndu list sögumannsins. Afrakstur námskeiðsins var sagnadagskráin „Einu sinni var“, sem gerð er grein fyrir á öðrum stað.

Í febrúar var svo haldið höfundanámskeið þar sem Bjarni Jónsson var leiðbeinandi. Þar mun hafa verið skorin upp herör gegn hortittum.

Höfundastarf

Höfundahópurinn hefur heldur betur skilað sínu á árinu, sem fyrr undir styrkri stjórn Þórunnar Guðmundsdóttur. Ekki hafa höfundarnir síst verið iðnir við stuttverkaskrifin, eins og sjá má á efni kjallaradagskránna og sívaxandi safni ósýndra þátta í handritasafninu á vef félagsins. Sérstaklega má geta þess að Hrefna Friðriksdóttir hlaut 2.–3. verðlaun í Stuttverkasamkeppni Leiklistarvefsins fyrir verk sitt, Einu sinni sem oftár.

Samantekt

Tökum þetta nú saman: Á leikárinu tók Hugleikur upp eina sýningu í fullri lengd frá fyrra ári, frumsýndi aðra upp á eigin spýtur og þá þriðju í samvinnu við Leikfélag Kópavogs. Þá voru sýnd fjórtán stuttverk og ein sagnadagskrá og flutt ógrynni af tónlist. Haldin voru þrjú námskeið og farið í tvær leikferðir. Þátttakendur í öllum þessum verkefnum nálgast niunda tuginn.

Kaup – tæki og píanó

Eins og fyrr sagði voru á árinu keypt tæki til hljóðupptöku. Hér er um að ræða bæði tæki og hugbúnað sem gerir mögulegt að gera tæknilega fullkomnar upptökur með aðstoð tölvu með afar litlum tilkostnaði. Það er að verða að venju hjá Hugleik að taka upp tónlist til útgáfu alltaf þegar tilefni er til, og er það vel. Kostnaður við slíka útgáfu er orðinn það lítil að mér liggur við að segja að það sé skylda okkar að gefa áhorfendum kost á að kaupa disk með tónlist úr sýningum alltaf þegar um slíkt er að ræða, sem er óneitanlega oft. Í þessu samhengi má nefna að síðasta árið hefur formaður haft fyrir sið að apa eftir Kató eldri og leggja til á hverjum stjórnarfundi að tónlistin úr Sirkus verði tekin upp.

Þegar leið að frumsýningu á Eplum og eikum kom upp nokkur vandræðagangur í sambandi við píanó. Sá möguleiki var fyrir hendi að flytja gamla Rauð herna upp í Möguleikhús, en fyrir utan bakheilsu félagsmanna þótti sá gripur ekki henta að öllu leyti, auk þess sem hann hefði verið býsna fyrirferðarmikill á því litla sviði. Þórunn Guðmundsdóttir fór á stúfana til að leita að hentugu rafmagnspíanói, og Anna Bergljót Thorarensen rauk til og narraði Glitnismenn til að styrkja píanókaupin næstum því upp í topp.

Vefurinn

Engin stórtíðindi urðu svo sem í vefmálum félagsins. Fáeinir nýir möguleikar bættust við. Þar má helst nefna kynningarsíður fyrir sýningar, birtingu á fundargerðum fyrir innmúraða og innvígða og loks kerfi til að auðvelda miðasölufólki að halda skipulega utan um pantanir.

Þá má nefna að vefurinn flutti. Hann fór reyndar ekki langt, kannski svona þrjá metra, en færðist á tölvu sem er blíðari við hljóðhimnur lénsherra.

Loks var ráðið til atlögu við kostnað við hýsingu á léninu og netföngum. Hvort tveggja er nú hýst hjá ókeypis þjónustum, og sparar þetta félaginu eitthvað um 20–30 þúsund á ári. Þegar upp er staðið kostar rekstur vefsins félagið nú aðeins árlegt lénsskráningargjald.

Lénsherra er yfir sig meðvitaður um það að á stundum hefur óþarflega langur tími liðið milli þess að nýjar fréttir hafi birst á vefnum. Ætlunin er að taka það mál föstum tökum í samvinnu við nýjan ritara.

Vetrardagskrá

Í haust var tekið upp á þeirri nýbreytni að gefa út vetrardagskrá félagsins. Prentaður var litríkur bæklingur í nokkrum fjölda eintaka, og reynt að dreifa honum sem víðast. Ekki fór hjá því að það væru nokkrar eyður í dagskránni, t.a.m. var vorverkefnið enn óráðið.

Lógó

Ein af þeim flugum sem stjórnin fékk í höfuðið var að endurnýja merki félagsins. Myndlistarkonan og grafíski hönnuðurinn Aðalbjörg Þórðardóttir tók að sér að vinna verkið fyrir lítið og var nýja merkið afhjúpað á framhaldsaðalfundi síðastliðið haust. Gamla hrútshaus-hugmyndin var höfð til hliðsjónar, og þykir útkoman að ég held ansi góð. Ætlunin er, og hefur raunar dregist fram úr hófi, að láta gera boli með nýja lógóinu.

Viðurkenningar

Hugleikur hefur hlotið ýmsar viðurkenningar í gegnum tíðina, en í ár tók steininn úr.

Hrund Ólafsdóttir reið á vaðið á sumri liðnu með því að veita Hugleik sérstakan heiðurstréhaus „fyrir kraft, þor og frumsköpun“ á leikárinu 2005–2006. Næst var það menntamálaráðuneytið. Á degi íslenskrar tungu, 16. nóvember, var Hugleik veitt sérstök viðurkenning fyrir stuðning við íslenska tungu. Ég leyfi mér að vitna í rökstuðning ráðgjafarnefndar:

„Áhugaleikhópurinn Hugleikur hefur um árabil verið vettvangur nýsköpunar, spéspegla og skapandi útúrnsúninga gagnvart íslensku máli og klassiskum bókmenntum. Hópurinn hefur starfað í 22 ár og er þar með elsti starfandi áhugaleikhópur í Reykjavík. Athygli vekur að verkin sem Hugleikur setur á svið eru öll skrifuð innan hópsins, þannig er hann þarft og merkt athvarf áhugamanna um leikritaskrif og hvetjandi vettvangur hópvinna þar sem tungumálið er eitt helsta tjáningartækið. Innan Hugleiks hefur og þróast sérstakur leikstíll þar sem áhugaleikararnir ýmist ýkja eða stíga út fyrir áhugamenskuna og gera hana þannig að rannsóknarefni. Uppsetningar Hugleiks eru yfir eitt hundrað talsins og sum verkanna hafa verið tekin upp af öðrum leikfélögum. Þá hafa nokkrir höfundar fært sig upp á skaft atvinnumenskunnar eftir að hafa hlotið þjálfun í herbúðum Hugleiks. Hugleikur leitar gjarnan fanga í íslenskum þjóðsagnaarfi og bókmenntum, en fylgist einnig með þjóðmálum í samtíma. Elja þessa áhugaleikhóps og samfella í starfi er til fyrirmyndar og sýn félaganna á íslenska tungu er bæði skapandi og smitandi“.

Þá var eftir að fullkomna þrennuna. Eins og margir vita hefur Reykjavíkurborg stutt starf Hugleiks í gegnum árin. Árum saman höfum við sótt um styrk til borgarinnar árlega og einatt fengið. Í fyrra var auglýst eftir umsóknum um svokallaða

samstarfssamninga við borgina. Við sóttum um, og fengum þriggja ára samstarfssamning við borgina, að upphæð 400.000 kr. á ári. Nú er þetta svipuð fjárhæð og við höfum gjarnan fengið til starfsins undanfarin ár, en þetta er engu að síður stórt skref. Óvissu um styrk næsta árs er með þessu eytt, og ekki er minna um vert að í þessu felst enn ein viðurkenningin: slíkir samningar eru ekki veittir öðrum en hópum sem sannað sig og sýnt að þeim megi treysta til að skila sínu. Þarna erum við t.d. í hópi með Lúðrasveit Reykjavíkur, Vesturporti og Heimilda- og stuttmyndahátíð í Reykjavík. Það er engum blöðum um það að fletta að Hugleikur er nú viðurkennt leikfélag.

Embætti

Það dylst engum sem fylgst hefur með starfi Hugleiks að félaginu hefur vaxið fiskur um hrygg síðustu árin. Síðustu tvö starfsárin hefur umfang starfseminnar verið meira en nokkru sinni. Þessu mikla starfi fylgir það að handtökunum fjölga. Stjórn ætlar ekki að kveinka sér undan álaginu, og tekið skal fram að fjöldamargir hafa hlaupið undir bagga og tekið að sér ýmis störf. Engu að síður fylgir því bæði fyrirhöfn og óvissa að þurfa sífellt að krækja í fólk til að taka að sér eitt og annað sem þarf að gera. Þess vegna hefur stjórnin tekið saman tillögur um ráð og embætti, í því augnamiði að leggja tiltekin mál í hendurnar á fólk sem hefur á þeim áhuga og getur sinnt þeim samfelld allt starfsárið. Það er ekki hugmyndin með þessu að gera hlutina flóknari, þvert á móti á þetta að geta sparað bæði tíverknad og þessi tilfelli sem koma óneitanlega oft upp, þar sem allir halda að einhver annar hafi ætlað að gera eitthvað sem þurfti að gera.

Lokaorð

Ég held að við megum vera mjög sátt við starfsárið sem er að líða. Þótt við höfum kannski ekki gefið í, þá höfum við haldið dampinum. Það vissu það auðvitað allir fyrir að Hugleikur væri kominn til að vera. Trúlega hefur ekkert áhugaleikfélag á Íslandi nokkru sinni haft eins mikil umsvif og Hugleikur hefur haft síðustu árin. Nú bætist það hins vegar við að Hugleikur er orðinn „viðurkennt leikfélag“. Það leggur okkur skyldur á herðar. Þó ekki væri nema það að félagið er bókstaflega skuldbundið samkvæmt samningnum við borgina að standa fyrir sýningum næstu þrjú árin. Til Hugleiks eru gerðar væntingar. Ekki má svo gleyma því að væntingarnar snúast ekki einungis um magn: þær snúast miklu frekar um metnað og gæði. Hugleikur er þekktur af góðum verkum, og þess er vænst að hann geri áfram góða hluti.

Það efast vonandi enginn um að Hugleikur er þess umkominn að standa undir þessum væntingum. Allt er þetta spurning um fólk. Sem fyrr sagði er það mikill fjöldi sem kemur að starfi félagsins, og þótt sumir dragi sig í hlé þá virðast skörðin hafa tilhneigingu til að fyllast. Það er engin ástæða til annars en að horfa með bjartsýni fram á veginn.

Hugleikur býst við því að hver maður geri skyldu sína.

Sigurður H. Pálsson, formaður.

Leikdeild Umf. Vöku

Draumur á Jónsmessunótt

höfundur William Shakespeare, þýðandi Helgi Hálfðanarson, leikstjóri Gunnar Sigurðsson.

Þátttakendur: 32

Sýningar: 11

Áhorfendur: 590

Ársskýrsla leikdeildar 2006:

Stjórn leikdeildar Umf. Vöku skipuðu:

Formaður – Þorsteinn Logi Einarsson

Gjaldkeri – Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir

Ritari – Guðmunda Ólafsdóttir



Drømmer på Jónsmessunótt

Á árinu var ekki sett upp nein leiksýning og lá því starfið niðri í byrjun

árs en hófst svo á nýjan leik í haust og einkenndist þá af fundahöldum við Samhygðar- og Baldursmenn um hugsanlega stofnun nýrrar leikdeildar og samstarf um verkefni næsta leikárs. Ákveðið var að setja upp leikrit á næsta ári og var Gunnar Sigurðsson ráðinn sem leikstjóri verksins. Til að hann gæti skoðað hópinn var haldið tveggja daga leiklistarnámskeið sem var vel sótt af yngri kynslóðinni en hefði mátt sjá meira af eldri og reyndari andlitum.

Á árinu fóru félagar úr leikdeildinni og sóttu ýmis leiklistartengd námskeið. Kolbrún Júlíusdóttir og Erla Björg Aðalsteinsdóttir fóru á tveggja daga förðunarnámskeið og Stefán Ólafsson fór á viku langt leiklistarnámskeið í Svarfaðadal. Leikdeildin stóð við bakið á þeim fjárhagslega varðandi námskeiðin og það er vonandi að það sem þau lærðu komi að góðum notum í framtíðinni hjá félaginu okkar.

Núna strax á nýju ári mun uppsetning nýs leikverks hefjast og við vonum að sem flestir séu tilbúnir til þess að rétta fram hjálparhönd og hjálpa okkur við uppsetningu verksins því í mörg horn er að líta.

F.h. leikdeildar Umf. Vöku, Guðmunda Ólafsdóttir.

Drög að ársskýrslu 2007:

Aðalfundur leikdeildar Umf. Vöku var haldinn 2. janúar 2007.

Í stjórn deildarinnar voru kosin.
Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir, formaður
Þorsteinn Logi Einarsson, gjaldkeri
Guðmunda Ólafsdóttir, ritari.

Leikdeild Umf Vöku ákvað að setja upp leikverk vorið 2007. Var ungmennafélagunum Baldri og Samhygð boðin þátttaka. Ákveðið var að sýna *Draum á Jónsmessunótt* eftir William Shakespeare. Leikstjóri var Gunnar Sigurðsson og hófust æfingar í janúar. Sýnt var í félagsheimilinu Þingborg, Flóahreppi og var frumsýning 10. mars. Alls urðu sýningar 11 talsins og tæp 600 manns komu og sáu sýninguna. Henni var mjög vel tekið og hlaut góða dóma í umfjöllunum fjölmiðla og gagnrýnenda. Leikdeild Umf. Vöku sá alfarið um rekstur sýningarinnar. Ungmennafélagin Baldur og Samhygð sýndu verkefninu mikinn áhuga og komu nokkrir leikarar og sjálfboðaliðar úr þeirra röðum. Öll vinna við uppsetningu sýningarinnar eru unnin í sjálfboðavinnu, fyrir utan leikstjórn og ljósaönnun. Það voru því mörg handverkin sem aðstandendur sýningarinnar unnu, m.a. að stækka og endurbæta leiksvið í félagsheimilinu Þingborg, smíða leikmynd, sauma búninga, útfæra förðun, sjá um auglýsingar, afla styrkja og svo mætti lengi telja. Er öllu því góða fólki sem aðstoðaði við uppsetningu sýningarinnar þakkað kærlega fyrir. Til stendur í haust að reyna að koma félagsmönnum okkar á námskeið í leikhúsförðun. Einnig væri gaman að reyna að koma okkar fólki á námskeið í ljósaönnun og/eða tæknistjórnun, en það á eftir að koma í ljós hvernig til tekst með það.

Guðmunda Ólafsdóttir, ritari.

Leikfélag Dalvíkur

Sambúðarverkir

höfundar Freyr, Júlíus, Lovísa, Ingibjörg, Sólveig og Arnar, leikstjóri Saga Jónsdóttir.

Þátttakendur: 26 Sýningar: 11 Áhorfendur: 479

Þú ert í blóma lífsins fiflið þitt

eftir Davíð Þór Jónsson og Unglingad. Lf. Hafnarfjarðar, leikstjórn Arnar Símonarson.

Þátttakendur: 30 Sýningar: 11 Áhorfendur: 566



Sambúðarverkir



Þú ert í blóma lífsins fiflið þitt

Skýrsla stjórnar:

Haldinn var árlegur aðalfundur Leikfélags Dalvíkur í nóvember á síðasta ári. Fundurinn var haldinn í Ungó, leikhúsi félagsins. Kosið var til stjórnar á þessum fundi og örliðlar breytingar urðu á stjórnarskipan.

Stjórn LD leikárið 2006–7 er þannig skipuð:

Arnar Símonarson, formaður
Sólveig Rögnvaldsdóttir, varaformaður
Lovísa María Sigurgeirsdóttir, gjaldkeri
Dagbjört Sigurpáldóttir, ritari
Klemenz Bjarki Gunnarsson, meðstjórnandi
Elínros Jóhannsdóttir, varastjórn
Kristín Svava Stefánsdóttir, varastjórn
Friðrik Sigurðsson, varastjórn

Á fundinum var farið yfir starfsemi Leikfélags Dalvíkur árið á undan og reikningar lagðir fram til skoðunar og umsagnar. Gerðar voru tillögur að heiðursfélaga LD og tillögur þessa efnis samþykktar. Þá voru ýmis mál rædd, s.s. í tengslum við lög félagsins, framkvæmdir á húsnaði félagsins og fleira. Í lok fundar var boðið upp á kaffi og kökur.

Í maímánuði 2006 kom stjórn LD sérstaklega saman og fundaði vegna haustverkefnis fyrir starfsár félagsins 2006–2007. Ákveðið var að efna til höfundarsmiðju og fá 8 aðila í Dalvíkurbyggð til að vinna að sameiginlegu verkefni fyrir félagið. Var formanni og varaformanni falið að hafa samband við þessa ákveðnu aðila og semja um framkvæmd. Viðkomandi fengu allir verkútboð, ákveðinn ramma eða umgjörð til að vinna eftir, en annars var viðfangsefnið sem slíkt innan þess ramma gefið frjálst. Skemmst er frá að segja að 6 af 8 aðilum skiluðu verkum sínum til félagsins í lok september og strax þá var farið að vinna með leikstjóra að samþættingu og undirbúningi fyrir æfingar. Leikstjóri var fenginn frá Akureyri, Saga Jónsdóttir. Nokkuð erfiðlega gekk að manna verkið í byrjun, en þegar búið var að fá fólk til starfans gengu æfingar almennt vel. LD fékk gestaleikara úr Hrísey til að taka þátt í uppfærslunni og var fenginn til leiksins Aðalsteinn Bergdal. Mikil kátina ríkti í litla leikhúsinu Ungó á æfingartímabilinu og góður andi var í hópnum, samstaða og kátina.

Frumsýnt var föstudaginn 17. nóvember. Leikverkið bar yfirheitið Sambúðarverkir. Um var að ræða verk byggt á 5 einþáttungum. Höfundar einþáttunganna voru Lovísa María Sigurgeirsdóttir, Freyr Antonsson, Júlíus Júlíusson, Ingibjörg Hjartardóttir, Arnar Símonarson og Sólveig Rögnvaldsdóttir. Þættirnir áttu það allir sameiginlegt að þeir gerðust í raðhúsi á ónefndum stað.

Þá gerðust þeir allir líka á einum og sama deginum. Leikendur voru 14 talsins og margir komu fram í fleiru en einu hlutverki. Þá er gaman að geta þess hér, að óvenju margir nýir aðilar voru að þreyta frumraun sína á sviðinu í Ungó þetta árið. Uppsetning þessi var nokkuð öðruvísi miðað við fyrri uppfærslur, þar sem töluvert mikið var lagt í bæði undirbúning og alla umgjörð verksins. Meðal annars var leikmyndahönnuðurinn Þórarinn Blöndal fenginn til að vinna leikmynd og Pétur Skarphéðinsson til að hann lýsingu. Verk þetta var sýnt fram í byrjun desember, en þá fóru allir í langt og gott jólafrí. Sýningar voru teknar aftur upp milli jóla og nýárs. Sýningar á Sambúðarverkjum urðu 11 talsins og aðsókn var þokkaleg.

Rétt eftir áramótin tóku nokkrir félagar í LD þátt í söngdagskrá með Karlaþór Dalvíkur í Dalvíkurkirkju, þar sem þeir léku Bakkbræður og föður þeirra. Guðmundur Óli Gunnarsson hafði veg og vanda af þeirri dagskrá. Meðal annars var farin ferð til Reykjavíkur og þar tekið þátt í tvennum tónleikum með kórnum. Gekk allt samstarf við Karlaþórinn afar vel.

Leikfélag Dalvíkur og Dalvíkurskóli gerðu með sér samstarfssaming á leikárinu og unnu saman að uppsetningu á leikverki með unglingum í janúar og febrúar. Í vetur var leiklist kennd sem valgrein í 9. og 10. bekk og samtals sóttu 16 nemendur þessa faggrein. Leiklistarhópurinn fékk aðstöðu í Ungó og þar var æft leikverkið Þú ert í blóma lífsins fíflíð þitt! eftir Davíð Þór Jónsson og Unglingadeild Leikfélags Hafnarfjarðar. Leiðbeinandi leikhópsins og leikstjóri uppfærslunnar var Arnar Símonarson. Stjórnarmeðlimir LD komu að skipulagningu og sáu um alla umsýslu, en Dalvíkurskóli sá um alla kostnaðarhliðina í tengslum við uppsetninguna. Leiklistarhópurinn var skemmtilega samansettur, allt afar áhugasamir krakkar og skemmtilegir – og samstaða var almennt ríkjandi, sem og dugnaður. Æft var síðdegis og á kvöldin, alla virka daga. Reynt var til hins ítrasta að koma til móts við leikara með tilliti til annarrar frístundaiðju. Verkið sem slíkt er fjörugt og lifandi, en það fjallar í meginatriðum um lífið og tilveruna frá fæðingu og fram á fullorðinsár. Arnar lagaði handrit til að nútímanum í einstaka atriðum, tók út eitt og annað og bætti við eftir því hann taldi besti kostur. Þótti takast vel til og dómar voru almennt jákvæðir. Sviðsvinna var í höndum Friðriks Sigurðssonar. Pétur Skarphéðinsson sá um ljósaðhönnun, Kristján Guðmundsson og Aron Óskarsson sáu um hljóð og ljósa-keyslu. Guðný Ólafsdóttir hannaði leikskrá og umsýslu með miðasölu var í höndum Lovísu Maríu Sigurgeirsdóttur. Þetta verk var frumsýnt fimmtudaginn 22. febrúar og sýningar urðu 11 talsins. Nokkuð góð aðsókn var að uppfærslunni. Miðaverði var stillt í hóf, 550 kr. fyrir börn á grunnskólaaldri en 750 kr. fyrir fullorðna.

Á aðalfundi í október 2005 var samþykkt, með öllum greiddum atkvæðum, að gera breytingar á lögum félagsins hvað varðar félagaskráningar. Frá stofnun félagsins hefur ekki verið innheimt árgjald í LD, en það hefur gert það að verkum að frekar erfitt er að halda utan um félagatal og fleira í tengslum við almenna starfsemi. Á þessum aðalfundi var samþykkt að hafa árgjald í LD kr. 1.500 á ári, en félagsmenn fá jafnframt þá einn frímiða á allar uppfærslur félagsins. Svo virðist sem þetta fyrirkomulag sé að virka ágætlega. Leikárið 2005–2006 voru félagar í LD 30 talsins. Nú, þegar þessi skýrsla er unnin eru 43 félagar skráðir í Leikfélag Dalvíkur. Vonast er til að fleiri aðilar gerist félagsmenn er fram líða stundir.

Á aðalfundi Leikfélags Dalvíkur 2006 var samþykkt að gera Halldór Gunnlaugsson á Melum að heiðursfélagi, en tillaga þessa efnis var lögð fram á fundinum og samþykkt einróma. Halldór er einn af stofnendum LD frá árinu 1944.

Stjórnarmeðlimir í LD unnu á vordögum að flokkun og skráningu á gömlum gögnum félagsins og síðan var þeim komið fyrir í eldvarnargeymslu á skjallasafni Dalvíkurbyggðar. Var þetta gert að höfðu samráði við safnstjóra Héraðsskjallasafnins vegna ástandsins í Lambhaga, sem er búninga- og leikmunaaðstaða Leikfélags Dalvíkur. Húsnæðið er orðið frekar illa farið.

Stjórnin hefur stöðugt unnið að því að efla vefsíðu félagsins og koma þar inn upplýsingum um sögu þess. Þá hefur verið reynt að koma þar fyrir fréttum af starfsemi og leggja fram tilkynningar um viðburði og fleira. Alltaf eru einhverjir sem líta inn á heimasíðuna en slóðin er www.leikfelagdalvikur.net.

Stefnt er að því að bjóða upp á leiklistarnámskeið fyrir áhugafólk í Dalvíkurbyggð og nærsveitum í haust. Stjórn LD hyggst bjóða Ólafsfirðingum og Hríseyingum að taka þátt í þessu námskeiði og þessa dagana er verið að leita að leiðbeinanda. Leikfélag Dalvíkur mun koma að starfsemi kringum Fiskidaginn mikla í ár, eins og undanfarin ár, með því að dreifa bæklingum í bænum og sinna þannig upplýsingagjöf varðandi þennan skemmtilega viðburð.

Leikfélag Dalvíkur sendi ekki fulltrúa á fund Bandalags Íslenskra Leikfélaga á Hallormsstað nú á vordögum. Vissulega er það bagalegt, en ástæðan er margþætt, annríki ræður hér þó mestu – ekki áhugaleysi. Mikil vinna hefur átt sér stað í og við leikhúsið hér í Dalvíkurbyggð undanfarin 2 ár og sú vinna hefur tekið sinn skerf af orku þeirra fjölmörgu aðila er koma að almennri starfsemi félagsins. Leikfélag Dalvíkur mun heldur ekki eiga fulltrúa í Leiklistarskóla Bandalagsins á Húsabakka nú sumar.

Stjórn Leikfélags Dalvíkur er þessa dagana að skoða sérstaklega uppsetningar á næsta starfsári félagsins. Mikill áhugi er á að setja upp Sölu Völlu Halldórs Laxness, en Inga Bjarnason er tilbúinn að vinna með félaginu í haust. Þessa dagana er verið að skoða sérstaklega hvernig fjármagna má svo viðamikla uppfærslu. Það er nefnilega frekar dýrt að reka leikhús í litlu byggðarlagi og það verður dýrara með hverju árinu. Kostnaður vegna uppfærslu á almennu leikverki getur hlaupið á milljónum – þó öll almenn vinna við uppsetningar sé að jafnaði unnin í sjálfböðavinnu af félagsmönnum (og þá yfirleitt á kvöldin og um helgar!).

Til að halda uppi starfsemi sinni, sækir Leikfélag Dalvíkur árlega um styrk til BÍL, Bandalags íslenskra leikfélaga. Síðasta sumar fékk LD úthlutað um hálfri milljón króna vegna verkefna síðasta árs, en verkefnin voru Samantekt úr ævintýrum Thorbjörns Egnar, unnin af Arnari Símonarsyni og Blessað barnalán, eftir Kjartan Ragnarsson. Í ár fékk LD síðan styrk vegna „Sambúðarverkja“ og „Þú ert í blóma lífsins, fíflíð þitt!“.

Að lokum viljum við í stjórn LD koma á framfæri þakklæti til allra þeirra sem á undangengum árum hafa unnið óeigingjarnt starf

í þágu félagsins og með framlagi sínu eftir starfsemi þess, þar sem metnaður hefur ætíð verið hafður í hávegum. Það er nefnilega ekki sjálfsagt nú á tímum mikils hraða og keyrslu í þjóðfélaginu að fólk sé almennt tilbúið til að gefa svona mikið af sér án þess að eitthvað komi á móti.
Góðar stundir.

Arnar Símonarson,



Listin að lifa



Miðsumarnæturdraumur

Leikfélag Fljótshéraðs

Listin að lifa

höfundur Sigríður Lára Sigurjónsdóttir, leikstjóri Oddur Bjarni Þorkelsson.
Þátttakendur: 10 Sýningar: 4 Áhorfendur: 186

Miðsumarnæturdraumur

höfundar Guðjón Sigvaldason og Auðhumla, leikstjóri Guðjón Sigvaldason.
Þátttakendur: 16 Sýningar: 6 Áhorfendur: 292

Gilítrutt

höfundur Þórunn Guðmundsdóttir, leikstjóri Sigurlaug Gunnarsdóttir.
Þátttakendur: 7 Sýningar: 1 Áhorfendur: 60

Ástarævintýr

höfundur Sigríður Lára Sigurjónsdóttir, leikstjóri Sigurlaug Gunnarsdóttir.
Þátttakendur: 7 Sýningar: 1 Áhorfendur: 60

Skýrsla stjórnar:

Stjórnina skipa:

Práinn Sigvaldason formaður

Sigurlaug Gunnarsdóttir gjaldkeri

Eygló Daniëlsdóttir ritari

Fjóla Egedía Sverrisdóttir meðstjórnandi

Kristrún Jónsdóttir meðstjórnandi

Það er óhætt að segja að það hafi verið í nógu að snúast á síðasta leikári Leikfélags Fljótshéraðs. Við byrjuðum leikárið á því að setja upp leikritið Miðsumarnæturdraumur eftir Guðjón Sigvaldason og Auðhumlu en Guðjón leikstýrði jafnframt verkinu. Það var unga fólk sem fékk að njóta sín í þessari sýningu og voru þarna á ferðinni í bland ungir leikarar sem höfðu leikið áður sem og óreyndir leikarar sem voru að stíga á svið í fyrsta skiptið. Sýningin gekk með ágætum og voru um 300 manns sem sáu sýninguna en hún var frumsýnd um miðjan júlí í Selskógi.

Fljótlega eftir að sýningum á Miðsumarnæturdraumum var lokið var allt sett á fullt og farið að undirbúa afmælishátíð en leikfélagið varð 40 ára á árinu. Á seinni viku Ormsteitis var opnuð sýning í kjallara KHB-kaffis þar sem sýndar voru myndir og munir frá leiktíð Leikfélags Fljótshéraðs. Þessi sýning vakti mikla athygli og komu margir til þess að kíkja á og fá sér kaffi. Haldið var upp á afmælið með pompi og prakt á lokavöldi Ormsteitis. Í tjaldinu var farið með skemmtidagskrá þar sem „gamli“ leikfélagar sáu um fjörið og endaði dagskráin á glæsilegri flugeldasýningu.

Um vorið 2007 hafði leikfélagið samband við Sigríði Láru Sigurjónsdóttur og báðum við hana um að skrifa fyrir okkur leikrit. Hún tók vel í það og hófst þegar handa við skriftir. Í lok ágúst voru komin drög að handriti og ekki eftir neinu að biðja. Oddur Bjarni Þorkelsson var fenginn til þess að leikstýra og fann hann að lokum 3 leikara til þess að leika í sýningunni. Leikritið fékk nafnið Listin að lifa og var sett upp á lðavöllum. Frumsýnt var í byrjun nóvember og voru aðeins sýndar 4 sýningar sökum dræmnar aðsóknar þrátt fyrir að sýningin fengi mjög góða dóma.

Á svipuðum tíma var verið að undirbúa námskeið fyrir börn og unglínga í 5.–10. bekk grunnskóla á Héraði. Það var Margrét Sverrisdóttir sem sá um námskeiðin sem urðu fjögur. Um 60 ungmenni sóttu námskeiðin sem haldin voru á Hallormsstað. Um var að ræða helgarnámskeið þar sem hver hópur fékk að gista eina nótt og skemmtu allir sér konunglega.

Á stjórnarfundum sem haldinn var 25. febrúar var ákveðið að hefja undirbúning að skemmtidagskrá sem yrði flutt á Hótel Héraði í apríl. Markmiðið með dagskránni var að skemmta okkur sjálfum en það yrði góður bónus ef við næðum að skemmta öðrum í leiðinni. Dagskráin tókst mjög vel en í henni blönduðum við saman einþáttungum, ljóðalestri og tónlist.

4.–6. maí héldum við síðan aðalfund BÍL á Hallormsstað. Fundurinn og allt það sem honum fylgdi tókst alveg frábærlega vel þó að við hefðum viljað sjá fleiri félag og félög á staðnum. Á hátíðarkvöldverðinum var síðan tilkynnt athyglisverðasta áhugaleiksýning ársins og viti menn – Leikfélag Fljótshéraðs vann með Listina að lifa eftir Siggu Láru. Listin að lifa var síðan sýnd í Þjóðleikhúsinu fyrir fullu húsi dagana 7. og 8. júní.

Leikfélag Fljótshéraðs styrkti einnig tvo leikfélaga til leiklistarnáms en það voru þau Sigurlaug Gunnarsdóttir (leikstjórn) og Pétur Ármannsson (leikaranám) sem fóru í leiklistarskóla BÍL að Húsabakka í Svarfaðardal. Pétur fór síðan í hálf árs leiklistarnám í lýðháskóla í Danmörku.

Práinn Sigvaldason, formaður.

Leikfélag Hafnarfjarðar

Ráðskona Bakkabræðra

höfundur Oskar Braaten, leikstjóri Lárus H. Vilhjálmsson.
Þátttakendur: 10 Sýningar: 10 Áhorfendur: 356



Ráðskona Bakkabræðra

Leikfélag Hofsóss

Ef væri ég gullfiskur

höfundur Árni Ibsen, leikstjóri Þröstur Guðbjartsson.
Þátttakendur: 26 Sýningar: 10 Áhorfendur: 528



Ef væri ég gullfiskur

Skýrsla stjórnar:

Leikfélag Hofsóss hélt aðalfund sinn í seinna lagi þetta árið, eða þann 23. nóvember. Mjög fáir mættu á fundinn en þeir sem mættu áttu það sameiginlegt að vilja setja verk á fjalirnar þetta starfsárið þar sem ekkert varð úr því á síðasta starfsári. Töldu menn skynsamlegt að stefna á stórar uppsetningar annað hvert ár, þar sem sá hópur sem að leikfélaginu stendur er ekki ýkja fjölmennur og vinnan lendir iðulega á fárra herðum. Var stjórn falið að finna leikstjóra og ákveða verkefni.

Leikstjóri var ráðinn Þröstur Guðbjartsson og fyrir valinu varð gamanleikritið Ef væri ég gullfiskur eftir Árna Ibsen. Eins og stundum áður villtust nokkrir af upphaflegum kandidötum í hlutverkin undan hópnum og talsverðan tíma tók að manna eitt karlhlutverkið sem þó heppnaðist mjög vel að lokum.

Æfingar hófust í byrjun febrúar og þann 23. mars var leikritið frumsýnt í Félagsheimilinu Höfðaborg við mjög góðar undirtektir. Sýnt var 10 sinnum fyrir 530 áhorfendur sem tóku sýningunni mjög vel.

Að vanda tók leikfélagið einnig þátt í undirbúningi og vinnu við Jónsmessuhátíð á Hofsósi.

Fríða Eyjólfsdóttir, formaður.

Leikfélag Hornafjarðar

Fiðlarinn á þakinu

höfundur Joseph Stein, þýðandi Egill Bjarnason, leikstjóri Ingunn Jensdóttir.
Þátttakendur: 65 Sýningar: 10 Áhorfendur: 740



Fiðlarinn á þakinu

Trúðaskólinn

höfundur F.K. Waechter, þýðandi Gísli Rúnar Jónsson, leikstjóri Ingrid Jónsdóttir.
Þátttakendur: 15 Sýningar: 5 Áhorfendur: 280

Skýrsla stjórnar:

Stjórnarfundir voru 8 á árinu og voru þeir haldnir víðs vegar. Í stjórn sátu Magnús J. Magnússon, Ingólfur Baldvinsson, Þórður Ingvarsson og Emil Morávek. Góður andi ríkti í stjórnasamstarfinu og vil ég þakka fráfarandi stjórn samstarfið.

Í samstarfi við Leikhóp Mána setti leikfélagið upp söngleikinn Fiðlarinn á þakinu í leikstjórn Ingunnar Jensdóttur. Undirbúnings- og æfingarferlið tók langan tíma en að lokum var frumsýnt 2. febrúar. Milli 60 og 70 manns tóku þátt í verkefninu. Góð aðsókn var að öllum 10 sýningunum og eru menn vissir um að þetta sé vísir að frekari uppsetningu stórra verkefna.

Í samstarfi við Framhaldsskóla Austur-Skaftafellssýslu setti félagið upp verkið Trúðaskólinn og Ingrid Jónsdóttir var ráðin leikstjóri. 15–18 manns komu að uppsetningunni en leikhópurinn var ekki nema 5 leikarar. Frumsýning var 28. apríl og urðu sýningar 5. Sýningunni var vel tekið og afar skemmtileg uppfærsla í alla staði.

Enn var unnið að breytingum í Mánagarði. Nú var innrétting í förðunaraðstöðu sett upp og allt málað. Þetta lítur allt afar vel út!

Veturinn hefur verið skemmtilegur! Þó er nauðsynlegt að velta fyrir sér stöðu mála. Ljóst er að með tilkomu leikhúss eru allir möguleikar á því að efla leiklistina. En við sitjum ekki ein að þessu leikhúsi. 2–3 aðrir leikhópar hafa þar aðgengi þannig að skipulagningar er þörf. Við verðum líka að vinna að aðstöðunni sem verið er að afhenda okkur í Mánagarði. Við verðum að efla félagið!

Magnús J. Magnússon, formaður.



Þið munið hann Jörund

Leikfélag Hólmavíkur

Þið munið hann Jörund

höfundur Jónas Árnason, leikstjóri Skúli Gautason.

Þátttakendur: 27

Sýningar: 7

Áhorfendur: 512

Skýrsla stjórnar:

Leikárið var með hefðbundnu sniði þetta árið. Tókum við þátt í að skapa götuleikhús á bæjarhátíð Hólmavíkur, Hamingjudögum, í júlí 2006 sem endaði síðan með þátttöku á Furðuleikum Sauðfjárseturs í Sævangi, þar sem að allskonar furðuverur mættu til leiks.

Á haustmánuðum var haldinn aðalfundur þar sem að ný stjórn var skipuð, hún er svohljóðandi:

Jóhanna Ása Einarsdóttir formaður,
Salbjörg Engilbertsdóttir gjaldkeri,
Svanhildur Jónsdóttir ritari.

Milli jóla og nýárs var haldið spunakvöld þar sem að spunaði ársins var valið af dómnefnd, sigurvegarar urðu hjónin Jón Jónsson og Ester Sigfúsdóttir, sigruðu þau annað árið í röð. Spunatröll leikfélagsins, valið af áhorfendum var Arnar Snæberg Jónsson.

Í janúar var hafinn undirbúningur að uppsetningu leikrits og var ákveðið að setja upp Þið munið hann Jörund. Skúli Gautason var ráðinn leikstjóri. Alls tóku 25 leikarar, hljóðfærarleikarar og söngvarar þátt í uppsetningunni fyrir utan hinn mikla fjölda sem aðstoðaði við uppsetningu. Má segja að það sé ákveðið afrek að setja upp svo mannmargt verk á svona fámennum stað. Farið var með verkið til Bolungarvíkur og það sýnt þar á Skíðavíku. Alls voru sýndar 7 sýningar og er 1 sýning í viðbót áætluð um Hamingjudaga um mánaðamótin júní/júlí.

Í febrúar voru leikarar frá leikfélaginu fengnir til að leika í þýskri kvikmynd sem að hluta var tekin upp á Steingrímsfjarðarheiði. Alls voru 20 leikarar sem tóku þátt á öllum aldri, yngsti var 11 ára og elsti á áttræðisaldri.

Jóhanna Ása Einarsdóttir, formaður.



Superstar

Leikfélag Hveragerðis

Jesus Christ Superstar

höfundar Andrew Loyd Webber og Tim Rice, þýðendur Hannes Örn Blandon og Emelía Baldursdóttir, leikstjórar Laufey Brá Jónsdóttir og Jón Ingi Hákonarson.

Þátttakendur: 31

Sýningar: 15

Áhorfendur: 822

Skýrsla stjórnar:

Síðasti aðalfundur var haldinn þann 1. júní 2006 og á þeim fundi komu margir nýir aðilar í stjórn sem er mjög ánægjulegt. Starfið var rólegt yfir sumartímamann. Við tókum þátt í 17. júní skemmtun. Erla Kristín og Hafsteinn sungu lög úr Preki og tárur. Lítið fór fyrir viðhaldi á húsi utanhúss eins og ráðgert hafði verið. Vonandi tekst okkur að nýta þetta sumar til að sinna einhverju viðhaldi.

Á haustmánuðum var ákveðið að halda leiklistarnámskeið fyrir börn og unglínga og fengum við Jón Inga Hákonarson, leikara til að vera með það. Námskeiðið sóttu 16 krakkar og var þeim skipt í tvo hópa alls 20 tíma námskeið. Í lok námskeiðs héldu þau sýningu á stuttum atriðum úr Skilaboðaskjóðunni. Foreldrar voru mjög ánægðir með þetta framtak leikfélagsins.

Leikfélagið sendi tvo áhugasama ljósamenn á ljósanámskeið hjá leikfélagi Selfoss sem þeir gátu nýtt sér vel. Við fjárfestum í ljósabúnaði á þessu ári. Keyptum nýja dimmera og þurfum að kaupa nýtt ljósaborð fyrir haustið 2007.

Jólasveinavertíðin var blómleg hjá leikfélaginu. Við kveiktum á jólatrénu fyrir Hveragerðisbæ, fórum í hús með jólapakka á aðfangadag og vorum á jólatrésskemmtun á dvalarheimilinu Ási.

Í nóvember var ákveðið að setja upp Jesus Christ Superstar í tilefni af 60 ára leikafmæli leikfélagsins. Æfingar hófust 3. janúar 2007 og fengum við Jón Inga Hákonarson og Laufeyju Brá Jónsdóttur, leikara, til að setja verkið upp. Verkið var erfitt í fæðingum og var með herkjum að okkur tókst að manna í hlutverk. Sýningin var mjög dýr í uppfærslu, ein sú kostnaðarsamasta sem leikfélagið hefur sett upp. Aðsókn á sýninguna var góð og urðu sýningar alls 15. En við uppskárur vel og fengum marga nýja liðsmenn til starfa sem eru tilbúnir að halda áfram starfi með leikfélaginu.

Leikfélagið tók að sér ýmis skemmtiatriði eins og að troða upp á árshátíð Hveragerðisbæjar og senda Mikka ref og Lilla klifurmús á fjölskylduhátíð hjá leikskólunum.

Leikfélagið mun taka þátt í Blómstrandi dögum í ágúst næstkomandi í samvinnu við „Veraldarvini“. Hafa tveir úr leikfélaginu, Dóra og Ylfa, verið kjörnar í starfshóp til að skipuleggja þá vinnu.

Að lokum þakkar til allra sem lagt hafa leikfélaginu lið á liðnu leikári.

María Kristjánsdóttir, formaður.

Leikfélag Hörgdæla

Síldin kemur og síldin fer

höfundar Iðunn Steinsdóttir og Kristín Steinsdóttir, leikstjóri Sunna Borg.
Þátttakendur: 23 Sýningar: 21 Áhorfendur: 1.940

Skýrsla stjórnar:

Leikfélag Hörgdæla var formlega stofnað 2. nóvember 1997 upp úr leikdeild Umf. Skriðuhrepps og fagnar því tíu ára afmæli í ár.

Síðasta starfsár leikfélagsins hefur stjórn félagsins verið þannig skipuð: Stefanía E. Hallbjörnsdóttir formaður, Kristín Haraldsdóttir varaformaður, Ásta Júlía Aðalsteinsdóttir ritari, Ásgeir Már Hauksson gjaldkeri og Bernharð Arnarson meðstjórnandi.



Síldin kemur og síldin fer

Fyrsta verkefni leikársins var vel á veg komið fyrir síðustu stjórnarskipti og fylgdi þáverandi stjórn verkefninu úr hlaði með aðstoð nýrra stjórnarmeðlima. Þar var um að ræða leiklesna skemmtidagsskrá úr smíðju skáldsins Kristjáns Einarssonar frá Djúpálæk en hann var bóndi í Hörgárdal um skeið. Dagsskráin nefndist „Dreifar af dagsláttu“ og var samblanda af upplestri og flutningi sönglaga með textum Kristjáns. Fimm hljóðfæraleikarar með Snorra Guðvarðsson í broddi fylkingar gáfu tóninn, sex aðilar voru í kór, þrjár karlar og þrjár konur. Sjö fullorðnir félagar leiklásu og höfðu níu börn á aldrinum 10–13 ára sér til fulltingis. Krakkarnir skiptu með sér sýningum, voru fjögur og fimm til skiptis.

Alls tóku 27 aðilar þátt í dagsskránni sem var flutt við góðan róm í fjögur skipti í nóvember og desember, tvisvar á Melum í Hörgárdal, einu sinni í Lóni á Akureyri og ein sýning var á Dvalarheimilinu Hlíð fyrir eldri borgara. Sunna Borg leikkona hafði umsjón með verkinu.

Í desember 2006 tók stjórnin þá ákvörðun að setja upp „Síldin kemur og síldin fer“ eftir systurnar Iðunni og Kristínu Steinsdætur. Í kjölfarið leitaði stjórnin eftir starfskröftum Sunnu Borg til leikstjórnar. Hún tók vel í það og hóf strax að víða að sér efni og upplýsingum um síldarárin. Skömmu síðar var Hallmundur Kristmundsson leiktjaldasmiður ráðinn til þess vandasama verks að breyta Melum í síldarplan. Strax í upphafi mátti ljóst vera að á brattann yrði að sækja með þessu verkefnavali sökum mikils fjölda leikara og umsvifamikillar sviðsmyndar.

Þann 11. janúar var fyrsti samlestur á verkinu. Segjast verður eins og er að heldur fátt var um manninn á þeirri samkomu og framan af æfingatímabilinu en treglega gekk að manna verkið. Allt hafðist þetta þó að lokum og þegar upp var staðið tók 21 leikari þátt í uppsetningunni. Tveir hljóðfæraleikarar stóðu vaktina með gítar og harmóniku auk fjölda aðstoðarmanna sem komu að verkefninu á einn eða annan hátt. Þar var um að ræða tæknimenn, sviðsmenn, aðstoðarfólk við hár og förðun, búningahönnuði, sviðsmyndasmiði, leikmunasmiði, leiktjaldamálara og svo mætti lengi telja. Samanlagt lögðu hátt í sextíu manns hönd á plóg til að þessi uppsetning gæti orðið að veruleika.

Eftir 54 strangar æfingar var svo frumsýnt fyrir fullu húsi þann 22. mars 2007. Alls var sýnt 21 sinni og þar af 18 sinnum fyrir fullu húsi. Sýningargestir urðu alls 1.940.

Að venju var Leikfélagið aðili að árshátíð félagasamtakanna í Möðruvallaklaustursprestkalli sem haldin var fyrsta vetrardag. Fulltrúar leikfélagsins í árshátíðarnefndinni voru Jóhannes Gunnar Jóhannesson og Jónína Björg Grétarsdóttir.

Eins og sjö undanfarin ár sá Leikfélagið um lestur Passíusálma Hallgríms Péturssonar á föstudaginn langa í Möðruvallakirkju. Fyrir hönd félagsins sáu Hólmfríður Helgadóttir og Ásgeir Már Hauksson um skipulagningu í samráði við sóknarprestinn. Alls lásu 24 manns.

Á síðasta aðalfundi var einróma samþykkt að gera Arnstein Stefánsson frá Stóra-Dunhaga að heiðursfélaga Leikfélags Hörgdæla. Af því tilefni var Arnsteini afhentur skjöldur með áletrun með formlegum hætti á frumsýningu Dreifa af dagsláttu. Einnig er vert að geta þess að um þessar mundir fagnar Sesselja Ingólfsdóttir, einn af máttarstólpum leikfélagsins, fjörutíu ára leikafmæli. Bæði eiga þau Arnsteinn og Sesselja langt og farsælt starf að baki með félaginu og kann stjórnin þeim sínar bestu þakkir fyrir ómetanlegt framlag þeirra til leikstarfs í Hörgárdal.

Frá síðasta aðalfundi fram til dagsins í dag hefur stjórnin einungis haldið fjóra formlega fundi en tölvupóstur hefur óspart verið notaður til skipulags og umræðna um málefni félagsins. Eðli málsins samkvæmt hefur stjórnarfolk verið í miklum samskiptum við uppsetningarnar þó fundirnir hafi sjaldnast verið skipulagðir.

Þegar þetta er skrifað eru félagar í Leikfélagi Hörgdæla 71.

Skýrsla þessi nær frá síðasta aðalfundi sem haldinn var 16. október 2006 til 30. júní 2007.

Stefanía E. Hallbjörnsdóttir, formaður.



Leikfélag Keflavíkur

Öskubuska

höfundur Íris Dröfn Halldórsdóttir, leikstjórar Guðný Kristjánsdóttir, Gunnheiður Kjartansdóttir og Íris Dröfn Halldórsdóttir.

Pátttakendur: 48

Sýningar: 13

Áhorfendur: 1.500

Besti bær

höfundur og leikstjóri Hulda Ólafsdóttir.

Pátttakendur: 18

Sýningar: 12

Áhorfendur: 617



Martröð

Leikfélag Kópavogs

Allt og ekkert

eftir leikhópin, leikstjóri Guðjón Þorsteinn Pálmarsson.

Pátttakendur: 14

Sýningar: 9

Áhorfendur: 263

Martröð (úr Draumi á Jónsmessunótt)

höfundur William Shakespeare, þýðandi Helgi Hálfðanarson. Leikstjóri Sigurpór Albert Heimisson.

Pátttakendur: 15

Sýningar: 4

Áhorfendur: 210

Kaffi og með því

höfundur Guðmundur Lúðvík Þorvaldsson, leikstjóri Gísli Björn Heimisson.

Pátttakendur: 2

Sýningar: 1

Áhorfendur: 80

Tíf

höfundur Hörður Skúli Daníelsson, leikstjóri Guðmundur Lúðvík Þorvaldsson.

Pátttakendur: 2

Sýningar: 1

Áhorfendur: 53

Ofsaveður

höfundur Gísli Björn Heimisson, leikstjóri Hörður Skúli Daníelsson.

Pátttakendur: 2

Sýningar: 2

Áhorfendur: 133

Rauðhetta og úlfurinn

eftir Grimmsbræður, leikstjóri Sváfnir Sigurðarson.

Pátttakendur: 2

Sýningar: 1

Áhorfendur: 80

Jesús getinn

höfundur og leikstjóri Bjarni Baldvinsson.

Pátttakendur: 3

Sýningar: 1

Áhorfendur: 53

Leikfélag Mosfellssveitar

Konungurinn

leikstjóri Ólafur S.K. Þorvaldz.

Pátttakendur: 71

Hryllingsbúðin

leikstjóri Sigrún Harðardóttir.

Pátttakendur: 22

Sýningar: 2

Áhorfendur: 150

Varaðu þig á vatninu

höfundur Woody Allen, þýðing og leikstjórn Guðjón Þorsteinn Pálmarsson.

Pátttakendur: 11

Sýningar: 6

Áhorfendur: 120

Fjáröflunarsamkoma systuranna

höfundar Marta Guðmundsdóttir og Pétur R. Pétursson, leikstjórn Bóel Hallgrímsdóttir og leikhópurinn.

Pátttakendur: 18

Sýningar: 2

Framhald á næstu síðu ...



Varaðu þig á vatninu

Leikfélag Mosfellssveitar*Sumardagurinn fyrsti*

eftir ýmsa höfundar, leikstjóri María Guðmundsdóttir.
Sýningar: 1

Grease

höfundar Jim Jacobs og Warren Casey, leikstjóri Sigrún Harðardóttir.
Þátttakendur: 20 Sýningar: 1 Áhorfendur: 120



Lína langsockkur

Leikfélag Ólafsvíkur*Sex í sveit*

höfundur Marc Camoletti, þýðandi Gísli Rúnar Jónsson, leikstjóri
Gunnsteinn Sigurðsson.
Þátttakendur: 12 Sýningar: 3 Áhorfendur: 307

Leikfélag Patreksfjarðar*Lína langsockkur*

eftir Astrid Lindgren, þýðing Þórarinn Eldjárn, leikstjóri Elfar Logi Hannesson.
Þátttakendur: 30 Sýningar: 5 Áhorfendur: 500

Leikfélag Rangæinga*Getraunagróði*

eftir Philip King, leikstjóri Margrét Tryggvadóttir.
Þátttakendur: 17 Sýningar: 8 Áhorfendur: 421

Við ruslagáminn

höfundur Björg Árnadóttir, leikstjóri Margrét Tryggvadóttir.
Þátttakendur: 17 Sýningar: 1 Áhorfendur: 82

Öskubuska

höfundur Iðunn Steinsdóttir, leikstjóri Margrét Tryggvadóttir.
Þátttakendur: 17 Sýningar: 1 Áhorfendur: 82



Getraunagróði

Skýrsla stjórnar:

Félagið hefur starfað af miklum krafti á liðnu leikári. Æfingar á leikritinu Getraunagróða eftir Philip King hófust í september og var frumsýning dagsett við upphaf æfinga. Ákveðið var að frumsýna 18. nóvember. Þessi dagsetning stóðst og tókst frumsýning vel. Alls urðu sýningar 8 og sáu um 400 manns sýninguna. Leikstjóri sýningarinnar var Margrét Tryggvadóttir. Alls störfuðu um 20 manns að sýningunni. Farið var í leikferð til Vestmannaeyja 13. janúar og sýnt einu sinni í Félagsheimilinu þar, við góðar undirtektir.

Félagið ákvað að síðasta sýning á Getraunagróða skyldi vera styrktarsýning til ágóða uppbyggingar gamla félagsheimilisins Dagsbrúnar undir Austur-Eyjafjöllum. Í þessu húsi var iðkuð leiklist frá u.þ.b. 1920 til 1980. Leikfélag Austur-Eyfellinga, sem var fyrsta formlega leikfélagið sem stofnað var í Rangárvallasýslu, starfaði í þessu húsi þar til um 1980. Leikdeildir ungmennafélaga höfðu þó starfað í sýslunni áður. Húsið er í eigu Ungmennafélagsins Eyfellinga í dag og hefur félagið ákveðið að freista þess að gera húsið upp. Þetta er að sjálfsögðu kostnaðarsamt og ákváðum við því að síðasta sýning á Getraunagróða skyldi vera í Fossbúð á Skógum og allur ágóði renna til þessa verkefnis. Húsfyllir var á sýningunni og söfnuðust u.þ.b. 150.000 kr.

Starf með ungmennum var einnig öflugt á árinu. Hófst það með leiklistarnámskeiði í Félagsmiðstöðinni á Hvolsvelli í október. Leiðbeinandi var Margrét Tryggvadóttir. Að því loknu gafst þáttakendum kostur á að halda áfram starfi með félaginu og gerðu það flestir. Þau sömdu leikþátt sem þau kölluðu „Frikki fljóti“ og sýndu á Héraðsvöku í nóvember. En mikill vill meira og vildu þau ólm halda áfram að hittast einu sinni í viku og iðka leiklist. Afaksturinn af því starfi var svo sýning í Hvolnum, Hvolsvelli. Þar voru sýndir tveir einþáttungar „Ruslagáminn“ eftir Björgu Árnadóttur og „Öskubuska“ eftir Iðunni Steinsdóttur. Nær húsfyllir var á sýningunni og voru áhorfendur og leikarar mjög ánægðir með afaksturinn.

Þrjú félagar fóru á ljósanámskeið hjá Leikfélagi Selfoss.

Stjórnarfundir voru 6 á leikárinu auk ótal óformlegra fundar á æfingatímabilinu. Varaformaður, Þorsteinn Ragnarsson, tók við starfi formanns í mars þegar formaðurinn, Eymundur Gunnarsson, flutti af svæðinu og gat því ekki starfað með okkur lengur. Fjárhagur félagsins er nokkuð góður en mætti samt vera betri því endurnýja þyrfti ljósabúnað og fleira. Það verður að bíða betri tíma og fleiri áhorfenda.

Þorsteinn Ragnarsson, formaður.

Leikfélag Sauðárkróks



Gosi

Gosi

Saga C. Collodi, leikgerð Brynja Benediktsdóttir, leikstjóri Pröstur Guðbjartsson.

Þátttakendur: 47

Sýningar: 12

Áhorfendur: 977

Sex í sveit

höfundur Marc Camoletti, þýðandi Gísli Rúnar Jónsson, leikstjóri Jón St. Kristjánsson.

Þátttakendur: 21

Sýningar: 15

Áhorfendur: 1.220

Skýrsla stjórnar:

Fyrsta verkefni þessa leikárs var skemmtiatriði fyrir yngstu kynslóðina á 17. júní-hátíð á Sauðárkróki. Þar komu fram dýr og eitt skrímsli úr Hálsaskógi sem sungu og léku við börnin.

Í lok ágúst tókum við okkur til og máluðum búningsherbergið í leikhúsinu okkar Bifröst og vorum mjög stolt af því framtaki. Í verðlaun fengum við grillveislu frá okkur sjálfum og þótti gott.

Æfingar á barnaleikritinu Gosa hófust svo í september. Óvenju margir 13 til 15 ára unglingar vildu taka þátt í uppsetningunni svo Pröstur Guðbjartsson leikstjóri brá á það ráð að hafa tvo hópa af krökkum í minni hlutverkunum sem sýndu til skiptis. Gaman er líka að geta þess að aðalhlutverkin Gosi og Flökku-Jói voru í höndum tveggja 13 ára drengja sem að öðrum ólöstuðum stóðu sig með stakri þryði. Tíu sýningar voru áætlaðar en bæta þurfti við tveimur sýningum vegna góðrar aðsóknar, og urðu áhorfendur alls 977.

Þegar kveikt var á jólatré bæjarins á Kirkjutorgi í desember bauð Landsbankinn Gosa og félögum að líta við í bankaútibúinu og sprella með krökkunum. Voru börnin heldur feimin við þessar figúru, en Gosi og félagar skemmtu sér hið besta við að ganga í kringum jólatréð.

Í mars kom Jón Stefán Kristjánsson til okkar til að setja upp gamanleikritið Sex í sveit eftir Marc Camoletti. Æfingar gengu bara ljómandi vel, hvíslarar höfðu nóg að gera enda textinn í allra flóknara lagi í svona misskilnings- og framhjáaldsleikriti. En sýningar lukkuðust mjög vel, svo vel að bæta þurfti 5 sýningum við þær 10 sem áætlaðar voru í upphafi og aðsóknin sló öll met, 1220 manns mættu í leikhúsið.

Þetta var því sérdeilislega gott ár hjá Leikfélagi Sauðárkróks því áhorfendur hafa ekki í manna minnum farið yfir 2000 á einu leikári. Stjórn félagsins heldur því glöð og reif inn í sumarið.

Leikfélag Selfoss

Hnerrinn

eftir Anton Chekov, þýðandi og leikstjóri Hörður Sigurðarson.

Þátttakendur: 23

Sýningar: 14

Áhorfendur: 600

Drakúla greifi

höfundur Woody Allen, þýðandi Guðfinna Gunnarsdóttir, leikstjóri F. Elli Hafliðason.

Þátttakendur: 8

Sýningar: 2

Áhorfendur: 60

Giltrutt

höfundur Þórunn Guðmundsdóttir í leikstjórn hópsins.

Þátttakendur: 24

Sýningar: 2

Áhorfendur: 60

Einu sinni var

höfundur Margaret Atwood, þýðandi Guðfinna Gunnarsdóttir í leikstjórn hópsins.

Þátttakendur: 2

Sýningar: 2

Áhorfendur: 60

Síðustu geislar sólarinnar

höfundur Alan Bennett, þýðing og leikstjórn Erlingur Brynjólfsson.

Þátttakendur: 6

Sýningar: 2

Áhorfendur: 60

Skór

höfundur Robert Sheckley, þýðing Erlingur Brynjólfsson og leikstjórn Sigurgeir Hilmar Friðbjólfsson.

Þátttakendur: 3

Sýningar: 2

Áhorfendur: 60



Hnerrinn

Skýrsla stjórnar Leikfélags Selfoss:

Leikárið 2006–2007 byrjaði með látum, strax eftir aðalfund var haldið áfram með undirbúning vegna sýningar í Þjóðleikhúsinu á Puriður og Kambránið, en sýningin var valin athyglisverðasta áhugaleiksýning ársins 2006. Nokkuð brösulega gekk að finna sýningardag sem hentaði, en það tókst og við sýndum í Kassanum föstudaginn 2. júní fyrir fullu húsi. Allt gekk vel og við fengum frábæra hjálp frá starfsmönnum Þjóðleikhússins og óvenjulangan tíma til að koma okkur fyrir í húsinu og ber að þakka fyrir það. Einnig stóðu smiðir í leikfélaginu sig frábærlega og var Eyjólfur Pálmarsson þar fremstur í flokki, en hann hannaði leið til að færa hið flókna hallandi svið til Reykjavíkur og eigum við nú í fórum okkar færanlegt hallandi svið bara svo þið vitið það.

Menningarverðlaun Árborgar voru afhent hér í húsinu í tengslum við menningarhátíðina Vor í Árborg og var stuttverkið Geirþrúður svarar fyrir sig sýnt við það tilefni.

Eftir annasaman vetur fóru flestir félagar í sumarfrí, en hefðbundið leikhúsnámskeið fyrir börn var haldið í húsinu í júlímánuði í umsjá Ólafs Jens Sigurðarsonar og Írisar Árnýjar Magnúsdóttur. Þeir félagar sem ekki gátu slitið sig frá leiklistargöngunni í sumarfríinu, skelltu sér í Leiklistarskóla BÍL í Svarfaðardal í júní og fóru 8 félagar þangað. Þrjú félagar sóttu svo nám í förðun við sama skóla, helgarnámskeið í Reykjavík, seinna um haustið. Í júlílok tók félagið á móti nemendum úr Leiklistarskóla Bandalagsins, sem hingað komu til að halda árlega endurfundi sína, við fórum að sjálfsögðu með þau í hellinn og var almenn ánægja með Sunnlendinga og kveldið. Sigríður Karlsdóttir lét af embætti sem skólástýra Bandalagsskólans, en hún hefur farið í Svarfaðardalinn til að stýra þar starfi undanfarin 10 ár og tók þátt í mótun og stofnun skólans og hefur staðið sig með sóma eins og LS-fólki einu er lagið.

Í ágústlok gerðist sá fáheyrði atburður að stjórn tók ákvörðun um að fastsetja verkefni fyrir leikárið 2007–8, en Jón Stefán Kristjánsson var fenginn til að þýða verkið *Caught in the Net* eftir Ray Cooney, en það er sjálfstætt framhald af leikritinu *Með vífið í lúkunum* sem sýnt var hér á fjöllum 1999. Stefnt er að því að æfingar hefjist á því verki í lok október og ef allt gengur að óskum, þá að frumsýna nálægt afmælisdegi félagsins sem er 9. janúar.

Í september var haldinn opinn félagafundur, sem er góð leið til að kanna hug félagsmanna til starfa vetrarins. Þar var ræst svokallað Hugarflug, en það er verkefni sem byrjað var með síðastliðinn vetur og gekk vel. Í Hugarflugi fá félagsmenn frjálst verkefnaval og þurfa sjálfir að fylgja verkefninu eftir, æfa og svo eru verkin öll sýnd á fyrirfram ákveðnum degi. Hugarflug var sýnt 15. október og mátti þar sjá ýmislegt skemmtilegt, Drakúla, tilhugalíf eldri borgara, skó sem töluðu, undarlega pælingu um ævintýri, Gílitrukk og fleira.

Leikfélag Selfoss var gestgjafi haustfundar BÍL sem haldinn var á Hótel Selfossi helgina, 30. sept til 1. okt. Fundurinn var gagnlegur og gekk vel, félagið sá um hátíðarkvöldverð í Tryggvaskála og fóru gestir burt héðan saddir og sælir.

Tækniþáttur hafa verið ofarlega á baugi á þessu leikári, en ákveðið var að halda ljósanámskeið í umsjá Benedikts Axelssonar, hirðljósameistarar félagsins. Námskeiðið var einstaklega vel sótt af leikfélögum víða af landinu og þótti takast vel. Eftir námskeiðið erum við mun betur sett með tækniþekkingu hér innanhúss sem er mjög gott. Sá hópur hefur unnið ótúllega að skráningu og yfirferð á tækniþáttinum í eigu félagsins og skoðað jafnframt hvað okkur vantar. Fest voru kaup á tveimur nýjum ljóskösturum og spánnýjum dimmer og er í dag verið að skoða kostnað við kaup á nýju ljósaborði.

Félagið fékk rausnarlegan styrk frá Sveitarfélaginu Árborg, 500.000 krónur og er það heilmikil hækkun frá því sem áður var.

Tveir stjórnarliðar sóttu helgarnámskeið í stjórnun leikfélaga sem haldið var á vegum BÍL og komu heim reynslunni ríkari.

Hörður Sigurðarson var ráðinn til að setja upp sýningu með félaginu og varð verkið *Hnerrinn* fyrir valinu, 7 einþáttungar og smásögur eftir Anton Chekov í leikgerð Michael Frayn. Æft var að kappi fyrir áramót og frumsýnt 19. janúar. Alls voru sýndar 14 sýningar, en sýndar verða 2–3 aukasýningar nú í haust, þar sem Hnerranum hefur verið boðið á leiklistarhátíð í Litháen, nánar tiltekið í bænum Rokiskis og er um þessar mundir unnið að kappi við undirbúning ferðarinnar. 14 manns munu halda utan í byrjun október og standa vonir til að allt heppnist vel, enda á stefnuskránni að tengjast Litháum í Rokiskis tryggðarböndum og stofna til vináttubanda við leikfélagið þar, þannig að þau heimsækji okkur í kjölfarið.

Félagar úr leikhópnum hafa sýnt atriði úr Hnerranum; Bónorðið var sýnt fyrir Blindrafélag Reykjavíkur í Rauða húsinu á Eyrarbakka og þátturinn Hnerrinn var sýndur fyrir pólska smiði á Þingborg, ágóðinn af þessum sýningum rennur í ferðasjóð og er það von okkar að vel gangi að fjármagna ferðina góðu. Sveitarfélagið Árborg hefur nú þegar styrkt ferðina um 100.000 krónur.

Félagar fjölmenntu til að heiðra félagið vörn Gylfa Þ. Gíslason á sérstakri samkomu honum til heiðurs.

Stjórnin hélt tiltektardag á föstudaginn langa og var músakjallarinn ræstur ásamt öðru, afraksturinn var þrjár kerrur af rusli og fundur á mörgum dýrgripnum í eigu félagsins sem verða vonandi til sýnis á afmælishátíð félagsins.

Um miðjan apríl var haldið söng- og raddbeitingarnámskeið í umsjá Kristjönu Stefánsdóttur og Agnars Más Magnússonar. Námskeiðið heppnaðist vel og komu fram óskir um að halda annað slíkt næsta vetur.

Árið hefur verið annasamt og skemmtilegt og mikill kraftur í starfinu. Leikárið sem framundan er verður vonandi enn kraftmeira og þurfum við á öllum mannafla sem fundist getur til að gera næsta leikár hátíðlegt og veglegt. Við verðum nefnilega 50 ára og skemmtilegast væri að leikárið allt einkenndist af gleði og krafti og að húsið hér verði fullt af lífi alla daga. Það er okkar ósk.

Fráfarandi stjórn hefur lagt ákveðnar línur varðandi afmælisárið og vonast til að sem flestir leggi sitt að mörkum. Ljóst er að hressa þarf upp á ýmislegt hér innan dyra, mála og laga svo húsið verði fallett og fínt á afmælisárinu.

Meðal þeirra hugmynda sem komið hafa fram varðandi afmælisárið, og sumum hefur verið hrint í framkvæmd nú þegar:

- sýning á farsanum Caught in the net
- opnun á nýrri heimasíðu félagsins
- keppni um nýtt merki fyrir félagið
- útgáfa afmælisblaðs
- sýning á Hugarflugi
- taka þátt í Margt Smátt (nóvember)
- barnasýning, Bangsímón aftur?
- opið hús á afmælisdaginn
- afmælisárshátíð vorið 2008
- námskeið á alla kanta

Hvað viljið þið gera?

Stjórn LS þakkar kærlega fyrir veturinn og óskar ykkur öllum gleðilegs sumars. Leikum núna!

Fyrir hönd stjórnar,
Guðfinna Gunnarsdóttir, formaður.



Allra meina bót

Leikfélag Seyðisfjarðar

Allra meina bót

höfundar Jónas og Jón Múli Árnasynir, leikstjóri Snorri Emilsson.

Þátttakendur: 24

Sýningar: 5

Áhorfendur: 220

50/50 Leikfélagið 50 ára

eftir ýmsa höfunda, leikstjóri Snorri Emilsson.

Þátttakendur: 30

Sýningar: 1

Áhorfendur: 120



Láttu ekki deigan síga Guðmundur

Leikfélag Siglufjarðar

Láttu ekki deigan síga Guðmundur

höfundar Hlín Agnarsdóttir og Edda Björgvinsdóttir, leikstjóri Guðjón Sigvaldason.

Þátttakendur: 16

Sýningar: 8

Áhorfendur: 500



Mógli

Leikfélag Vestmannaeyja

Mógli

saga Rudyard Kipling, leikgerð Illugi Jökulsson, leikstjóri Jón Stefán Kristjánsson.

Þátttakendur: 47

Sýningar: 9

Áhorfendur: 863

Mjallhvít og skátarnir 8

höfundur og leikstjóri Alma Eðvaldsdóttir.

Þátttakendur: 14

Sýningar: 2

Áhorfendur: 180

Himnaríki

eftir Árna Ibsen, leikstjóri Jón Ingi Hákonarson.

Þátttakendur: 22

Sýningar: 8

Áhorfendur: 305

Leikfélag Ölfuss

Einn koss enn og ég segi ekki orð við Jónatan
höfundur Marc Camoletti, leikgerð Sigurður Atlason, leikstjóri Hörður Sigurðarson.
Þátttakendur: 12 Sýningar: 6 Áhorfendur: 330



Einn koss enn ...

Leikfélagið Baldur

Rauðhetta
höfundur Jewgeni Schwarz, þýðandi Stefán Baldursson, leikstjóri Pröstur Leó Gunnarsson.
Þátttakendur: 12 Sýningar: 3 Áhorfendur: 300

Skýrsla stjórnar:
Þann 24. júní 2006 frumsýndi Leikfélagið Baldur á Bíldudal barnaleikritið Rauðhettu í tilefni 40 ára afmælis félagsins. Sýndar voru þrjár sýningar og voru þær nokkuð vel sóttar.

Aðalfundur leikfélagsins var haldinn þann 4. nóvember og var fundargestum boðið til sviðaveislu að fundi loknum. Sviðaveislan er árlegur viðburður og ómissandi liður í okkar starfi.



Rauðhetta

Þann 2. desember var árleg árshátíð leikfélagsins, Desinn, haldin í félagsheimilinu Baldurshaga á Bíldudal. Að hefðbundnum hætti var boðið upp á mat, skemmtun og dansleik.

Árlegir jólatónleikar leikfélagsins voru haldnir þann 22. desember þar sem hinir ýmsu listamenn í bænum stigu á stökk og ýmist sungu jólalög, lásu jólasögur eða spiluðu á hljóðfæri. Einnig var boðið upp á heitt súkkulaði og piparkökur. Skemmtunin var haldin í samstarfi við Tónlistarskóla Vesturbyggðar.

Leikfélagið hélt grímuball í annað sinn þann 29. mars síðastliðinn. Vakti þessi skemmtun mikla lukku og vonast Leikfélagið til þess að geta gert grímuballið að árlegum viðburði.

Leikfélagið Hallvarður súgandi

Himnaríki
höfundur Árni Ibsen, leikstjóri Rúnar Guðbrandsson.
Þátttakendur: 23 Sýningar: 4 Áhorfendur: 223



Himnaríki

Leikfélagið Peðið

Barpera
höfundur Jón Benjamín Einarsson, leikstjóri Guðjón Sigvaldason.
Þátttakendur: 15 Sýningar: 3 Áhorfendur: 300

Jólaperá
höfundur Jón Benjamín Einarsson, leikstjóri Vilhjálmur Hjálmarsson.
Þátttakendur: 14 Sýningar: 5 Áhorfendur: 450



Jólaperá

Leikfélagið Snúður og snælda

Stefnumót við Jökul

höfundur Jökull Jakobsson, leikstjóri Bjarni Ingvarsson.

Þátttakendur: 17 Sýningar: 12 Áhorfendur: 831

Skýrsla stjórnar:

Aðalfundur félagsins var haldinn 19. maí 2006 og urðu miklar og góðar umræður um málefni félagsins og framtíð þess. Fram kom á fundinum að endurnýjun væri í lakara lagi og þyrfti úr að bæta. Þó hafa bæst í okkar hóp góðir félagar eins og Halldór Jónsson, Magnús H. Ólafsson og stelpurnar í markaðsnefndinni og Ragnheiður og Guðrún hvíslarar.

Á aðalfundinum voru tveir félagar sæmdir heiðursfélaganafnbót en það voru Brynhildur Olgeirsdóttir og Sigrún Pétursdóttir og fengu þær skrautritað innrammað skjal því til staðfestingar.

Við stjórnarkjör kom í ljós að fráfarandi formaður óskaði eftir að verða laus úr formannsstöli. Enginn gaf kost á sér í stöðu formanns, þá var ákveðið að fresta fundi og boða til framhaldsaðalfundar og tíminn nýttur til að finna lausn á þessari stöðu. Framhaldsaðalfundur var svo haldinn 26. maí. Hörður S. Óskarsson gaf kost á því að vera í eitt ár í viðbót sem formaður. Aðrir í stjórn voru kosin: Aðalheiður Sigurjónsdóttir (varaformaður) Guðlaug Hróbjartsdóttir (ritari) Gunnar Helgason (gjaldkeri) og Hannes Pétursson (meðstjórnandi). Í varastjórn voru kjörin: Björg Aðalsteinsdóttir og Grétar S. Hjartarson. Stjórnin hélt alls 8 stjórnarfundir á starfsárinu og þar rædd helstu viðfangsefni félagsins s.s. félagatal, leikritaval, sýninga- og æfingaaðstaða, markaðsmál o.fl.

7 félagsfundir voru á árinu og var einn þeirra með stjórn FEB um stöðu félagsins og framtíðarhorfur, kom þar margt fram sem of langt yrði upp að telja í þessari skýrslu, svo sem peningamál. Í framhaldi af þessum fundi kom upp sú hugmynd að sýna og æfa í Stangarhyl. En sú hugmynd var strax skotin í kaf, þegar fram kom frá einum í stjórn FEB að ekki kæmi til greina að hengja upp ljóskastara í loft eða bita.

Í framhaldi af þessu var kannað með húsnæði í barnaskóla Austurbæjar, félagsheimili Seltjarnaness, Austurbæjarbíói – en staðnæmst við lönó þrátt fyrir bílastæðavandamál. Þá var rætt við forstjóra bílastæðasjóðs um að hliðrað yrði til með eldri borgara í bílastæði. En ekkert jákvætt fékkst út úr því. Að lokum var samið við leikhússtjórnann í lönó Margréti Einarsdóttir um áframhaldandi samstarf og afnot og var það auðsótt mál og sanngjörn leiga sett upp, eða sama gjald og á síðasta starfsári þ.e. kr. 30.000 fyrir sýningakvöld og ókeypis fyrir æfingar.

Þá samdi stjórnin við Bjarna Ingvarsson um að hann leikstýrði á leikárinu. Lokið var við að sýna Glæpir og góðverk en sýningar urðu alls 16 í lönó, sú síðasta 30. apríl 2006. Í Hveragerði urðu sýningar alls 8, sú síðasta 2. maí 2006. Alls komu um 1100 gestir á þessar sýningar. Sérstök hátíðarsýning var í lönó í tilefni af afmæli Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni.

Stjórn Snúðs og Snældu skiptist á að lesa 14 leikverk og samþykkti í samráði við leikstjóra að taka til sýninga þrjá einþátunga eftir Jökul Jakobsson. Félagið vildi á þann hátt heiðra og minnast hins mikilvirta skálds sem féll frá langt um aldur fram. Þetta voru leikþættirnir: „Gullbrúðkaupið“, „Afmælið í kirkjugarðinum“ og „Því miður frú“. Auk þeirra voru svo stutt atriði úr þrem öðrum leikritum.

Æfingar og samlestur hófust svo 2. nóvember 2006. Frumsýnt var í lönó sunnudaginn 25. febrúar 2007, en áður hafði verið forsýnt í Hveragerði 22. febrúar við góðar undirtektir. Ákveðið var að sýna aðeins 5 sýningar í lönó og þær allar auglýstar strax í upphafi. Sýningar urðu þó 6, þar af ein kvöldsýning. Í Hveragerði urðu sýningar einnig 6 en hefðu getað orðið 9 eða 10. Engin sýning var í nóv–des eins og fyrri ár og áætlað hafði verið. Svo féllu niður 2 sýningar vegna ófærðar austur fyrir fjall og önnur vegna lítillar þátttöku á sparidögum Hótel Arkar. Síðustu sýningar voru svo þ. 14. mars í lönó og 24. apríl á Hótel Örk. Alls komu um 1000 gestir á þessar 12 sýningar.

Sú nýbreytni var tekin upp að stofna markaðsnefnd sem hefði það verkefni að kynna félagið, leikverk þess og auglýsa, útbúa plaköt, prógram og hvetja fólk til að sækja sýningar eldra fólks. Nefndin hélt alls 5 fundir en í henni voru: Björg Aðalsteinsdóttir, Brynhildur Olgeirsdóttir, Margrét J. Hagalínsdóttir, Sigurrós Ottósdóttir og Svanbjörg Hróbjartsdóttir.

Lokahóf leikfélagsins var haldið í Skíðaskálanum 22. mars sl.

Þá hefur félagið haldið uppi öflugum námskeiðahaldi til fjölda ára í framsögn, upplestri og samfara því haldið uppi kynningu á skáldum og rithöfundum. Á liðnum árum hefur félagið kynnt 97 rithöfunda og skáld, flutt verk eftir þau bæði í bundnu og óbundnu máli. Tvö námskeið voru haldin í vetur, það fyrra frá 26. sept. til 28. nóv. og það síðara frá 30. jan. til 10. apríl. Þátttakendur á þessum námskeiðum voru 26, leiðbeinandi var Bjarni Ingvarsson leikstjóri.

Leikfélagið nýtur öflugs stuðnings frá Félagi eldri borgara, bæði í formi félagsaðstöðu, húsnæðis og ekki hvað síst fjárhagsstuðnings. Ekki má gleyma þeim ágætu starfsmönnum FEB þeim Dagmari, Jóhönnu, Kristínu og Stefaníu sem eru ávallt reiðubúnar að sinna okkar kalli af ljúfmennsku og lipurð. Þetta er allt félaginu ómetanlegt og ber að þakka sérstaklega.

Stjórn félagsins sótti um aukafjárveitingu frá ferða- og félagsmálanefnd Reykjavíkur og var úthlutað 100.000 kr. Úr Menningarsjóði Bandalags íslenskra áhugaleikfélaga fékk félagið úthlutað um 428.000 kr. Þá sótti stjórnin um menningarstyrk til nokkurra stórfyrirtækja og veitti KB banki félaginu 300.000 kr. og Landsbanki Íslands 100.000 kr.

Leikfélagsmeðlimir hafa aflað tekna með þátttöku í auglýsingum. Nú síðast með þátttöku í áramótaskaupi RÚV og runnu þeir aurar 50.000 kr. til félagsins. Að lokum er gaman að geta þess og vekja athygli á því að aldrei féllu niður sýningar vegna veikinda leikara, sem þó eru allir komnir á efri ár.

Leikstjóri félagsins Bjarni Ingarsson leikari og leikskáld hefur á undanförunum árum sett upp 10 sýningar fyrir Snúð og Snældu, hann á miklar þakkir skildar fyrir einstakt og óeigingjarnt starf og ljúfmennsku alla. Áhugafólk meðal eldri borgara um leiklist eiga sannarlega „hauk í horni“ þar sem Bjarni er.

Hörður S. Óskarsson, formaður.

Leikfélagið Sýnir

Mávurinn

höfundur Anton Tsjekhoff, þýðing Ingibjörg Haraldsdóttir, leikstjóri Guðjón Þorsteinn Pálmarsson.

Þátttakendur: 15 Sýningar: 4 Áhorfendur: 192

Götuleikhús á Sandaragleði

samið og leikstýrt af leikhópnum.

Þátttakendur: 20 Sýningar: 1 Áhorfendur: 100

Götuleikhús á Fiskidaginn mikla

samið og leikstýrt af leikhópnum.

Þátttakendur: 25 Sýningar: 1 Áhorfendur: 5.000

Skýrsla stjórnar:

Leikárið hófst með því að Guðjón Þorsteinn Pálmarsson leikari og leikstjóri var fenginn til þess að setja upp sýningu í fullri lengd. Guðjón valdi Mávinn eftir Tsjekhof í samráði við stjórn. Leyfi fékkst til þess að sýna í Elliðaárdalnum í samvinnu við Orkuveitu Reykjavíkur. Æfingahúsnæði var fengið að láni hjá Leikfélagi Hafnarfjarðar og Leikfélagi Kópavogs. Æfingar hófust í júní. Farið var í æfingabúðir á Hellissand í Snæfellsbæ eina helgi um miðjan júlí en tókst sú ferð mjög vel. Fékk félagið æfingaaðstöðu í íþróttahúsinu gegn því að sýna götuleikhús á Sandarahátíðinni þessa helgi. Gist var í húsi og garði gjaldkera félagsins, Guðrúnar Láru.

Frumstýnt var í Elliðaárdalnum í byrjun ágúst. Sýnt var fimm sinnum en ekki reyndist unnt að hafa fleiri sýningar vegna anna félagsmanna. Ein þessarra sýninga var í Hánefsstaðareit í Svarfaðardal en félagið fékk ferðastyrk frá Fiskideginum mikla á Dalvík eins og nokkur ár á undan, gegn því að sýna götuleikhús á hátíðinni. Tókst hvort tveggja afar vel og gerður góður rómur að í blíðskaparveðri. Fleira var ekki gert þetta sumar.

Hrund Ólafsdóttir, fráfarandi formaður.



Mávurinn

Leikflokkurinn Hvammstanga

Emil í Kattholti

höfundur Astrid Lindgren, þýðandi Vilborg Dagbjartsdóttir, leikstjóri Ingrid Jónsdóttir.

Þátttakendur: 33 Sýningar: 4 Áhorfendur: 715

Skýrsla stjórnar:

Stjórn Leikflokksins kom saman í haust og ákvað að setja upp leikrit eftir nokkuð langt hlé. Fyrir valinu varð að setja upp barnaleikrit, bæði þar sem ekki hefur verið sett upp slíkt verk nokkuð lengi og eins til að ala upp framtíðaráhorfendur. Það tók ekki langan tíma að velja verkið, Emil í Kattholti.

Við fengum til liðs við okkur leikstjórnann Ingrid Jónsdóttur sem hefur leikstýrt hjá okkur áður. Handritið var nokkuð stytta en vel staðfært inn á svæðið. Æfingar hófust um miðjan janúar og gengu nokkuð vel þrátt fyrir að flensan herjaði á liðið. Ágætlega gekk að fá leikara en hins vegar var þrautin þyngrri að fá tæknifólk. Allt gekk þetta þó upp að lokum og er óhætt að segja að allir hafi skemmt sér hið besta. Áhorfendur fjölmenntu á þær fjórar sýningar sem voru í boði, alls komu um 800 manns á þær með litlu krílunum sem ekki þurftu að borga inn. (Sum þeirra líta nú á Félagsheimilið sem LEIKHÚS og skilja ekkert í því að Emil sé ekki þarna enn!!) Þar sem við höfðum ekki sett niður fleiri sýningar gátum við því miður ekki fengið húsnæðið áfram til að hafa aukasýningar sem þó nokkur eftirspurn var eftir.

Við reyndum nokkuð að koma okkur á framfæri í fjölmíðlum en það gekk erfiðlega. Reyndar sinnti Útvarp norðurlands okkur vel og eins birtist góð umfjöllun á vefnum www.strandir.is. Gerð voru nokkur auglýsingaplaköt en að mestu var auglýst með tölvupósti og í Sjónaukanum.

Í byrjun febrúar var tekin vika í að æfa revíu/skemmtidagskrá fyrir hið árlega þorrablót Hvammstangabúa. Leikflokkurinn sér alfarið um að semja, leika og syngja riflega klukkustundar dagskrá sem alltaf vekur mikla lukku meðal blótsgesta.

Það er óhætt að segja að við séum ánægð með árið og hlökkum til starfsins á komandi árum.

Jónína Margrét Arnórsdóttir, formaður.



Emil í Kattholti

Leikhópurinn Lopi

Umferðarmiðstöðin

höfundur og leikstjóri Magnús J. Magnússon.

Þátttakendur: 29

Sýningar: 3

Áhorfendur: 250

Skýrsla stjórnar:

Starfsemi Leikhópsins Lopa var með hefðbundnum hætti þetta leikárið. Starfsemið hófst í september með fundi. Á fundinn mættu 32 áhugasamir einstaklingar og var strax hafist handa við haustverkefnið.

Ákveðið var að semja leikrit frá grunni. Eftir skemmtilegt vinnuferli samdi undirritaður verkið og eftir strangar æfingar var verkið frumsýnt 26. nóvember 2006. Sýningar voru í Mánagarði og urðu 3 talsins þar sem komið var fram í jólamánuðinn.

Mikil gróska var í leiklistinni á vormánuðum þannig að vorsýning Lopa komst ekki að. Það gengur bara betur næst.

Leikarar Leikhópsins Lopa voru virkir og ákafir allt leikárið og nú er unnið að verkefni fyrir Húmarhátíðina og kannski aðrar uppákomur!

Stjórn Lopa 2006–2007:

Formaður: Magnús J. Magnússon

Gjaldkeri: Ágústa Baldursdóttir

Ritari: Íris Árný Magnúsdóttir

Varastjórn: Hólmgrímur E. Bragason

Varastjórn: Ólafur M. Hauksson

Magnús J. Magnússon, formaður.



Hernám í Hrísey

Leikklúbburinn Krafla

Hernám í Hrísey

höfundar leikhópurinn og leikstjórinn Linda María Ásgeirsdóttir.

Þátttakendur: 19

Sýningar: 4

Áhorfendur: 200

Leikklúbburinn Saga

Fimm stelpur

eftir Carl-Johan Seth, þýðing Sigmundur Örn Arngrímsson, leikstjórn Ólafur Steinn Ingunnarson.

Þátttakendur: 8

Sýningar: 4

Áhorfendur: 94



The Seven Divas

Leikklúbburinn Spuni

The Seven Divas

eftir leikhópin og leikstjórnann Höllu Margréti Jóhannesdóttur.

Þátttakendur: 15

Sýningar: 1

Áhorfendur: 200

Skýrsla stjórnar:

Aðalfundur Leikklúbbsins Spuna var haldinn í Top Squash, Sandweiler 10. október 2006.

Nornir, draugar, prinsessur í álögum og aðrir áhangendur fylktu liði til Bourglinster þann 11.11. 2006. Spuni var sem sé að halda hið næstum því árlega hrekjavökumót og var þar vel mætt, um 135 vættir, stórar og smáar.

Og til þess að gera nú mótið sem veglegast var fluttur inn magnaður galdravættur, hann Lalli, alla leið frá hinu alkunna seiðlandi elds og ísa. Honum tókst með töfrum sínum að galdra bros á öll andlit. Ýmsar kynjaverur spunnu vefi upp um loft og vegg og ljáðu mótinu mystískan blæ, svo mystískan að sumum minnstu vættunum þótti sér ekki vært. Aðrar komu með kræsingar í pottinn, svo sem pönnukörtur, brúnkakkalakka og brauðtítlur, allt var þetta soðið í sýru og fengu allir sinn skammt.

Í mótslok var haldinn nornadráttur og gáfu Cargolux og Richette vinninga til að fá frið frá draugagangi, en nornir gáfu seiðpotta, köngulær og leðurblökur sem þær voru búnar að fá leiða á.

Framhald á næstu síðu ...

Framlag Spuna til þorablóts Félags Íslendinga í Lúxemborg 10. febrúar 2007 var með örlítið öðru sniði en verið hefur. Leikhópurinn tók að sér að annast veislustjórn blótsins í stað þess að setja upp revíu. Var það gert með söng og dansi og einnig var endurvakinn sá gamli, góði siður að fara með minni karla og kvenna. Þessi þáttur var færður í alþjóðlegan búning og Spuni fékk til liðs við sig þau Nathalie Hoffmann, Tony Arcone og Stavros Evangelakakis, sem minntust karla og kvenna á óvæntan og nýstárlegan hátt. Það var frábært að heyra – og sjá – hvað mökum Íslendinga af öðrum þjóðernum finnst sköplegt við landann og fengu þau mjög góðar undirtektir. Halla Margrét Jóhannesdóttir sá um leikstjórn.

Spunastjórnin átti ennþá „plenty energy“ eftir að þorablóti liðnu og réðst í það að fá hingað einleikina Dimmalimm og Gísla Súrsson. Leikarinn Elfar Logi Hannesson sýndi helgina 16. til 18. mars 2007 á Check-Inn, Lúxemborg. Troðfullt var á barnasýninguna Dimmalimm. Börnin lifðu sig inn í söguna og ekki var að sjá að fullorðnum leiddist. Og það sýndi sig að Gíslu Súrsson og félagar hans úr Íslendingasögunum geta verið bæði léttir og skemmtilegir, allavega þegar Elfar Logi segir frá.

Bryndís Kristjánsdóttir.

Skagaleikflokkurinn

Salka Valka

höfundur Halldór Laxness, leikstjóri Inga Bjarnason.
Þátttakendur: 25 Sýningar: 12 Áhorfendur: 408

Sólheimaleikhúsið

Blái hnötturinn

höfundur Andri Snær Magnason, leikstjóri Þórný Jakobsdóttir.
Þátttakendur: 35 Sýningar: 5 Áhorfendur: 520



Salka Valka

Stúdentaleikhúsið

Þú ert enginn Johnny Depp

höfundur Víkingur Kristjánsson, leikstjóri Björn Hlynur Haraldsson.
Þátttakendur: 18 Sýningar: 9 Áhorfendur: 320

Examinasjón

höfundur Chris Donald, leikgerð og leikstjórn Guðjón Þorsteinn Pálmarsson.
Þátttakendur: 14 Sýningar: 10 Áhorfendur: 500

Skýrsla stjórnar:

Stjórn haustannar: Hörður Ellert Ólafsson formaður, Bryndís Jónatansdóttir varaformaður, Kolbeinn Arnbjörnsson framkvæmdastjóri, Katla Hannesdóttir gjaldkeri, Hildur Björgvinsdóttir ritari, Harpa Hrund Pálsdóttir skemmtanastjóri.

Stjórn vorannar:

Hildur Björgvinsdóttir formaður.

Veturinn 2006–2007 setti Stúdentaleikhúsið upp tvær sýningar eins og venja er orðin, Þú ert enginn Johnny Depp og Examinasjón. Aðeins var auglýst eftir þátttakendum á vef Háskóla Íslands en orðið virðist hafa spurst vel út því margir sem eru ekki nemendur skiluðu sér inn í leikfélagið. Boðað var til fyrsta fundar leikársins 7. september þar sem starf haustannarinnar var kynnt, leikstjóri og verkefnaval. Mættir voru um 30 manns og var langstærsti hlutinn kominn til þess að sækjast eftir hlutverki í sýningunni en örfáir til að sinna öðrum verkefnum sem snúa að uppsetningu sýningar, tónlist, leikmynd, búningum og markaðssetningu. Stífar æfingar hófust strax í kjölfarið og var Þú ert enginn Johnny Depp frumsýnt í Silfurtunglinu, Austurbæ 12. nóvember. Sýnt var 9 sinnum. Stefnt var að því að halda sýningum áfram í janúar og jafnvel fara með hana norður á Akureyri en úr því varð ekki sökum fjárskorts og skorts á leikurum.

Vorönnin hófst með kynningarfundum 18. janúar og voru þar mættir um 35 manns, bæði margir sem tekið höfðu þátt í Þú ert enginn Johnny Depp sem og stór hópur af nýjum meðlimum. Eins og áður var væntanlegt starf kynnt og meðlimir beðnir um að segja hvað þá langaði að gera í sýningunni. Eins og búast mátti við langaði stærsta hópinn að leika. Æfingar hófust fljótlega eftir fundinn og var framan af æft í stofu 301 í Árnagarði Háskóla Íslands en síðar voru æfingarnar fluttar í kartöflugeymslurnar í Ártúnsbrekku þar sem frumsýnt var 14. apríl. Auglýstar sýningar voru níu en vegna mikillar aðsóknar var ákveðið að bæta við einni miðnætursýningu strax í kjölfar áður auglýstrar lokasýningar.

Bæði verkin sem voru sett upp voru óskir leikstjóranna en þó ákveðin í samráði við stjórnarmeðlimi.

Því miður kom upp ágreiningur milli stjórnarmeðlima á miðju leikárinu sem varð til þess að aðeins einn var eftir til að vinna að sýningunni sem sett var upp eftir áramót. Það virðist þó ekki hafa komið að sök þar sem sú sýning tókst afbragðsvel og voru allir sem að henni stóðu, sem og að því er virðist flestir áhorfendur, mjög ánægðir með útkomuna.

Þú ert enginn Johnny Depp

Leikstjóri sýningarinnar var Björn Hlynur Haraldsson og honum á hægri hönd sat Víkingur Kristjánsson sem jafnframt skrifaði handritið. Tónlistina samdi Gísli Rúnar Harðarson.

Sýningin byggðist á félasfræðitilraun sem gerð var við Stanfordháskóla í Bandaríkjunum 1971 og hefur verið nefnd „The Stanford Prison Experiment“. Hún fjallar um mannlegt eðli, misbeitingu á valdi og ferringu ábyrgðar. Hvað gerist þegar hóp af mönnum er sagt að halda stjórn yfir öðrum hóp af mönnum en bera í raun ekki ábyrgð á gjörðum sínum?

Mikil spunavinna fór fram fyrri hluta æfingatímabilsins og skrifaði Víkingur handritið út frá þeirri vinnu. Í sýningunni voru 18 leikarar, 11 kk. og 7 kvk.

Silfurtunglið er lítið rými en með lagni tókst að koma stórum hóp leikara þar fyrir án þess að of þröngt yrði á sviðinu.

Áhorfendasæti í rýminu eru 45 og var uppselt á sex sýningar af 9.

Austurbær sá um að auglýsa sýninguna í blöðunum en auk þess voru prentuð plaköt og þeim dreift um borgina. Þó kom í ljós að langstærstur hluti áhorfenda kom vegna þess að þeir höfðu frétt af ágæti sýningarinnar en ekki vegna auglýsinga.

Sýningin var 90 mínútur að lengd.

Examinasjón

Guðjón Þorsteinn Pálmarrson (Denni) sá um leikstjórn Examinasjón og Snæbjörn Ragnarsson (Bibbi) samdi tónlistina en hún var öll flutt af sjö manna hljómsveit sem var á sviðinu alla sýninguna. Lýsinguna hannaði Arnar Ingvason. Examinasjón var skrifað af Guðjóni út frá bresku teiknimyndasögnum The Bottom Inspectors, sem birtast í tímaritinu VIZ. Þeir Guðjón og Snæbjörn höfðu áður sett upp sýninguna Allra kvikinda líki með Leikfélagi Kópavogs en hún var einnig skrifuð upp úr VIZ-sögu. Boðskapur sýningarinnar fjallaði um það hvernig yfirvöld, lögregla, herir og ríkið sjálf virðast hafa völd til að skipta sér af einkalífi fólks og ýmsu því sem virðist ekki koma neinum við nema einstaklingnum sjálfum og þeirri spurningu varpað fram hvar línan í þessari hnýsni/afskiptasemi verður dregin. Sá boðskapur virðist hafa komist til skila þar sem einn áhorfandinn lýkti sýningunni við skattaskýrslugerð.

Guðjón ákvað að hitta allan hópinn nokkur skipti, vinna spunavinnu og ýmsa leiki og kasta í hlutverk eftir það. 11 manns fengu hlutverk, 6 kvk. og 5 kk.

Talsvert efiðlega gekk að finna húsnæði fyrir sýninguna og var aftur æft í stofu 301 Árnagarði. Það var um miðjan mars sem æfingarnar voru fluttar í kartöflugeymslurnar í Ártúnsbrekku og var mikill munur að geta æft í því rými sem sýna átti í. Margar hugmyndir komu fram um nýtingu á því stóra rými sem geymslurnar eru og talsvert erfiðlega gekk að komast fyrir það mikla bergmál sem þar er. Það tókst ágætlega að lokum og var lendingin að nýta vel dýpt rýmisins sem er samtals 30 metrar og nota lýsingu til að auka á áhrifin.

Áhorfendapallarnir voru smíðaðir úr vörubrettum og tóku þeir um 55 manns í sæti. Fyrir utan auglýsingu í Morgunblaðinu eitt skipti var sýningin ekki auglýst neitt nema í formi tölvupósta til nemenda Háskóla Íslands. Þetta var ákveðið í ljósi þess að áhorfendur á Johnny Depp höfðu ekki komið á sýninguna vegna þess að þeir höfðu séð hana auglýsta heldur vegna orðsins á götunni og átti að láta reyna á það aftur á Examinasjón. Það tókst mjög vel og komu um 450 manns á sýninguna.

Sýningin var 70 mínútur að lengd.

Samantekt

Á heildina lítið var leikárið 2006–2007 mjög gott ár hjá Stúdentaleikhúsinu og eru aðstandendur þess mjög sáttir við útkomuna og þær tvær sýningar sem settar voru upp. Sýningarnar voru á margan hátt unnar svipað, leikarar unnu spunavinnu sem leikstjórar síðan skrifuðu handrit út frá en að öðru leiti voru þær mjög ólíkar hvað varðar leikara, rými, tónlist og efnistöð. Þó má finna ádeilu í báðum sýningum.

Hildur Björgvinsdóttir, formaður.



Maður í mislitum sokkum

Umf. Íslendingur, leikdeild

Maður í mislitum sokkum

höfundur Arnmundur Backman, leikstjóri Ása Hlín Svavarsdóttir.

Þátttakendur: 20

Sýningar: 10

Áhorfendur: 500

Skýrsla stjórnar:

Í haustbyrjun var haldið leiklistarnámskeið þar sem Ása Hlín Svavarsdóttir var leiðbeinandi. Þátttakendur í námskeiðinu voru 12 og voru þetta 5 kvöld en námskeiðið var bæði fróðlegt og skemmtilegt. Í framhaldi af námskeiðinu setti Leikdeildin upp gamanleikritið *Maður í mislitum sokkum* – leikarar voru 8 en alls komu 20 manns að sýningunni með einum eða öðrum hætti. Ása Hlín leikstýrði.

Framhald á næstu síðu ...

Sýningar voru 10 og má segja að bæði áhorfendur og þeir sem komu að sýningunni hafi skemmt sér hið besta.

Í apríl stóð leikdeildin fyrir söngvarakeppni í Brún í Bæjarsveit sem kölluð var Sex Traktor 2007. Keppendur voru 11, hljómsveit hússins lék undir og 3 dómaraar dæmdu söng og sviðsframkomu keppenda en áhorfendur kusu þegar dómnefnd hafið valið 3 keppendur í úrslit. Ekki verður sett upp leikrit í haust en það er gert annaðhvort ár en stefnt er að Ædolsöngvakeppni fyrir börn og unglínga í haust.

Elísabet Axelsdóttir formaður.

Umf. Reykdæla

Nú fljúga hvítu englarnir

höfundur Örnólfur Guðmundsson, leikstjóri Steinunn Garðarsdóttir.
Þátttakendur: 14 Sýningar: 6 Áhorfendur: 400

Flugfreyjubáttur

höfundur Kristín Gestsdóttir, leikstjóri Steinunn Garðarsdóttir.
Þátttakendur: 2 Sýningar: 6 Áhorfendur: 400

Er það ég?

höfundur Kristín Gestsdóttir, leikstjóri Steinunn Garðarsdóttir.
Þátttakendur: 2 Sýningar: 6 Áhorfendur: 400

Litli Landabarin

höfundur Embla Guðmundsdóttir o.fl., leikstjóri Embla Guðmundsdóttir.
Þátttakendur: 11 Sýningar: 1 Áhorfendur: 200



Nú fljúga hvítu englarnir

Umf. Skallagrímur, leikdeild

Sex í sveit

höfundur Marc Camoletti, þýðandi Gísli Rúnar Jónsson, leikstjóri Rúnar Guðbrandsson.
Þátttakendur: 8 Sýningar: 9 Áhorfendur: 400



Sex í sveit

Umf. Stafholtstungna, leikdeild

Ása í ástandinu

höfundur Andrea Davíðsdóttir, leikstjóri Margrét Ákadóttir.
Þátttakendur: 8 Sýningar: 7 Áhorfendur: 400

Skýrsla stjórnar:

Leikdeild ungmennafélags Stafholtstungna heldur upp á þrjátíu ára afmæli í ár. Á páskum 2007 sýndu félagar deildarinnar verk eftir Andreu Davíðsdóttur frá Norðtungu. „Ása í ástandinu“ er gaman og alvara og gerist leikurinn á stríðsárunum þegar sveitafólk þyrpist til bæjarins til að upplifa nýja hluti. Meðal þeirra er Ása, stelpa úr sveit sem ræður sig í vist hjá stórkaupmannsfjölskyldu í Reykjavík. Við henni blasir allt annað líf heldur en það sem hún þekkir úr sveitinni og ýmsar freistingar liggja í leyni. Inn í leikritið er fléttað lögum sem voru vinsæl á þessum tíma og eru textar sumra þeirra aðlagaðir því efni sem fjallað er um. Persónur eru fimm talsins, Jónas stórkaupmaður og Una hans eðalfrú. Sonur þeirra er Pétur og tilvonandi tengdadóttirin er Hildur. Síðan er Ása eins fram hefur komið, ung stúlka úr sveit. Einu hlutverki, ef hlutverk mætti kalla, var bætt við. Það var sögukerling sem kom inn í upphafi og rifjaði upp minningar frá þeim tíma er verkið á að hafa gerst. Verkinu var leikstýrt af Margrétu Ákadóttur og færum við henni okkar bestu þakkir.



Ása í ástandinu

Á Þjóðarpallinum

Í ágústbyrjun 2006 var þriðja leiklistarhátíð Norður-evrópska áhugaleikhússambandsins NEATA haldin í Þórshöfn í Færeyjum. Sýning Hugleiks og Leikfélags Kópavogs á Memento mori eftir Hrefnu Friðriksdóttur í leikstjórn Ágústu Skúladóttur var valin sem framlag Íslands á hátíðinni.

Þegar haldið var af stað á leiklistarhátíð í Þórshöfn vissi auðvitað enginn á hverju væri von. Kunnuglegt umhverfi, en þó ekki. Hvernig myndi hátíð Færeyinga koma út í samamburði við báknið í Mónakó, eða óskiljanleikann, óprifnaðinn og óskapnaðinn í Lípétsk?

Það er skemmst frá því að segja að það var ekki mikil ástæða til að kvarta yfir aðbúnaðinum í Þórshöfn. Þegar á staðinn var komið var okkur vísað til rekkju á viðkunnanlegri heimavist Lýðháskólans. Afbragðs mötuneyti var í Kennaraskólanum rétt hjá, þar sem miðstöð hátíðarinnar var.

Á hátíðinni voru sýningar frá Eystrasaltslöndunum þremur, og frá fimm Norðurlandanna: Færeyjum, Íslandi, Danmörku, Svíþjóð og Noregi. Það vakti eftirtekt að engin sýning kom frá Finnlandi. Því heyrðist fleygt að engin finnsku sýninganna sem í boði voru hefði þótt eiga erindi á hátíð sem þessa, og því hefðu Finnar ákveðið að sleppa þessu bara. Þótt það sé hálfðapurlegt þegar eitt landið vantar fer ekki hjá því að manni finnist að sumir megi stundum taka þessi vinnubrögð sér til fyrirmyndar.

Auk þessara landa áttu samkvæmt dagskrá að vera sýningar frá Hjaltlandseyjum og Hvíta-Rússlandi. Hvorugur þessara hópa skilaði sér. Sá fyrrnefndi ætlaði sér að mæta stuttu fyrir eigin sýningu, lenti svo í hremmingum með flugveður og þá var ekki að sökum að spyrja. Hvítrússarnir urðu hins vegar fyrir því að vera neitað um vegabréfsáritun til Danmerkur, að sögn af orsökum sem tengjast stjórn málaástandinu í heimalandi þeirra. Ljótt er ef satt er.

Sýnt var á þremur stöðum: í Norðurlandahúsinu, Sjónleikarahúsinu og á hinum svokallaða Tjóðpalli. Það var á síðastnefnda staðnum sem okkur var ætlað að sýna. Pallurinn er í gamalli mjólkurstöð, „black box“-hús sem er eins og hannað utan um sýningu eins og Memento.

Daginn fyrir sýninguna tókum við rennsli í íþróttasal Lýðháskólans. Oft höfum við gert betur. Fyrir vikið komu allir tvíefldir til starfa á sýningardaginn, æft var markvisst og tæknivinna gekk vel með dyggri aðstoð heimamanna. Það sem Tjóðpallinn virtist helst vanta var loftkæling. Oft hafa fallið fagrir svitadropar af leikurum Memento, en það þurfti troðfullan salinn í mjólkurstöðinni til að kalla fram seytlendi læki. Sýningin tókst með ágætum, og erfitt er að lýsa viðtökunum. Kærkomnasta hrósið var þó þegar okkar dásamlega hjálparhella, hann Jógván, kom stormandi inn í búningsklefa og stundi ekki öðru út úr sér en: „Elsku jáararnir mínir!“

Daginn eftir sýninguna okkar var farið í ágæta skoðunarferð. Ekið var yfir á Eysturoy, skoðuð vegleg ný kirkja í Gøtu, heimabæ Eivarar „okkar“, og staldrað við í hinum einstaka bæ, Gjógv (borið fram Géggyv). Eftirminnilegur er eins konar kappsöngur Íslendinga, Færeyinga og Dana, sem fram fór



Sigurður H. Pálsson

á fjallsbrún með glæsilegu útsýni yfir sögnum hlaðna klettdranga.

Helsta lýtið á þessari annars ágætu hátíð sneri að námskeiðum þeim og fyrirlestrum sem þar áttu að fara fram. Á daginn kom að almennt séð hafði gleymst að segja námskeiðshöldurum frá því að þeir ættu að gera nokkurn skapaðan hlut. Þar á meðal var hún Ágústa okkar. Þegar til kastanna kom varð mest lítið af þessu fyrirlestra- og námskeiðahaldi. Áberandi undantekning var afbragðs workshop sem Ágústa hélt, snemma morguns daginn eftir sýninguna okkar, með svo til engan tíma til undirbúnings. Geri aðrir betur.

Eins og oftast er raunin kynntumst við mörgu fólki á hátíðinni. Samskiptin fóru eins og venjulega að miklu leyti fram á hinum hefðbundna og bráðnauðsynlega hátíðarklúbbi, sem reyndar þurfti aðeins að þrýsta á heimamenn til að fá að starfrækja með sóma. Þessi kynni hafa í mörgum tilfellum átt sér framhald, enda hittum við til dæmis margt af þessu fólki á hátíðinni í Suður-Kóreu 2007, sem er efni í næsta ársrit. Nokkuð var um að við fengjum boð á fleiri staði, en þó skömm sé frá að segja þurftum við að afþakka mörg þeirra, enda réðum við tæplega við mikið meiri ferðalög en fyrrnefnda Kóreuferð.

Hér fylgir loks örkritik á sýningar hátíðarinnar:

Færeyjar – Menniskjan og tey fornesku:

Vel þjálfaður unglíngaleikhópur í vönduðum gervum brá þarna upp svipmyndum úr færeyskum sögnum. Vel gert.

Noregur – Mot slaktevekt:

Ef mér skjátlást ekki hefur áður verið fjallað um norskar

leiksýningar á neikvæðum nótum á þessum vettvangi, og ekki laust við að meðal hátíðafara sé farið að gæta fordóma gagnvart þeim. Þeir sem sáu „Nálgast fallþunga“ eru þó hygg ég lausir við þessa fordóma. Tveir menn í fangaklefa bíða aftöku fyrir óljósan glæp. Þeir stytta sér stundir við alls kyns hjákátlega leiki og samræður. Undirleikur og hljóðmynd er í boði eins rafmagnsgítars. Höfundur, sem jafnframt lék annað tveggja hlutverka í sýningunni, gekkst fúslega við því í samtali við undirritaðan að vera undir sterkum áhrifum frá Beckett. Ég held að margir hafi látið það leikskáld hafa verri áhrif á sig en hann Geir. „Mot slaktevakt“ er með því allra besta sem sá sem hér ritar hefur séð í leikhúsi fyrr og síðar.

Svíþjóð – Ja, má jag leva:

Ung stúlka reynir á afmælisdaginn að brjótast undan kúgun fatlaðrar systur og hofinnar móður. Það gengur til skiptis á með óþægilegri glettni og beinum hryllingi. Um miðbikið kemur ótrúlega vel heppnað og kærkomið „comic relief“ í formi vandræðalegs sendiboða. Þessi sýning var afar vel úr garði gerð, leikur skýr og trúverðugur og leikritið haganlega smíðað. Hljóðmyndin var aggressív, en flott. Leikmyndin var einföld og þvældist ekki fyrir, nema að því leyti að hún minnti óþægilega á leikmyndina úr sýningu Hugleiks, „Undir hamrinum“, en það er allt önnur saga.

Danmörk – Koldt:

Parna var ungur leikhópur á ferðinni, og nokkuð áberandi hversu misvel leikararnir stóðu undir hlutverkum sínum. Þótt lagt væri upp með mjög dramatískar aðstæður, þar sem hópur fólks var lokaður inni í kjallara á flótta undan einhverju á borð við bráðáísöld, þá tókst ekki sérlega vel að gera átökin sem fylgdu í kjölfarið trúverðug. Þegar á leið saxaðist á hópinn, og það verður varla sagt að áhorfendur hafi óskað eftirlifendum mikið lengra lífs. Ýmislegt var vel gert, en þessi sýning stenst illa samanburð við aðrar sýningar á hátíðinni, að undanskilinni þeirri lettnesku.

Eistland – Soul:

Að eigin sögn voru Eistarnir almennt ekki dansmenntaðir. Því var erfitt að trúa eftir að hafa séð þetta fallega dans-/tónlistarleikhús. Umfjöllunarefni sýningarinnar voru nokkuð óhlutbundin, og ekki alltaf augljóst hvert verið var að fara, en það var alltaf eitthvað til að horfa á, og ekki síður til að hlusta á. Mestu flugi þótti undirrituðum sýningin ná í sameik dansara og hljóðfæraleikara.

Litháen – Erelnycia:

Litháarnir áttu ekki um stystan veg að fara til Færeyja, en þeir létu sig ekki muna um það að dröslast með afar viðamikla og býsna glæsilega leikmynd. Sýningin var byggð á lífi litháísks ríthöfundar og frelsishetju frá 19. öld, sem barðist fyrir framgangi litháískrar tungu og lauk lífi sínu á geðveikrahæli í Argentínu. Sýningin var vel gerð og leikur sterkur á flestum þóstum. Athygli vakti að leikstjórinn lék aðalhlutverkið.

Ísland – Memento mori:

EKKI verður fjallað um þessa sýningu hér sökum vanhæfni.

Lettland – Karols:

Þetta var tvímælalaust einkennilegasta sýning hátíðarinnar.

Hvort sem litið var á dansandi skógarálfa, risaköngulær eða hrá egg í koppum, eða bara reynt að lesa yfirlitið í leikskránni, þá var næsta ómögulegt að átta sig á því sem fram fór. Sýningin skildi lítið eftir sig annað en vandræðaleg glott, og kannski þessa sælutilfinningu eftir á sem fylgir því að hafa þjáðst, en lifað af.

Færeyjar – Hörpuríma:

Þessi sýning kom líklega einna mest á óvart, mögulega að framtalinni þeirri norsku. Hér var á ferðinni ákaflega fallega samantfléttaður leikur í orðum og leikræn tjáning með hljóðfæraleik, útfærsla á gömlu færeysku sagnakvæði. Áhorfendur voru leiddir fram og aftur um hina ýmsu afkima Sjónleikarahússins, þannig að baksviðið varð að ævintýraheimum og geymslukjallarinn að undirdjúpum hafsins. Heillandi sýning, og glæsilegur lokapunktur á hátíðina.

Undirritaður hefur sótt nokkrar leiklistarhátíðir síðustu árin, og verður ekki annað sagt en að þessi hátíð komi vel út úr samanburðinum. Að jafnaði voru sýningarnar með besta móti, aðbúnaður til mestu þryði, og þótt eilítið hafi brugðið út af við skipulagningu einstakra þátta hátíðarinnar mega Færeyingar vera stoltir af þessari hátíð. Þá er bara að vona að við hér heima getum þegar þar að kemur fyllst sama stolti, en NEATA-hátíðin 2010 verður haldin á Akureyri. Sjáumst þar!

Sigurður H. Pálsson.

Dagbók frá ferðinni má lesa á:
<http://www.hugleikur.is/dagbok.php?id=14>

Myndir úr Memento mori



IV. leiklistarhátíð NEATA

haldin í Þórshöfn í Færeyjum dagana 2.–8. ágúst 2006

Á vegum Bandalags íslenskra leikfélaga sóttum við, Guðrún Halla Jónsdóttir formaður og Vilborg Árný Valgarðsdóttir framkvæmdastjóri, hátíðina, ásamt því að sitja fundi NEATA.

Við komum til Þórshafnar að kvöldi miðvikudagsins 2. ágúst, því miður of seint til að vera við setningu hátíðarinnar sem fram fór í Norðurlandahúsinu. En þar buðu Færeyingar þátttakendur velkomna, forseti NEATA hélt ræðu og síðan sýndi Dramaverkstaðið í Þórshöfn leikritið Menniskjan og tey fornesku. Vitum ekki meira um það ...

Dagskrá

Dagskrá hátíðarinnar var í aðalatriðum þannig að morgunverður var frá 8.00–10.00, leiksmiðjur voru frá 10.00–12.00, hádegismatur frá 12.00–13.30, gagnrýni og umræður um sýningarnar frá 14.00–16.00 og síðan voru sýndar 3 leik-sýningar á dag seinni partinn og fram á kvöld. Hátíðarklúbbur var svo á hverju kvöldi.

Undantekningar frá dagskránni hér að ofan voru reyndar 3 daga af þessum 6.

Sú fyrsta var strax á öðrum degi en þá var skróðganga hátíðargesta um bæinn kl. 14.30 til að vekja athygli bæjarbúa á hátíðinni. Lúðrasveit gekk í broddi fylkingar, þar á eftir kom stultufólk, eldgleypar og síðan leikarar í leikbúningum ásamt öllum þátttakendum. Við Íslendingarnir, samtals 19 manns, gengum saman, öll með eins hatta og allir með íslenska fánann. Við vorum langstærsti hópurinn á hátíðinni. Skróðgangan endaði á litlu torgi við göngugötu í miðbæ Þórshafnar þar sem hvert land var með stutt atriði og að lokum var fleiri hundruð blöðrum sleppt á loft. Við þær voru hengdir litlir miðar þar sem viðstaddir skrifuðu á óskir sínar til handa hátíðinni. Þetta var mjög fallegt og hátíðlegt og tölvvert af fólki fylgdist með. Næsta undantekning frá dagskránni var á þriðja degi en þá féllu niður 2 af 3 sýningum dagsins. Grænlandingar komu ekki vegna peningaleysis og Hvíta-Rússland fékk ekki vegabréfs-áritanir. Ein sýning enn féll niður, en Hjaltlendingar komust ekki vegna þoku. Þeir áttu að sýna laugardaginn 5. ágúst. Síðasta undantekning frá dagskrá var svo á sunnudeginum 6. ágúst en þá var farið með allan hópinn í skoðunarferð til Austureyjar, fyrst var skoðuð nýjasta kirkjan í Færeyjum á austurströnd eyjarinnar og haldið þaðan á norðurendann til smábæjarins Gjógv. Það var drukkið kaffi og borðaðar rjómapönnukökur með bláberjasultu. Eftir kaffið var farið niður í bátalægið sem var í djúpri geil milli klettanna. Það var ansi bratt þarna niður eða 63 þrep. Síðan var keyrt til baka eftir vesturströndinni og komið heim um kvöldmatarleitið. Vel heppnuð ferð en dálítið löng.

Leiksmiðjur

Einhver misskilningur var í gangi varðandi leiksmiðjur hátíðarinnar. Þegar á staðinn var komið voru leikstjórar sýninganna beðnir að vera með sína leiksmiðjuna hver og átti efni þeirra að vera umræður um upsetningar sýninganna og sýna átti vinnuáferðir. Þetta vafðist fyrir mörgum, því flestir vildu bara tala um sýningar sínar en ekki gera neitt verklegt. Það vafðist þó ekki fyrir íslenska leikstjóranum, henni Ágústu

okkar Skúladóttur, sem skilaði sínu með glans. Þangað mættu líka langflestir þátttakendur.

Það virðist sem Færeyingar sjálfir hafi ekki alveg verið með á hreinu hvað orðið „workshop“ þýddi.

Umræður og gagnrýni

Hátíðin var með 3 gagnrýnendur, þau Morten Hovman frá Danmörku, Vár Berghamar Jakobsen frá Færeyjum og Eyðun Johannesen, einnig frá Færeyjum. Fólk var almennt ekki mjög ánægt með frammistöðu þeirra tveggja síðastnefndu en þökkalega ánægt með Danann. Annars þurftu Íslendingar svo sem ekki að kvarta því sýningin okkar, Memento mori, var lofuð í hástert.

Gisting og matur

Hátíðargestir gistu í Kennaraskólanum og Háskólanum, sem er staðsettur á næstu lóð. Allt sem fram fór utan leiksyninganna sjálfra fór fram í Kennaraskólanum. Þar var mótuneyti og var það rómað hvað maturin var góður og vel útlátinn. Aðstaða leikhópanna var ágæt, sumir hóparnir voru reyndar á dýnum í skólaflokkum en flestir fengu 1–2 manna herbergi. Allir Íslendingarnir bjuggu þannig. Við stöllumur þurftum reyndar að búa með öðru stjórnarfólki NEATA á heimavist fyrir fjölfatlaða efst í bænum. Það var varla í göngufæri nema niður á við (að heiman), heim fórum við aldrei gangandi, það var svo bratt. Þannig að við fórum að heiman á morgnana og komumst yfirleitt ekkert heim fyrr en langt var liðið á kvöld. En aðstaða var góð þarna og fólkið gott og skemmtilegt sem við bjuggum með.

Hátíðarklúbbur

Hann var í mótuneytinu á hverju kvöldi. Það komu allir leikhóparnir með atriði, hljómsveitir komu fram og ýmsar óvæntar uppkomur eftir þörfum viðstaddra. Og svo var einnig dansað eftir smekk. Þarna seldu Færeyingar bjór og gos á kostnaðarverði og leyfilegt var að koma með sín eigin drykkjarföng. Mjög vel heppnað hjá Færeyingum.

Leiksýningar

Sýningarstaðir voru 3, Norðurlandahúsið, Sjónleikarahúsið og Þjóðleikhúsið (sem áður var sýningarstaður Grímu). Allt fin leikhús og gott að sýna þar. Af þeim 12 leiksýningum sem fyrirhugaðar voru féllu 3 niður eins og áður hefur komið fram. Þeir sem sýndu voru: Færeyjar (2 sýningar), Noregur, Svíþjóð, Danmörk, Eistland, Litháen, Ísland og Lettland. Ekki ætluð við að gera öllum sýningum skil hér en þess má þó geta að Norðmenn komu verulega á óvart með alveg fanta-góða leiksýningu, aldrei þessu vant. Seinni sýning Færeyinga var alveg „brill“, leikararnir töluðu annað hvort saman með hjóðfærum eða rödd og sögðu okkur Hörpurímur á alveg nýjan máta. Sýning Litháa var einnig góð en þeir sögðu okkur sögu

litháans og ljóðskáldsins Andrius Vistelís-Vistelíauskas sem var uppi á 19. öld og dó á argentísku geðveikrahæli eftir að hafa hrakist víða um lönd í viðleitni sinni til að breiða út litháíska tungumálið sem hann var sannfærður um að væri svo gamalt og gott að það hafi verið tungumálið sem Adam og Eva hafi talað.

Sænska sýningin var einnig ágæt, en þar var okkur sögð saga tveggja systra sem ólust upp hjá hálfgeggjaðri móður sem var dáið þegar sagan gerðist. Átökin milli systrana voru ákaflega vel leikin og sýningin falleg og sterk þó ekki hafi hún verið alveg gallalaus.

Það var auðvitað engin sýninganna gallalaus, nema ef vera skyldi sýningin okkar, Memento mori, sem Leikfélag Kópavogs og Hugleikur settu upp í sameiningu undir stjórn Ágústu Skúladóttur. Hrifning áhorfenda var slík að um leið og sýningin endaði stukku allir upp úr sætunum og hrópuðu og blístruðu, stöppuðu og klöppuðu þannig að þakið ætlaði að rifna af nýja Þjóðleikhúsinu í Færeyjum. Við vorum ákaflega stoltar af okkar fólki svo ekki sé meira sagt.

Í heildina var listrænn standard leiksýninganna langt fyrir ofan það meðallag sem við höfum átt að venjast.

Lokahóf

Það fór einnig fram í matsalnum í Kennaraskólanum og var ágætlega heppnað. Góður matur að Færeyskum sið og vín og bjór með. Þar kvöddu öll löndin sér hljóðs og þökkuðu fyrir sig, hver á sinn máta.

Litháarnir (lesist Danute forseti) slógu þó öll fyrri met í langri þakkarræðu og fjölda gjafa til allra mögulegra og ómögulegra. Við, ásamt formönnum Hugleiks og Leikfélags Kópavogs, þökkuðum fyrir okkur eins og aðrir. Við gáfum Meginfélagi Áhugaleikara Føroya gjafabréf með einu plássi í Leiklistarskólanum okkar næsta sumar og frá okkur sjálfum gáfum við Hilmari Joensen formanni MÁF gjafabréf í fótanudd. Formenn íslensku leikfélaganna færðu MÁF fallegan glerplatta með mynd af Heklu og þökkuðu fyrir hvor um sig.

Danir gáfu MÁF tvö pláss í sinn skóla og toppuðu því gjöfina okkar bannsettir!

Eftir ræðurnar og gjafirnar var dansað og sungið fram á morgun.

Þetta helst af NEATA-fundum

Framboð til forseta NEATA 2007–2009:

Danute stakk upp á Line Hauger, Danmörku, sem samþykkti að taka verkð að sér og hélt af því tilefni stutta framboðsræðu. Þar kynnti hún hugmyndir sínar um framtíð NEATA. Hún taldi það brýnasta verkefnið að efla samstarf aðildarlandanna og hafði þá hugsjón að starfsemi innan NEATA yrði áfram það öflugasta af öllum samtökunum innan IATA. Hún stakk upp á

að formaður eistneska bandalagsins, Kristiina Oomer, verði varaforseti. Nokkrir tóku til máls um framboð Line og lýstu stuðningi sínum við hana, þar á meðal Guðrún Halla. Kosningarnar fara fram á fundi NEATA í S-Kóreu í júlí/ágúst 2007.

Ferðasjóður forseta NEATA:

Tómas Hauger, Danmörku, lagði fram uppgjör fyrir árin 2003 til dagsins í dag. Sjóðurinn er tómur núna og hafa Danir lánað nokkra upphæð til hans. Öll norrænu aðildarlöndin í NEATA hafa greitt eitthvað í sjóðinn á þessu ári utan Svíþjóðar eða samtals DKK 15.700. Við greiddum DKK 2.470, Finnar DKK 1.490, Færeyjar DKK 2.000, Norðmenn DKK 4.740 og Danir DKK 5.000. Beðð var um frekari framlög. Vilborg svaraði fyrir Íslands hönd og sagði að við myndum reyna að hafa upphæðina hærrí árið 2007.

Næsta NEATA-hátíð í Lettlandi 2008:

Inguna Gremze, Lettlandi, gaf stutta skýrslu. Allt er enn tiltölulega óráðið varðandi hátíðina, s.s. staðarval og tíma-setning en kostnaðar- og framkvæmdaáætlun verða lagðar fram á næsta stjórnarfundum NEATA sem haldin verður í Riga í Lettlandi 15.–18. mars 2007.

Við komum með fyrirspurn varðandi tímasetningar NEATA-hátíðanna almennt og fengum þær upplýsingar að hún væri ekki föst í hendi, þeir sem halda hátíðirnar ráða þessu sjálfir. Fyrsta vikan í ágúst hafi þó reynst vel.

NUTU-sumarskólinn:

Rætt hvort rétt væri að opna hann fyrir Baltnesku löndunum. Þar er mikill áhugi á að fá að vera með. Bent var á að þá yrði eingöngu töluð enska í skólanum. Ákveðið að NAR myndi ræða þetta á næsta stjórnarfundum.

Næsta alþjóðlega leiklistarhátíð IATA í S-Kóreu 2007:

Reglur hátíðarinnar eru að mestu samdar af heimamönnum og er t.d. ekki ætlast til að NEATA velji sýningu heldur getur hvert land sent eins margar umsóknir og því sýnist. S-Kóreumenn velja svo sjálfir hvaða sýningum þeir bjóða. Hugleikur og Leikfélag Kópavogs hafa þegar ákveðið að senda umsókn um að sýna Memento mori á hátíðinni.

Þá var dagskráin tæmd og ekki annað eftir en að kveðja. Íslenski hópurinn fór með rútu á flugvöllinn kl. 11.00 næsta morgun og var lent í Reykjavík kl. 14.15 þriðjudaginn 8. ágúst. Það síðasta sem við heyrðum var: „Við VERÐUM að fara til S-Kóreu næsta sumar!“

Guðrún Halla Jónsdóttir og Vilborg Árný Valgarðsdóttir þakka fyrir sig.



Hilmar, formaður MÁF



Danute, forseti NEATA og Vilborg




Guðrún Halla, formaður BÍL

Leiklistarhátíð í Shiauliai í Litháen

Þann 9. október 2006 barst skrifstofu Bandalagsins formlegt boð til okkar Guðrúnar Höllu Jónsdóttur, formanns, og Vilborgar Valgarðsdóttur, framkvæmdastjóra, um að sækja leiklistarhátíð litháenska bandalagsins í Shiauliai í Litháen 2. desember 2006. Til hátíðarinnar hafði einnig verið boðið gestum frá Noregi og Hollandi.

Við tókum boðinu og lögðum í hann þann 30. nóvember.



Greinarhöfundar nývaknaðir kl. 6.00 í Leifsstöð

Á flugvellinum í Vilinius tóku þær Danute Vaigauskaite formaður og Irene Maciuleviciene framkvæmdastjóri á móti okkur og Norðmönnum með freyðivíni og súkkulaði, en við komum með sömu flugvélinni frá Kaupmannahöfn um kl. 17.30. Okkur var síðan keyrt á hótelin, svona rétt til að henda inn töskunum og síðan var farið með okkur ásamt hollenska gestinum í kvöldverð á veitingastað þar sem boðið var uppá mat að hætti heimamanna. Og auðvitað svolítið Starka, sem er Brennívín þeirra Litháa.



Frá vinstri: Inger og Steinar Arnesen, Irene, Guðrún Halla og Danute

Daginn eftir vorum við beðnar að sitja fund með Jonasi Kavaliunas, leikstjóra Litháenska hópsins sem var á NEATA-hátíðinni í Færeyjum í sumar. En Jonas þessi er mikill áhugamaður um samvinnu Litháa og Íslendinga. Efni fundarins var að bjóða íslenskum hópi á leiklistarhátíð í Litháen helgina 5.–7. október 2007 með áframhaldandi samvinnu í huga.

Hugmynd hans er þannig:

Íslenski hópurinn kemur á hátíðina með sýningu og leikstjóran sinn. Sýnd verði ein sýning á hátíðinni. Síðan verði farið í rútu til Lettlands þar sem Lettar taka yfir umsjón með hópnunum og þar verði sýnd ein sýning eða jafnvel engin en í staðinn haldin leiksmiðja þar sem vinnuaðferðir íslenska hópsins og gestgjafa-hópsins verði kynntar og kannaðar. Svo verði farið til Eistlands og leikurinn frá Lettlandi endurtekinn. Þaðan yrði svo flogið heim.

Þetta ferðalag og uppihald á meðan á ferðinni stendur verði greitt af heimamönnum, íslenski hópurinn greiði aðeins fyrir flugfarið til Litháen og heim frá Eistlandi.

Þegar leið á fundinn kom reyndar fram að ferðalagið til Lettlands og Eistlands var ekki endilega nauðsynlegt, aðalatriðið var að fá íslenskan leikhóp og leikstjóra til Litháen og að koma á samvinnu þeirra á milli til framtíðar. Mestan áhuga hafði Jonas á leikhópnum sem sýndi Memento mori í Færeyjum og leikstjóranum Ágústu Skúladóttur. Höfðu þau átt um þetta fund í Færeyjum þar sem fram kom að leikhópurinn hafði hugsað sér að sækja um að fara á IATA-hátíðina í S-Kóreu næsta sumar og ef af því yrði myndu þau ekki fara til Litháen sama haust. Og eins og fram hefur komið fer Memento mori til S-Kóreu og þá þarf að finna annan hóp. Okkur datt strax í hug hópurinn sem Hörður Sigurðarson er að vinna með á Selfossi en þau eru að setja upp Hnerrann, það er leikgerð eftir Michael Frayn úr nokkrum verkum Tjekovs. Við þurfum að kanna málið.

Eftir fundinn fóru þær stöllur Danute, Irene og Odeta (hún vinnur hjá litháenska bandalaginu ásamt því að sjá um alþjóðlega

leiklistarnámið í Klaipeda) með okkur í skoðunarferð um helstu sögustaðina í Vilnius og um eftirmiðdaginn var okkur boðið í Þjóðleikhúsið að sjá sýningu á Helver's Nighth, sama verki og við myndum sjá daginn eftir á hátíðinni í Shiauliai í uppfærslu áhugamanna. Þar á eftir var kvöldverður á veitingahúsi sem í gamla daga hafði verið fangelsi. Mjög sérstakt allt saman. Klukkan átta á laugardagsmorguninn lögðum við svo á stað til Shiauliai. Með okkur í bíl voru Danute, Irene, Ramunas Abukevicius (hann vinnur hjá litháenska bandalaginu), Joke Elbers frá Hollandi og Steinar Arnesen frá Noregi. Þetta var um þriggja tíma akstur þvert yfir landið.



Danute og Irene



Joke Elbers frá Hollandi og Odeta

Leiklistarhátíðin var sett með viðhöfn við komu okkar. Þessi hátíð er árleg í Litháen en þar eru sýndar bestu sýningar ársins. Forvalið fór fram í október og nóvember og komust samtals 16 sýningar í úrslit. Oftast hafa allar sýningarnar sem komast í úrslit verið sýndar á hátíðinni, sem þá hefur tekið tvo daga, en í þetta sinn var búið að velja fjórar sýningar, sem að mati dómnefndar voru langbestar.

Fyrsta sýning hátíðarinnar var frá Klaipeda. Einhvers konar sögulegt drama. Mikið af falletri tónlist, falletri lýsingu og falletri leikmynd og búningum. Dálítið töluðu nú leikararnir lágt á köflum, þó við hefðum skilið tungumálið hefðum við alls ekki heyrt í þeim oft og tíðum. En leikritið fjallaði um þrjá ættliði, ungan dreng, pabba hans og afa. Þeir voru á skipi sem lenti í óveðri og þegar allur matur var búinn og aðeins örlítið vatn eftir fór afinn í sjóinn og síðan pabbinn. Vildu þeir með því stuðla að því að drengurinn lifði af, sem hann og gerði.

Önnur sýningin var danssýning, nútímadans með argentísku ívafi. Leikstjórinn var frá Argentínu en búsettur í Litháen. Voða falletg sýning, vel þjáfaðir dansarar og skemmtilegar hugmyndir í framsetningunni. Tónlistin héðan og þaðan, ekki frumsamin. Sagan sem verið var að segja skilaði sér nú ekki til okkar en það gerði svo sem ekkert til.

Þriðja sýningin var Helver's Night eftir pólverjann Ingmar Villqist, sama leikrit og við sáum í Þjóðleikhúsinu kvöldið áður.

Sögubræði er lýst á heimasíðu leiklistarklúbbs í Litháen á þessa leið:

This is a two actors paly, written by young polish playwright Ingmar Villqist. His writing is clearly marked by the influence of the psychological, Scandinavian style. „Helver's night“ is an expressionist drama about the relationship between Carla and retarded Helver. Outside, a new regime is taking over, crowds cheer on the gangs as they terrorise the vulnerable and the „different“ ones. Inside, Carla waits for Helver to come home ...

Mjög voru efnistösk þessara tveggja leiksýninga mismunandi. Sýning amatöranna var skki síður athyglisverð en atvinnumannanna og var leikur beggja karlleikaranna framúrskarandi.

Fjórdða og síðasta sýningin var dæmigerður farski með öllum þeim ólíkindalátum sem hugsast gat, yfirdrífinn leikur, fyndnir og yfirdrífir búningar, bara skemmtilegt.

Þegar leiksýningunum lauk vorum við erlendu gestirnir kallaðir á svið og kynntir. Þar héldum við þakkarræður og lofuðum heimamenn fyrir gestrisni þeirra og flottar sýningar. Síðan hófust verðlaunaveitingar, en allar 16 sýningarnar sem komust að í forvali hátíðarinnar fengu viðurkenningar.

Sýning hátíðarinnar var fyrsta sýningin og leikari hátíðarinnar var karlleikarinn í Helver's Night. Eftir verðlaunaveitingarnar voru tekin sjónvarpsviðtöl við Guðrúnu Höllu og Joke frá Hollandi þar sem þær lýstu álitinu sínu á hátíðinni og Litháen yfirleitt.

Inn á milli sýninga dagsins var skotið á fundi með okkur útlendu gestunum og leikstjórum sýninganna, ásamt fleiri Litháum sem vildu fræðast um leikhúslífið heima hjá okkur, en fyrst og fremst vildu þeir vita hvað okkur fannst um sýningarnar á hátíðinni og veruna í Litháen. Sátum við fyrir svörum í hátt í klukkutíma þar sem raktar voru úr okkur garninnar milli þess sem túlkað var á ensku fyrir okkur en á Litháísku fyrir heimamenn.

Þegar hátíðinni lauk var blásið til veislu og boðið upp á veitingar af ýmsu tagi. Skemmtiatriðin fóru fyrir ofan garð og neðan hjá okkur af skiljanlegum ástæðum.

Við fórum með Odetu og fengum okkur smá að borða á veitingahúsi þar til loksins um kl. 23.00 að okkur var keyrt til svefnstaðar, sem var orðið vel þegið eftir langan dag.

Klukkan níu morguninn eftir (sunnudag) vorum við sótt og farið með okkur í morgunverð og þaðan í skoðunarferð að Hæð



Úr sýningunni frá Klaipeda sem valin var besta sýning hátíðarinnar

krossanna sem er í um 12 km. fjarlægð frá Shiauliai. Það er ótrúlegur staður. Litháar, undir járnhæl Rússa, byrjuðu að reisa krossa á þessari hæð í kring um 1930. Hvað eftir annað var farið yfir svæðið á jarðýtum og krossunum rutt úr vegi en alltaf voru komnir nýir áður en við var litið. Í dag eru þarna fleiri hundruð þúsund krossar, litlir og stórir, fallegir og ljótir, ásamt líkneskjum af Jesú, Maríu og kristnum dýrlingum. Fólk kemur þarna ennþá með krossa sem það kemur fyrir að vild og biður fyrir sjálfum sér og öðrum. Við sáum marga krossa með íslenska fánanum á og einnig með merkingum á íslensku eins og sjást í kirkjugöðunum hér, þ.e. nafn einhvers, fæðingarár hans og dagur og dánarár hans og dagur. Ótrúlega merkilegur staður, sennilega sá eini sinnar tegundar í heiminum.

Þegar við komum til baka fórum við í hádegismat og eftir hann var lagt af stað „heim“ til Vilnius en þangað komum við um kl. 18.00. Við vorum ansi þeyttar og þrekaðar eftir ferðalagið og vorum því fegnar að formlegri dagskrá heimsóknarinnar var lokið.

Næstu tvo daga vorum við í Vilnius á okkar eigin vegum, skoðuðum okkur um og kíktum í búðir. Við kvöddum svo Litháen um miðja nótt þann 6. desember en flugið okkar fór kl. 6.40 til Kaupmannahafnar og lentum á Keflavíkurflugvelli kl. 15.30.

Gert í Reykjavík og á Akureyri 8. desember 2006, Guðrún Halla Jónsdóttir og Vilborg Árný Valgarðsdóttir.



Frá Hæð krossanna. Á myndinni til hægri má sjá íslenska fánann á mörgum krossanna.

Vel heppnuð Vestmannaeyjaferð Leikfélags Rangæinga

– meðmæli með leikferðalögum –

Frum-sýningu lokið við góðar undirtektir. Hefðbundið frum-sýningarpartí komið vel í gang þegar einn sýningargestur kveður sér hljóðs og segir. „Af hverju farið þið ekki með þetta til Færeyja?“ Það sló þögn á hópinn. „Já, og þegar þið hafið gert það þá komið þið auðvitað til Vestmannaeyja“.

Færeyjahugmyndin heillaði fólk strax og var farið að athuga kostnað og annað. Fljótlega kom í ljós að ferð til Færeyja var ekki fjárhagslega möguleg, en Vestmannaeyjaferð hins vegar talin fýsilegri kostur. Allt sett á fullt við undirbúning, kosin ferðanefnd og allir mjög spenntir.

Að ýmsu þarf að hyggja þegar lagt er af stað í svona ferð. Er mögulegt að koma leikmynd á staðinn fyrir ásættanlegt verð? Hvernig er leiksviðið? Hvar á að gista? Hefur leikfélagið efni á þessu?

Leikfélag Rangæinga er svo heppið að eiga í sínum röðum mann sem leggur allt í sölurnar fyrir sitt félag, Sigurgeir Ingólfsson heitir hann. Hann gerði sér lítið fyrir og fór til Vestmannaeyja og gekk þar frá öllu sem þurfti. Fann húsnæði fyrir leikfélagi, gekk frá samningum við Félagsheimilið, mældi leiksvið og athugaði allt tæknilegt. Ekki nóg með það heldur lagði líka til bíl til að flytja leiktjöldin leikfélaginu að kostnaðarlausu. Öll félög ættu að eiga svona mann eða konu.

Þá var bara eftir að athuga með ferðamáta yfir sundið. Leitað var tilboða í ferðalagið. Það er skemmst frá því að segja að við komumst að betri kjörum en við höfðum þorað að vona, bæði hjá Eimskip og Eyjaflugi. Þegar það var komið á hreint kom nú ýmislegt í ljós. Sumir þorðu ekki í flugvél, aðrir ekki í skip og sumir í hvorugt. Málið leyst með því að makar viðkomandi voru fengnir til að koma skjálíandi og titrandi leikfélögum um borð í farkostinn þannig að allir komust heilu og höldnu á áfangastað.

Tveimur dögum fyrir sýningu fóru svo tækni- og sviðsmenn, ásamt leikstjóra, með leikmyndina út til Eyja til að skoða og meta aðstæður. Þegar búið var að skoða aðstæður var drifið í því að bera inn allt dótið úr bílnum. Gekk það allt vel og mættu nokkrir strákar frá Leikfélagi Vestmannaeyja okkur til aðstoðar. Eina sem var nokkuð erfitt var trappa sem var hluti af sviðsmyndinni. Ferlíki mikið og 4–6 manna burður (við ætluðum nefnilega aldrei að ferðast með þessa sýningu). Í ljós kom að ekki var hægt að koma tröppunni hefðbundna leið beint inn á svið heldur þurfti að fara inn um aðrar dyr á húsínu og þaðan voru tvær hæðir upp á leiksviðið og þröngur stigi. Guðs mildi að engin slaðaðist við þessar aðstæður. Allt hafðist þetta þó um síðir.

Á föstudeginum fór fólk svo að tínast til Eyja bæði með Herjólfri og flugi. Þegar allir voru komnir var farið í skoðunarferð yfir í Félagsheimilið því fólk var spennt að sjá hvernig þetta liti út. Ekki var laust við að öfundarhljóð heyrðust þegar sminkaðastaða, búninga- og leikmunageymslur voru skoðaðar,

að ekki sé talað um aðstæður fyrir leikara. Lá við að fólk fengi viðáttubrjálæði. Teljum við okkur þó hafa það bara nokkuð gott í Njálshúsi. Sem sagt allar aðstæður til fyrirmyndar. Þá var bara að drífa sig í að setja upp það sem eftir var af leikmynd og gera allt klárt fyrir morgundaginn. Gekk það vel því margar hendur vinna létt verk.

Borðuðum síðan öll saman um kvöldið og var farið frekar snemma í háttinn. Betra að vera vel upplagður fyrir sýningu. Laugardagurinn rann svo upp og fór dagurinn í að ganga endanlega frá sviðinu og taka eitt rennsli, prófa ljós og þ.h. Síðan gafst fólki tími til að skoða sig aðeins um í bænum og slappa af fyrir kvöldið.

Skyldi nú einhver hafa mætt á þessa sýningu? Já, og það fleiri en við bjuggumst við eða um 70 manns, þrátt fyrir laugardagskvöld og margt í gangi í bænum.

Viðtökur voru góðar og lýsti fólk yfir ánægju sinni með að við skyldum hafa lagt leið okkar til Vestmannaeyja. Að sýningu lokinni var leikmynd rifin niður og gengið frá öllu í Félagsheimilinu. Gekk það ótrúlega fljótt því allir voru orðnir svangir og þyrstir. Síðan fóru allir saman út að borða og skemmtu sér fram eftir nóttu. Sumir lengur en aðrir eins og gengur.

Um morguninn var síðan öllu pakkað í bílinn og lagt af stað heim á leið. Heimferðin gekk vel og allir komu þeir aftur og enginn þeirra dó – úr hræðslu.

Þegar heim var komið var ákveðið að fara strax í aðra ferð þó heldur styttri, eða austur að Skógum undir Eyjafjöllum, sem er nú bara næsti bær við Njálshúsi. Heldur var það nú auðveldara ferðalag. Sýndum þar fyrir fullu húsi og gestir, margir hverjir, langt að komnir, og allir mjög ánægðir með framtakið.

Niðurstaða þessara ferðalaga er sú að við mælum eindregið með því að leikfélög leggist í leikferðir innanlands ef kostur er. Þetta hristi hópinn saman betur en nokkuð annað sem við höfum reynt. En eitt vitum við fyrir víst að næsta leikmynd verður hönnuð með ferðalög í huga (engin trappa) því allir hafa hug á að endurtaka leikinn.

Þegar upp var staðið stóð ferðin undir sér og aðeins meira. Við sóttum um styrk úr Félagsheimilaskjóði og fengum fjárhæð sem dugði fyrir fargjaldinu til Eyja. Sýningin gaf af sér nóg fyrir gistingu og mat í Eyjum svo þetta slapp allt fyrir horn.

Sem sagt eindregin meðmæli með leikferðum innanlands.

Vona að sem flestir fari nú á stjá og endurveki þennan gamla sið, því þó eflaust hefði verið gaman að fara til Færeyja þá er ég ekki viss um að það hefði skilað meiri ánægju og samheldni innan hópsins.

Margrét Tryggvadóttir.

Myndir úr ferðalaginu



Trappan góða á leið upp stigann



Sviðs- og tæknimenn uppgefnir eftir tröppuburð



Sviðið tilbúið og Sigurgeir Scheving og Eymundur formaður spjalla



Leikstjóri og framkvæmdastjóri fylgjast grannt með uppsetningu sviðsmyndar



Allur hópurinn saman kominn

Leikfélagið Peðið

Lítil saga af friðsemdarfólki í miðbæ Reykjavíkur

Þegar ég sest niður til að rifja upp tildrög og tilurð Peðsins okkar, þá finnst mér eins og það hafi alltaf verið til staðar og sveimað yfir hausamótunum á okkur, sem öðru hvoru hittumst yfir glösum á Grand rokk-barnum. Við uppgötuðum það bara ekki fyrr en árið 2005.

Það lá samt einhvernveginn í loftinu, hrærðist í öskubökkunum og blandaði sér í björinn, án þess að neinn tæki eftir því.

Svo var það einhvern af góðu dögnum sem koma snemma á vorin, að við erum nokkur samankomin á menningarbúllunni og erum að ræða væntanlega menningarhátíð sem var með nokkuð veglegum hætti það árið; myndlist, tónlist, gjörningar og kvikmyndir en ekkert leikhús.

Það þótti leikhúsfólkinu Lísu Pálsdóttur og Björgúlfi Egilssyni miður og börmuðu sér mikið. Svo langt gekk þessi umræða, að ég, sem aldrei hef verið meðlimur í neinu félagi, var farin að jarma með, og gott ef mér var ekki farið að finnast eitthvað um málið.

Í hita samræðnanna upplýsti ég um nokkur leikverk sem ég hafði samið og lágu engum til gagns í kössum og handröðum. Lísa tekur þeim vel og hefst handa við uppsetningu á verkinu „Lamb fyrir tvo“. Og þá gerðist undrið. Fólkið í kringum okkur hafði áhuga á uppátækinu. Hvort sem um var að ræða leik, leikmynd eða hvaðeina sem til þarf í leikhús.

Sýningin gekk að óskum og í framhaldi af henni ákváðum við að setja upp söngleik. Björgúlfur samdi lögin og ég samdi textann. Þetta kallaði á fleira fólk til starfa, auk hljómsveitar sem hefur fylgt okkur í þeim leikverkum sem á eftir komu. Í henni eru, auk Björgúlfs, Tómas Tómasson og Magnús Einarsson. Allt afskaplega geðþekkir og viðmótsþýðir menn.

Fleira áhugafólk kom til starfa, bæði í listrænum og praktískum störfum og fyrirbærið fékk virðulegt og mikilfenglegt nafn og formlega umgjörð.

Þau kvöld sem við sýndum söngleikinn Barperu, stóðu öll listasófn og gallerý tóm, því menningarfólkið í Reykjavík var á barnum að njóta sannrar alþýðulistar.

Svo síðar á árinu réðumst við í það stórvirki að setja upp jólasöngleik, út frá guðspjöllunum, séðum með augum Jósefs frá Nasaret. Komumst við í samband við búningahönnuðinn Lind Völundardóttur, sem hefur verið okkur innan handar síðan.

Auk þess má geta Björgvins Ólafssonar, grafíks hönnuðar, sem séð hefur um veggspjöld og leikskrá frá upphafi.

Með jólasöngleiknum var brotið blað í uppsetningasögu félagsins, þar sem allir áhorfendur sátu við borð, og gátu þannig notið veiganna af neðri hæðinni á meðan á listupplifuninni stóð. Þessari heimilislegu og notalegu stemningu höfum við haldið síðan.



Hljómsveit Peðsins

Starfsemi Peðsins er um margt áþekkt öðrum litlum áhugamannaleikfélögum og við sniðum okkur stakk eftir vexti í þeim sal sem við höfum aðgang að á efri hæðinni að Smiðjustíg 6.

Þrátt fyrir að öll leikverk félagsins hafi verið eftir mig til þessa, og öll tónlist eftir Björgúlf, (og göngum við nú undir nöfnunum Hroðgeir og Hamarsteinn) höfum við haft töluverða breidd í leikstjórn sem gefur okkur fjölbreyttar uppsetningar og mismunandi rýmismotkun. En leiksjórar hafa verið auk Lísu Pálsdóttur, Guðjón Sigvaldason, Vilhjálmur Hjálmarsson og Björn Gunnlaugsson.

Guðjón mun okkur til gleði og ánægju, mæta aftur í jólaverkið okkar í ár, þar sem tekið verður á heiðna hluta íslensku jólanna. Nefnilega Grýlu, Leppalúða og öllu þeirra hyski. Þau fjölmörgu verk sem þarf að vinna varðandi uppsetningu og umgjörð, kynningu og framkvæmd, mönnum við innan félagsins svo sem kostur er. Þar njótum við starfskrafta þess fólks sem hefur verið svo elskulegt að stíga upp frá framhaldssápunum í sjónvarpinu, og kíkja þess í stað í kollu með okkur á Grand rokk meðan á undirbúningi stendur.

Við litum á Leikfélagið Peðið sem skemmtileikhús, og höfum sett upp tvö verk á ári. Annað í júní, en hitt í desember. Allt eru þetta og verða í nánustu framtíð, frumsamin verk þar sem söngur og hljóðfærsláttur er aldrei langt undan.

Þetta er nú í megindráttum sagan af því þegar miklar hugmyndir og framsækna hugsjónir urðu að litlu peði.

Með kærri kveðju og góðum hug.

Fyrir hönd Leikfélagsins Peðsins,
Jón Benjamín Einarsson.




Úr Jólaperu



Úr Barperu



Úr Barperu



Jólaperu-veggspjald



Úr Jólaperu